HÚSAKÖNNUN Á HJALTEYRI

2. útgáfa nóvember 2017

HÖRGÁRSVEIT









JÓN ÞÓR BENEDIKTSSON

TEIKNISTOFA ARKITEKTA
GYLFI GUÐJÓNSSON
OG FÉLAGAR ehf.
arkitektar faí

2. útgáfa, nóvember 2017.

Afritun einstakra hluta úr bók þessari er leyfileg, enda sé þá getið heimildar. Afritun heilla kafla eða bókarinnar í heild með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan hátt er þó aðeins heimil að fengnu skriflegu leyfi höfunda eða Hörgársveitar.

© Hörgársveit
© Jón Þór Benediktsson
© Teiknistofa arkitekta Gylfi Guðjónsson og félagar ehf.

Forsíðumyndir: Árni Ólafsson.

Þess er vænst að þeir sem hafa upplýsingar, fróðleik eða gögn, sem að gagni gætu komið og bætt húsakönnun þessa komi þeim til höfunda t.d. um skrifstofu Hörgársveitar og verður húsaskráin uppfærð og/eða leiðrétt eftir því sem efni standa til. Nýjar og endurbættar útgáfur verða settar á vef Hörgársveitar og Minjastofnunar.

EFNISYFIRLIT

1 INNGANGUR 5

2 HELSTU FORSENDUR 6

2.1 STAÐHÆTTIR 6

2.2 BYGGÐAÞRÓUN 7

2.3 STEFNA SVEITARSTJÓRNAR UM HJALTEYRI 8

3 SAGA HJALTEYRAR – ÁGRIP 9

3.1 INNGANGUR 9

Erlendir síldarveiðimenn 9

Uppgangur og stríð 9

Hnignun 10

Skreiðin 10

Staðan í dag 10

3.2 HEIMILDAÖFLUN 10

3.3 FYRSTU ÍBÚAR Á HJALTEYRI – ÁHRIF NORÐMANNA Á 19. ÖLD 11

3.4 VEIÐIAÐFERÐIRNAR 13

Nótabrúkstíminn 1867-1882 – Það sem Norðmenn kenndu Íslendingum um 1880 13

Lagnetaveiðar 1886 – 1900 13

Reknetaveiðar: 1900 14

Herpinót 1903 14

3.5 FRUMBYGGJAR 15

Gunnar Einarsson – Búðin/Íshúsið 1884 - 1885 15

Friðrik á Bakka. Hjalteyri um aldarmót 1900 16

Jórunn Sigfríður Kristinsdóttir – Knútshús 1887 18

Þinghúsið á Hjalteyri 19

Arnarnesfólkið – Jónshús 1903 20

Ole Möller – Gamla hótelið, Möllershús 1900 22

Kristján Pálsson – Sæborg 1918 – Þóranna Rögnvaldsdóttir 25

Hótel á Hjalteyri, gamla og nýja 26

Langibraggi og síldarstelpan Elka Björnsdóttir 1915 27

3.6 SÍLDARSÖLTUN 28

3.7 HERNÁMSÁRIN 1940 – 1943 33

Kveldúlfur 38

Helgi Eyjólfsson – bygging stærsta húss á Íslandi 1937 39

3.8 MINNINGARBROT FRÁ HJALTEYRI – ÖSKUDAGUR, SOFFÍA EYGLÓ JÓNSDÓTTIR 44

3.9 HVAÐ ER SÍLDARBRÆÐSLA? 47

3.10 SÍLDIN FARIN? 48

3.11 SPYRNT VIÐ FÓTUM 49

Barnaheimili 1972 49

Hjalteyrarplast 1974 49

Hjalteyri - draugaþorp til sölu árið 1977 50

Kea setur upp fiskverkun og verslun. Land og Synir 1980 51

Nokkrir Hjalteyringar 52

Júlíus Larsen 52

Agnar Halldór Þórisson – Aggi Tóta 53

Fiskey 54

Samherji lokar – verslun lokar 55

Hvað er næst? 56

4 GREINING 57

4.1 SKIPULAGSSAGA HJALTEYRAR 57

4.2 LOFTMYNDIR LANDMÆLINGA ÍSLANDS 61

4.3 ALDUR HÚSA 62

4.4 BYGGIGNAREFNI 63

4.5 BYGGINGARSTÍLL 64
5 NIÐURSTAÐA 65
5.1 MATSAÐFERÐ 65
5.2 VARÐVEISLUGILDI BYGGINGA 65
5.3 VARÐVEISLUGILDI HÚSARAÐA OG HEILDA 67
5.4 TILLAGA UM VERNDARÁKVÆÐI 68
6 HÚSASKRÁ 69
6.1 BREKKUHÚS 69
Mikligarður, parhús 70
Arnargarður 71
Sólgarður 72
Einarshús, (Hátún) 73
Bjarnargarður (Björnshús) 74
Ægisgarður, parhús 75
Brekkuhús 1, parhús 76
Brekkuhús 2, parhús 77
Brekkuhús 3, Vésteinshús 78
6.2 HJALTEYRARBRAUT 79
Ásgarður 80
6.3 TJARNARGATA 81
Möllershús (Pálmahús) 82
Sigurðarhús 83
Systrakot 84
Templarinn 85
Bræðraborg 87
Ás 88
Hótelið 89
6.4 BÚÐARGATA 91
Búðagata 1, Péturshús 92
Búðagata 3, Friðrikshús 94
Búðagata 5 96
Búðagata 7, Gamla hótelið 97
Búðagata 11, Knútshús 99
Búðagata 13, sjóhús 101
Búðagata 15 102
Búðagata 17 103
Búðagata 19 104
Búðagata 21-27 105
Búðagata 29-35 106
6.5 STÖK HÚS 107
Hjalteyrarskóli 107
Richardshús 109
Kaffihús 110
Hjalteyrarverksmiðja 111
Vitinn 114
6.6 HVAMMSVEGUR 116
Hvammsvegur 1 116
Hvammsvegur 2 117
Hvammsvegur 3 118
Hvammsvegur 4 119
6.7 HÚS UTAN ATHUGUNARSVÆÐISINS 120
Eyrarbakki 120
Hvammur 120
Arnarholt 121
Borholuhús, HJ-19 og loftskiljutankur 121

Borholuhús, HJ-20 121
7 HORFIN HÚS 122
Þorláksbúð 122
Norsku húsin 122
Thorsteinsson hús 123
Litla Húsið 124
Friðriks Jónssonar hús 124
Guðrúnarhús 125
Wallenshús – Pakkhús 126
Tangahús – Pálshús 127
Búðin 128
Oddahús 129
Sæborg 130
Hlíð 131
Brekka 132
Langi Braggi 133
Þinghúsið 134
Jónshús 135
Rauða Hús – Litla-Wallenshús 137
Verbúðir við Búðargötu 138
8 HEIMILDASKRÁ 140
9 MYNDASKRÁ 142


1 INNGANGUR

Húsakönnun þessi er gerð af beiðni Skipulags og Umhverfisnefndar Hörgársveitar. Við gerð nýs deiliskipulags sem ákveðið var að næði til alls íbúða-, athafna- og frístundasvæðis í eigu Hörgársveitar á og í nágrenni Hjalteyrar, var talin þörf á að láta fara fram ítarlega húsa og byggðaþróunarkönnun á þessu litla sjávarþorpi við vestanverðan Eyjafjörð. Könnunin tekur til húsanna sem verið hafa á Hjalteyrinni, þeim sem eru þar ennþá, sögu þeirra og mannlífs á staðnum.

Fyrsta skipulag sem vitað er um fyrir Hjalteyri er gert um 1942 af Sveini Sigurði Einarssyni verkfræðingi og verksmiðjustjóra síldarverksmiðju hf. Kveldúlfs á Hjalteyri. Eftir því skipulagi varð þróun byggðar uppi á brekkunni ofan Hjalteyrar frá 1942 – 1950. Næsta deiliskipulagsvinna fór fram árið 2006. Það deiliskipulag tók mið af þeim tíðaranda sem þá var uppi í þjóðfélaginu, og áhersla var lögð á skipulag íbúðar- og frístundahúsalóða. Við sameiningu Arnarneshrepps og Hörgárbyggðar árið 2010 varð til nýtt sveitarfélag Hörgársveit. Það var mat skipulags- og umhverfisnefndar þessa nýja sveitarfélags að rétt væri að taka til endurskoðunar ýmsa landnýtingu sveitarfélagsins í Hörgársveit. Við gerð aðalskipulags fyrir hið nýja sveitarfélag var landnýtingaflokkum breytt þar á meðal á Hjalteyri og því eðlilegt að nýtt deiliskipulag yrði unnið. Það deiliskipulag á að taka til gamla þorpsins og stuðla að verndun þess jafnframt sem það á að stuðla að jákvæðri þróun þess til framtíðar. Við slíka vinnu var því óhjákvæmilegt annað en að fara í ítarlega húsakönnun jafnhliða.

Fyrsta húsakönnun á Íslandi var gerð árið 1968 í Reykjavík. Viðhorf til húsaverndar síðan þá hafa gjörbreyst í samfélaginu öllu. Verndun og enduruppbygging þeirra húsa sem talin eru geta varðveist og varðveitt sögu og byggðarþróun á viðkomandi stöðum er nú talinn eðlilegasti hlutur. Áður voru hús fjarlægð um leið og þau luku hlutverki sínu eða voru talin fyrir annarri þróun. Við gerð húsakönnunar fyrir Hjalteyrina kom þetta bersýnilega í ljós í gegnum 120 ára sögu þessa litla þorps. Mörg þeirra húsa sem hafa þannig orðið að víkja höfðu töluvert og umtalsvert verndargildi og sum þeirra hefðu aldrei verið tekin niður ef þá hefðu verið uppi sömu sjónarmið um verndun gamalla húsa og eru í dag.

Húsakönnun þessi er tvíþætt. Annars vegar er saga byggðar og mannlífs á Hjalteyri, sem Jón Þór Benediktsson hefur tekið saman. Hins vegar er fjallað um byggingarnar sem nú standa á Hjalteyri og varðveislugildi þeirra metið út frá stíl og gerð, menningarsögu, umhverfi, upprunaleika og ástandi. Sá hluti er unnin á Teiknistofu Arkitekta Gylfi Guðjónsson og félagar ehf. af Árna Ólafssyni arkitekt. Í 4. kafla er greining áhelstu þáttum byggðarinnar. Í 5 kafla eru teknar saman niðurstöður varðveislumatsins en í húsaskrá í 6. kafla eru upplýsingar um hvert hús ásamt myndum og söguágripi.



2 HELSTU FORSENDUR

2.1 STAÐHÆTTIR

Hjalteyrin er undir svonefndum Bakkaásum. Ísaldarjökullinn hefur rutt umtalsverðu efni á undan sér fram og út Eyjafjörðinn. Bakkaásarnir eru dæmi um þetta efni. Sunnan Pálmholts eru mýrarflákar en norðan við það rísa ásarnir og standa hæst við Bjarnarhól. Ásar þessir enda í sjávarklöppum við sjó við Arnarnes og má bersýnilega sjá hvernig jökullinn hefur skrapað tignarlegar rispur í klappirnar.

Við Arnarnes er malarkambur sem lokar af litla tjörn, Arnarnestjörn. Austanvert við Bakkaásana er Hjalteyrartjörn umlukin tveim malarkömbum sem mynda Hjalteyri. Malarkambarnir eru misbreiðir og hafa orðið til þegar straumar sjávar hafa flutt til umtalsvert magn af möl í gegnum aldirnar. Að norðaustanverðu er malarkamburinn mjórri og er kallaður Grandi. Grandinn hefst við Stekkjarvík í norðri og teygir sig að malarodda í suðri sem nefnist Hjalteyraroddi. Hann er sunnanvert við þann stað sem Hjalteyrarviti stendur á í dag (byggður 1920). Hjalteyraroddinn var mun stærri en hann er í dag og náði þá austar í fjörðinn. Þess ber þó að geta að mikið aðdýpi er þarna rétt austan við Hjalteyraroddann og liggja sjávarstraumar þarna inn með vesturströnd Eyjafjarðar.

Við Hjalteyraroddann mætast áðurnefndir tveir malarkambar og er suðurendi Hjalteyrar syðri malarkamburinn. Hann er umtalsvert stærri og breiðari og var áður nefndur Syðri Hjalteyri eða bara Hjalteyri. Þar innan við er dálítil vík, sem kölluð er Bót.



Mynd 2.1: Einfalt landlíkan sem sýnir megindrætti landslags og byggðar á Hjalteyri.

Frá áðurnefndum sjávarklöppum við Arnarnes rísa háir bakkar úr sjó og langt inn fyrir Hjalteyrina. Yst eru þessir klettar nefndir Nafir eða Arnarnesnafir. Innan við þá hefur efni hrunið og sigið úr bökkunum og breytist þar fjaran stöðugt ár frá ári. Það er nefnt Básar og enda þeir við Stekkjarvík sem er lítil vík rétt utan við Grandann, nokkuð gróinn og sker sig frá Básunum vegna þess.

Ofan við Hjalteyrartjörnina halda bakkarnir áfram og eru brekkurnar þar nefndar Jónshúsbrekkur, enda tilheyrðu þær frá 1903 Jónshúsi sem byggt var á Grandanum það ár. Almennt nafn yfir brekkurnar frá Hjalteyrinni og inn að þeim stað er þeir lækka verulega við Dysnes, eru Bakkar. Yst eru þeir í landi Ytri-Bakka og eru þar nokkur kennileiti. Ef gengið er inn eftir bökkunum eða fjörunni undir þeim frá höfninni á Hjalteyri sjást ummerki um hús þar í brekkunum. Það er Sæborg, byggð 1918. Þar innan við er kallað Dust. Ef gengið er áfram eftir fjörunni er komið að stórum steini í fjörunni, mjög áberandi og heitir hann Selasteinn. Miðja vegu þar á milli í sjónum er hóll sem jafnan er nefndur Kargi og hefur fengsælt mið

Hjalteyringa í gegnum aldirnar. Þó svo að þessi steinn sé jafnan nefndur Selasteinn er annar stór steinn utan við fjöruna sem kemur upp á fjöru og er það í raun hin eini sanni Selasteinn og má stundum sjá þar seli baða sig í sólinni.

Innan við Selastein eru sjávarklettar sem eru nefndir Hrafnabjörg. Stórt nafn á ekki svo mikla kletta en ástæða þess er sú að þar var forðum náma Hjalteyringa og fleiri á fleygnu grjóti sem þeir nýttu til húsbygginga. Að minnsta kosti þrjú af þeim húsum sem nú standa á Hjalteyrinni eru með slíkri grjóthleðslu í kjallara eða undirstöðum og má leiða líkur að því að það sé frá Hrafnabjörgum og þá væntanlega flutt sjóleiðina á Hjalteyri á sínum tíma.

Innan við Hrafnabjörg eru tvær malareyrar sem standa upp úr sjó á fjöru og mynda þá tjörn svipað og er á Hjalteyrinni. Þessar tvær eyrar eru nefndar Bakkaeyrar og yfirleitt aðgreindar Ytri og Syðri. Yfirleitt flýtur yfir Ytri-Eyrina á flóði. Þar má vel sjá hvernig Hjalteyrin hefur orðið til á sínum tíma. Aðdýpi er mjög mikið við Hjalteyri.



Mynd 2.2: Athugunarsvæði húsakönnunar og afmörkun deiliskipulagssvæðis.

2.2 BYGGÐAÞRÓUN

Fyrstu merki um hús á Hjalteyri eru frá um 1858. Tryggvi Konráðsson frá Bragholti segir í dagbókum sínum að hann muni eftir torfhúsi sem stóð stakt á miðri Hjalteyrinni. Það hús er líklega fyrsta íbúðarhús á Hjalteyrinni og þá hús Þorláks Jónssonar og konu hans. Þau eru þó ekki talin hafa staldrað lengi við á Hjalteyri. Það eru ekki til neinar staðfestar heimildir um önnur hús á Hjalteyrinni fyrr en 1880. Norðmenn sem komu hér á síld á þeim tíma byggðu sér allavega 5 hús á Hjalteyrinni þá, þó svo að aðallega hafi verið um að ræða geymsluhúsnæði. Byggð á Hjalteyri tekur þó ekki við sér fyrr en um 1890 – 1900. Síldin hefur haft gríðarleg áhrif á þetta litla þorp sem víðar. Hjalteyri varð stærsta byggðalag við Eyjafjörð utan Akureyrar um aldarmótin 1900 og sem merki um mikilvægi Hjalteyrar má benda á að ein að fyrstu símstöðvum landsins kom þangað strax árið 1906.

Það er nokkuð merkilegt að einungis er getið um tvö torfhús á Hjalteyri. Öll önnur hús eru annað hvort vegleg timburhús, klædd og einangruð með reiðing eða torfi. Eða steinsteypt hús frá um og eftir 1940.

Torfhúsin eru annarsvegar Hlíð sem var bær Árna Magnússonar og Helgu Gunnlaugsdóttur byggt 1923, og svo það hús er ég nefndi að framan, hús Þorláks Jónssonar – Hjalteyrar Láka, byggt um 1858.

Það einkennir reyndar fyrstu ferðir Norðmanna til Íslands eftir að einokun var tekin af verslun við Ísland að þar voru á ferð timbursölumenn. Má þar nefna þá menn sem komu hér fyrst til síldveiða og hreinlega kenndu Íslendingum að veiða síld. Þeim var uppálagt af útgerðarmönnum skipanna að selja annarsvegar timbrið á Íslandi og veiða og salta síld og flytja aftur til Noregs.

Þó svo að fjöldi íbúa hafi risið mjög hátt upp úr aldamótum 1900, þá var öll byggðin bundin við landið á Hjalteyrinni sjálfri fram til 1937. Fjöldi íbúa í hverju húsi var mjög hár og oft erfitt að gera sér í hugarlund hversu þröngt fólk bjó. Hf Kveldúlfur, útgerðarfyrirtæki Thors fjölskyldunnar hafði óneitanlega gríðarleg áhrif á byggðarþróun á Hjalteyrinni. Enda sést að þeir voru með frumkvæði að breyttum byggingarstíl og byggingarstöðum á Hjalteyri sem og aðrir fylgdu þeim eftir seinna. Fyrstu húsin í brekkunum ofan við Hjalteyrina eru einmitt hús þeirra. Richardshús byggt 1937 og Ásgarður 1938. Eftir að Kveldúlfur tók þá ákvörðun að reisa síldarbræðslu á Hjalteyri varð töluverður uppgangur á Hjalteyri. Stríðið hafði líka mikil áhrif þar sem annarstaðar. Það var greinileg uppsveifla frá 1940 – 1950 og lífið í þorpinu breyttist. Barnaskólinn sem var byggður 1948 var gott merki um það. Það hafði að sama skapi gríðarleg áhrif á þessa þróun að síldin hvarf um 1967 og verksmiðjan lokaði. Byggðin náði aldrei aftur fyrri hæðum eftir það, þó svo að uppsveifla hafi orðið aftur á níunda áratug síðustu aldar.

Byggðarþróun sést best í endurnýjun og nýbyggingum húsa. Ný hús á Hjalteyri eftir 1970 eru fá, einkum frístundarhús og það má lesa úr því ákveðna byggðarþróun. Fólk vill nýta Hjalteyrina meira og meira sem dvalarstað og frístundarstað. Höfnin hefur aðdráttarafl sem og gömlu uppgerðu húsin á Hjalteyrinni sjálfri.

2.3 STEFNA SVEITARSTJÓRNAR UM HJALTEYRI

Stefna núverandi sveitarstjórnar er að hlúa að þessari ímynd sem hefur skapast á Hjalteyrinni undanfarna áratugi. Halda í það gamla sjávarþorp sem þar hefur varðveist og stuðla að uppbyggingu sem ýtir enn frekar undir þá ímynd. Núvernadi byggðarþróun á Hjalteyri snýst um að nýta aðstöðuna, gömlu húsin og landfræðilega staðsetningu til að þessi ímynd geti orðið byggðinni til hagsbóta og stuðlað að varðveislu þessara minja um og á Hjalteyri á sem bestan hátt.

Varðveisla þorpsins sem slíks er þó bundin við að heimila ákveðna uppbyggingu sem getur stutt við að halda við þeirri gömlu sjávarþorpsímynd sem þarna er. Endurbygging á gömlum húsum sem farin eru, er ekki í bígerð heldur að heimila að byggð verði hús í stað þeirra sem farin eru, með ströngum kvöðum um útlit þeirra og frágang. Að skýrt verði að þau falli vel að þeim eitt hundrað ára húsum sem fyrir eru á Hjalteyrinni og hafa verið gerð upp.

Í aðalskipulagi Hörgársveitar 2012-2024 er afmarkað hverfisverndarsvæði á Hjalteyri. Verndarsvæðið nær yfir Hjalteyrartjörn, landræmu austan hennar og malareyrina norðaustan tjarnarinnar.

Um hverfisverndarsvæðið gilda eftifarandi ákvæði: Halda skal byggingaframkvæmdum í lágmarki og þess gætt að þær leiði til eins lítillar röskunar og kostur er. Stefnt er að því að settar verði verndar-og umgengnisreglur um hverfisverndaða svæðið sem tryggi varðveislu þess sem náttúruverndar- og útivistarsvæði.

3 SAGA HJALTEYRAR – ÁGRIP

3.1 INNGANGUR

Saga Hjalteyrar við Eyjafjörð er stórbrotin miðað við stærð þessa litla sjávarþorps. Hjalteyrin átti sinn uppgangstíma sem margir miða við síldarárin í upphafi 20. aldar. Það er eflaust rétt að fátt hefur haft meiri áhrif á Íslendinga almennt en síldin á sínum tíma og fátt komið eins fótunum undir heila þjóð. Þess má þó geta að stríð í Evrópu hafa oftast verið Íslendingum hagstæð ef svo má að orði komast og eins er það með Íslendinga búsetta á Hjalteyri. Skuldsett verksmiðja Kveldúlfs hf á sínum tíma naut góðs af vaxandi eftirspurn eftirstríðsáranna eftir lýsi og mjöli en ekki síst af þeirri mikilvægu ákvörðun stjórnvalda um gengisfellingu íslensku krónunnar um 18% árið 1939 og skattfrelsi til handa útgerðunum 1939 til 1942. Stíðsgróðinn svo kallaði, síldin og dugnaður fólksins á þessum tíma, reif þjóðina út úr fátækt, kreppu, atvinnuleysi og vesældómi, inn í velmegun og góðæri 20. aldar.

En við verðum að vera hreinskilin og því segi ég hiklaust að saga Hjalteyrar er stutt saga velmegunar og vesældóms. Sannleikskorn sem í þessari sögu leynast gætu ýtt við kaunum fólks svo við skautum létt yfir söguna. Engu að síður vill ég reyna að draga fram hvernig ákveðnir aðilar áttu stóran þátt í uppbyggingu samfélagsins í Eyjafirði og settu mark sitt á Hjalteyrina. Að sjálfsögðu eru margir sem koma við sögu og eflaust enn fleiri sem ekki eru nefndir.

ERLENDIR SÍLDARVEIÐIMENN

Sögu Hjalteyrar má skipta upp í nokkur tímabil. Það fyrsta hefst um 1860 en þá vakti Hjalteyrin áhuga erlendra fiskveiðimanna við Eyjafjörð. Norðmenn og Svíar voru á þessum tíma við veiðar við Ísland og nýttu sér Hjalteyrina og aðstöðu þar til söltunar á bæði síld og þorski til útflutnings. Þessi tími var stuttur en áhrif hans mikil þar sem þessir aðilar settu grunn að því sem koma skyldi. Íslendingar horfðu upp á þessa menn moka upp síldinni úr fjörðum landsins en gátu lítið eða ekkert gert til að skapa sjálfum sér verðmæti úr þessum fiski. Einna helst bændur sem fram til þessa höfðu hirt síld úr fjöruborðinu sem fóðurbæti fyrir skepnur, eða menn höfðu haft síldina fyrir beitu enda gaf það oftast góðan árangur. Eigendur Hjalteyrar voru á þessum tíma eigendur Ytri-Bakka og Arnarness sem skiptu henni nánast á milli sín. Eigendurnir voru þó báðir fræknir útgerðabændur sem sáu hag sinn vaxa við að nýta til jafns gæði lands og sjávar. Báðir þessir aðilar spiluðu stórt hlutverk í að hefja uppbyggingu þessa þorps.

UPPGANGUR OG STRÍÐ

Frá 1905 – 1966 var ákveðinn uppgangstími á Hjalteyri, menn fóru þá að átta sig betur og betur á þeirri staðreynd að úr sjónum mátti afla lífsviðurværis, lífið á mölinni var kannski ekki eins slæmt og bændasamfélagið vildi vera að láta, samvinnufélög fóru að ryðja sér til rúms og aðgengi að fjármagni breyttist. Heimurinn breyttist líka í kringum fólkið í landinu, sími var allt í einu kominn í þetta litla þorp sem var að myndast á Hjalteyri og verslunin var komin til að vera og það í höndum heimamanna. En þá brast á stríð í Evrópu 1914 og allt í einu hurfu erlendu útgerðirnar á braut. Fyrir Íslendingana varð það jákvætt og menn gerðust stórtækari og byggðu sér íbúðar- og fiskverkunarhús um alla eyrina. Á þessum tíma skipti Hjalteyrin um eigendur, stór útgerðaáform voru í gangi og söltun á síld komst í hámark. Engu að síður barðist útgerðin almennt í bökkum þegar leið á öldina, hátt verð á aðföngum hafði áhrif, lán voru dýr og gengi krónunnar alltof hátt skráð. Hvað var þá til ráða? Á Hjalteyri var þá að myndast allverulegt þorp sem var á þessum tíma það annað stærsta við Eyjaförð. Íbúarnir voru þó bjartsýnir og tóku því fúsir þátt í næsta ævintýri.

Þegar Kveldúlfur sóttist eftir verkamönnum og lofaði þeim góðu kaupi við að byggja síldarverksmiðju á Hjalteyri, stóð ekki á íbúum Hjalteyrar og í hörkugaddi að vetri til var reist stærsta síldarverksmiðja í Evrópu. Gullmalari sögðu sumir en saga Kveldúlfs segir okkur að upphafsárin voru ekki björt. En þetta var stóriðja sem skapaði mikla atvinnu og aftur tók þorpið vaxtarkipp. Nú þurfti að byggja og skipuleggja. Fyrsta tillaga að skipulagi fyrir Hjalteyri var lögð fram upp úr 1949, hana gerði þáverandi verksmiðjustjóri Kveldúlfs, Sveinn Sigurður Einarsson. Þá þegar höfðu verið byggð nýtísku íbúðarhús í brekkunum ofan við Hjalteyrina í landi Ytri-Bakka sem Kveldúlfur átti ásamt Skriðulandi og Bragholti.

En þá brast á annað stríð í Evrópu, Bretar hertóku Ísland 10. maí 1940 og komu sér vel fyrir á Hjalteyri fljótlega upp úr því. Eðlilega höfðu þeir mikil áhrif á þetta litla samfélag og umdeilt hvort það var til góðs eða ills. Í kjölfar stríðsins fór útgerðinni að vegna betur. Það varð aukin eftirspurn eftir sjávarafurðum erlendis, verð hækkaði, gengið var lækkað og útgerðinni hreinlega bjargað með skattafríðindum. Allt

vann þetta saman við að styðja við bakið á nýja þorpinu á Hjalteyri og fyrr en varði voru allar húsmæður á Hjalteyri komnar með ísskápa og sjálfvirkar kaffivélar og börnin hlupu upp á brekkubrúnina í nýja Hjalteyrarskólann, meðan Júlli tók í nefið, og fór á rútunni um alla sveitina og sótti restina af börnum sveitarfélagsins og kom þeim í skólann. Já það var sko uppgangur og fáir höfðu einhverjar áhyggjur af því þó að síldin færðist sífellt fjær og fjær. Upp úr 1944 voru þó stöðug viðvörunarljós að blikka á útgerðina og þó að upp kæmu nokkur góð síldarár má sjá eftir á, hversu augljóst það var í hvað stefndi. Kveldúlfur hf reyndi að aðlaga sig með að leigja stór síldarflutningaskip ásamt Krossanesverksmiðjunni en allt kom fyrir ekki. Síldin hvarf, síldarverksmiðjan á Hjalteyri hætti árið 1966.

HNIGNUN

Höggið kom mörgum að óvörum. Þetta var meira síldarleysi en nokkurn tíman áður, verksmiðjan lokaði og Landsbankinn yfirtók eignir Kveldúlfs hf. Fólkið á Hjalteyri hafði treyst um of á einhæfni verksmiðjunnar og fá eða engin önnur egg voru í körfunni. Kveldúlfur hf hafði þó reynt að spyrna við fótum, reynt var að setja upp saltfisk og skreiðarverkun á Hjalteyrinni árið 1955. En allsherjaverkfall verkamanna á Akureyri stöðvaði þá uppskipun úr togurum félagsins á Hjalteyri svo lítið varð úr þeim áformum. Eins má benda á önnur áform fyrirtækisins um uppbyggingu frystihúss á Hjalteyri árið eftir, það fékk dræmar undirtektir hjá bankastofnunum landsins svo ekkert varð úr þeirri uppbyggingu heldur. Deyfðin lá yfir þorpinu á 7. áratugnum, peningalyktin sem fólk kallaði jafnan grútarlyktina var nú orðin að hinni römmustu skítafýlu. Það var á þessum árum sem fólk tók sig til og yfirgaf eignirnar sínar á Hjalteyri og flutti sig að vinnu og væntingunum annarstaðar. Á Hjalteyri var ekkert um að vera, það var reynt þó að setja upp plastverksmiðju 1974 en hún stoppaði stutt og var á endanum seld suður yfir fjöllin bláu til að forða henni gjaldþroti. Barnaheimili sem sett var upp í Richardshúsinu 1972 fór svipaða leið og vélasamstæður úr verksmiðjunni voru seldar hingað og þangað. Krossanesverksmiðjan var uppfærð í loðnubræðslu og í raun var ekkert pláss fyrir aðra fiskimjölsbræðslu í Eyjafirði.

SKREIÐIN

Landsbankinn seldi loks Hjalteyrina 1978. Kaupandinn var Arnarneshreppur. Nú hófst annað tímabil á Hjalteyri. Fólkið var þó vonlítið þegar KEA setti upp skreiðarverkun um 1979 og nýtti til þess tómu húsin á Eyrinni. Skilyrði Náttúruverndarráðs við söluna, um hreinsun á Hjalteyri var fylgt eftir og mörgum þykir í dag að því skilyrði hafi kannski verið fylgt eftir að of mikilli festu. Það þurfti að rýma til, burt með gamlan tíma og inn með eitthvað nýtt, fiskihjallar komu í stað gamalla húsarústa á Grandann. Mjölskemmur Kveldúlfs fengu endurreisn 1988 en þær höfðu brunnið árið 1954. Nú var hugsað stórt á nýjan leik. 1987 var Fiskeldi Eyjafjarðar stofnað á Hjalteyri. Það átti að að búa til lúðu til manneldis á Hjalteyri. Stórmerkileg tilraun var sett af stað sem tókst og seiðin streymdu frá Hjalteyri til Noregs og Canada og jafnvel alla leið til Kína. Draumar vöknuðu, en hrundu líka eins og spilaborgir 25 árum seinna. Blómlega skreiðarverkunin fór svipaða leið en eftir að hafa farið undir hagræðingahnífinn hjá KEA keypti Samherji alla útgerð Snæfells, dótturfyrirtækis KEA, sem sá um þennan rekstur. Nokkrum árum síðar, um 2005, var ekki lengur talinn rekstrargrundvöllur fyrir fiskverkun á Hjalteyri. Öllu var skellt í lás, lyklunum skilað til hreppsins og starfsfólkinu sagt upp.

STAÐAN Í DAG

Nú þarf að bíða og sjá, Hjalteyri ehf. er félagsskapur sem tók við rekstri húseigna hreppsins á Hjalteyrinni. Aftur er komin lítilsháttar starfsemi í byggingarnar og nú er reynt að læra af mistökunum. Er ekki betra að hafa fleiri egg í körfunni og treysta ekki um of á einhæfni einnar tegundar af atvinnu?

Á Hjalteyri er í dag lítil skinnasútun einstaklings þar sem handverk er unnið úr skinni á margan og áhugaverðan hátt. Kornþurkun er í einum hluta gömlu verksmiðjunnar, listagallery í öðrum og harðfiskverkun í þriðja.

3.2 HEIMILDAÖFLUN

Saga Hjalteyrar er stutt eins og ég sagði hér að ofan. En við skulum kafa dýpra í málið og fylgja henni eftir. Þetta er alls ekki tæmandi enda ekki hugsað þannig, heldur meira sem yfirgripsleg samantekt um þessa stóru sögu.

Til að afla heimilda var sótt mikið í banka gamalla Hjalteyringa. Mikið verk er að nálgast upplýsingar um hvert hús fyrir sig þar sem oft er erfitt að átta sig á að Hjalteyri 2 er kannski Tryggvahús sem seinna varð Tangahús eða kannski Ystahús er sama og Antonshús og Pálshús. Manntal var gert nokkuð reglulega á

Íslandi frá 18. öld. Um 1850 var enginn íbúi skráður á Hjalteyri og fáir skráðir í þurrabúðir almennt. Vistabandið hélt vinnukraftinum við sveitir landsins. Þó svo að það hafi verið ætlað á sínum tíma til að sjá til þess að enginn yrði útundan, liði skort og kannski fyrirmynd af félagslegu kerfi samfélagsins. Þá verður að viðurkennast að það stóð í vegi fyrir að fólk reyndi að lifa af því sem sjórinn gat gefið. Þurrabúðarfólk var litið hornauga, það lifði á mölinni og bændurnir spýttu mórauðu í átt að þessu fólki hér áður fyrr. Allir urðu að vera skráðir á bóndabæ, ef ekki, þá mátti flytja fólk hreppaflutningum og setja það niður á bæina í þeirra heimasókn. Hreppsbækur Arnarneshrepps bera þessu vitni framundir 1920, oftar en ekki fór fundartími sveitarstjórnar í umræður um ráðstöfun ómaganna sem voru þar hiklaust nafngreindir og titlaðir „niðursetningar“ og „ómagar“ í opinberum skjölum. Þess ber að geta að lög um vistaskyldu voru ekki afnumin fyrr 1898. Þá var fólk þó farið að setjast að við sjávarsíðuna nokkuð víða í Arnarneshreppi. Dæmi um þurrabúðir í Arnarneshreppi um aldamótin 1800 – 1900 eru; Galmastaðir, Syðsti-Kamphóll, Hjalteyri og Sjávarbakki (Litli Hvammur) o.fl. Íbúar þeirra voru nefndir „Tómthúsmenn“, höfðu lítil eða engin jarðarafnot og bjuggu í eða í grennd við verstöð. Lífsviðurværið var að megninu til af sjósókn, búskapur yfirleitt lítill eða enginn. Þeirra híbýli voru kölluð „þurrabúðir“. Réttur sveitarfélaganna til að synja fólki um heimild til að stofna heimili í slíkum húsum var ekki tekinn af fyrr en 1907.

3.3 FYRSTU ÍBÚAR Á HJALTEYRI – ÁHRIF NORÐMANNA Á 19. ÖLD

Árið 1858 fluttist til Hjalteyrar í þurrabúð, Þorlákur Jónsson ásamt konu sinni og börnum. Þorlákur var fæddur 29. janúar 1821 Hann hafði áður verið bóndi á Möðruvöllum í Hörgárdal um 1840, gerðist síðar vinnumaður á Ytri-Reistará 1845. Þaðan fór hann til Skagafjarðar og var skráður vinnumaður í Neðra Ási í Hjaltadal frá 1852. Hann fluttist sem áður segir til Hjalteyrar 1858, honum var lýst á þennan hátt; *„Hjalteyrar-Láki er afburðarmaður að karlmennsku, dugnaði og drykkjuskap“* (heimild hreppsbók Skriðuhrepps og Íslendingabók). Með Þorláki var kona hans Kristjana Guðrún Magnúsdóttir, fædd í Bakkasókn en vinnukona að Neðra Ási 1853. Þau áttu 2 börn þegar þau komu til Hjalteyrar, Þorstein fæddan 1852, Pál fæddan 1852 og Guðrúnu Valgerði fædda 1858.

Um afdrif veru þeirra á Hjalteyri er ekki mikið vitað eða um afdrif Láka, en þess má geta að manntalsskýrslur fyrir norðausturland, Eyjaförð, Þingeyjarsýslur og Múlasýslur fundust ekki í skjalasafni í Danmörku þegar manntalsgögnum var skilað til Íslands um 1925. Páll sonur þeirra var þó skráður vinnumaður á Dagverðareyri í manntalinu 1880, og þá var Þorsteinn bróðir hans skráður „Húskarl“ á Miðhálsstöðum í Öxnadal og hjá honum bjó þá systir hans Guðrún fædd 1864 (önnur greinilega en sú sem áður er nefnd) og móðir hans Kristjana Guðrún Magnúsdóttir þá ekkja.

Árið 1884 eru talin upp þrjú íbúðarhús á Hjalteyri. Aftur er það „Yztahús“ – Þurrabúð byggt 1884 (Oddahús). „Búðin, nýbyggt verslunarhús Friðriks á Ytri-Bakka“ og þriðja húsið er nefnt Hjalteyri 3 - íbúðarhús en það mun vera „Guðrúnarhús“ byggt um 1880.

Engar heimildir eru til um hvar hús Hjalteyrar-Láka og fjölskyldu stóð. Í manntalinu 1890 eru talin upp þrjú íbúðarhús á Hjalteyri. „Ystahús – Þurrabúð“ er þar nefnt og líklega á svipuðum slóðum og Hjalteyrar-Láki bjó á áður. Það hús var seinna nefnt „Oddahús“ og var byggt 1884. „Syðsta hús“ er þar líka og er þar átt við „Knútshús“ sem enn í dag er „syðsta“ húsið á Hjalteyrinni, byggt 1887. Þriðja húsið er hús sem stóð á milli þessara húsa, stóð reyndar þar sem Péturshús er í dag. Það hús hét Guðrúnarhús og var tekið niður um 1916-1917. Ég tel víst að „Guðrúnarhús“ hafi í raun verið eitt af norsku húsunum frá 1880-81.

Í húsavirðingu fyrir Hjalteyri og Arnarneshrepp árið 1881 eru talin upp fimm hús á Hjalteyri. Fjögur af þeim eru skráð í eigu Norðmanna. Þeim er líst sem húsum sem eru um það bil 12 x 6 metrar að grunnfleti, flest með gólfi, pappaklædd geymsluhús með smá lofti og skorsteini. Íverelsi fyrir einn mann. Í viðtali við Bjarna Hafþór Helgason 1988 segir Sigurbjörn Pétursson frá Hjalteyri að hann *„telji að þarna hafi verið um að ræða geymslu og verkunarhús Norðmanna en samt hafi líklega verið einnig einhver umsjónarmaður sem hafi þá haft þarna búsetu“.* Töluverð verðmæti hafa verið í þessum húsum sem voru á þessum tíma metin flest á um 1000 – 1200 kr. Fimmta húsið sem nefnt er þarna er nefnt „Salthúsið“, það er ekki skráður eigandi að því, en líklega er það sameiginleg saltgeymsla Norðmanna. Þó er vert að nefna að í Stefni 1902 er sagt að Friðrik á Ytri-Bakka hafi byggt sér hús á Hjalteyri árið 1880. Þessa húss er ekki sérstaklega getið í þessari húsavirðingu og kannski er þarna um misskilning að ræða þar sem Friðrik hefur að sjálfsögðu orðið að gefa sitt leyfi fyrir þessum húsum Norðmanna sem eigandi Hjalteyrar

á þessum tíma. Aftur er vitað að Friðrik reisti verslunarhús á Hjalteyri 1884. Friðriks Jónssonarhús stóð á Hjalteyri og er ekki almennilega vitað hvar.



Mynd 3.1: Síldarsöltun á Hjalteyri, Norsku húsin eru til vinstri á myndinni. Efst er reyndar Friðriks Antonarhús en svo koma norsku húsin í röð, Guðrúnarhús, Pakkhús, Smiðja/Gulabúð og loks Salthúsið.

Þarna var um að ræða norska síldveiðimenn sem höfðu meiri áhrif á framgang íslenskrar velmegunnar en nokkuð annað á þessum tíma. Ef við rýnum betur í málið má sjá, að allan þann uppgang sem verður í Eyjafirði og fyrir Norðurlandi á þessum tíma má rekja til þess að losað var um höft einokunarverslunarinnar 1855. Hingað til lands komu þá norskir kaupmenn að selja landsmönnum timbur. Þessir kaupmenn sendu skip sín með landnætur svokallaðar og lögðu áhöfnum þeirra lífreglurnar að afla síldar til að flytja með til baka. En síldin var þá eins og oft áður duttlungafull og gaf sig ekki inn á fjörðum svo lítið varð af þessum veiðiskap.

Íslendingar voru á þessum tíma ekki meðvitaðir um verðmæti síldarinnar þó svo að vísbendingar séu til um að síld hafi verið veidd við landið frá landnámi. Í sömu erindagjörðum kom skip til Akureyrar árið 1867. Enn var það timbur til sölu fyrir landsmenn sem var ástæða komu þess. Skipstjórinn A. Johannessen sóttist eftir leyfi yfirvalda á Akureyri að fá að leggja síldarnet í firðinum. Þáverandi bæjarfógeti Stefán Thorarensen harðneitaði og sagði að Norðmönnum væri bannað að veiða hvort heldur sem væri síld eða þorsk í landhelgi Íslands. Johannessen fór þó ekki að fyrirmælum fógetans og mun áhöfnin hafa veitt síld í um fjórtán daga út við Hrísey og aflað vel. Þess má geta að fyrir þetta ólöglega athæfi var útgerðin sektuð og gjört að greiða 50 ríkisdali í ríkissjóð.

Næsta tilraun Norðmanna var árið eftir. Þá komu til Eyjafjarðar þrjár skútur frá Mandal í Noregi hlaðnar timbri til að selja heimamönnum og um borð voru tunnur og salt til síldarverkunar. Þær höfðu reyndar uppi danskan fána og skráðar í Danmörku, hugsanlega til að strá ryki í augu Íslendinga. Þetta sumar veiddu Norðmenn lítið sem ekkert af síld og fóru sneyptir frá Eyjafirði um haustið til Seyðisfjarðar. Norðmenn komu ekkert inn á Eyjafjörð til síldveiða aftur fyrr en 1879. Þá voru tvær skútur við síldveiðar megnið af sumrinu og öfluðu ágætlega. Mjög líklegt er að þessi tvö skip hafi stundað sínar síldveiðar við Hrísey og Hjalteyri. Árið 1880 voru fjögur skip inni á Eyjafirði á síldveiðum. Um tvö þeirra hafði verið stofnað hlutafélag með helmingshlut í eigu Íslendinga. Annar tveggja deildarstjóra þess félags var Íslendingurinn Jakob Havsteen. Þó að framan af hafi aflinn verið lítill sem enginn, gekk síldin inn á Eyjafjörð um haustið. Vitað er að aflinn við Hríseyna var vel á annað þúsund tonn af síld og ennþá meiri

inn við Hjalteyri í september 1880. Ævintýrið var byrjað og fólk flykktist að úr sveitunum að taka þátt í að salta þessa fallegu feitu síld sem Norðmenn mokuðu hreinlega upp úr netunum þetta haustið.

1881 voru um sjötíu Norsk skip við Hrísey og Hjalteyri á síldveiðum og öfluðu mjög vel, talið er að það árið hafi verið fluttar út frá Eyjafirði ríflega áttatíu þúsund tunnur af saltsíld. Næstu ár á eftir voru svipuð ef undanskilið er hafísárið 1882. Íslendingar voru nú farnir að átta sig á verðmæti þessa fisks og þeirrar auðlindar sem lá í sjónum. Friðrik á Ytri-Bakka áttaði sig á að Hjalteyrin gat gefið honum eitthvað í aðra hönd ef rétt væri haldið á spilunum. Norðmenn hættu þó almennt síldveiðum hér 1886. Síldin hélt sig dýpra og erfiðara var að ná henni í þessar landnætur. Árið 1888 var einungis einn norskur útgerðarmaður í Eyjafirði og bar sig illa. Fyrsti hluti ævintýrisins var á enda en langt frá því að sagan væri öll.

Heimildir: Friðrik Jónsson, Húsavirðing Eyjafjarðarsýslu 1881, Jón Þ. Þór 2003, Jón Hjaltason 1994.

3.4 VEIÐIAÐFERÐIRNAR

NÓTABRÚKSTÍMINN 1867-1882 – ÞAÐ SEM NORÐMENN KENNDU ÍSLENDINGUM UM 1880

Veiðiaðferðin sem kölluð var *nótalög* eða *nótabrúk* var á þann hátt að kastað var neti utan um síldartorfu nálægt landi og hún dregin upp að landinu. Síldin gat ekki sloppið undir netin þar sem þau lágu við botninn. Hjalteyrin hentaði því mjög til þessara veiða svo fremi sem síldin gengi inn að landinu og inn á firðina. Í Sögu Sjávarútvegs á Íslandi, II bindi segir;

> *„Við nótalagið var höfð skúta frá 50 – 70 smálestum að stærð, og 3 nótabátar, sem tóku 70 – 90 tunnur hver. 1 vindubátur. Sem tók 15 tunnur og tveir litlir róðrabátar. 4 nætur voru venjulega hafðar með hverju nótalagi, 1 stór nót, 160 – 170 faðma löng og 20 faðma djúp, 1 millinót 120 faðma löng og 15 faðma djúp og 1 úrkastnót 25 faðma löng og 5 faðma djúp. Þar að auki tilheyrðu ýmis verkfæri og línur, þar á meðal sterk lína, á að giska 300 faðma löng til þess að draga að landi nótarendana, netriðnar ausur með hæfilegu skafti voru notaðar til að ausa síldinni upp úr nótinni með, svo og mjóar línur, festartæki og flotáhöld, skemill til að styggja með síldina út frá nótinni, vatnssjónauki til þess að sjá með til botns ef nótin festist o.fl.-Skipshöfnin, sem vann að veiðinni við fullkomið nótalag, var16 – 18 menn, og ef það var stórt, eða ef tvö nótalög unnu í fjélagi, var allt að því 36 manna, sem störfuðu við það. Sá sem stjórnaði veiðinni var kallaður „nótabassi“ og ef tvö nótalög unnu í fjélagi var annar formaðurinn kallaður „yfirbassi“.“*

Svo segir í sömu bók að menn létu síldina vera í nótinni stundum 3-4 daga lifandi áður en hún var tekin of söltuð. Ástæðan var að oft var síldin full af rauðátu sem gat rotnað innan í henni og eyðilagt síldina ef hún náði ekki að meltast áður en hún var tekin og söltuð. Þessi aðferð hentaði ekki á rúmsjó og þegar síldin gekk ekki inn á firðina þá var erfitt að ná henni. Eitt dæmi er að norsk skúta kom að vaðandi síld utan við Eyjaförð 1958. Lændnæturnar dugðu þeim ekki og horfðu þeir ágirndaraugum á síldina. Frekar en ekkert reyndu þeir að ná henni í beitu og reyndu að rota hana með árunum á skipinu.

LAGNETAVEIÐAR 1886 – 1900

Einar Ásmundsson í Nesi skrifar 5. janúar 1886 í bréfi til Árna Thorsteinsson Landfógeta;

> *„Norðmenn hafa haft sig lítið í frammi og er hætt við að þeir hafi fengið illt leiði. Kalla mátti að þeir færu tómhentir. Það lítið sem þeir höfðu fengið var einkum veitt í lagnetjum, og eftir að þeir fóru og fram undir jól, var hér í firðinum allmikil lagnetjaveiði af síld.*“

Þar að auki lýsir Einar því að hann telji að framtíð sé í lagningu lagneta enda sé um mun léttari og auðveldari veiðiaðferð en Nótabrúk. Lagnetin voru mun léttari og meðferðilegri það er rétt, og þurfti því mun minni mannafla við veiðar með þeim. Þau voru lögð við fast þar sem netin náðu til botns, en stóðu grunnt og því galli á þeim að ekki veiddist í þau nema síldin kæmi inn á grunnsævi. Mikið magn af síld var ekki veitt í netin eins og síðar varð en á þessum árum var síld aðallega veidd í beitu og sett í ís. Tími íshúsanna um aldarmótin er til kominn vegna þess að vestur-íslendingar kynntu fyrir landsmönnum þá tækni og aðferð að geyma ferska beitu í ís eða frosti. Bygging íshúsanna er önnur saga sem verður ekki rakin hér, en hún var nátengd upphafi síldveiðanna og víða um Norðurland voru síldveiðar einungis stundaðar til að afla beitu. Fáir fóru á þessum tíma að byggja sér íshús nema að hafa aðgang að síld til að

frysta þar. Þess má geta að Thor Jensen sá tækifæri á Hjalteyri til að vinna ís af Hjalteyrartjörninni þó svo að ekkert hafi orðið af þeim áformum hans.

REKNETAVEIÐAR: 1900

Sú veiðiaðferð Nótabrúk sem Norðmenn komu með um miðja nítjándu öld gat aldri komið að miklu gagni á Íslandi og þetta sáu bæði þeir og Íslendingar strax í upphafi. Þeirra aðferð hafði reyndar lítið breyst frá síldveiðum við Skán á miðöldum. Aftur kynntust Íslendingar annarri veiðiaðferð hjá öðrum þjóðum sem komu að stunda hér síldveiðar um aldamót, skotar og þjóðverjar. Árni Thorsteinsson skrifaði grein í tímarit hins Íslenska bókmenntafélags sem hét hreinlega „Síld og síldveiðar“ Eftir að hafa rakið þar göngur og lífshætti síldarinnar segir hann að hann telji að reknetaveiði Skota, Englendinga, Frakka og Þjóðverja verðskuldi að henni sé gefinn meiri gaumur. Hann vill ekki ganga svo langt að gera lítið úr lagneta og landnótaveiðum Norðmanna en telur að reknetaveiði henti aðstæðum á Íslandi ekki síður. Hann birtir í greininni útreikninga á kostnaði við að koma sér upp reknetum á móti hinum hefðbunda veiðiskap. Það sem ekki er síður merkilegt við þessa grein hans eru þær hugmyndir hans um göngu síldarinnar við Íslandsstrendur. Fyrstu reknetaveiðar Íslendinga voru á Faxaflóa árið 1899. Benedikt Guðbrandsson skipstjóri fékk þá skosk reknet til prufu í mánuð og náði veiða um 150 tunnur af síld. Notuð voru 20 net, 15 faðma löng 250 möskva djúp með um 18 – 20 umför á hverja alin. Síldartrossan var úr garni, 3-4 þml að gildleika. Reknetin blésu nýju lífi í síldveiðarnar og sem dæmi um það er Norsee á Hjalteyri, en það þýska fyrirtæki var nær eingöngu á reknetaveiðum hér við land.

HERPINÓT 1903

Sú veiðiaðferð sem hefur mest verið notuð við síldveiðar Íslendinga er án efa herpi og snurpunótaveiðar. Hans L. Falck útgerðamaður vildi meina að hann hafi fyrstu reynt herpinót á Íslandsmiðum sumarið 1904. Það er þó líklega ekki rétt þar sem að sumarið 1903 var hér við veiðar norskur kútter „Harald“. Bræður sem voru skipstjóri og nótabassi á honum höfðu verið við síldveiðar í Ameríku og kynnst þar herpinót. Þeir hafi því viljað prófa þetta veiðarfæri við Ísland árið 1903.



Mynd 3.2: Síldveiðar í herpinót.

Herpnótaveiðar eru mun dýrari veiðiaðferð en reknetaveiðar en mun afkastameiri. Fyrst var notast við einn nótabát en seinna meir urðu þeir tveir, allt þar til kraftblökkin kom til skjalanna löngu seinna. Ef við gefum okkur að við séum á síld á bát með tvo nótabáta þá var þetta unnið á þann hátt að nótinni var skipt á milli bátanna. Nótin var um 80 – 120 faðma löng og 18 – 24 faðma djúp. Þegar skipstjórinn hafði tekið ákvörðum um að kasta á torfu kallaði hann „klárir í bátanna“ og þá dugði ekkert annað en vera snöggur.

Síld er duttlungafullur fiskur og getur horfið jafnfljótt og hann birtist. Skiptust svo mennirnir á bátana og réru frá. Bátarnir voru þó tengdir saman með nótinni sem rann út á milli þeirra og réru nú mennirnir umverfis síldartorfuna með nótina þar til þeir náðu í kringum hana. Fyrr á árum þurfti að henda nótinni út á höndum en seinna meir voru hjól eða rúllur á borðstokk nótabátanna með sveif sem snúið var til að lempa út nótina. Þegar bátarnir náðu saman voru þeir hnýttir saman á stefni beggja þeirra. Nú lá nótin utan um torfuna en hún var opin að neðan. En á neðri teini nótarinnar rann lína í stórum koparhringjum. Sitt hvor endi línunnar var í sitthvorum nótabátnum. Út frá koparhringjunum voru armar, sem gengu út frá þeim í nótina og voru kallaðir hanafætur. Þegar línan var dregin upp lokaðist botninn á nótinni og síldin lokaðist inni.

Þetta er dálítið einföld lýsing en þetta var ekki nóg því nú þurfti að þrengja að síldinni og draga nótina inn í bátana. Um fimm menn í hvorum bát drógu hana inn til að þurrka nótina sem kallað var þar til síldin var króuð af í miðju netinu , þar sem nótin var þykkust. Nú kom skipið að nótinni og byrjað var að háfa síldina upp úr nótinni. Svona veiddist oft mikið magn í einu enda komu bátarnir oft svo drekkhlaðnir af síld að lítið mátti út af bera að þeir færu niður undan þunganum. Þegar Kraftblökkin kom til sögunnar var

farið að snurpa með vélarafli bátanna og þá varð aftur ekki þörf á tveim nótabátum. Þá voru skipin líka orðin stærri og aflabrögðin önnur.

Heimild: Jón Þ. Þór 2003

3.5 FRUMBYGGJAR

GUNNAR EINARSSON – BÚÐIN/ÍSHÚSIÐ 1884 - 1885

Gunnar Einarsson fæddist á Þverá í Dalsmynni árið 1853. Foreldrar hans voru Margrét Guttormsdóttir og Einar Ásmundsson sem seinna flutti að Nesi í Höfðahverfi og er jafnan kenndur við þann bæ. Einar var sjálfmenntaður á mörg tungumál, vel máli farinn og starfaði lengi sem umboðsmaður Möðruvallaklausturs og þingmaður bæði Eyfirðinga á árunum 1843 – 1847 og S-Þingeyinga 1847-1848.

Einar hafði mikinn áhuga á erlendum tungumálum og þá sérstaklega rómönskum tungumálum. Ekki síst þess vegna hafði vetursetu í Nesi franskur kaþólskur prestur Baudoin að nafni. Prestur þessi var að ferðast um Ísland í nokkurs konar trúboðsferð kaþólsku kirkjunnar og mun Einari hafa líkað vel við skoðanir hans og stefnu kaþólskunnar. Þegar á leið vetursetuna kom upp að Baudoin vildi gjarnan taka með sér þrjá drengi til Frakklands til að mennta þá sem kaþólska presta. Drengirnir sem áttu að fara voru Jón Sveinsson (Nonni), Gunnar Einarsson og Þórhallur Björnsson frá Laufási.



Mynd 3.3: Gunnar Einarsson kaupmaður.

Einar fór með Gunnar til Akureyrar og þar um borð í Rakel sem flytja átti þá til Kaupmannahafnar. Þegar á reyndi neitaði móðir Þórhalls honum að fara og því var það Gunnar einn sem fór með prestinum út í þetta skiptið. Stuttu eftir að hann kom þangað kom Jón Sveinson út líka, þó nokkuð yngri en Gunnar og áttu þeir að vera samferða til Frakklands. Það varð reyndar ekkert úr þeirri för þar sem þá braust út stríð þegar Napoleon III sagði Prússum stríð á hendur. Við þær aðstæður var ekki talið öruggt að senda tvo unga Íslendinga eina til Frakklands. Gunnar varð að hætta við þau áform sín að gerast kaþólskur prestur en hann hélt þó trúnni sinni og var um tíma eini kaþólski Íslendingurinn.

Gunnar kom nú heim til Akureyrar og var þar við verslunastörf. Akureyri var á þessum tíma lítið þorp með örfá hús. Gunnar var við vinnu hjá Steincke kaupmanni og líkaði frekar illa. 1872 fer Gunnar aftur til Kaupmannahafnar en nú til að læra bókhald og viðskipti. Eftir það réðist hann til Tryggva Gunnarssonar og Gránufélagsins, sem á þessum tíma höfðu aðsetur sín bæði á Akureyri með aðalskrifstofur og í Kaupmannahöfn aðra skrifstofu. Gunnar starfaði hjá félaginu í 12 ár og á þeim tíma ferðaðist hann mikið á milli Íslands og Danmerkur. Hann sagðist oft hafa lent í kröppum dansi í milliferðum og þá sérstaklega í ferð „Herthu“ eitt skiptið en sú ferð tók 7 vikur. Stuttu norðan við Ísland lenntu þeir í ofsaveðri og laskaðist við það stýrið á skipinu, káeta brotnaði og seglin rifnuðu. Tók nú við erfið ferð þar sem enginn virtist í langan tíma vita hvar skipið var statt. Farþegar og áhöfn hallmælltu svo skiptstjóranum að hann viknaði fyrir rest. Loks sást til lands er skipið var statt utan við Shetlandseyjar og gat þá áhöfnin komið skipinu á rétta leið.

Gunnar starfaði hjá Gránufélaginu til ársins 1884 en tók þá að reka sjálfstæða verzlun á Hjalteyri með tengdaföður sínum Friðriki Jónssyni bónda og útgerðamanni á Ytri-Bakka. Voru þeir þar með það sem kallað var sveitaverslun. Á Hjalteyri rak Gunnar þessa verslun til 1897 og var hún með svipuðu sniði og sveitaverslanir gerðust í þá daga. Höfðu þeir þá mikla verzlun við bændur og sjómenn. Peningaviðskipti þekktust nær því ekki, heldur var mestmegnis um vöruskiptaverslun að ræða. Höfðu þeir Gunnar og Friðrik mikil viðskipti við Jakob Gunnlaugsson i Kaupmannahöfn og einnig reyndu þeir bein viðskipti við Frakkland, en á því varð ekki framhald. Síðustu árin á Hjalteyri höfðu þeir allmikil viðskipti við norsk sildveiðiskip, sem höfðu þar bækistöð sína, en einnig ráku þeir félagar umtalsverða síldarsöltun á Hjalteyri.

Þess má geta að þegar þeir ákváðu að setja á fót verslunina fór Gunnar til Mandal í Noregi og tók þar á leigu skipið „Draupnir“. Hann lét sigla því svo til Danmerkur í apríl árið 1884 þar sem hann fyllti það af vörum fyrir um 28.000 franka til að selja í nýju verslun þeirra félaga á Hjalteyri. Meðal þess sem hann verzlaði þar var mjöl og hveiti en hveiti var sjaldséð vara um þessar slóðir á þessum tíma. Í endurminningum eins sveitunga þeirra segir;

> *„...einnig var til sölu í verzlun þeirra nýtt brennivín sem þótti einkar gott á bragðið og mun betra en það sull sem fengist hafði áður. Bændurnir sóttu því í viðskipti við Gunnar og Friðrik og sumir gengu svo langt í drykkjunni að verða blindfullir af þessu góða brennivíni sem var víst kallað Kognak.“*

Um 1890 seldi Friðrik Gunnari sinn hluta í versluninni og árið 1897 varð umbreytingarár hjá þeim báðum, fluttist Gunnar þá til Reykjavikur og tók að verzla í Kirkjustræti 4. Byggði hann þar hús, sem var um þær mundir hæsta húsið i Reykjavík og mátti Gunnar ekki hafa efstu hæðina hærri en hún er vegna þess að brunaslöngur þær, sem þá voru til, náðu ekki lengra! Einnig byggði Gunnar húsið Norðurstíg 4 í Reykjavík og hafði þar mikla slátrun og kjötverzlun.

Árið 1903 setti Gunnar á stofn vindlagerð og var það um tíma blómlegt fyrirtæki. Þegar flest var unnu þar um 20 manns, flest konur við að vefja vindla. Thomsen kaupmaður hafði þá einnig vindlagerð, en svo fór að báðar lögðust niður 1908, en þá var gerð breyting á tollalögunum, sem hafði það í för með sér að ekki borgaði sig lengur að flytja inn óunnið tóbak og vinna úr því hér. Árið 1909 hætti Gunnar að verzla, en starfaði eftir það sem bókhaldari hjá G. Gislason & Hay í Reykjavík til 1918, en síðar við Smjörlíkisgerðina Smári og Ásgarður.

Gunnar var tvíkvæntur og var fyrri kona hans Andrea Jóna Sigurðardóttir frá Möðrudal á Fjöllum. Sonur þeirra var Einar bókaútgefandi og stofnandi dagblaðsins Vísis. Lézt hann á bezta aldri. Síðar kvæntist Gunnar Jóhönnu dóttur Friðriks Jónssonar á Ytri-Bakka við Hjalteyri. Varð þeim fimm barna auðið. Elzt þeirra er Hansína, svo Friðrik, seinna eigandi smjörlíkisgerðarinnar Ásgarðs í Reykjavík, þá Hjalti, verkstjóri í Ásgarði, en þar næst er Abelína en hjá henni dvaldi faðir hennar síðustu æviárin. Yngstur barna Gunnars var Jóhannes, sem seinna varð biskup kaþólskra manna á Íslandi.

Eftir að synir Gunnars Einarssonar tóku að reka sjálfstæðan atvinnurekstur –smjörlíkisgerðina Ásgarð, starfaði hann þar á skrifstofunni þar til hann var orðinn fullra 86 ára gamall. Hann var vel ern er hann lést 90 ára gamall í febrúar árið 1944.

Á Hjalteyri voru þeir Gunnar og Friðrik tengdafaðir hans með umfangsmikla verslun á sínum tíma. Þeir nutu þar góðs af eins og áður segir, viðskiptum við þá erlendu aðila sem stunduðu síldveiðar af kappi á Eyjafirði. Einnig versluðu þeir mikið við bændur í nágrenninu sem og íslenska útgerðarmenn. Á þessum tímum var helst að ræða um vöruskiptaverslun. Þeir reistu á Hjalteyri verslunarhús, sem í daglegu tali var kallað „Búðin“ en átti eftir að ganga undir ýmsum nöfnum. Þetta var dæmigert pakkhús, byggt árið 1884-5. Þetta hús varð seinna að söltunarstöð á síld, ísshúsi og frysti fyrir heimamenn á Hjalteyri. Að lokum endaði það sem fiskverkunarhús Kaupfélags Eyfirðinga. Það var komið í mjög slæmt ásigkomulag undir það síðasta og var að lokum rifið 1992.

FRIÐRIK Á BAKKA. HJALTEYRI UM ALDARMÓT 1900

Friðrik Jónsson á Ytri-Bakka er óneitanlega fyrsti íslenski athafnamaður á Hjalteyri. Friðrik var ungur drengur a Siglunesi er hann og systkyni hans Margrét og Jóhann, misstu foreldra sína. Þau höfðu farið kirkjuferð en á leið til baka hvolfdi bátnum undir þeim og þau fórust bæði ásamt fleirum. Friðrik var tekinn í fóstur til Benedikts Vigfússonar á Hólum í Hjaltadal en fór þaðan til Akureyrar að læra smíðar. Seinna fór hann til náms í Danmörku og lærði þar þilskipasmíðar í 2 ár. Á þeim tíma er ekki mikið um slík skip á Íslandi og því má segja einkennilegt að hann hafi farið að læra slíkt.

Friðrik kom frá Danmörku 1847 og keypti þá mjög fljótlega laskað hákarlaskip sem hann sá austur á Raufarhöfn, hann gerði skipið upp og breytti því í þilskip sem hann nefndi „Mínervu“. Systir Friðriks hafði þá gifst Vilhelm Antoni Sigurðssyni bónda, smið og útgerðamanni í Arnarnesi. Þangað fór Friðrik eftir heimkomuna og dvaldist hjá þeim til að byrja með. Friðrik giftist Hansínu Hjaltalín árið 1855, en árið áður hafði hann lokið við uppgerð á „Mínervu“ og gert hana út á hákarl.

Árið 1861 eignuðust þau Ytri-Bakka fyrir tilstilli Þorsteins á Skipalóni. Þannig var Friðrik kominn með aðstöðu fyrir skútuna sína á Hjalteyri. Friðrik gerði Mínervu út frá Hjalteyri eftir þetta og tók hana jafnan

upp á Hjalteyrina til að dytta að henni á vetrum. Árið 1878 fór hann á skútunni í janúarmánuði til Siglufjarðar og þaðan til fiskveiða. Þetta var í fyrsta skipti sem Eyfirðingar prófuðu að gera út þilskip til fiskveiða út frá norðurlandi.

Árið 1882 fékk hann útgefið frá sýslunefnd Eyjafjarðar leyfi til sveitaverslunar á Hjalteyri. Það er fyrsta verslunarleyfi sem gefið var út til Hjalteyrar. Á þessum árum var ungur verslunarmaður hjá Gránufélaginu sem Friðriki leyst vel á. Hann samdi við hann um að í sameiningu settu þeir upp þessa verslun á Hjalteyri 1884. Þetta var Gunnar Einarsson sem áður er nefndur. Fyrsta verslunin þeirra er byggð árið 1885 en Friðrik hafði áður byggt sér íbúðarhús á Hjalteyri 1880.

Í Fróða 27, júlí 1885 segir;

> *„Verzlun hefir verið með bezta móti hvað verðlag og vöruframboð á útlendri vöru snertir. Kaupmenn hafa boðið ymsar útlendar vörur með vægra verði mót peningum, og sýnt þannig að þeir kunna að meta hagnað þann er því fylgir að borgað sje strax Magnús bóndi á Grand hefir fengið leyfi til sveitaverzlunar og selt nokkuð. A Hjalteyri hafa þeir Friðrik Jónsson og Gunnar Einarsson byrjað verzlun með vörur frá Frakklandi, taka þeir allar íslenzkar vörur. Þorsteinn ArnIjótsson hefir verzlað á Oddeyri og Tierney skotski með föt. þrjú norðmannaskip hafa komið með trjávið, hafa skipstjórar þeirra gengið stöðugt milli manna og boðið viðinn fyrir peninga, en engar vörur vilja þeir, hafa því lítið selt því bændur hafa ekki peninga enda hefir sumt af viðnum verið nokkuð dýrt.“*

Friðrik hætti verslunarrekstri á Hjalteyri 1890 og seldi Gunnari sinn hlut. Um aldamótin 1898 keypti Friðrik sér efni í stórhýsi úti í Noregi og lét flytja það tilsniðið til Íslands. Efnið í húsið kom til Hjalteyrar að nóttu til. Skipstjórinn sem var norskur vakti upp í litla þorpinu og krafðist þess að húsið yrði tekið úr skipinu strax þar sem ís lægi fyrir utan Eyjafjörð og hann vildi ekki lokast inni í firðinum. Þetta var gert en þess má geta að skipið komst til Siglufjarðar og stóð þar fast í 2 mánuði í ís meðan íslaust var inni á Eyjafirði.

Þetta hús er Friðrikshús byggt 1900 -1901. Frændi Friðriks á Ytri-Bakka, Friðrik Antonsson byggði ásamt Ólafi Ólafssyni frá Pálmholti og fleirum húsið og bjó reyndar í því lengst af. Þess má geta að þegar húsið var reist, borgaði Friðrik á Ytri-Bakka þeim um 1.200 krónur fyrir verkið. Friðrik Antonsson keypti Friðrikshúsið sumarið 1901 af Friðriki Jónssyni á 3000 kr. Nú í dag er húsið ekki síður nefnt eftir Friðrik Antonsyni en Friðrik á Bakka. Friðrik Jónsson á Ytri Bakka lést árið 1902 og var búið hans gert upp árið eftir. Í skiptabók Eyjafjarðarsýslu kemur fram að við þau skipti hafi „Mínerva“ skúta Friðriks verið seld úr dánarbúinu Ola Möller á 3.800 kr. Eignarhlut dánarsbúsins í Knútshúsi erfði Ólafur Oddson (tengdasonur Friðriks) að andvirði 360 kr og Friðrik Antonsson skuldar þá dánarbúinu 1.500 kr fyrir Friðrikshúsið. Einnig hafði verið seldur bakaraofn úr dánarbúinu á 65 kr sumarið 1902. Í skiptaskránni kemur fram að Friðrik hafði átt eignir metnar á um 15.400 kr. Þar af voru 6 hús á Hjalteyrinni, 3 íbúðarhús, sjóbúð, pakkhús og fjós. Íbúðarhúsin eru; Gulahús, Friðrikshús og Knútshús. Ég hef hvergi fundið heimildir að Friðrik sjálfur hafi nokkurn tíma búið í Friðrikshúsinu. „Gulahús“ er ekki staðfest hvar var, en ég tel nokkuð öruggt að þar sé átt við hús sem nefnt er Friðriks Jónssonar hús í manntalinu 1901. Það hús væri því það hús sem brann á Hjalteyri í janúar 1907, verlsunarhús Hallgríms og Guðjóns Hallgrímssona og stóð fast upp við Gamla Hótelið.

Í Austurlandi 1. árgangi 9 tbl. árið 1907 er eftirfarandi grein;

> *„Hjalteyri heitir stutt og breið eyri, sem skagar út í miðjan Eyjafjörð vestan megin. Innan við hana er hlé fyrir hafáttinni, og góður akkerisbotn, enda dýpi nóg svo hafskip geta legið þar nærri landi. Er þar því eitt hið bezta skipalagi á firðinum norðan Oddeyrar. Eyri þessi var í landareign jarðarinnar Ytri-Bakka, og var engin byggð á henni fyrir 1870. Friðrik Jónsson bóndi á Bakka, ötull og heppinn þilskipaformaður og skipasmiður fékk Bakka ásamt eyrinni hjá landssjóði í makaskiftum fyrir aðra jörð. Tók hann miklu ástfostri við eyrina og byggði þar íbúðarhús í kringum 1880 og flutti þangað. Hann hafði óbilandi trú á því, að í eyrinni feldist sá fjársjóður, sem trauðlega yrði tæmdur. Hugsjónin um stórkostlegan skipaútveg frá eyrinni var mjög rík í huga hans. –„Þeir fara eigi lengra en að Hjalteyrinni með tímanum, þegar hafskipaútvegurinn eykst“, sagði gamli maðurinn, -„og aldrei sel ég eyrina fyrir minna en 30 þúsund krónur“.*
>
> *Á síldveiðaárunum kringum 1880 virtist svo sem hugsjónir gamla mannsins myndu rætast, og nokkur hús voru þá byggð á Hjalteyri, og kastnótamenn tóku sér þar bólfestu. Þetta reyndist þó*

einungis stundarlyfting, nótasíldveiðin hætti og mörg kyrstæðisár fylgdu á eftir. Friðrik bóndi lezt á sóttarsæng fyrir 5 eða 6 árum, og eyrin hans var enn arðlítil og eigi eftirsótt, og enginn erfði eftir hann trúna á framtíð hennar, og fjársjóðinn, sem þar væri falinn og geymdur. Hún var síðan seld; ekki fyrir 30 þúsund, heldur fyrir 5 þúsund. Svo allt í einu, þegar minnst varði, rættust hugsjónir gamla mannsins, og svo mátti segja að gullið færi að glóa þar milli fjörusteinanna. Maður er nefndur Jón Norðmann, mörgum að góðu kunnur. Um hann hefir verið sagt það sama og Magnús á Grund, að öll þau fyrirtæki, sem hann snerti við fyrir eigin reikning gæfu góðan arð. Hann keypti eyrina fyrir rúmu ári síðan, og svo brá við að jafnskjótt fór hún að gefa af sér gullið og gróðann.

Þegar sú fiskisaga flaug um allan norðurhluta álfu vorrar fyrir tveimur árum, að eitt hið síldarsælasta svið á hnetti vorum mundi vera sá hinn mikli flói við íshafsröndina milli Hornstranda og Melrakkasléttu, var eigi beðið boðanna. Eimskipin komu tugum og hundruðum saman til síldveiða á þessar stöðvar, og einn skotskur, annar sænskur og þriðji þýskur útgerðarmaður fengu sér sumarstöðvar á Hjalteyrinni, og byggðu þar hús og bryggjur. Skotski útvegsmaðurinn byggði þar hafskipabrú í fyrra og hefir þar í sumar þrjú eimskip til síldveiða. Þjóðverjarnir byggðu þar í vor 30 faðma breiða hafskipabrú og hafa haft í sumar 5 eimskip til síldveiða. Svíarnir hafa þar tvö eða þrjú eimskip til síldveiða. Þessar þrjár stórútgerðir hafa veitt mikla síld í sumar, líklega allar upp undir 30 þúsund tunnur. Auk þess hafa þær keypt töluvert af reknetasíld. Útvegirnir veita afarmikla atvinnu yfir sumartímann, og því fjölgar þurrabúðarfólki þar drjúgum. Eftir eyrina er nú borgað árlega eitthvað á þriðja þúsund krónur, og er þó góð spilda af henni til sjávar enn óleigð. Þeir eru fáir blettirnir á íslandi, sem gefa betri arð en Hjalteyrin gerir í dag"

Árið 1930 var haldin minningarathöfn í Möðruvallakirkju um þau hjónin frá Ytri-Bakka Friðrik Jónsson og Hansínu konu hans. Anna Friðriksdóttir, dóttir Friðriks stóð fyrir henni og að athöfn lokinni hélt hún þar minningarræðu um þau hjón. Við það tilefni gaf hún Arnarneshreppi 5000 kr í menningar og minningarsjóð sem hún kallaði „*vinaminni"* til minningar um ástvini hennar. Sjóðurinn á að ávaxtast til líknar- og menningarstarfa innan sveitarinnar, og til að verðlauna ungmenni, sem getið hafa af sér góðan orðstír. Anna var fædd á Skriðulandi árið 1878. Móðir hennar var Jakóbína Sveinsdóttir ljósmóðir en Friðrik Jónsson faðir hennar eins og fyrr segir.

JÓRUNN SIGFRÍÐUR KRISTINSDÓTTIR – KNÚTSHÚS 1887



Mynd 3.4: Nöfnur í Knústhúsi. Þessa mynd tók Hulda Axelsdóttir 1959 á kassamyndavél sem hún eignaðist í fermingargjöf 1942. Á myndinni eru Jórunn Sigfríður Kristinsdóttir 89 ára, Jórunn Axelsdóttir 23 ára og Jórunn Agnarsdóttir 3 ára úr Litla húsinu.

Knútshús er í dag elsta hús á Hjalteyri. Það er byggt árið 1887 af Knut Hertervig sænskum. Hann byggði húsið upphaflega sem verbúð. Hann reyndar staldraði stutt við í „Knútshúsi" og seldi það Gunnari Einarssyni og Jóhönnu Friðriksdóttur árið 1889. Þau hjón seldu húsið Friðriki Jónssyni á Ytri-Bakka 1897. En þá bjuggu í húsinu Kristín systur Jóhönnu og maður hennar Ólafur Oddsson. Kristín staldraði reyndar stutt við og um aldarmótin fluttist hún alfarin til Ameriku en börn hennar og eiginmaður urðu eftir á Hjalteyri, þegar Friðrik lést árið 1902 keypti Ólafur Oddson hluta dánarbúsins og er þar með eigandi hússins.

Þess má geta að í vestur-íslenska tímaritinu „Huginn" árið 1907 kemur fram að Kristín Friðriksdóttir hafi andast á heimili sínu í Hallson í North Dakota þá um sumarið. Næst eignaðist Tryggvi Konráðsson frá Bragholti Knútshúsið en einungis í stuttan tíma. Tryggvi seldi húsið árið 1912 Sæmundi Sæmundsyni skipstjóra og Jórunni Sigfríði Kristinsdóttur og hefur það síðan verið í eigu afkomenda hennar.



Mynd 3.5: Valdimar Axelsson á góðum degi framan við Knútshúsið.

Jórunn var fædd 1870 að Minni Þverá í Fljótum. Hún missti móður sína er hún var einungis 10 ára gömul og var henni ásamt Axel bróður hennar var þá komið fyrir í fóstur hjá Sigtryggi móðurbróður þeirra. Sú dvöl var þeim ekki nein sæluvist og fór svo að lokum að eftir fermingu fór hún á brott frá Sigtryggi frænda sínum í óþökk hans árið 1885. Hún réði sig næst að Litlu Hámundarstöðum hjá frændfólki sínu þar. Árið 1891 giftist hún Sigurbirni Gissurarsyni frá Skjaldarvík og voru þau hjón næstu árin í húsmennsku á ýmsum bæjum á Árskógsströnd. Sigurbjörn stundaði einnig sjómennsku og var á hákarlaskipum sem gerðu út frá þessum slóðum. Jórunn var hörkudugleg og með atorku sinni gátu þau hjón byggt sér bæ yst í Ytra-Haga landi, bæ sem nefndist Víkurbakki eða Ytri-Vík. Árið 1909 flluttu þau hjón til Hjalteyrar og þá í „Litla-húsið“. Vorið 1910 fórst hákarlaskipið Kjæstine með 12 manna áhöfn, einn af þeim var Sigurbjörn eiginmaður Jórunnar.

Jórun var því ekkja á Hjalteyri með 4 börn 40 ára að aldri. Hún kynntist þá Sæmundi Sæmundssyni en hann hafði þá nokkrum árum áður misst konu sína. Þau felldu fljótt hugi saman og giftu sig seinnipart árs 1911. Árið eftir keyptu þau Knútshúsið af Tryggva Konráðssyni. Sæmundur var jafnan nefndur Hákarla Sæmundur og hefur ævisaga hans komið út í sögu Guðmundar Hagalíns – „Virkir Dagar“. Þau Sæmundur slitu samvistum 6 árum seinna en Jórunn ásamt börnum bjó áfram í húsinu.

Axel sonur Jórunnar og kona hans Karen Guðjónsdóttir bjuggu lengstum í húsinu, og var það þá jafnan nefnt „Axelshús“ og síðar „Karenarhús“. Þau eignuðust 8 börn. Synir þeirra Valdimar Axelsson í Keflavík og Óskar Axelsson á Húsavík, eiga húsið í dag og halda því myndarlega við. Nú er það búið að enduheimta sitt upphaflega nafn og er aldrei nefnt annað en „Knútshús“

Þinghúsið á Hjalteyri

Þinghúsið í Arnarneshreppi var í landi Arnarness. Arnarnes átti hálfa Hjalteyrina og var „Þinghúsið“ staðsett á Grandanum á Hjalteyri sem er eiði það er skilur að Hjalteyrartjörnina frá sjónum. Húsið mun hafa staðið lítið eitt sunnan við Jónsshúsið, stóð á svipuðuð slóðum og Árni Jónsson í Jónsshúsinu hafði lítilsháttar fiskverkun og var í daglegu tali kallað „salthús“.

Í Stefni þann 7. mars 1896 er grein um samgöngubætur í Arnarneshreppnum;


> *„Á fjölmennum fundi í þinghúsinu á Hjalteyri 22. f. m., var meðal annars rætt um Hörgárbrúna fyrirhuguðu. Voru menn mjög áfram um, að brúin kæmist á sem allra fyrst. Var samþykkt í einu liljóði aö halda áfram að leita samskota til hennar, og enn fremur að halda tombólu til eflingar sjóðnum á sumardaginn fyrsta n. k. Sjóðurinn mun nú vera 1800 kr. fullar, en þar af eru yfir 100 krónur aðeins í loforðum, væri óskandi að þeir sem ekki hafa enn efnt gjafalofovð sín, gerðu það sem allra fyrst, svo fjeð kæmist á vöxtu. Samskotanefndin, sjerstaklega formaður hennar Stefán kennari Stefánsson á Möðruvöllum veitir samskotunum móttöku, bæði peningum, inneignum í verzlunum á Akureyri og Oddeyri, og hverjum helzt gjaldgengum vörum. Við innskriptina skal þess getið, að þær sjeu til Hörgárbrúarinnar.“*

Þess má geta að í sama blaði er rætt um að kaffi og sykurverslun hefur aukist til muna á síðasta ári og eru tekjur sýslunefndar að tollagjöldum á þessum munaðarvörum heldur á uppleið. Einnig hefur tóbaksbrúkun vaxið eilítið að sama skapi. Þó hefur heldur dregið úr brennivínsneyslu og er það vel segir í skýrslu Sýslunefndar Eyjafjarðar 1896 sem vitnað er til í fyrrnefndu blaði.

Í Stefni 6. Apríl 1900 er eftirfarandi auglýsing;

> *„Auglýsing. Með því að sýslunefndin í Eyjafjarðar og Þingeyarsýslu hafa með lögskipaðri hlutdeild bæjarstjórnarinnar á Akureyri samþykkt nýtt frumvarp. til fiskiveiðasamþykktar, sem á*

að koma í stað hinnar núgildandi samþykktar fyrir Eyjafjörð 15. júní 1888. Þá boða jeg hjer með, sem oddviti sýslunefndarinnar í Eyjafjarðarsýslu og í umboði sýslumannsins í Þingeyjarsýslu, til almenns fundar, sem haldinn verður í þinghúsinu á Hjalteyri fimmtudaginn þann 31. maí næstkomandi á hádegi, til þess þar og þá að ræða frumvarpið, sem að því búnu verður borið upp til samþykktar. Atkvæðisrjett hafa allir íbúar beggjamegin fjarðarins, er kosningarrjett hafa til alþingis. Skrifstofu Eyjafjarðarsýslu 26. marz 1900. Klemenz. Jónsson.“



Mynd 3.6: Málverk Kristínar Jónsdóttur af Hjalteyri 1903. Á Grandanum er komið hús foreldra hennar en innan við það er Þinghúsið sem um ræðir í þessum kafla. Önnur hús á eyrinni eru talin frá vinstri: Knútshús, Friðriks Jónssonarhús, Gamla hótelið. Litla-húsið, Búðin, Friðrikshús, Guðrúnarhús, Gulabúð, Pakkhús, Salthús, Pöntunarhús og Oddahús.

Í Stefni október árið 1900 segir frá miklu vestanroki sem gekk yfir við Eyjafjörð 20. september það ár og olli miklum skaða um alla sýslu. Í grein sem birtist í Stefni segir að víða hafi hey losnað upp og fokið og talið sé að um 800 – 1.000 hestar af heyi hafi fokið út í veður og vind. Klæðningar fuku víða af húsum svo sást inn í grindur og burðarviði. Pappaþök fuku víða af og hlöður sliguðust niður undan veðrinu. Leikhúsið á Möðruvöllum færðist til á grunni sínum um 3 fet. Íbúðarhúsið að Rauðuvík lyftist upp í heilu lagi og fauk undan vindinum niður í fjöru, með öllu því fólki sem í því var og brotnaði þar illa. 2 stálpuð börn Jóns Jónssonar sem voru í húsinu misstu við það lífið og móðir þeirra stórslasaðist ásamt öllu því fólki sem í húsinu var. Timburskemma á Galmastöðum fauk og brotnaði og stórt hús á Hjalteyri lagðist á hliðina. Eitt íbúðarhús fauk í Hrísey, brúin af Þorvaldsdalsánni fauk einnig og tveir bátar fuku til í Arnarnesi. Veðrið byrjaði með suðvestan gjólu um morgunin sem ágerðist með mikilli rigningu og vestan roki frá hádegi og fram á seinnipart dags fór þá að lægja og var gengið niður um kvöldið.

Þinghúsið mun hafa skemmst það mikið í þessu veðri að ákveðið var að byggja nýtt 1903 og því valinn staður í Arnarnesi við Arnarnesvíkina. Gamla húsið var auglýst til sölu þann 1. júlí 1905. Einhver álög hafa verið á þessum þinghúsum í Arnarnesi því að í desember 1905 gekk yfir ofsaveður af suðvestri sem sleit upp þetta nýja Þinghús og brakið fauk út í veður og vind, mest þó á haf út. En var aflað efnis í nýtt hús en áður en það var reist fauk það efni líka. Eftir þetta var ákveðið að Templarinn gegndi embættis Þinghús fyrir Arnarneshrepp (1906) og gerði hann það þar til nýtt Þinghús hreppsins var reist á Grund árið 1914.

ARNARNESFÓLKIÐ – JÓNSHÚS 1903

Hjalteyri tilheyrði tveimur jörðum í Arnarneshreppi, Arnarnesi og Ytri-Bakka. Skilin á milli þessara jarða voru úr svo kallaðri Stekkjarlaut vestan í Bakkaásunum þvert yfir ásana. Við tjörnina er miðað við merkjagarð vestan við hana og bein lína í punkt sem er rétt utan við Hjalteyrarvitan. Um 1861 flutti til Ytri Bakka Friðrik Jónsson skipasmiður og sjávarbóndi. Systir hans var Margrét Jónsdóttir sem var eiginkona Vilhelms Antons Sigurðssonar sem fluttu til Arnarness árið 1843 og hófu þar búskap. Anton eins og hann var jafnan kallaður, var því mágur Friðriks á Ytri-Bakka og þeir því í raun hafa skipt Hjalteyrinni á milli sín. Anton var mikill smiður og einnig sjávarbóndi og gerði út frá Arnarnesi í mörg ár.

Þau hjón munu hafa búið á allri jörðinni Arnarnesi til ársins 1873. Þá tók við búi á hálfri jörðinni Jón Antonsson, sonur þeirra og kona hans. Jón var elstur 10 systkina fæddur árið 1845 í Arnarnesi. Hann giftist árið 1872 Guðlaugu Helgu Sveinsdóttur, en hún var fædd árið 1852 á Haganesi í Fljótum í Skagafirði. Þau hófu búskap á hálfu Arnarnesi eins og áður segir árið 1873 og bjuggu þar til ársins 1903 að þau flutt til Hjalteyrar.



Mynd 3.7: Hjónin frá Arnarnesi/Jónshúsi - Jón Antonsson og Guðlaug Sveinsdóttir.

Jón Antonsson var mikill hagleiksmaður og smíðaði upp ný bæjarhús í Arnarnesi sem sögð voru ein þau reisulegustu á þeim tíma. Hann stundaði sjósókn með föður sínum og tók ungur við formennsku á ýmsum hákarla og þorskveiðiskipum sem gerð voru út í Eyjafirði. Hann dvaldi oft langtímum frá heimili sínu til dæmis við selveiðar á vorin, ýmist á Látrum á Látraströnd eða við Flatey á Skjálfanda. Hann fór til Noregs að læra skipasmíðar árið 1883 og keypti þar þilskipið Helga sem hann kom með heim. Helgi var gerður út í mörg ár frá Arnarnesi. Árið 1898 smíðaði hann stórt þilskip 20 tonn að stærð sem hann nefndi „Arnarnesgest". Hann tók svo við formennsku á honum og þótti góður stjórnandi. Heima í Arnarnesi reisti hann vindmyllu og smíðaði sér snúningsvél og útbjó ískjallara.

Jón og Guðlaug kona hans, seldu Arnarnes árið 1903 að undanskildum þeim hluta af Hjalteyri sem tilheyrði Arnarnesi. Þau fluttu þá um vorið til Hjalteyrar og byggðu á „Grandanum" stórt veglegt íbúðarhús með steinlímdum kjallara. Það varð ekki eina húsið sem Jón kom að byggingu að á Hjalteyri, auk húsa sem hann byggði fyrir sjávarútveg sinn og jarðrækt. Einnig stundaði hann skipa og bátasmíðar á vetrum eftir að þau komu til Hjalteyrar. Hann stundaði jarðrækt bæði á „Grandanum" sjálfum sem þá var allmikið stærri en hann er í dag, sem og í brekkunum ofan við „Tjörnina".

Í fasteignamatsskrá fyrir Arnarneshrepp frá árinu 1917 er eignin Ytri-Hjalteyri fasteignanúmer 281 lýst á þennan hátt:

> *„Ytri-Hjalteyri, eigandi og ábúandi Jón Antonsson jörðin er talin 3 hundruðir að dýrleika, byggð úr landi jarðarinnar nr 279 (Arnarnes). Skattanefnd metur afgjaldið um 100 kr. Landamerki eru ákveðin og ágreiningslaus."*

Lýsing jarðarinnar er á þessa leið;

> *„Tún í allgóðri rækt, sléttað og girt, stærð; 0.96 ha. Töðufall 20 – 30 hestar. Sáðreitur, stærð 530 fermetrar uppskera um 700 kg. Engjar naumast teljandi heyfall 20 hestar. Búfjárhagar eru engir, fjörubeit dálítil – útræði reytingslegt. Jörðin liggur rétt við verslunarstað. Land jarðarinnar er aðallega notað til sjávarútvegs, og hefur jörðin nú sem stendur tekjur af leigðum lóðum, c.a 1000 kr. Hús: Íbúðarhús úr timbri 28 x 10 álnir (17,5 x 6,2 m) tvílyft með járnþaki. Kjallari undir hálfu húsinu. Geymsluhús úr timbri 9 x 7 álnir (5,8 x 4,3 m) með áföstum skúr. Fiskhús, vindmylla, fjós yfir tvær kýr, fjárhús, tvær hlöður úr timbri yfir 120 hesta, haughús. Jarðabætur s.l 10 ár: tún sléttað, sáðreitur og girðing. Samkvæmt þessu er jörðin metin; Jörðin sjálf kr 13.000, Hús og jarðabætur 11500 kr og 500 kr. Alls kr 25.000."*

Jón og Guðlaug eignuðust þrettán börn en fimm af þeim dóu á barnsaldri og síðan þrjú þeirra í blóma lífsins, Jón sonur þeirra drukknaði í Hörgá árið 1895 þá 19 ára að aldri. Sveinn sonur þeirra lést árið 1900 af slysförum heima í Arnarnesi í ofsaveðrinu sem gekk yfir í september það ár (sjá framar). Helga dóttir þeirra 1902 á sjúkrahúsinu á Akureyri eftir að hafa legið þar lengi. Af þeim fimm sem þá lifðu eftir voru Margrét sem varð veitingakona á Hótel Akureyri, Anton sem var útgerðarmaður á Akureyri, Árni símstöðvarstjóri á Hjalteyri, Kristín listmálari í Reykjavík og Jonna sem bjó á Akureyri.

Jón var mikill áhugamaður um framþróun á sínum tíma. Jónshúsið sem hann reisti árið 1903 er nú farið var tákn þess, stórt og mikið hús, sem þurfti að víkja fyrir annarri „þróun" á Hjalteyri á 8 áratugnum.

Þegar upp komu hugmyndir um skipakví við Eyjafjörð barðist Jón ásamt Stefáni Stefánssyni þingmanni í Fagraskógi fyrir því að slíkri kví yrði valin staður á Hjalteyri. Hann sá fyrir sér að nýta mætti Hjalteyartjörnina í slíkt verkefni. Í Norðurlandi 4 febrúar 1904 kemur fram að verkfræðingurinn sem kom að staðarvalinu, hafi ekki haft nægan tíma til að fara til Hjalteyrar og skoða þar aðstæður. Reyndar kemur þar líka fram að verkfræðingurinn sem kom að meta aðstæður og mismunandi staði við fjörðinn hafði bara tíma til að meta aðstæður á Oddeyri.

Jón og Guðlaug, bjuggu í Jónshúsinu restina af ævinni. Jón lést þar 84 ára gamall í janúar 1930 en Guðlaug lést þá um haustið. Þau höfðu þá verið gift í 57 ár. Hjá þeim í Jónshúsinu bjuggu þá Árni sonur þeirra og kona hans Þóra Stefánsdóttir, dóttir Stefáns Stefánssonar alþingismanns úr Fagraskógi.

Árni var fæddur árið 1882 í Arnarnesi. En nam við Möðruvallaskóla og fór þaðan að vinna verslunarstörf fyrir frænda sinn Einar Guðmundsson frá Hraunum í Fljótum, í verslun er hann rak á Haganesvík. Árni giftist árið 1914 Þóru Stefánsdóttur. Hún fæddist árið 1891 og ólst upp í Fagraskógi. Árni og Þóra bjuggu á Hjalteyri alla tíð í Jónshúsinu hjá foreldrum Árna. Árni rak á Hjalteyri verslun í samstarfi við Anton bróðir sinn sem þá rak útgerð og verslun á Akureyri. Þau Árni og Þóra eignuðust 5 dætur, Áslaugu, Ragnheiði, Valgerði, Stefaníu og Jónínu.

Árni varð símstöðvarstjóri á Hjalteyri árið 1933 en símstöðin var rekin í Friðrikshúsinu. Hann sat í sveitarstjórn, var vitavörður á Hjalteyri og fleira. Honum er líst sem hlédrægum manni með heilbrigðar skoðanir sem lét sér mjög annt um þau málefni sem varðaði sveitina sína og þjóðfélag. Árni var þó heilsulítill og lést 68 ára gamall í október 1950. Kona hans Þóra tók þá við símstöðinni af manni sínum og hélt áfram að reka hana þar til Jónína dóttir þeirra tók við henni. Þóra er minnisstæð öllum „gömlu“ Hjalteyringunum og sveitungum sínum. Hún var organisti í Möðruvallakirkju í mörg ár, hún var mikil félagsvera og einn af stofnendum kvenfélagsins Freyju í Arnarneshreppi og formaður þess í mörg ár. Hún var einnig fyrsti formaður sambands eyfirskra kvenna, og sat í stjórn sambands norðlenskra kvenna í mörg ár. Þóra var systir Davíðs Stefánssonar bókavarðar á Akureyri og eins af þjóðskáldum okkar Íslendinga. Margir minnast „Nóra“ en það var bátskrifli sem Þóra hafði á Hjalteyrartjörninni og margir krakkar fengu að spreyta sig á að róa yfir Tjörnina. Þóra lést í hárri elli 1981.

Örlög Jónshússins urðu sú að þar þurfti að koma fyrir fiskihjöllum. Á árunum í kringum 1985 var það rifið niður, stórmerkilegt hús á einum fallegasta útsýnisstað í Eyjafirði.

OLE MÖLLER – GAMLA HÓTELIÐ, MÖLLERSHÚS 1900

Ole Peter Christian Möller var fæddur að Grafarósi (Hofsós) 1854. Hann var sonur Christian Ludvig Möller verslunarstjóra þar. Hann flutti 1860 til Reykjavíkur með foreldrum sínum, gekk þar í lærða skólann og tók þaðan 4.bekkjar próf. Fluttist síðan aftur norður í land 1872 og gerðist verslunarmaður á Skagaströnd þar sem hann kynntist eiginkonu sinni Ingibjörgu Gísladóttur frá Neðri-Mýrum í Húnavatnssýslu.

Árið 1880 varð hann verslunarstjóri á Hólanesi yfir svokallaðri Muncks verslun sem hann keypti tveim árum seinna. Á Þorláksmessu sama ár varð hann fyrir því áfalli að öll verslunarhúsin hans brunnu til kaldra kola og nánast allt sem í þeim var, vörur sem og innanstokksmunir. Allt var ótryggt nema húsin sjálf höfðu verið lítillega tryggð.



Mynd 3.8: Gamla Hótel - Möllershús í forgrunni. Áður voru hús sitt hvoru megin. Litla hús á hægri hlið og Rauða hús á vinstri hlið.

Þetta var stærsti bruni sem orðið hafði í Húnavatnssýslu á þessum tíma og mikið áfall. En ekki var uppgjöf að finna á Ole Möller, hann sigldi um vorið til Kaupmannahafnar og sótti þangað nýtt hús og

nýjar söluvörur sem sett var upp í hvelli. Hann rak síðan þessa verslun til 1888 er hann seldi hana F.H Berndsen. Jóhann Möller bróðir hans var þá með verslun á Blönduósi, þangað flutti nú fjölskyldan og Ole tók við sem verslunarstjóri hjá bróður sínum, auk þess að standa í búrekstri á Neðri Mýrum. Þessu störfum hélt hann til þess tíma er hann flutti til Hjalteyrar árið 1897. Samrekstur þeirra bræðra á versluninni á Blönduósi gekk mjög vel, en Ole fýsti að reyna sig á eigin fótum og keypti því allar eignir Gunnars Einarssonar á Hjalteyri, verslunarhús og íbúðarhús og fékk útgefið verslunarleyfi til handa sinni verslun á Hjalteyri en þess má geta að með verslunarleyfi Möllers frá árinu 1897 fær Hjalteyri nafnbótina „löggiltur verslunarstaður“.

Húsnæði verslunarinnar var ekki Möller að skapi og árið 1900 lét hann byggja nýtt veglegt verslunar- og íbúðarhús nánast við hliðina á gamla íbúðarhúsinu sem hann hafði fengið Kristján Pálsson til að byggja fyrir sig 1897. Það hafði þá hlotið nafnbótina Möllershús en missti hana við tilkomu „nýja hússins“ og var frá þeim tíma nefnt „Litla Hús“. Hitt húsið í dag er jafnan nefnt „Gamla Hótelið“. Á Hjalteyri rak Ole Möller saltfisk og síldaverkun og þótti vörumerki hans eitt það eftirsóttasta á mörkuðum í Kaupmannahöfn. Þess má geta að hið gamla verslunarhús var á þessum tíma nefnt „Gamla Búð“

Ingibjörg og Ole Möller eignuðust sjö börn. Þrjár dætur og fjóra syni. Árið 1900 lést á sviplegan hátt sonur þeirra Jóhann Jón (sjá neðar). Einungis sjö árum síðar létust allar dætur þeirra með mjög stuttu millibili. Þær létust úr því sem þá var kallað tæring en er í dag þekkt sem berklar. Dætur þeirra hétu; Sigríður, Sigurlaug og Anna. Haraldur O. Möller sonur þeirra lést svo í Kaupmannahöfn 26 ára gamall árið 1921 úr berklum. Þá voru einungis eftirlifandi tveir synir þeirra hjóna, Jaköb Möller en hann flutti til Reykjavíkur og varð þar ritstjóri, alþingismaður, ráðherra og sendiherra. Hinn sonurinn var Ludvig Möller þá búsettur á Hjalteyri.

Valdimar Erlendsson læknir, skrifaði í jólablað Vísis árið 1948 lítilsháttar æviágrip. Hann kom þar að dvöl sinni á Hjalteyri með Jakobi Möller, og sagði að þeir hafi saman ákveðið að taka 5. og 6. bekk Lærða skólans utanskóla og dvalið einn vetur norður á Hjalteyri í boði Ole Möller og Ingibjargar. Hann segir þar;

> *„Fyrri veturinn lásum við norður á Hjalteyri og átti eg góða ævi hjá Óla og hinni ágætu húsfreyju hans, Ingibjörgu. Þar kynntist eg einnig- Lúðvik Möller, bróður Jakobs. Veturinn sem ég var á Hjalteyri varð alvarlegt slys á staðnum. Ég var að hlaupa á skautum úti á tjörninni, er ég sá vök rétt fyrir framan mig en um leið brakaði í ísnum. Ég sveigði á síðustu stundu og komst klakklaust heim. Þegar heim kom mætti ég Jóni bróður Jakobs með skauta í hendinni. Ég sagði honum frá vökinni og bað hann að fara ekki á skauta. — Eg þekki betur tjörnina en þú, Valdi, sagði Jón og fór eigi að síður. Tíu minútum síðar kvað við neyðaróp frá tjörninni. Jón var þá dottinn í vökina en reyndi að halda sér í skörina. Við flýttum okkur með pramma út á tjörn, en er við komun út á tjörnina miðja, missti Jón tökin og sökk. Við sóttum Sigurð Kvaran Hjörleifsson lækni til Grenivíkur og lífgunartilraunir voru gerðar á Jóni en allt kom fyrir ekki honum varð ekki bjargað.“*

Í Stefni frá 7. nóvember árið 1900 er þessi frétt;

> *„Drukknun á Hjalteyri. Á fimmtudaginn 1. þ. m. vildi það sorglega slys til, að maður drukknaði í tjörninni á Hjalteyri. ís var á tjörninni, en ótraustur, enda var hláka um daginn. Hann hafði farið að leika sjer á skautum, en ísinn brast niður undan fótum hans ytst á tjörninni, firrst húsvvnum. Eigi vita menn, hve lengi hann hefir haldið sjer á fioti í vökinni, en að lokvim heyrðust óp hans vir ytsta húsinu á eyrinni. Hljóp þá maður þaðan með stafíhendi; sá heitír Tryggvi; en hann fór sjálfur á kaf, er hann var kominn spöl út á tjörnina. Varð honum brátt mannhjálp, en hinn var þá sokkinn. — Maður þessi hjet Jón Vilhelm Möller, sonur Óla Möllers kaupm. á Hjalteyri, fullra 22 ára gamall (f. 27. okt. 1878), vandaður piltur og vinsæll af öllum, er kynntust honum, gætinn og góðlyndur.“*

Þetta áfall að missa 4 af sjö börnum sínum á örstuttum tíma lagðist vissulega þungt á Ole Möller. Hann tók þá ákvörðun árið 1912 að selja verslun sína og fiskverkun á Hjalteyri Otto E Tulininus & Co og fluttist til Ludvigs sonar síns. Hann hafði þá flust í hús ofar í brekkunni sem ber nú nafnið Möllershús. Ole Möller lést árið 1917 en Ingibjörg lifði mann sinn og flutti til Reykjavíkur þar sem hún lést 89 ára að aldri.



Mynd 3.9: Gömlu Möllershúsin, mynd tekin 1977. Litla húsið til vinstri á myndinni er nú farið en það var byggt árið 1897. Hitt húsið er Gamla Hótel sem byggt var 1900 og stendur enn.

Ludvig Möller setti upp sína eigin fiskverkun og verslun á Hjalteyri og flutti hana síðar til Hríseyjar (1933). Hann var ungur maður er þau fluttu á Hjalteyri og starfaði við verslun föður síns þar til hún var seld. Hann var póst-afgreiðslumaður frá 1897 og einnig símstöðvarstjóri frá því síminn kom til Hjalteyrar 1906 þar til 1933 að hann fluttist til Hríseyjar. Ludvig var tvíkvæntur, átti einn son Víglund en tvær fósturdætur Dröfn og Helgu.

Þeir feðgar voru vissulega frumherjar á sínum tíma, voru einir fyrstu menn til að gera út mótorbát við Eyjafjörð, báðir voru hluti af góðtemplarareglunni og á Hjalteyri stofnuðu þeir ásamt fleirum góðtemplararegluna Fram. Unglingadeild hennar var kölluð Hjalteyrarblómið nr 36. Vissulega setti Möllersfjölskyldan sitt mark á Hjalteyri og enn í dag standa bæði stóra verslunarhús Ole Möller sem í daglegu tali er nefnt Gamla Hótelið, eins það hús sem að lokum fékk nafnbótina Möllershús en það hús er byggt árið 1907, af Pálma Kristjánssyni.

Otto E Tulinius seldi sínar eignir á Hjalteyrinni, Ásgeiri Péturssyni útgerðarmanns á Akureyri um 1915. Ásgeir Pétursson bjó aldrei á Hjalteyri en hann eignaðist um 20 þilskip í Eyjafirði á sínum tíma, var með stórútgerð á síld og þorskveiðar frá Akureyri og rak verslun og hótel á Hjalteyri í „Gamla hótelinu“. Ásgeir átti meðal annarra skipa þilskipið „Helenu“ sem var eitt fyrsta skip Íslendinga sem gert var út til síldveiða á reknet. Ásgeir var stórhuga útgerðamaður á sínum tíma og var með söltunarstöðvar á síld um allan Eyjafjörð, sem og á Siglufirði. „Helenu“ átti Ásgeir með Stefáni Jónassyni skipstjóra og keyptu þeir hana árið 1904. Ásgeir Pétursson keypti einnig á þessum tíma „Mínervu“ Friðriks á Bakka sem þá var í eigu Ole Möller á Hjalteyri. Honum fannst aldrei mikið til hennar koma og leit á hana sem skipsflak. þó var settur í hana mótor en Ásgeir mun lítið sem ekkert hafa gert „Mínervu“ út til fiskveiða. Enda losnaði hún upp og rak út fjörð árið 1915.

Árið 1907 sendi Ásgeir mótorbátinn „Frosta“ að hausti til, til Ísafjarðar og inn á Djúp. Þetta var í fyrsta skipti sem Norðlendingar fóru með bát vestur en þangað til höfðu flestir bátar verið settir upp að haustinu og ekki hreyfðir aftur fyrr en í mars (reyndar hafði Friðrik á Ytri-Bakka gert út Mínervu að vetri til út frá Siglufirði). Eftir þetta var það árviss viðburður að Norðlendingar sendu mótorbáta sína sem og þilskip vestur í Ísafjarðardjúp yfir vetrartíman.

Ásgeir og Stefán héldu áfram með nýjungar og árið 1913 sigldu þeir inn Eyjafjörð á „Lilly“ 136 tonna togara sem þeir félagar höfðu keypt í Hamborg fullbúinn til veiða. Þetta var fyrsti togari norðlendinga og fékk nafnið „Helgi Magri“ EA 290. Í fasteignaskrá fyrir Arnarneshrepp árið 1917 voru taldar upp og metnar húseignir í Ytri-Bakkalandi. Þar er skráð undir e-lið;

> *„Ásgeirshús - Eigandi Ásgeir Pétursson kaupmaður á Akureyri. Hús; íbúðarhús úr timbri 23 x 12 álnir (14,4 x 7,5 m) með járnþaki og kjallara. Sölubúð er í húsinu. Annað íbúðarhús úr timbri með pappaþaki 12 x 8 álnir (7,5 x 5 m). Geymsluhús 25 x 15 álnir (15,7 x 9,4 m) úr timbri með pappaklæðningu. Bryggja 1400 ferálnir. Lóð fylgir en ókunnugt um stærð. Lóðargjald er kr 150. Húsin eru metin á 14.000 kr, bryggjan á 4000 kr og lóðarréttindi á 2000 kr. Samtals 20.000 kr. Þessar eignir eru gömlu eignir Ole Möller, það er „Litla húsið“ byggt 1898, „Gamla Hótelið“ byggt 1900 og „Búðin“ byggð 1884.“*

KRISTJÁN PÁLSSON – SÆBORG 1918 – ÞÓRANNA RÖGNVALDSDÓTTIR



Mynd 3.10: Kristján Pálsson.

Kristján Pálsson var fæddur árið 1864 á Minniborg undir Eyjafjöllum. Hann var bóndasonur, faðir hans var Páll Jónsson og móðir hans Kristín Einarsdóttir. Kristján byrjaði snemma að fara á sjó eða rétt upp úr fermingu. Fyrst hjá bróður sínum Árna er bjó á Narfakoti suður með sjó, en hann var einn af stofnendum stórstúkunnar á Íslandi og hafði það afgerandi áhrif á bróðir hans alla tíð. Árið 1881 fluttist Kristján norður á Skagaströnd og var þar hjá Óla Möller kaupmanni. Þegar Óli Möller fluttist síðan með fjölskyldu sína til Hjalteyrar 1897 fór Kristján með þeim ásamt konu sinni og dætrum.

Árið 1898 samdi hann við Friðrik Jónsson á Ytri-Bakka um leigu á Ytri-Bakka til ábúðar og er þar bóndi í 20 ár. Hansína Hjaltalín ekkja Friðriks ryfti þessum leigusaming við Kristján og leigði Ytri Bakka til Einars Einarssonar

Ásmundssonar frá Nesi árið 1917. Kristján fór þá fram á það við Hansínu að hann fengi að byggja sér íbúðarhús í landi Ytri-Bakka og segir sagan að hún hafi sagt að það yrði þá að vera þar sem ekki sjáist til hans frá bæjarhúsum á Ytri-Bakka.

Árið 1918 byggði Kristján sér hús „undir brekkunum“ framan við Ytri-Bakka innan við Hjalteyrina. Þetta hús nefndi hann Sæborg og bjó hann þar til æviloka. Hann giftist Margréti Ásdísi Jónsdóttur 1889 en hún var dóttir Jóns Jónssonar hreppstjóra á Þrastarhóli. Þau lifðu saman í 52 ár, en hún lést í Sæborg árið 1941. En Kristján lést tveimum árum síðar árið 1943.

Það hefur eflaust haft áhrif á þau Kristján og Margréti konu hans að byggja þetta hús þarna, að Jacob Samuelsson sem fengið hafði land úr Ytri-Bakka undir söltunarstöð 1916, staðsetti hana einmitt þarna undir brekkunum framan við og lítið eitt innan við Sæborg. Í fjörunni er þarna steypt hella með lykkju í, gamallt uppsátur Einars í Sæborg fyrir bátinn sinn Sunnan við þessa hellu var sjóskúr þeirra Sæborgarmanna með stórum palli framanvið og var manngengt undir pallinn og lengi vel sást móta vel fyrir vörinni framan við. Um það bil 20 metrum sunnan við sjóskúrin stóðu söltunarplönin og sást lengi vel móta fyrir grjóthleðslum þarna sem hafa verið undirstöður undir bryggjusporðinn. Nú hefur sjórinn og brekkan sjálf unnið saman að því að varla sést móta fyrir þessu lengur. Á sléttri flöt sunnan við Sæborgarhúsið stóð bragginn fyrir starfsfólkið. Sama ár og Kristján flutti í Sæborg kom ísinn og braut niður bryggjuna. Söltunarstöðin sem hann hafði tekið mikinn þátt í að byggja upp var lögð niður eftir einungis nokkurra ára rekstur.

Í húsavirðingu frá 1917 (fasteignamat) eru taldar upp húseignir í landi Ytri-Bakka, sem þá tilheyrir Önnu Friðriksdóttur í Reykjavík. Þar er eftirfarandi:

> *„Ytri-Bakki eign c; Dust síldveiðistöð. Eigandi sænskt félag í Gautaborg. Timburhús með pappaþaki 30 x 12 álnir (18.8 x 7,5 m.). Timburbryggja og síldarpallur 3.750 ferálnir. Lóðargjald er tiltekið krónur 200 á ári. Eignin er metin þannig; hús 6000 kr, bryggja með palli 15000 kr, lóðarréttindi 1000 kr. Alls kr 22.000-.“*

Árið eftir segir í nýju fasteignamati; *„síðan matsnefnd skoðaði eign þessa síðast hefur orðið sú breyting á henni að bryggjan hefur brotnað. Færist því matsupphæðin niður um 5000 kr. En verði bryggjan byggð af sömu gerð, færist matið aftur upp um 5000 kr.“*

Þarna sést að ísinn hefur brotið niður bryggjurnar í Dust, sem og allar aðrar bryggjur á Hjalteyrinni. Reyndar segja annálar frá miklum vetrarhörkum á þessum árum og ís fyrir Norðurlandi nánast á hverju ári.

Árið 1919 fluttust í Sæborg til þeirra dóttir þeirra og tengdasonur, Kristín Margrét Kristjánsdóttir og Einar Jónasson og eignuðust þau 5 börn en einnig bjuggu þar sonur Kristjáns, Þórhallur og kona hans Þóranna Rögnvaldsdóttir með önnur 5 börn. Þar að auki bjó hjá Þórönnu og Þórhalli gömul kona umkomulaus sem þau tóku að sér og hét Una Jakobína Jónasdóttir. Þóranna var alin upp á Litlu Brekku á Höfðaströnd en fluttist þaðan til Hjalteyrar.

Í Dalvíkurskjálftanum 1934 skemmdust mörg hús við Eyjafjörð. Í skýrslu um skemmdir kemur fram að íbúðarhúsið Sæborg við Hjalteyri hafi skemmst mjög illa og sé vart talið íbúðahæft. Engu að síður bjuggu fjölskyldurnar þar áfram.

Árið 1941 lést Margrét Jónsdóttir og einungis tveim árum síðar eða árið 1943 lést Kristján Pálsson maður hennar. Árið eftir eða 1944 var enn höggvið skarð í fjölskylduna í Sæborg þegar Þórhallur Kristjánsson lést frá konu og 5 börnum einungis 35 ára að aldri.

Þóranna var þá eftir ekkja með 5 börn 32 ára en ekki var í boði að gefast upp. Hún samdi við setuliðið sem þá hafði hreiðrað um sig á Hjalteyrinni að sjá um þvotta af þeim. Í nóvember 1947 flutti hún síðan í Friðrikshús á Hjalteyri og gerðist matselja og ráðskona fyrir Kostfélag Kveldúlfs og er hún líklega einna þekktust fyrir þann starfa. Þaðan flutti Þóranna sig á Hótelið 1957 og er þar með matsölu aðallega fyrir starfsmenn verksmiðjunnar. Af hótelinu flutti hún í Ægisgarð á Hjalteyri 1965. Eftir að síldin hvarf og ekki var lengur hægt með góðu móti að búa á Hjalteyri fluttist hún ásamt Ægi Sæmundssyni til Akureyrar 1967 þar sem Þóranna lést árið 1979.

Sæborg var rifin árið 1948 af Hans Pedersen og flutt inn til Akureyrar þar var efnið nýtt í nýbyggingu að Þingvallastræti 42, heimili hans og Rósu Rögnvaldsdóttur systur Þórönnu. Einu ummerki Sæborgar á sínum upprunalega stað í dag eru grunnveggir hússins sem eru að falla niður undan framsigi brekkunnar og vörin í fjöruborðinu þar sem Kristján hafði bryggju. Þar í grasinu sér á stein með steyptum króki í sem nýttur var til að festa báta í fjörunni.

HÓTEL Á HJALTEYRI, GAMLA OG NÝJA





Mynd 3.11 og mynd 3.12: Hótel Hjalteyri í niðurníðslu árið 1982 og uppgert árið 2014. Þetta hús hefur verið gert veglega upp eins og flest önnur hús á Hjalteyri.(Árni Ólafsson).

Árið 1918 var sett upp veitingasala og gisting í „Ásgeirshúsi“ á Hjalteyri. Eigandi hússins á þessum tíma var Ásgeir Pétursson kaupmaður og útgerðarmaður á Akureyri. Þau hjón, Margrét Jónsdóttir og Sigtryggur Benediktsson tóku sig upp frá Akureyri og settu á stofn veitingahús á Hjalteyri. Þetta hótel er Gamla hótelið í húsinu sem Ole Möller lét byggja árið 1900. Ekki er á hreinu hversu lengi þessi hótelrekstur hefur verið starfræktur þar, en þau hjón setja upp og reka um árabil bæði veitingahús og gistingu á Akureyri sem og Siglufirði þar sem þau bjuggu um tíma.

Þegar síldarversksmiðja Kveldúlfs var reist árið 1937 var einnig byggt stórt hús upp á brekkubrúninni sem dvalarstaður eigenda Kveldúlfs. Það hús er jafnan nefnt Richardshús eftir Richards Thors framkvæmdastjóra Kveldúlfs sem dvaldi þar mikið. Gamla Thorshúsið niður á Hjalteyrinni var þá autt og fengu þau hjón það á leigu til að reka í því gistingu og veitingasölu. Það ráku þau allt til ársins 1942 en þá tók við hótelinu Þorgerður Stefánsdóttir sem fædd var á Brúnavík í Borgarfirði eystra árið 1893.

Þorgerður, kölluð Gerða, var um tvítugt þegar hún réðist í vist til Fáskrúðsfjarðar þar sem hún kynntist manninum sínum Stefáni Jakobssyni. Þau giftu sig árið 1915. Stefán var mikill útgerðar-, kaup- og athafnamaður á Fáskrúðsfirði, meðan þau bjuggu þar. Í heimili hjá þeim var oft margmennt allt að 20 manns. Stefánshús á Fáskrúðsfirði stórt og mikið, var orðlagt fyrir gestrisni á þessum tíma. Á kreppuárunum í kringum 1930 fór að halla undan fæti hjá mörgum athafnamanninum. Viðskipti við Fransmenn sem Stefán hafði treyst mikið á, og hurfu við brotthvarf þeirra sem og að aðstæður í bankakerfinu á þessum tíma, áttu sinn hlut í því að þau neyddust til að hætta rekstri sínum þar og fluttust til Hjalteyrar vorið 1938. Pétur Jónasson þáverandi umsjónarmaður Kveldúlfs á Hjalteyri var frændi

Stefáns og útvegaði hann Stefáni vinnu og fjölskyldunni húsnæði. Þau hafa eflaust verið mikil viðbrigðin fyrir fjölskylduna því að á Hjalteyri bjuggu þau í litlu húsnæði með alla fjölskylduna. En í júlí 1940 varð slys í verksmiðjunni á Hjalteyri og lést Stefán í því slysi. Gerða fór þá að vinna hjá Þórönnu Rögnvaldsdóttur í mötuneytinu fyrir verksmiðjuna en tók síðar að sér rekstur Hótelsins 1942 sem fyrr segir. Þetta var blómaskeið Hjalteyrar og mikið um að vera, en einnig langir og strangir vinnudagar. Gerða rak hótelið allt til ársins 1958 er hún fluttist til Reykjavíkur.

Þorgerður Sigurðardóttir og Hótelið er jafnan það tvennt sem kemur í hugan þegar annað er nefnt í tali Hjalteyringa. Hótelið sjálft er byggt af Kveldúlfi hf. 1914 en það er formlegt byggingarár þó svo að hafist hafi handa við byggingu þess strax 1913. Hótelið er staðsett á fallegum stað á Hjalteyrinni, eitt og sér við suðvesturhorn tjarnarinnar. Þess má geta að þegar húsið var byggt hafði Kveldúlfur tekið á leigu Hjalteyrina til 99 ára. Húsið var byggt sem íverustaður stjórnenda og eigenda fyrirtækisins og gesta þeirra. Enda var það jafnan nefnt Thorshús í upphafi.

LANGIBRAGGI OG SÍLDARSTELPAN ELKA BJÖRNSDÓTTIR 1915

Á miðri eyrinni stóð lengi verkamannabústaður sem öllu jafna var kallaður „Langibraggi“ eða „Langi skúr“. Í þessum híbýlum bjó verkafólkið á Hjalteyrinni á síldarvertíðinni frá árinu 1913. Skúrinn var reistur af Kveldúlfi um svipað leyti og „Hótelið“ og var oft þröngt búið í honum. Kostfélag Kveldúlfs sá um matseld fyrir fólkið, því eins og segir á einum góðum stað um vinnufólk á Hjalteyri á síldarárunum 1912–1919;

> *„Við konurnar urðum að mestu leyti að sjá um okkur sjálfar, höfðum með okkur brauð sem við gátum nartað í meðan við söltuðum, en það var ekki hægt að ætlast til þess að karlmennirnir gerðu það, þeir helltu ekki einu sinni á kaffi“.*

Þegar Elka Björnsdóttir sagði frá þessum aðstæðum 1915, sagði hún að í hverri stofu hafi sofið um og yfir 20 stelpur. Hún hafi verið heppin þar sem einungis hafi 15 stelpur verið í stofunni sem hún var í. Þá var matselja hjá Kostfélagi Kveldúlfs kona að nafni Jónanna. Elka kvartaði alls ekki undan aðbúnaði í þessum bragga, talaði frekar á hinn veginn að vel hafi farið um þær þar inni og andrúmsloftið gott á verbúðinni. Elka réði sig til Kveldúlfs 1914 og starfaði framan af við saltfiskverkun í Reykjavík. Hún fór síðan með mörgum „Síldarstúlkum“ úr Reykjavík norður í land að salta síld á Hjalteyri sumarið 1915.

Þann 15. júlí var hún mætt á Hjalteyrina og þann 17. skrifaði hún að hún hafi mætt í vinnu klukkan 6 um morgunin við að velta tunnum úr „Fenris“ Hún sagði að þann daginn hafi hún haft vinnu til kl 1 og fengið 30 aura á tíman. En síldin lét bíða eftir sér og aftur skrifaði hún þann 19. júlí að þær hafi sent Ríkharði Thors erindi þess efnis að þær fái eitthvað greitt meðan þær bíði eftir síldinni. Í skeyti frá Ríkharði þennan dag til Thors Jensen í Reykjavík segir, *„það er kominn hor í fólkið hérna að bíða vinnulaust“* Þann dag var kalt, norðan stormur og ísrek inn um allan fjörð. 21. júlí skrifaði Elka;

> „*Við Guðný vorum gerðar út í gær að tala við Ríkharð, ganga eftir svari frá honum. Hann tók okkur hæverslega en svarafár var hann, svo sem gætnum mönnum hæfir, kvaðst enn ekki hafa hugsað svarið, vonandi að geta svarað okkur í síld; gerði sér far um að telja í okkur von, viðra okkur upp – í spaugi þó. Sagði samt að ef ekkert yrði, þá verðum við að leggjast á eitt og reyna eitthvað! Við sögðumst vera kaldar og svangar – sem satt er- því varla fæst hér neitt að éta frekar en vant er, engin soðning og það er verst, - og ekkert til að kaupa mat fyrir.“*

Aftur segir hún þann 27. júlí að Ríkharður hafi svarað þeim og boðið þeim 3 kr í vikupeninga og ekki krónu meir, meiri peningar séu ekki til! Þann dag leið Elku vel, sat og prjónaði, þvoði þvott og fékk hausa og lifur á bryggjunni í matinn *„en það sælgæti“* skrifaði hún.

Fimmtudaginn 29. júlí kom loksins síldinn, reyndar hafði Jón Antons fengið nokkuð í reknet utan við eyrina en það var ekki mikið, sagði Elka. Svíarnir höfðu fengið um 200 tunnur daginn áður en „Snorri Sturluson“ kom kl 3 um nóttina með um 200 tunnur, þegar þær voru búnar að salta úr honum kom „Snorri Goði“ með 170 tunnur. En þá var það plássleysið. Alltof margar síldastelpur á planinu og hvergi hægt að koma sér fyrir. Næstu nótt „Alpha“ með 200 tunnur, aftur þrengsli við söltun en gekk þó betur, þá skrifar Elka *„Ég óskaði þess í nótt að ég væri farin eitthvað og kæmi aldrei hingað aftur“*. Svíarnir gömlu „Östemblads“ eru í þýsku stöðinni neðra segir hún, þegar búið var að salta úr „Ölphu“ fékk Elka leyfi Péturs verkstjóra að salta fyrir Svíana í nokkra tíma svo fremi sem hún slíti sér ekki út á því. Síldin mokaðist inn og nú voru skipin að koma aðra hverja nótt með 200 – 400 tunnur. Þrengslin pirruðu Elku mikið og komst hún ekki að til að salta nema með frekju, sem hún sagðist ekki hafa í sér, þó sumar

stelpurnar nái með talandanum að fá strákana á bryggjunni til að hliðra til fyrir þeim, þá sé hún ekki ein af þeim.

Lífið á söltunarstaðnum var vinna og aftur vinna, það var fjölmenni enda lá á að koma síldinni sem fyrst í salt áður en hún yrði ónýt. Eitthvað heyrðist á bryggjunni að stelpurnar óskuðu að næst færi „Snorri“ bara með farminn beint í bræðslu! –„*Þvílíkur barnaskapur að segja svona!*“ skrifar Elka þann daginn. Næst er það 11. ágúst, „Snorri Goði“ með 800 tunnur „Alpha“ og „Snorri Sturluson“ með um 500 tunnur hvort.

> *„Við urðum að salta úr þeim og vorum búnar að fá nóg öll orðin þreytt og í sárum minnsta kosti hendurnar. Síldin var orðin svo slæm og eyðilagði á okkur hendurnar, á okkur öllum; meira að segja mér, sem aldrei hef fengið illt í hendur, er nú svo slæm í vinstri hendinni að ég varð að verða af söltun í nótt.*



Síldarsöltun – Hjalteyri – Siglufirði.

Enn verða nokkrar stúlkur ráðnar við síldarsöltun

á Hjalteyri og Siglufirði, nú í sumar.

Hvergi betri kjör og þægindi boðin:

Kr. 1,20 fyrir hverja kverkaða og saltaða tunnu af síld,
— 0,75 fyrir klukkustundina við alla vinnu,
— 10,00 í biðpeninga á viku,
og þar að auki er hverri stúlku trygðar minst 200 krónur yfir sumarið.

Á Siglufirði verða bygð ný hús fyrir vinnufólkið en á Hjalteyri verða sömu hibýli, sem undanfarið, og þótt mafa með þeim allra beztu á Norðurlandi.

Frá Siglufirði stunda 4—5 stórir mótorbátar veiðina og frá Hjalteyri 4 botnvörpungar.

Fólkið flutt á báða staðina til og frá Reykjavik með botnvörpungunum endurgjaldslaust. — Aðeins 36 stunda ferðalag og osnar fólkið þannig við margra daga vosbúð á mótorbátum í misjöfnu veðri, eða 10—15 daga ferðalag á »Sterling«.

Þær stúlkur, sem enn eru óráðnar, ættu því ekki að draga það lengur að ráða sig nú í vikunni hjá h.f. „Kveldúlfi“.

Stúlkur, sem þegar eru ráðnar, fá tramangreind kjör. Að líkindum verður einnigis ráðið í þessari viku.

Upplýsingar daglega á skrifstofu vorri milli 4—6 e. h.

Hlutafélagið „Kveldúlfur“.

Mynd 3.13: Auglýst eftir stúlkum í síldarsöltun árið 1914 í Morgunblaðinu.

En það jókst bara síldarmagnið hjá hverju skipi og fór upp í um 1.500 tunnur á sólarhring seinnipart ágústmánaðar. Þá er Elka orðin veik af brjóstveiki, og læknirinn búinn að banna henni að vinna. Hún var með hita flesta daga og oft svo máttlaus að hún varla dróst á fætur. Hún skrifaði þann 25. ágúst að upp sé komin taugaveiki allavega 2 tilfelli. Allt var sótthreinsað í bragganum hátt og lágt þó aðallega í stofunni sem hún var í. Dóttir ráðskonunnar Jónönnu hún Klara var önnur þeirra sem veiktist og þurfti að leggjast á sjúkrahús. Stuttu seinna kom boð frá lækninum að jú ekki væri um að villast að þetta væri taugaveiki og harðbannaði fólkinu að neyta vatns nema þá að sjóða það fyrst. Við þær fréttir lokuðu Svíarnir sínum brunni fyrir öllum óviðkomandi. Eini brunnur sem fólkið hafði þá var brunnur sem allir vissu að hafði verið úrskurðaður eitraður hann var við húshornið á verbúðinni, síaðist vatnið víst í gegnum gamallt haugstaði inn í hann og úr tjörninni *„sem er full af rotnunarbakteríum“* skrifar Elka.

Heimildir: Austurland 1907, Fróði 1885, Hilma Gunnarsdóttir og Sigurður Gylfi Magnússon 2012, Íslendingur 1943, Jón Hjaltason 1998, Stefnir 1896;1900, Vísir 1948.

3.6 SÍLDARSÖLTUN

Talið er að fyrsta síldarsöltun hafi átt sér stað við Englandsstrendur um árið 600 eftir krist. Það er þá talið að Hollendingar hafi veitt þennan fisk upp í stórum stíl og saltað í þar til gerð keröld um borð í skipum sínum. Skotar rekja sína síldarsögu til 8. aldar en um svipað leyti hófust síldveiðar annarra þjóða s.s. Rússa, Þjóðverja, Svía og Norðmanna. Íslendingar hófu ekki síldveiðar fyrr en undir lok 19. aldar, en fram til þess tíma höfðu þó einna helst bændur nýtt síld til beitu og skepnufóðurs.

Síldarsöltun er frábrugðin annarri saltfiskverkun enda er um að ræða „feitan“ fisk og því þarf hann aðra meðhöndlun til að koma í veg fyrir þráa. Söltunin eykur mjög geymsluþol síldarinnar því að með því lækkar vatnsvirkni eins og reyndar gerist við alla saltfiskverkun. Söltun á síld er tvíþætt, annars vegar er síldin tekin og söltuð í pækil sem kemur í veg fyrir að súrefni og ljós komist að fiskinum sjálfum. Hins vegar svokölluð verkun sem á sér stað eftir söltun, þegar síldin fer að taka upp saltmagnið úr pæklinum sem umlykur hana.

Þegar verkuð var/er „kryddsíld“ er notað krydd með saltinu sem gefur þá síldinni ákveðið bragð. Það var samningsatriði á milli söltunarfélags og kaupenda hvaða kryddblanda var notuð hverju sinni. Blandan sem er í raun blanda margra mismunandi kryddtegunda var oft send frá kaupandanum til viðkomandi söltunarfélags, og sú blanda svo notuð við söltunina á síldinni. „Sandalwood“ er litarefni sem er algengt í

svona kryddblöndum, það gefur kryddsíldinni þennan einkennandi rauða lit. „Sandalwood“ er unnið úr trjáberki sem er malaður niður, rauður á lit.

Söltun á síld var mismunandi eftir þjóðum og hver þjóð þróaði sína eigin aðferð. Hér á landi var síldin nær eingöngu kverkuð og grófsöltuð fram til 1930. Helstu markaðslönd okkar á þessum tíma voru í Skandinavíu og þetta var sú verkun sem þeir tileinkuðu sér einnig. Seinna var farið að verka „Matjesild“ sem var seld á aðra markaði bæði í Evrópu og Bandaríkjunum. Það sem gerðist í seinni heimstyrjöldinni var að flestir markaðir fyrir saltsíld lokuðust og ekki síst þess vegna, risu fjölmargar síldarbræðslur á Íslandi á þeim tíma (Hjalteyrarverksmiðjan 1937). Þá breyttist líka aðferð við söltun, í stað þess að kverka síld eins og kallað var áður var hún núna hausskorin og slógdregin. Eftir stríðið var hætt að framleiða „Matjesild“. Þá hófst sala á saltsíld til Finnlands og Sovetríkjanna (1946). Nú í dag er saltsíld aðallega seld til Finnlands, Danmerkur og Þýskalands.



Mynd 3.14: Útgerðin Bragi Thorsteinsson á Hjalteyri um 1917.

Það er nokkuð ljóst að strax á upphafsárum síldveiða við Eyjafjörð var Hjalteyrin nýtt sem bækistöð og söltunarstöð fyrir þá sem stunduðu þær veiðar. Einar Ásmundsson í Nesi skrifar um síldveiðar Norðmanna á Eyjafirðinum um 1870 og nefnir þar að þeir moki upp síldinni við Hjalteyrina. Samvæmt húsavirðingu (fasteignamatsskrám) úr Arnarneshreppi frá 1880 kemur fram að á Hjalteyrinni standa það ár fimm hús og þar af eiga Norðmenn fjögur af þeim, þrjú alveg, og eitt þeirra í sameign í gegnum Norsk/íslenska félagið.

Þegar Friðrik Jónsson og Gunnar Einarsson settu upp verslun á Hjalteyrinni 1885 var það ekki síst til að stunda viðskipti við þessa síldveiðimenn sem voru þá bæði norskir og sænskir. Árin kringum 1880 voru stundaðar kastnótaveiðar á síld og næturnar dregnar að landi. Við Hjalteyrina voru kjöraðstæður til þess, þar sem dýpið er jú eitt það mesta á Eyjafirði rétt utan við fjöruborðið á Hjalteyri. Þegar veiðiaðferðin breyttist með tilkomu snurpunótar og hringnótar minnkuðu áhrif síldveiðanna á Hjalteyri og undir aldarmótin 1900 bar ekki eins mikið á þessum áhrifum og áður en það átti eftir að breytast.

Saga Hjalteyrar fram til 1960 er samofin síldveiðisögu Íslendinga. Það er ótrúlegt til þess að vita að þegar menn hafa séð sig knúna til að skrifa um síldveiðisöguna er hlutur Hjalteyrar oftast ekki eins stór og ætti að vera miðað við umfang. Sem dæmi um þetta er það magn síldar sem Kveldúlfur hf. lét salta á Hjalteyri árið 1922 eða 28.000 tunnur.

Þegar Jón Norðmann keypti austurhluta Hjalteyrar 1905 (fyrir 5000 kr) þá hafði hann strax í huga að leigja út land undir söltunarstöðvar, frekar tvær en eina. Ole Möller átti þá vestasta hlut Hjalteyrar og þeir feðgar Ole og Ludwig Möller voru þá sjálfir með útgerð og síldarsöltun þar, auk þess sem árið 1906 leigðu þeir sænskum síldarkaupmanni lóð á Hjalteyri. Það var Fridtjof Örtenblad. Leigan var miðuð við magn af saltaðri síld sem færi frá stöðinni. Það er ekki á hreinu hversu lengi hann staldraði við á Hjalteyri en líklegt miðað við blaðagreinar sem til eru að það hafi verið fram undir 1912 – 1914. Jón Norðmann leigði vestari hluta sinnar lóðar á Hjalteyrinni (mörkin líklega milli Friðrikshúss og Íshússins) til skosks síldarkaupmanns. Sá hét John Boyle og var frá Glasgow. Hann lét strax reisa bryggjur og söltunarstöð þó svo að hann hafi staldrað stutt við. Ekki er á hreinu hversu lengi en þessi hluti Hjalteyrar hafði verið ónýttur einhvern tíma þegar Kveldúlfur leigði af ekkju Jóns Norðmann, Hjalteyrina alla neðan við Möllerslóðina til 99 ára, árið 1912.

Nordsee – Deutshe Hochseefisherei GmbH var þýskt stórfyrirtæki sem hingað (1906) til hafði stundað togveiðar á Íslandsmiðum. Aðallega höfðu þeir þó verið við suðurstörnd landsins en smátt og smátt verið að færa sig upp á skaftið. Þjóðverjar vissu hversu mikið magn af fiski og þá aðallega síld Norðmenn voru að afla við Ísland. Þeir sáu einnig að bróðurpartinn af síldinni voru norðmenn að fiska norðan við land. Árið 1906 sendir Nordsee 10 skip til Íslands og þar af fimm þeirra norður í land útbúin til reknetaveiða.

Hin fimm komu líka norður í land en voru gerð út á herpinót. Þetta félag leigði af Jóni Norðmann austurhluta Hjalteyrar og munu mörkin hafa verið frá þeim stað sem Wallenshúsið stóð lengi vel, niður á Odda og út að merkjum við Arnarness, nokkru utar en Hjalteyararvitinn var reistur á 1922. Þetta var stórútgerð og umsvifin þeirr mikil. Stórar bryggjur sjást á myndum frá þessum tíma neðst á Hjalteyrinni og þessi stóru skip Þjóðverjanna við þær. Þar að auki komu þeir með stórt skip með sér sem lág við festar við Hjalteyrina. Þetta skip hét „Standard“. Það skip var nýtt sem bæði íverustaður verkafólksins þeirra, sem og það var saltað um borð í skipinu. Þjóðverjar voru á Hjalteyri til 1914 en þá brast á stríð í Evrópu. Þýsku skipin sigldu frá Hjalteyri, fyrst til Noregs öll utan eitt sem þarfnaðist viðgerðar og fór þá inn til Hafnarfjarðar ásamt „Standard“. Þess má geta að „Standard“ fór aldrei lengra og var að lokum rifið í Hafnarfirði. Eftir að Þjóðverjarnir fóru heim var stöðin leigð öðrum til dæmis sænska útgerðin „Ömsteblads“ sem rak hana í nokkur ár.

Utan við Nordsee á Grandanum, raunar úti í Tjarnarhorninu kom sér fyrir Íslenskt útgerðarfélag á árunum 1915–1916. Það var TH. Thorsteinson eða Braga útgerðin. Framkvæmdastjóri hennar var Geir Thorsteinsson og hafði hann uppi mikil áform um síldarsöltun á Hjalteyri. Þar var byggt stórhýsi sem fékk hlaut nafnið Thorsteinshús. Félagið reisti miklar bryggjur og umfangsmikil söltun átti sér stað þarna á árunum frá 1916 og 17. En hafísinn rak inn Eyjafjörð árið 1918 og hrifsaði með sér allar bryggjurnar sem reistar höfðu verið á Grandanum á leið sinni. Prísuðu þá aðrir sig sæla með að „hafa haft vit á því að byggja innan við Hjalteyrina“ en þeir gleymdu því að hafísinn átti eftir að fara út úr firðinum og tók hann nánast allar bryggjurnar þeim meginn líka. Geir Thorsteinsson gafst upp á útgerð á Hjalteyri og flutti söltunina vestur á strandir. Húsið stóra var tekið af grunninum og flutt þangað (Ingólfsfjarðar). Eftir stóð þessi húsatótt/grunnur og var jafnan kallaður Thorsteinssongrunnurinn upp frá þessu.

Sænskst útgerðarfélag kom til sögunnar 1912. Það er Wedin&Wallen, samvinnufélag John Wedin og C.A Wallen frá Gautaborg. Það er ekki ljóst hversu lengi það félag er með rekstur en auglýsingar eftir síldarstúlkum til þeirra birtast allavega til 1919. „Wallenshúsið“ Keypti Kveldúlfur með öðrum eignum á Hjalteyri 1924. (skoða)

Einn Svíi til viðbótar var Jacob Samuelsson frá Gautaborg. Hann fékk árið 1916 land úr Ytri-Bakka. Þar reisti hann síldarsöltun sem kölluð var Dust. Þessi söltunarstöð varð illa úti þegar hafísinn fór þarna um. Engu að síður var saltað þarna í nokkur ár.

Hjalteyringar sjálfir ráku söltunarstöðvar á Hjalteyri. Jón Antonsson sem flutti til Hjalteyrar í „Jónshús“ 1903 smíðaði og gerði út báta frá Hjalteyri þar á meðal á reknetaveiðar á síld. Anton sonur hans setti upp lítilsháttar bræðslu á Hjalteyri og framleiddi það sem kallað var síldarkökur sumarið 1912. Anton rak síldarverkun um nokkurn tíma á Hjalteyrinni.

Loftur Loftson, Þórður Ásmundsson og líklega Kolbeinn Árnason á Akureyri gerðu út bátinn „Kjartan Ólafsson“ og auglýstu eftir síldastúlkum til vinnu í stöð þeirra á Hjalteyri 1916, það sumar aflaði bátur þessi um 2700 tunnum síldar segir í blöðunum frá þessu tímabili.

Jórunn Norðmann ekkja Jóns Norðmann erfði eignir manns síns og þar á meðal eign hans á Hjalteyri. Ásgeir Pétursson hafði þá eignast hlut þann sem Ole Möller hafði átt á Hjalteyri og fylgdi hann með í sölunni hjá Jórunni. Kaupandinn var félag sem bar nafnið „Mercator“ Eigendur þess voru Jörundur Jóhannesson og Jónas Jónasson ritstjóri. Stuttu síðar keypti Jörundur hlut Jónasar og seldi Hjalteyrina 1924 til Kveldúlfs hf.

Þó svo að Kveldúlfur hafi mestmegnis nýtt Hjalteyrina undir síldarbræðslu þá byrjaði þeirra ævintýri á Hjalteyri með söltunarstöð og ekki bara á síld heldur þorski líka. Þeir koma til Hjalteyrar eins og fyrr segir 1912. Árið 1922 saltar Kveldúlfur til dæmis um 28.000 tunnur síldar á Hjalteyri. Sögu Kveldúlfs á Hjalteyri verða gerð betri skil síðar.



Mynd 3.15: "Ég náði ekki oní botninn á tunnunni er ég byrjaði að salta svo mamma saltaði upp fyrir mig í fjórðung en þá gat ég staðið á stamp til að ná að raða í tunnuna mína og klára að fylla hana og hjálpa henni mömmu, sem var oft þreytt eftir erfiði dagsins." Minning síldarstúlku "Svartur sjór af síld".

Þegar ég og aðrir af minni kynslóð vorum að alast upp, var okkur sagt frá allri rómatíkinni við síldarárin. Allt var svo fallegt í endurminningunni að við öfunduðum foreldra okkar endalaust að af hafa fengið að upplifa þetta tímabil „sokkabandsárin" voru greinilega eitthvað sem við myndum aldrei ná að sjá, öll rómantík á Íslandi hvarf með síldinni á sjöunda áratug síðustu aldar eða var það ekki. Aumingja við að missa af þessu. Svona sterkt virkuðu frásagnir fólks á okkur, ljóminn í augum mæðra okkar þegar minnst var á Siglufjörð, Raufarhöfn, Keflavík og síld í sömu setningunni var slíkur að líkt var að einhver hefði kveikt á tímavélinni og kippt þeim rétt um það bil 20 ár aftur í tíman.



Mynd 3.16: Síldarstúlkan. (Ingibjörg Guðmundsdóttir, 2012).

En var eintóm rómantík að fara á síld? Var þetta eins gott og af var látið. Árið 1915 skrifar Elka Björnsdóttir dagbók um veru hennar á Hjalteyri það sumar. „Elka er alþýðukona" segir í formála bókarinnar, sem vann fyrir sér í þeirri farandverkavinnu sem síldarsöltun var í raun. Hennar lýsingar af Hjalteyrinni á þessum tíma eru góðar heimildir, ekki bara fyrir okkur sem viljum vita hvernig Hjalteyrin leit út á þessum upphafsárum síðustu aldar, heldur líka um aðstæður þessa verkafólks sem mátti vinna langan vinnudag við oftar en ekki ömurlegar aðstæður. Hún telur að sumarið 1915 hafi verið um 150 síldarstelpur á Hjalteyri að salta fyrir hin ýmsu félög þar.

Aðstæðurnar voru; þrengsli, kuldi og vosbúð. Mengað vatn, taugaveiki, sárar hendur af salti og rauðátu og veikindi sem erfitt var að útskýra nema sem brjóstveiki á þessum tíma. Andvökunætur þegar síldarskipin komu öslandi inn hvert á eftir öðru með fleiri hundruð tunnufarma af síld, en sáust svo kannski ekki þess á milli svo dögum skipti. Rómantíkin geislar ekki beint af skrifum hennar, en þegar hún lítur til baka um 2 árum seinna segir hún að hún sakni þessa tíma og ræðir um landlegur og pískur með stelpunum á bragganum, böllin í Templaranum og hvernig hún dansaði við stýrimanninn á „Skalla" en roðnaði alltaf og hitnaði í kinnunum þegar hún sá einn hásetann af „Snorra Goða" bregða fyrir.

Þá var hún Elka búin að gleyma brjóstveikinni og sárum höndum upp að olnboga af saltbruna. Sveitungi okkar Páll Arason úr Bug segir frá því að hann hafi unnið sér inn með erfiðisvinnu síldarsumarið 1936 heilar 700 krónur sem hann fékk greiddar í vertíðarlok í reiðufé. Á þeim árum var síldartunnan seld á 10 kr og þar af fékk hásetinn eina. Hann taldi sig vel fjáðan er hann kom til Akureyrar með allt þetta fé og leigði sér því

herbergi á Hótel Akureyri í tvær vikur. Eftir svall og kvennafar eins og hann sjálfur orðaði það, voru 30 kr eftir. Það var nóg fyrir farinu til Reykjavíkur sem hann hitti fyrir það haustið algjörlega peningalaus.

Verst af öllu var óþrifnaðurinn segja þau bæði, grútur um allt og þeim ber saman við frásagnir annarra af því. Það var enginn tími til að þvo sér nema rétt framan úr sér. Síldargrúturinn smaug gegnum fötin og inn að skinni. Drullustykki upp fyrir haus en enginn tími til að þvo sér, nema kannski í landlegum. Við löndun varð að flýta sér til að komast út aftur. Bræla varð velkomin er leið á vertíðina og þá var farið í bað.



Mynd 3.17: Síldarsöltun á Hjalteyri 1914 – aðstæður Elku Björnsdóttur.

Birgir Sigurðsson skrifar í „Svartur sjór af síld“ kaflann „stúlka á síldarplani“. Þar er hann að sjálfsögðu að lýsa ástandi á Siglufirði 1919 en við getum séð þar þjóðfélagsandann og borið þá frásögn saman við frásögn Elku frá Hjalteyri 1915.

> *„Siglufjörður 26. júlí 1919. Nótt. Skýjað. Það hefur verið saltað á öllum síldarplönum. Þau eru á þriðja tuginn. Söltun er lokið nema á einu þeirra. Þar er verið að salta síðustu síldarnar. Grisjar í botninn á síldarkössunum framan við stúlkurnar. Við beinum athyglinni að einni þeirra. Hún er ung, grönn, með stóran munn, langt á milli augna, skýluklútur á höfði, síldarhreistur í andliti. Þetta er „síldarstúlkan“ Og þó ekki alveg: þessi brosir ekki. „Síldarstúlkan“ á að vera brosandi. Eins og það sé bara leikur og ævintýri að salta síld; hraustir og ástleitnir sjómenn allt um kring. En þessi síldarstúlka er of þreytt til að brosa. Hún hefur staðið við síldarkassann í fjórtán tíma samfleytt, nítján í gær, tuttugu tíma í fyrradag. Hún hefur varla gefið sér tíma til að nærast, stungið upp í sig fáeinum brauðbitum í flýti, drukkið svart kaffi. Þetta hefur verið margra daga hrota. Allar þrær fullar og úldnir síldarhaugar hjá. Þeim verður sjálfsagt sumum mokað í sjóinn, allt ónýtt. Bræðslurnar hafa ekki undan, langt því frá.*
>
> *Jú hún brosir oft. Hlær. Í síld má enginn vera fýldur, hversu þreyttur sem hann er. Það eyðileggur starfsandann og líðst ekki. Síldarfólkið verður að nota orkuna í annað. Og þótt hún sé örþreytt er stutt síðan hún brosti. Það hafði verið snöggt bros, eins og óvart þegar hún leit upp. Samt ekki endilega óvart. Sá sem fékk brosið var að skola af sér slorið eftir löndunina. Hann hafði stillt sér upp beint fyrir framan hana. Minna mátti nú sjá. Hún hafði dansað við hann í síðustu landlegu, dansað var of mikið sagt. Það hafði verið svo þröngt að þau höfðu varla*

mjakast úr sporunum í dansþvögunni, klemmd saman. Hann hafði verið svo feiminn að hún hafði varla getað togað orð upp úr honum. Meiri sjómaðurinn það! Þegar hún brosti til hans munaði engu að hann skriði oní sjálfan sig, roðnaði svoð mikið að vangarnir urðu eldrauðir undir sólbrúnkunni. Nú var hann farinn. Skipin voru öll farin út nema tvö sem voru biluð. En hann er laglegur, næstum fallegur. Ég ætla að taka hann á löpp í næstu landlegu, almennilega. Ganga með honum upp í Hvanneyrarskál, sjá hvort ég get ekki togað upp úr honum orð með lagni. Meiri bjáninn!

Þetta rennur í gegnum huga hennar meðan hún kverkar. Þetta og fleira. Hún er eins og vél. Hreyfingarnar hraðar og öruggar, hefur verið í síld frá því hún man eftir sér, byrjaði á að hjálpa mömmu sinni. Verkfærið sem hún kverkar með er kallað klippur. Besta síldverkunarþjóð heims, Hollendingar byrjuðu fyrstir manna á að kverka síld, á 14. Öld. Það veit stúlkan ekkert um – Hún hugsar ekkert um það – Síldin á Siglufirði í dag er það sem gildir, ekki síldin í gær eða fyrradag. Sú síld er þegar söltuð og pækluð, seld; liðin tíð. Nútíminn er hér við þennan síldarkassa."

Birgir Sigurðsson (1989). *Svartur sjór af síld.* bls. 70-71.

Umfangsmikil söltun á síld varð ekki mikil á Hjalteyri eftir 1922, þó má til með að nefna félagið „Ísborg" og Valtý Þorsteinsson frá Rauðuvík. Hann mun hafa saltað mikið af síld á Hjalteyri allt fram til ársins 1966. Mest árið 1958 er söltunarstöð hans á Hjalteyri afkastaði 4.500 tunnum.

Sigurbjörn Pétursson nefnir í viðtali við Bjarna Hafþór Helgason, árið 1988 að best sé að skipta sögu Hjalteyrar árunum eftir aldamótin 1900 í fjögur tímabil. Hann segir að það fyrsta sé þetta síldarsöltunartímabil þar sem allt á Hjalteyri snerist um síld og síldarsöltun. Það hefst í raun um 1880 og varir framundir 1923. Eftir það snerist atvinnulíf á Hjalteyri aðallega um saltfiskverkun Kveldúlfs, sem er þá að flytja saltfisk á stóra markaði á Spáni, Portúgal og Ítalíu. Sigurbjörn segir þar að á því tímabili hafi Kveldúlfur verið stærsti fiskútflytjandi í heimi, sem selji sínar afurðir beint. Það tímabil myndi þá vera annað tímabilið sem hann nefnir svo frá 1923 - 1937.

Um 1930 skall á kreppan og hafði gríðarleg áhrif á íslenskan sjávarútveg almennt. Útgerðin barðist í bökkum og þessi djarfa ákvörðun um að byggja upp síldarverksmiðjuna árið 1937, markar upphaf þriðja tímabilsins. Það tímabil um 1940, er upphaf uppbyggingar og velmegunar ekki bara á Hjalteyri heldur Íslandi öllu. Fjórða tímabilið segir Sigurbjörn í viðtalinu sé það sem sé þá í gangi á Hjalteyri 1988 og við komum að síðar.

Heimildir: Benedikt Sigurðsson og fleiri 2007 (bls. 318-319), Birgir Sigurðsson 1989, Norðlingur-Íslendingur-Stefnir og Austri árin 1880-1940.

3.7 HERNÁMSÁRIN 1940 – 1943

Þegar Íslendingar voru rétt búnir að afnema vistabandið og leifa tómthúsmönnum að flytja á mölina, brast á stríð í Evrópu 1914. Á Hjalteyrinni voru Íslendingarnir uppteknir við svo margt annað að stríð var það síðasta sem þeir höfðu áhyggjur af. En svo var ekki með þá Þjóðverja og reyndar fleiri erlenda aðila sem voru við síldarsöltun á Hjalteyri. Þjóðverjarnir hjá Nordsee, tóku saman föggur sínar og héldu heim á leið með viðkomu í Noregi.

En eftir 1930 brast á kreppa sem hafði sín áhrif á Íslendinga. Árin á undan hafði verið umfangsmikil saltfiskverkun á Hjalteyri en markaðirnir voru erfiðir, aðföngin dýr og útgerðinni gekk ekki eins vel og áður. Þegar brast á önnur heimstyrjöld í Evrópu var ljóst mikilvægi þess að hafa yfirráð yfir Atlantshafinu, til að tryggja farmsiglingar á milli Bandaríkjanna og Evrópu. Bretar sáu að Ísland var mikilvægur hlekkur í að halda þessum yfirráðum á sjó og sendu því herlið til Íslands.

Þann 10. maí 1940 gengu breskir hermenn á land í Reykjavík og hertóku landið, sem formlega var þá undir stjórn Danmerkur. Ísland var á þessum tíma að rísa upp og færa sig nær því samfélagi sem við þekkjum í dag. Bílaeign hafði aukist, vegagerð, sími var lagður um sveitirnar og rafmagnið var komið til að vera. Laxárvirkjun var gangsett árið 1939 en þess má geta að á þessum árum var rætt um og reyndar kom það fyrir að Hjalteyrarverksmiðjan og ljósavélar þær sem þar voru, gætu séð Akureyri fyrir varafli ef á þyrfti að halda.

Um 1940 voru flest íslensku blöðin sammála að ljóti karlinn í stríðinu væri, auk Hitlers að sjálfsögðu, án efa Jósef Stalín sem hafði með bandalagi sínu við Þjóðverja gengið of langt. Þá báða yrði að stöðva sem allra fyrst. Aftur lýstu blöðin því yfir að hlutleysi væri Íslandi besta vörnin. Undir niðri var þjóðin þó búin að taka afstöðu og tóku Bretum því fagnandi er þeir mættu til Íslands, þjóðinni til varnar. Þess ber þó að geta að auðvitað höfðu menn misjafnar skoðanir á gangi stríðsins, afdrifaríik í þeim efnum var innrás Sovétmanna í Finnland í lok nóvember 1939. Sósíalistar og kommunístar fóru þá stórlega að efast um átrúnaðargoðið sitt í austri sem var jú farinn að hlaupa undan merkjum að margra mati. Þessi innrás birtist Íslendingum sem leikur kattarins að músinni og tóku margir þá afstöðu með Finnum, jafnvel þeir Íslendingar sem höfðu fram til þessa verið hallir undir Stalín og hans hugmyndafræði.

Atvinnuástandið var ekki gott á þessum tíma á Akureyri þó þar væri bæði KEA og SÍS búin að festa sig verulega í sessi. Atvinnubótavinna var sett á þar á laggirnar enda veitti ekki af. Í „hernámsárin á Akureyri og Eyjafirði“ segir Jón Hjaltason „*Ýmis önnur vinna lagðist bæjarbúum til en sú sem KEA, Sambandið og útgerðafélgögin buðu upp á. -Út fyrir bæinn sóttu menn einkum í vinnu og þá í Krossanesverksmiðjuna og síldarbræðslu Thorsfeðga á Hjalteyri“.*

Þann 10. maí 1940, hernámu Bretar Ísland. Útvarpsútsending var stöðvuð og hermenn hlupu um alla Reykjavíkurborg til að yfirtaka allar helstu byggingar og stóðu þar síðan vopnaðan vörð. Þjóðverjar voru handteknir um alla borgina, göturnar víggirtar og vélbyssum komið upp hér og þar. Já það var ekki um að villast Ísland var orðið á óbeinann hátt fórnarlamb stríðsátaka í Evrópu og hernumið í fyrsta skipti síðan Jörundur hundadagakonungur (dansk/enskur) hafði látið til skarar skríða þann 11. júní 1809.



Mynd 3.18: Hermaður við fallbyssu í Reykjavík (mynd af vefnum).

Þann 16. maí 1940 sigldi herlið norður til Eyjafjarðar á varðskipinu Ægi. Þeim var ætlað að hertaka Akureyri og Eyjafjörð sem og þeir gerðu daginn eftir. Akureyringar voru uggandi um að fá herlið til bæjarins, höfðu mestar áhyggjur að með því væri verið að búa til úr bænum skotmark fyrir þýskar flugvélar og skip. Herliðið sem kom þann daginn var að mestu yfirvegað og rólegt og mun átakalaust hafa komið sér fyrir á Akureyri og næsta nágrenni þessa fyrstu daga hernámsins. Þar af komu strax á fyrsta degi tveir hermenn til Hjalteyrar til að meta þar aðstæður til að setja upp varðstöð. Stuttu síðar sigldi inn Eyjafjörð tundurspillirinn „H.M.S Foxhound“ með nýtt herlið úr „C“-undirfylki 1/5 hersveitar West Yorkshire herfylkisins. Nú varð önnur uppsveifla í atvinnuástandi þjóðarinnar. Bretavinnan sá til þess.




Mynd 3.19: Hermenn á Hjalteyri 1940. Clif, Bill, Jon, Jeff og Jim.



Mynd 3.20: Hermenn og strákar á Hjalteyri 1940. Sigurbjörn Pétursson (Böddi), Clif, Sigurður Bragi Stefánsson, Birgir Stefánsson og Jim. (Úr ljósmyndasafni Sigurðar Braga Stefánssonar).

Langflestir af þessum hermönnum komu frá norðaustur Englandi, frá Yorkshire og Lancastershire. Þeir voru ekki reynsluboltar í hernaði enda sýndi það sig fljótt á æfingum hjá þeim að svo var ekki. Megnið af herliðinu voru ungir piltar og venjulegir heimilisfeður sem vegna aðstæðna heima fyrir voru kvaddir í herinn. Breska heimsveldið hafði ekki efni á að senda til Íslands úrvalshermenn þó svo að það gerði sér fulla grein fyrir mikilvægi Íslands í alþjóðlegu siglingaleiðinni.

Vopnin voru vanbúin, eins og átti eftir að sannast eftir stríð þegar kom í ljós að sum fallbyssustæðin og byssurnar voru ekkert annað en illa málað uppsláttatimbur, járnadrasl og rörbútar. Vaktin því kannski meira að sjá til þess að ekki kæmist upp um slíkan vanbúnað herliðisins en að fylgjast með komu ókunnugra útlendinga inn Eyjafjörð. Á Akureyri og Eyjafirði sérstaklega vestanverðum var herinn með mikinn viðbúnað og fjöldinn allur af braggasvæðum (herstöðvum) voru settar upp þar víða. Á Akureyri voru höfuðstöðvar 146. stórfylkis Breta, enda áttu þeir alltaf von á að Þjóðverjar myndu reyna að sigla inn Eyjafjörð eða ráðast á hann úr lofti. Hlutverk þessa stórfylkis var því að verja norð-austursvæðið. Varnarlínan náði frá Blönduósi, fyrir austfirði að Hornafirði. Inn til landsins var línan dregin við Mælifell í Skagafirði, Hóla í Eyjafirði, Möðrudal á Fjöllum og suður til Hornafjarðar.



Mynd 3.21: Dæmi um auglýsingu frá breska setuliðinus. (Þjóðminjasafn Íslands).

Á næstu vikum átti eftir að fjölga mjög hermönnum á svæðinu og er talið að með næsta skipi hafi komið um 2.000 manna herlið til Akureyrar. Tólf manna herlið var sent á Hjalteyri til að byrja með til að taka við af þeim tveim sem áður komu þar en þeim fjölgaði þar hratt sem annarstaðar. Til að byrja með bjuggu þeir í tjöldum víða um Eyrina og upp á ásunum fyrir ofan.

Fljótlega fjölgaði í herliðinu á Hjalteyri og þá tóku þeir að reisa sér íverustaði auk þess sem þeir komu sér fyrir í húsum á Hjalteyrinni. Tveir til þrír officerar bjuggu til dæmis á tímabili í Péturshúsinu og einnig bjuggu hermenn í hluta af Jónshúsinu. Fyrstu bretabraggarnir sem reistir voru á Eyrinni stóðu á flatanum norðan við Péturshúsið. Þar voru reistir 5 slíkir. Næst var byggt á Grandanum en utan við fiskihjall hjá Jónshúsinu komu átta braggar sem að megninu til voru íverustaðir hermannanna. En þar að auki var reistur svo nefndur Bragholt Camp, sem staðsettur var rétt neðan við þar sem Hjalteyrarskólinn var reistur 1948. Ekki veit ég hversu margir braggar voru þar en í því herliði voru 150 manns. Eitt hús byggðu þeir sunnar á Grandanum á milli Ytri-Odda og Jónshúss, til hvers það var nýtt veit ég ekki.

Samvistir hermanna og Íslendinga eru gerð betri skil í öðrum frásögnum og er því ekki rétt að fara djúpt í það hér. Þess ber þó að geta að herinn reyndi að koma þannig fram að allt var greitt upp í topp sem þeir keyptu og nýttu. Leiga á húsum kom sér vel fyrir fólk sem hafði lítið haft á milli handanna á árunum fyrir stríð. Eins naut fólk góðs af allri vinnunni hjá hernum, en þeir voru sjálfir sér nógir um allflest, sem kostaði þá mikla uppbyggingarvinnu er þeir komu. Sem dæmi um þetta er vatnslagnir, skólp og aðrar fráveitur. Allt þetta kallaði á verkafólk sem herinn réði til sín á þeim slóðum sem þeir reistu varðstöðvar og bragga. Áhersla var lögð á af herstjórninni að herinn væri sjálfum sér nógur um flest svo sem fæði, klæði, varahluti í bíla og fleira, byggingarefni, læknisþjónustu og bensín.

Margir af þessum hermönnum voru að koma frá Sheffield í Englandi en einnig aðrir frá Yorkshire(dales) dölunum. Það voru sveitapiltar sem höfðu lítið kynnst bæjum eins og Akureyri og þótti þeim mikið til hans koma. Þeim þótti aftur ekki eins merkilegir torfbæir á Íslandi, hestasláttuvélar eða annar aðbúnaður í sveitum og hlógu dátt af frumstæðri sveitamennsku Íslendinga. Tungumálaörðuleikar voru algengir en engu að síður virðast allir hafa lagt sig fram við að láta hlutina ganga og áttað sig á að þessir ungu menn voru ekki hér að gamni sínu að trufla mannslífið á Íslandi.

Á Hjalteyrinni sem og víðar þar sem þeir voru með braggahverfi var stór matsalur sem nýttur var líka sem samkomusalur fyrir hermennina á svæðinu. Sá braggi var efstur af þeim fimm bröggum sem reistir voru utan við Pétursshús á Hjalteyrinni. Þarna var mötuneyti en líka bíósalur. Margir tungumálabrandarar eru til um örðug samskipti hersins víða um land og margar fleygar sögur til sem eru heimfærðar upp á fleiri en einn stað. Þegar þessir menn komu til landsins þá voru þeim útvegaðar litlar orðabækur sem liðsforingjarnir höfðu meðferðis. Þar voru ýmsir frasar þýddir og framburður á einföldum setningum.

Eins að sjálfsögðu nokkur orð sem þýdd voru með í bókinni. Á Hjalteyrinni héldu þeir bíósýningar og kom fyrir að þeir buðu heimamönnum og þá aðallega starfsfólkinu úr verksmiðjunni nú eða börnunum í bíó. Ein saga er til um slíkan atburð og segir sagan að það hafi verið í fyrsta skipti er þeir héldu slíka sýningu. Ungur liðsforingi hafði fyrr um daginn smalað saman fólkinu að koma og sjá mynd í salnum þeirra og var nokkuð kátur að sjá að vel var mætt. Hann var auðvitað stressaður og kvíðinn þegar hann ákvað að bregða fyrir sig lítilsháttar íslensku svona rétt til að bjóða alla velkomna. Hann steig því upp á koll fremst í salnum brosti blítt og las svo upp það sem hann hafði æft sig á að segja „Velkommenn adlir kroppar“ (Welcome everybody), steig svo niður af stólnum og sýningin hófst. Fleiri slíkar sögur eru til af hernum á Hjalteyri en flestar eru af góðum samskiptum þeirra við heimamenn. Hjalteyringum þótti almennt ekki mikið til koma þessu brölti í þeim en reyndu þó að blanda geði við þá.

Á Hjalteyri komu þeir upp mikilli vakt til að fylgjast með öllum skipaferðum um innanverðan Eyjafjörð. Efri hæðin í Jónshúsinu var tekin undir varðstöð til að byrja með og þar sett upp stöðug vakt. Seinna var byggður varðturn á tveim hæðum utan við Jónshúsið, með þykkum veggjum og glerhúsi á þakinu og þangað flutti vaktin úr Jónshúsinu. Stuttu utan við þennan turn komu svo tvær stórar fallbyssur sem beint var út fjörðin. Varnarlína var sett innan við Hrísey, vegartálmar við Fagraskóg og víðar og allir þurftu að geta gert grein fyrir sínum ferðum. Frá Hjalteyri og yfir í Noll var sett lína tundurdufla og umferð skipa þar bönnuð eftir 20.30 á kvöldin til 5:30 að morgni. Þetta pirraði margan sjómanninn sem eðlilegt var. Að lokum var gerð sátt við herliðið að umferð var heimil utan tilsett tíma svo fremi sem viðkomandi gerði fullkomnlega grein fyrir sér og sínum ferðum fyrirfram sem reyndar gekk oft brösulega.

Veðurfregnir voru bannaðar og öll fjarskipti urðu að taka mið af þessum reglum. Sem dæmi um þetta máttu skipstjórar á síldaskipum alls ekki ræða um veðrið í talstöðvarnar þar sem það gat verið einhver óæskilegur að hlusta. Dæmi er um að óvarkárni sjómanna hafi leitt til sektar og dómar fallið um slíkt gáleysi í hæstarétti á þessum tíma.

Vaktskip Breta var haft við Hrísey og þar urðu öll skip að gera grein fyrir sér. Þessi skip voru reyndar tvö og höfðu þau skipti vikulega á að vera innan og utan við þessa varnarlínu. Það er ekki til nein skrá yfir komur breskra herskipa inn til Akureyar þar sem herinn lagði strangt bann við slíkri skráningu. Þess má þó geta að vitað er að „MHS King George V“ var inni á Eyjafirði í byrjun maí 1941. En það skip er eitt af þeim skipum sem tók þátt í að sökkva þýska risa orustuskipinu „Bismark“ sem einmitt sigldi frá Noregi norður fyrir Ísland þegar „Bismark“ tókst að skjóta niður flaggskip Breta „HMS Hood“ 200 sjómílur vestur af Reykjanesi. Norðan við Ísland sá beitiskipið „HMS Suffolk“ þýsku skipin „Bismark“ og „Prince Eugen“ sigla framhjá í mikilli þoku og á miklum hraða vestur fyrir Ísland. Það varð til þess að Breski flotinn beið í viðbragðsstöðu djúpt vestan við Reykjanes með „HMS Hood“ í broddi fylkingar þann 23 maí. Eftir stuttan bardaga náði „Bismark“ að skjóta í skotfærageymslurnar á þessum flaggskipi Bretanna sem sprakk þá í tætlur. Sagt er að drunurnar hafi heyrst inn til Reykjavíkur er það gerðist, einungis þrír af 1.418 manna áhöfn lifði af. Allur breski flotinn var þá settur til höfuðs þessu þýska skipi sem var að lokum skotið niður að morgni dags 27. maí 1941. Án efa er þetta ein sú þýðingarmesta sjóorusta í seinni heimstyrjöldinni á norður Atlantshafinu. Þarna tókst Bretum að halda aftur af framgangi Þjóðverja á Atlanthafi þó svo að kafbátahernaður þeirra ætti eftir að aukast gífurlega.

Þetta hafði lítið með varðstöðina á Hjalteyri að gera, eða hvað? Eflaust hefur vera herliðsins á Íslandi bæði orsakað að Þjóðverjar sendu skipin þessa leið en eins varð hún til þess að Bretar náðu að fylgjast með þeim og sitja fyrir þeim. Hinn venjulegi hermaður á Hjalteyri hafði kannski ekki mestar áhyggjur af því. Æfingar voru þó gerðar reglulega þar sem flautur voru settar í gang og þustu þá hermenn fram hlaupandi með hjálma og riffla, földu sig undir bryggjunum, öskruðu fyrirskipanir á framandi tungumáli fyrir hversdagslegan síldaverksmiðjumann á Hjalteyri sem vildi það eitt að fá að borða nestið sitt og sötra kaffisopan í pásunni á milli skipa. Bretunum þóttu Hjalteyringarnir ekki taka þessum æfingum nógu alvarlega og áttu það til að hundskammast þegar heimafólki varð það á að brosa að þessum tilburðum þeirra.

Loftárásir voru engar gerðar á Hjalteyrina, en þær áttu sér stað annarstaðar. Í áðurnefndri bók Jóns Hjaltasonar Hernámsárin á Akureyri og Eyjafirði er getið um komu flugvélar til Eyjafjarðar. Þessi vél var reyndar merkt breskum yfirvöldum en svaraði engum boðum frá jörðu. Áhöfnin á gæsluskipinu við Hrísey skaut á vélina um leið og þeir fengu engin svör frá henni en hæfðu hana lítið sem ekkert. Eins var við Hjalteyrina þá herskip sem skaut einnig á vélina en flugmennirnir náðu að verjast skotum þeirra líka, og eins varðliðsins við Krossanes. Þegar vélin náði að lenda á Melgerðismelum tóku hermenn á mótu

áhöfninni alvopnaðir. Kom þá í ljós að vélin var jú bresk en hafði verið lánuð Flugfélagi Íslands til sjúkraflugs, lent í vondu veðri á leið að sunnan og fjarskiptatæki bilað.

Annað svipað atvik átti sér stað á Hjalteyri. Úr varðstöðinni á Grandanum urðu menn varir við torkennilegan hlut skríða inn í morgunþokunni. Mikill viðbúnaður varð strax á Hjalteyrinni meðal hermannanna og hættumerki gefin. Hjalteyringarnir þustu út að sjá hvað var í gangi og störðu út á sjóinn. Sumur töldu að þjóðverjarnir væru líklega komnir og þetta væri kafbátur á ferð. Aðrir voru ekki á sama máli. Bresku hermennirnir þustu af stað og földu sig undir bryggjunum, alvopnaðir og viðbúnir því versta. Eftir því sem hluturinn nálgaðist meira kom í ljós að um var að ræða sjóflugvél, breska hersins. Þegar flugmennirnir höfðu komið úr eftirlitsflugi norðan við land, var fjörðurinn fullur af þoku svo þeir tóku það til bragðs að lenda vélinni og sigla henni inn fjörðinn. Það voru frekar lúpulegir landar þeirra sem skriðu undan bryggjunum þegar vélin kom inn fyrir Oddann og lagði að bryggju á Hjalteyri. Heimamenn fengu að sjálfsögðu samt að heyra að allur væri varinn jú góður og heimamenn hefðu átt að fylgja fordæmi hermannana og leita skjóls þar til allir hefðu vitað hvað var á ferð.

Hjalteyringarnir hlógu sig máttlausa af þessu athæfi, sem og þegar Hallgrímur Kristjánsson á Grímstöðum var handtekin um miðja nótt fyrir njósnir. Hann vann þá vaktavinnu í verksmiðjunni og hafði það fyrir sið að mæta frekar með fyrra fallinu til vinnu. Eins hafði hann gert það þennan dag. Vaktin átti að byrja um 6:30 en hann var á ferð löngu fyrr. Á leið sinni niður brekkurnar hafði hann með sér lukt í hendinni þar sem næturmyrkrið grúfði yfir og faldi flest kennileiti. Hallgrímur gekk nokkuð rösklega og sveiflaðist því luktin til í hendi hans á göngunni. Niður á Hjalteyri sá vaktmaður herliðsins til ferða hans og taldi víst að þarna væri verið að gefa morse merki. Það var því í skyndi gerður út hópur hermanna að handtaka þennan njósnara í brekkunum. Eftir nokkra yfirheyrslu kom í ljós hvers kyns var og Hallgrími var sleppt úr haldi.

Bandaríkjamenn tóku við af Bretum þegar þeir tóku yfir hervernd Íslands. Á Hjalteyri urðu breytingar við það ekki miklar. Sumum þóttu þó „Kaninn“ viðkunnulegri meðan aðrir sögðu að „heitufrekja og heimsmennska“ hefði tekið við af ljúfmennsku kurteisi og kátínu. „Kaninn“ kom með súkkulaði og það líkaði mörgum vel. Bandaríkjamennirnir settu upp stóran ljóskastara á pall við Thorsteinssongrunninn í Tjarnarhorninu. Hann var bæði stór og sterkur, snerist ótt í hringi og lýsti upp allan fjörðinn yfir að Nolli og Fagrabæ. Sagt var að þegar kastarinn skyni að Höfða yrði ratbjart á Grenivík.

Hermannaböllin sem Bretarnir höfðu haldið á Hjalteyrinni tíðkuðust ekki hjá Kananum enda sóttu þeir dansleiki inn til Akureyrar í staðinn. Áður hafði það tíðkast að Bretarnir bæði héldu sjálfir böll á Hjalteyrinni eða tóku þátt í þeim sem þar voru haldin, þeir buðu þá öllum konum sem þeir hittu á ballið og sögðu þeim að taka allar vinkonur sínar með. En skortur á konum á slík böll varð til þess að margar konurnar sögðust dansa við fjóra – fimm dáta meðan eitt lag hljómaði og komu heim af dansleik og sögðust þá hafa dansað við heila herdeild.

Um ástandsmál á Hjalteyri veit ég ekki, samt er eðlilegt að álíta að almenningur þar sem og annarstaðar hafi haft áhyggjur af slíku. Auglýsing um dansleiki hersins á Hjalteyri hafa ekki varðveist en ansi margar slíkar eru til í þjóðminjasafni Íslands, bæði um dansleiki á Akureyri sem og Reykjavík. Þær konur sem sýndu setuliðsmönnum á þessum stöðum áhuga voru þó áhjákvæmilega litnar hornauga og skemmtanir hersins oft talinn vera vettvangur lasta og lauslætis. Þess ber þó að geta að kannski skapaði herinn sér þetta óorð með að auglýsa sum böllin lokuð fyrir karlmenn aðra en hermenn. „Ástandið“ er það orð sem notað var á þessum tímum yfir sambönd íslenskra kvenna og setuliðsins og jafnan notað það orð þegar rætt var um áhuga setuliðsmanna að komast í kynni við íslenskar stúlkur. Ástæða þess að til er á þjóðminjasafninu þetta safn af handrituðum auglýsingum setuliðsmanna um dansleiki, er einmitt sú að íslenskir karlmenn hirtu þau sem „sönnunargögn“ fyrir þessari viðleitni hersins að „narra“ til sín íslenskt kvenfólk.

Bíósýningar héldu samt áfram hjá Kananum fyrir bæði þá sjálfa sem og aðra á Hjalteyrinni. Þegar þeir kvöddu Hjalteyrina sprengdu þeir upp tundurduflagirðinguna sem Bretar höfðu lagt þvert yfir fjörðinn. Við það varð ólga á sjónum og skyndilega flaut upp fiskur um allan fjörð. Menn þustu á sjó og mokveiddu, þökk sé hernum auðvitað. Aflaleysi næsta dag varð að sjálfsögðu þeim að kenna líka.

KVELDÚLFUR



Mynd 3.22: Thor Jensen.


Thor Jensen og synir hans, Richard, Kjartan, Ólafur og Haukur stofnuðu hlutafélagið Kveldúlf hf. í Reykjavík 22.mars 1912. Richard Thors varð framkvæmdastjóri og stjórnarformaður þessa nýja félags en bræður hans skráðir sem meðstjórnendur. Árið 1915 varð Thor sjálfur einn af framkvæmdastjórum félagsins en það ár jukust umsvif félagsins. Stofnfé þessa nýja félags var einungis 150.000 kr og lagði Thor það allt til við stofnun þess.

Fyrsti togari félagsins var MB Skallagrímur keyptur frá Grimsby í Englandi í lok árs 1911 fyrir um 6.000 pund. Mikil fjárfesting fyrir nýstofnað félag og arðsemin varð að vera mikil þar sem allt kaupverðið var tekið að láni. Sumarið 1912 leigði Kveldúlfur hf land undir söltunarstöð á Torfunefi á Akureyri en Thor Jensen taldi strax að það væri óhentug staðsetning og Norðlendingar og Akureyringar myndu fljótlega hrekja þá í burtu frá Akureyri.

Á þessum árum höfðu Þjóðverjar mikil umsvif á Hjalteyri. Stór skip þeirra sjást á gömlum myndum frá Hjalteyri standa framan við þýsku húsin sem stóðu neðst á Hjalteyrinni. En þarna var gott landrými og tjörnin sjálf vakti athygli Thors enda hafði hann gert tilraunir með að brjóta ís af Reykjavíkurtjörn og vildi reyna að nýta ísinn til útflutnings á ferskum sjávarafurðum, þó aðallega síld. Í ársbyrjun 1913 fer Thor á fund Jórunnar Norðmann, ekkju Jóns Norðmanns athafnamanns, þáverandi eigenda Hjalteyrar og tekur Hjalteyri á leigu til 99 ára fyrir 1.500 kr á ári. Strax það sumar var byrjað að salta fisk á Hjalteyri í söltunarstöð Kveldúlfs hf. Þeir byggðu bryggjur og bættu strax aðstöðu auk þess að árið eftir luku þeir byggingu á stóru íbúðarhúsi á Hjalteyri sem og verkamannabústað.

Þess má geta að hagnaður af rekstri Kveldúlfs var mikill á fyrstu árunum, í endurminningum Thors Jensen segir að árið 1914 hafi eignir Kveldúlfs hf. verið metnar á 345 þúsund krónur en skuldir félagsins þá verið einungis 140 þúsund á móti í tveggja ára gömlu hlutafélagi.

Hér er ekki ætlunun að rekja sögu Kveldúlfs nema hvað snertir Hjalteyrina. Þess má þó geta að umsvif þeirra jukust á Hjalteyri auk þess sem aðrir komu þar einnig við sögu. Önnur útgerðarfélög nýttu sér aðstöðuna og má þar nefna Geir Thorsteinsson og Co sem byggðu mikla söltunarstöð á Grandanum um 1916.



Mynd 3.23: Snorri Goði skip Kveldúlfs.

En rekstur Kveldúlfs var í járnum á 4. áratug síðustu aldar. Hátt gengi krónunnar spilaði þar stóra rullu, kreppan í algleymingi auk þess sem Kveldúlfur og stjórnendur hans höfðu reynt að sporna við með til dæmis útflutningi á frystum fiski sem gekk illa. Tap varð á rekstri Kveldúlfs nánast öll árin frá 1930-1940. Landsbankinn var aðallánveitandi þessa félags sem á þessum árum var orðið eitt umsvifamesta útgerðafélag landsins.

Pólitík þessara ára snerist mikið um vanda útgerðarinnar og rætt um þjóðnýtingu á fyrirtækjum í einkarekstri eins og til dæmis Kveldúlfi. Ólafur Thors var þá formaður Sjálfstæðisflokksins og sat sem fulltrúi hans í stjórn Landsbankans. Bankaráðið sótti stíft að Kveldúlfur legði fram meiri veð fyrir örtt vaxandi skuldum félagsins sem og gert var að lokum í júlí 1937. Þeir feðgar lögðu fram nánast allar sínar eignir að veði og eignir Kveldúlfs hf. fyrir skuldum hans við Landsbankann. Gerðar voru umtalsverðar breytingar á stjórn fyrirtækisins og Landsbankinn setti inn tveir menn í stjórn Kveldúlfs til að gæta þar að hagsmunum

bankans. Að hálfu Thors-bræðra var forsenda þess að fara þessa leið að stjórnvöld veittu fyrirtækinu leyfi til að byggja upp á Hjalteyri og starfrækja þar síldarbræðslu.

Á þessum árum var hátt verð á síldarlýsi og mjöli og síldarbræðslur félagsins bæði á Hesteyri sem og á Sólbakka (sem Kveldúlfur var með á leigu), skiluðu arði, þó útgerðin í heild væri rekin með þessu miklu tapi. Þetta vakti þessa athafnamenn til umhugsunar og djörf hugmynd um uppbyggingu stóriðju á Hjalteyri varð að veruleika.

HELGI EYJÓLFSSON – BYGGING STÆRSTA HÚSS Á ÍSLANDI 1937

Helgi Eyjólfsson byggingarmeistari var fæddur að Grímslæk í Ölfusi 1906. Hann var bróðir Þorleifs Eyjólfssonar arkitekts og húsameistara. Helgi fór í nám í húsasmíði og lauk því árið 1924 og fékk meistararéttindi sem húsasmiður árið 1928. Eftir það stundaði hann sjálfstæðan rekstur 1924 – 1944 og byggði mörg mjög falleg hús sem byggð voru í Reykjavík og víðar á þessum árum. Þar að auki byggði hann síldarverksmiðju Alliance í Djúpuvík í Reykjafirði á Ströndum árið 1935, verksmiðju Kveldúlfs á Hjalteyri 1937-8. og síldarverksmiðjuna í Ingólfsfirði.

Um bygginguna í Djúpuvík segir Helgi sjálfur svo frá í „Svartur sjór af síld" eftir Birgir Sigurðsson;

- *Var þetta ekki eins og að fara á hjara veraldar?* spyr bókarhöfundur
- *Að minnsta kosti,* segir Helgi og hlær við. *Ég varð að byggja allt í hausnum á mér áður en ég fór. Varð að hafa allt efni með mér. Ekkert mátti vanta. Ekki einn naglapakka. Þá varð allt stopp því að samgöngur voru engar. Að hausti til tveim árum eftir að ég byggði á Djúpuvík, komu Kveldúlfsmenn til mín, Richard Thors og bræður hans.*
- *Viltu byggja fyrir okkur síldarstöð á Hjalteyri?* Spurðu þeir.
- *Ég veit ekki,* sagði ég.
- *Geturðu lokið henni á tveim árum?*
- *Látið mig sjá plönin og teikningarnar,* sagði ég
- *sannleikurinn er sá,* segja þeir, *að það veltur á að Kveldúlfur verður gerður upp. Bankinn féllst á að bíða ef við gætum komið stöðinni upp á tveim árum*
- *Látið mig sjá plönin og teikningarnar svo skal ég svara ykkur*
- *Ef þetta gengur ekki erum við búnir að vera segir Richard*
- *Ég skal líta á þetta og segja ykkur hvort það er hægt,* sagði ég

Svo skoðaði ég áætlanir þeirra og hugmyndir vandlega. Þetta átti að vera stór síldarbræðsla, minnst fyrir fjóra togara. Það gerði mér auðveldara fyrir að ég var búinn að byggja á Djúpuvík. Síðan boðaði ég þá á minn fund strax þarna um haustið og sagði við þá:

- *Hafið ekki áhuga á að geta byrjað að bræða strax næsta sumar á venjulegum tíma?*

Þeir þögðu bara og störðu á mig og ég fann að þeir álitu sig vera að tala við snarbrjálaðan mann.

- *Hvað meinarðu*, segir Richard loks
- *Ef þið getið skaffað mér allt sem til þarf, peninga, vélar og annað á þeim tímum sem ég tiltek, getiði byrjað að bræða á venjulegum tíma næsta sumar*, sagði ég

Þeir héldu greinilega enn að þetta væri kolvitlaus maður. Svo fóru þeir að spyrja hvernig ég ætlaði að leysa þetta og hitt og ég svaraði því. Ég ætlaði bara að hafa það mikið af veksmiðjunni tilbúið að hægt væri að bræða: þrærnar og síldarolíugeymana, enga mjölgeymslu til að byrja með; láta mjölið fara beint í pokana og stafla þeim upp úti. Það þurfti ekkert að skemmast þannig. En þeir voru jafnvantrúaðir og áður.

- *Við skulum segja að þetta sé allt tóm vitleysa hjá mér,* sagði ég, *það gerir ekkert til fyrir ykkur því þið eruð jafnt á hausnum eftir sem áður!*
- *Helvíti er þetta hasarderað* sagði þá Richard
- *Já en eruði ekki vanir hasar í ykkar bísness!,* sagði ég

Þá hló Richard dátt

- *Hvenær ætlarðu að byrja,* sögðu þeir
- *Ég byrja undirbúning í desember,* sagði ég
- *Þú steypir nú ekki í frosti!*

- *Það er mitt vandamál, en ekki ykkar,* svaraði ég.

Síðan fór hver til síns heima. Í mars byrjaði ég að steypa og notaði aðferð gegn frostunum sem aldrei hafði verið notuð í heiminum að vitað var. Ég fékk mér ketil og bjó til kerfi. Dældi svo sjó eftir kerfinu inn á ketilinn og hitaði hann upp í suðumark. Þaðan rann hann svo ó stóran tank og í steypuvélina. Svo steypti ég. Kallarnir í nágrenninu komu til að sjá vitlausa manninn sem steypti í frosti. En steypan varð glerhörð á þrem dögum. Svo kom Richard og sagði

- *Ja,hvur andskotinn!*

Þeir stóðu við allt sitt og allt var tilbúið þegar síldin kom. Það fiskaðist vel um sumarið, mjölstaflarnir hlóðust upp. Lýsið streymdi í geymana og þrærnar fullar af síld. Lýsis og mjölverð var hátt um haustið og Kveldúlfur komst á fljúgandi ferð. Þeir höfðu ekki átt fimmeyring. Nú flugu þeir upp úr hafinu allir í gulli. Orðnir stórríkir. En það var ógnarpólitík í þessu. Óvinurinn ætlaði að ganga frá Kveldúlfi. Jónas frá Hriflu. Hann sagði við mig:

- *Mikið andskoti gekk þetta vel hjá þér*
- *Já, ertu ekki ánægður,* sagði ég
- Hann glotti.

Þetta voru skemmtilegir tímar.



Mynd 3.24: Steypt í frosti í mars 1937.



Mynd 3.25 Steypt í frosti í mars 1937.

„Stærsta hús á Íslandi er nú í byggingu á Hjalteyri“ segir í blaðagrein í Morgunblaðinu árið 1937. *„Húsið skal reyst hvað sem á dynur“* segir á öðrum stað í sömu grein.

Í Morgunblaðinu 1.sept 1937 segir;

„Það var á síðastliðnum vetri, laust eftir miðjan februarmánuð – og það á Hjalteyri. Hópur verkamanna óð í nýskefldum snjósköflum, reiddu mölbrjóta til höggs, sveifluðu þungum skóflum og mokuðu bæði möl og mjöll – því þá var þar norðaustan stórhríðarbylur. Þessir menn voru að grafa grunn að stóru húsi – húsi sem þurfti að reisa og reisa strax. Þess vegna sneru þeir bökum í veðrið og mokuðu möl!

En langt sunnan við þessa eyri – langt sunnan við fjöllin bláu – sátu ráðandi menn á stoppuðum stólum og störðu út í bláinn.....svo risu þeir úr sætum börðu í borð og þil og bölvuðu sér upp á það að aldrei í lífinu skyldu verkamennirnir í hríðinni fá vinnufrið, og aldrei skyldi þeim takast að reisa þetta hús!

Vinnan var stöðvuð – verkamennirnir lýstir í bann. Liðu svo þrjár vikur.

Í þrjár vikur nötraði þjóðin af geðshræringu – því íslenska þjóðin vildi láta reisa þetta hús og í hennar þágu skyldi það reist. Í þetta skipti réð vilji þjóðarinnar og hratt málinu fram á sigurvissunnar braut. – Vinnan var aftur hafin og vinnan var sótt af enn meira kappi og samtaka einurð en áður – því dagarnir eru dýrir þegar sjálfur Drottinn veðrabrigðanna á í hlut! Það var lokið við að grafa grunninn og byrjað að slá upp mótum og steypa gólf og veggi og áður en aðrir en þeir sem verkið unnu, höfðu gert sér fulla grein fyrir, hvað hér var að gerast var „húsið á eyrinni“ komið undir þak um leið og fyrstu nýgræðingarnir á ströndum Eyjafjarðar brutust fram í sólina og vorið.

Þessi saga um „húsið á eyrinni“ er saga síldarverksmiðju Kveldúlfs hf á Hjalteyri. Öld ævintýranna er liðin undir lok, vegna þess að ævintýrin blátt áfram storkna í höndunum á okkur og verða að staðreyndum. – Bygging þessarar verksmiðju er slíkt ævintýr – ævintýr um kraftaverk hraðans og vinnuafkastanna. Það er byrjað að grafa fyrir verksmiðjunni í febrúarmánuði, byrjað að reisa húsið í mars, farið að koma fyrir vélum í því í apríl og maí, og 20. júní – á sjálfan kosningadaginn – er byrjað að bræða þar síld og vinna síldarolíu og fóðurmjöl. Í íslenskri byggingarsögu er þetta óviðjafnanlegur byggingarhraði – og það út af fyrir sig ævintýri, þó við getum auðveldlega sýnt það og sannað, að hér hafi engum yfirnátturúlegum brögðum verið beitt – engar huldar vættir unnið.

En síldarverksmiðjan var ekki fullreist þegar hún tók til starfa – heldur höfðu þá aðeins verið reistir þeir hlutir hennar sem nauðsynlegast þurftu svo hún gæti unnið verðmæti og starfað óhindrað meðan verið var að reisa aðra hluti hennar hvað af hverju, eftir því sem þeirra var þörf. Þetta hefur sinn sérstæða, skemmtilega svip á atvinnulíf á Hjalteyri og starfsemi verksmiðjunnar í sumar – því þar hefir ægt saman öllum vinnukrafti, sem þarf til að reisa og starfrækja síldarverksmiðju.

Nú eru það til dæmis tveir steyptir lýsisgeymar, sem hvor um sig rúma 1800 smálestir lýsis. Þegar verksmiðjan tók til starfa var lokið við að reisa fyrri geyminn og þangað vætlaði lýsið óðar og byrjað var að bræða. Síðan var byrjað að reisa annan geymi, er var fullgjör þegar sá fyrri var fullur af lýsi.

Þetta er aðeins dæmi um það hvernig hér var hagað verkum og hvernig verksmiðjureksturinn hefur gengið í kjölfar verksmiðjubyggingarinnar., án þess að minnstu árekstrar hafi orðið.

Meðan eldstæði og gufukatlar verksmiðjunnar unnu sín orkustörf undir berum himni, risu heilar hæðir og álmur við aðalverksmiðjuna – og meðan skilvindurnar suða og þurrkararnir hvína og mjölsugurnar hvæsa kjallaranum, er verið að slá mótin ofan af síldarþrónum.

Þannig hefur verið á Hjalteyri í sumar í upplausnarástandi framkvæmdanna.

Síldarverksmiðjan á Hjalteyri er reist eftir ameriskum fyrirmyndum og fullnægir í hvívetna ströngustu kröfum samtíðarinnar. Frá sjónarmiðum sjómanna eru yfirburðir hennar fyrst og fremst fólgnir í löndunartækjunum – samskonar og eru í Djúpavíkursverksmiðjunni. Þessi vélknúnu löndunartæki eru útbúin þannig að eins konar dælu er stungið niður í skipin, og sogar hún síldina upp úr lestarrúmi skipsins og flytur hana eftir skúffureimum, sem eru á stöðugri hringrás milli verksmiðjunnar og skipanna, sem verið er að losa. Með þessu er að mestu komið í veg fyrir löndunarerfiðleika sjómannanna, auk skjótari afgreiðslu skipanna og veiðimanninn má ekki tefja! – upp að slíkum löndunartækjum koma sjómennirnir með „sigurbros á vör“, því hér skilja samskipti þeirra og síldarinnar harmkvælalaust. Hér þurfa þeir aðeins að ýta lítillega við síldinni – beina henni braut að dæluopinu – þá er hún hlaupin á land. Enginn mokstur í mál, engin svífandi voði úr loftinu!


Síldarverksmiðjan á Hjalteyri hefur í sumar tekið á móti afla 20 veiðiskipa, sem hvergi annarstaðar hefðu fengið afgreiðslu. Útflutningsverðmæti afurðanna mun nema um það bil tveim og hálfri milljón króna í erlendum gjaldeyri. Hún hefir skapað atvinnu á sjó og á landi fyrir hundruð manns. Um þetta þjóðþrifafyrirtæki urðu hinar harðvítugustu deilur. Þeir sem stóðu gegn því hafa fengið sinn dóm hjá öllum þeim sem kynnst hafa fyrirtækinu. Þeir eru ekkert öfundsverðir af þeim dómi.

Verksmiðjan bræðir um 5000 mál á sólarhring og getur tekið um 30 þúsund mál í þrær.“


Morgunblaðið, 1. september 1937.

Verksmiðjan var mikil lyftistöng fyrir allann Eyjafjörð og auðvitað mest á Hjalteyrinni. Hún var byggð árið 1937 og smátt og smátt efldist hún og stækkaði. Fjárfestingin borgaði sig fyrir rest þó svo að hallarekstur hafi verið á Kveldúlfi allt fram til 1940. 17. apríl 1939 tók ný ríkisstjórn við völdum sem hafði það á stefnuskrá að „endurreisa skyldi undirstöðuatvinnuveg þjóðarinnar“. Gengi krónunnar sem var fellt um 18%, skattfrelsi til handa útgerðinni í 2 ár, auk hernáms Breta í maí 1940 og „stríðsgróðinn“ sem fylgdi, breytti aðstæðum útgerðarinnar umsvifalaust. Samningur um fisksölu til Bretlands gjörbreytti landslaginu og við tóku betri tímar.

Í kjölfarið tók við uppbygging á þorpinu sjálfu, verkamannaíbúðir voru reistir af Kveldúlfi um 1942 auk þess sem að Kveldúlfur ásamt sveitarfélaginu stóð fyrir byggingu skólahúsnæðis árið 1946. Kveldúlfur gaf landið undir skólan, hluta byggingarefnis auk 100.000 kr beinan fjárstyrk. Kveldúlfur keypti Ytri-Bakka til að eignast Hjalteyrina og á Ytri-Bakka var byggt tilraunafjós sem Thors fjölskyldan notaði fyrir tilraunir fyrir mjólkurbúið þeirra á Korpulfstöðum. Skriðuland keyptu þeir líka til að hafa nægt aðgengi að vatni og Bragholt lenti þá inn á milli svo það var keypt líka. Júlli Larsen hafði keyrt vörubíl hjá Kveldúlfi fram til þessa en var nú uppfærður í rútu og skólabílstjóra og sá um skólakeyrsluna til ársins 1990.



Mynd 3.26: Mjölloftið í byggingu.




Mynd 3.27: Mjölhúsið var byggt 1940.

Til að reka slíka verksmiðju þurfti gott starfsfólk. Ekki bara verkamenn sem voru eflaust hver öðrum betri, heldur einnig stjórnendur, vélstjóra, rafvirkja, efnafræðinga, bílstjóra o.s.fr. Kveldúlfur réð sem efnaverkfræðing að Hjalteyrarverksmiðjunni Véstein Guðmundsson árið 1941. Kveldúlfsmenn sáu fljótt að til þess að geta tekið alvarlega þátt í kapphlaupi um bestu markaðina þurfti mannskap sem hafði bæði vit og dugnað til að gera alltaf sitt besta. Vésteinn hafði þá nýlokið námi í efnaverkfræði við Verkfræðiháskólann í Kaupmannahöfn, Danmarks Tekniske Höjskole, og lauk þaðan prófi 1940 á fyrsta ári síðari heimsstyrjaldar. Með honum í námi voru tveir aðrir Íslendingar, sem reyndar fengu leyfi skólayfirvalda að ljúka prófi hálfu ári fyrr vegna stríðsástandsins í Evrópu. Þess má geta að á þessum tíma var danskt verkfræðipróf eitt það besta sem hægt var að fá og nutu danskir og danskmenntaðir verkfræðingar mikillar virðingar um allan heim á þessum árum. Þeir ferðuðust frá Kaupmannahöfn til Finnlands og komust þar um borð í MS Esju í hafnarborginni Pestamo, en á þessum tíma var Danmörk hernumin af Þjóðverjum og því ekki auðvelt að komast heim til Íslands.

Á skólaárum sínum hafði Vésteinn unnið nokkur sumur á rannsóknarstofum Síldarverksmiðju ríkisins og var því kunnugur síldarverksmiðjum þegar hann kom til starfa fyrir Kveldúlf. Stuttu síðar var ráðinn þangað vélaverkfræðingur, skólabróðir Vésteins frá danska skólanum og einn af þeim þremum sem höfðu fengið að flýta prófi. Það var Sveinn Sigurður Einarsson sem tók við sem verksmiðjustjóri á Hjalteyri árið 1942 og starfaði sem slíkur þar til Vésteinn tók við af honum árið 1947. Meðan þeir unnu saman voru gerðar ýmsar jákvæðar breytingar, stækkanir og endurbætur á verksmiðjunni. Sem dæmi voru settar upp nýjar skilvindur og settur upp gufuþurrkari á mjölinu, mun stærri og öflugri en þeir sem höfðu sést hérlendis á þessum tíma. Þeir félagar fóru námsferðir til Bandaríkjanna á vegum Kveldúlfs og komu heim uppfullir af hugmyndum sem þeir nýttu sér í verksmiðjunni. Þeir kynntu sér ítarlega fiskimjölsverksmiðjur í Noregi einnig sem urðu til þess að þeir gjörbreyttu aðferðum við síldavinnslu á árunum 1942–1946.

Árið 1947 hvarf Sveinn til annarra starfa, átti eftir að veita ýmsum fyrirtækjum forstöðu auk þess sem hann stofnaði ráðgjafafyrirtæki ásamt fleirum. Sem slíkur varð hann ráðjafi hjá sameinuðu þjóðunum um nýtingu á jarðvarma. Hann tók þar þátt í að þróa niðurdælingu afgangsvatns frá jarðgufuvinnslum í dýpri jarðlög er leiddu til byggingar fyrstu jarðgufuaflstöðvar Mið- Ameríku við Ahuachapán í El Salvador, 1975. Árið 1977 gerðist Sveinn aðalráðunautur í jarðvarmamálum fyrir orkuáætlun Mið-Ameríkuríkjanna á vegum Sameinuðu þjóðanna í Hondúras og starfaði þar til 1980, er hann gerðist aðalráðunautur tækniaðstoðar SÞ í jarðvarmamálum við höfuðstöðvar samtakanna í New York, en þar starfaði hann til ársins 1984. Sveinn lést árið 1988 í Reykjavík.



Mynd 3.28: Vésteinn Guðmundsson, verksmiðjustjóri, árið 1965.

Þegar Sveinn fluttist frá Hjalteyri, tók Vésteinn við sem verksmiðjustjóri eins og fyrr segir. Hann stjórnaði allri starfsemi Kveldúlfs á Hjalteyri um 20 ár eða til ársins 1966. Hann var mjög virkur í ýmsum félagsmálum, ekki bara þeim sem snéru að síldarbræðslum og útgerðinni heldur einnig í mörgum öðrum slíkum störfum.

Hann átti sæti í stjórnskipaðri nefnd til að gera tilraunir með ný veiðarfæri við síldveiðar 1950-51 og stjórnaði síldveiðitilraunum á vegum sjávarútvegsráðuneytisins 1953-54. Á þessum árum var sem kunnugt er síldveiði mjög rýr. Ekki rættist úr með síldveiðar fyrr en upp var tekin ný tækni við síldarleit (asdik) og ný veiðitækni (kraftblökk) nokkrum árum síðar, er síldin fór að veiðast einkum fyrir austan land. Síldarverksmiðjurnar á Siglufirði og við Eyjafjörð urðu þá afskiptar með hráefni og var þá tekið að flytja síld af Austfjarðamiðum með sérstökum flutningaskipum til þeirra verksmiðja. Vésteinn stjórnaði flutningum til Hjalteyrar og Krossaness um 5 ára skeið.

Á þessum árum var hann formaður stjórnskipaðrar nefndar til að ráða bót á atvinnuleysi á Norðurlandi. Einnig átti hann sæti í Verðlagsráði sjávarútvegsins um skeið. Meðan hann dvaldist á Hjalteyri átti hann sæti í hreppsnefnd Arnarneshrepps og hreppstjóri frá 1957-1967. Þegar Vésteinn hætti sem verksmiðjustjóri, flutti hann með sig og fjölskylduna í Mývatnssveit þar sem hann var ráðinn forstjóri Kísiliðjunnar og gegndi hann því starfi um árabil. Vésteinn lést í janúar 1980.

Meðan Vésteinn starfaði á Hjalteyri 1941—67 varð verksmiðjan oft að búa við hráefnisskort. Fyrstu árin sem hann starfaði við verksmiðjuna eða frá 1941—44 var síldveiði mjög góð og eins árið 1946 - 1947. Árin eftir það fór síldin að hætta að ganga inn á sín hefðbundnu svæði út af norðurlandi og þegar hún fannst aftur var það út af Austfjörðum. Það er eðlilegt að þá hafi menn byggt upp nýjar síldarbræðslur þar svo erfðiðara var að afla hráefnis til Hjalteyrarverksmiðjunnar. Þó svo að Vésteinn hafi verið mjög áhugasamur um reksturinn á verksmiðjunni og reynt margt til að afla henna hráefnis kom allt fyrir ekki og að lokum var verksmiðjunni lokað 1965. Þess má geta að árin á eftir hvar síldin af Íslandsmiðum um áratugaskeið.

Fyrir lítið sveitarfélag eins og Arnarneshrepp þýddi þetta gífurlega röskun á högum manna. Íbúarnir höfðu treyst um of á einhæfni verksmiðjunnar en nú sat fólkið uppi atvinnulaust.

Síldarleysið var aðalástæða þess en það hafði riðið Kveldúlfi að fullu. Kveldúlfur hf. Var formlega yfirtekinn af Landsbankanum árið 1973, eignir hans seldar og félagið gert upp.Kveldúlfur hf. hafði þó reynt að sporna við þessari þróun á 6. áratugnum. Árið 1954 var byggður stór fiskihjallur á Hjalteyrinni og ákveðið að setja upp skreiðar og saltfiskverkun á Hjalteyri. Kveldulfur ákvað jafnframt að einn togari félagsins skyldi landa á Hjalteyri og reyna með því að blása meira lífi í atvinnulíf staðarins. En árið 1955 brast á verkfall á Akureyri. Neyðarfundur var haldinn í verkamannafélagi Arnarneshrepps og ákveðið að standa ekki í vegi fyrir löndun úr togurum Kveldúlfs. En allt kom fyrir ekki, til átaka kom þegar verkfallsverðir frá Akureyri komu ítrekað í veg fyrir löndun. Þar með var útséð með þessa tilraun Kveldúlfs hf.

13. júní 1956 segir frá því í Íslendingi að Kveldúlfur hafi þá uppi áform um aukna atvinnu á Hjalteyri. Til stóð að byggja þar frystihús með afkastagetu upp á 10 tonn af frystum flökum á sólarhring. Til að þetta gæti orðið ræddu forsvarsmenn fyrirtækisins við þingmenn héraðsins sem lofuðu þeim stuðningi við fjármögnum. Á móti skuldbatt Kveldúlfur einn togara félagsins til að landa í Eyjafirði, Hjalteyri til frystihússins en eins á aðrar hafnir í firðinum. Þegar á reyndi voru fjármálastofnanir og ráðamenn ekki tilbúnir að lána Kveldúlfi til þessarar fjárfestingar og þessar hugmyndir lognuðust því útaf.

Vonin hékk þó í loftinu og í annarri blaðagrein í Morgunblaðinu 10. ágúst 1966 eru nokkrir íbúar Hjalteyarar teknir tali. Blaðamaðurinn byrjar á að lýsa ástandinu, að það sé kaldur síðsumardagur á Hjalteyrinni, allt sé í doða og deyfðin liggi meira segja yfir gamla skólahúsinu (líklega Templarinn) enda hafi það ekkert verið nýtt, ekki einu sinni fyrir dansleiki í yfir 20 ár.

Hann segir að Hjalteyrin sé dæmigerð fyrir síldarþorpin og bæina norðanlands, þar sem mikill uppgangur hafi átt sér stað allt til 1944 en farið hnignandi æ síðan. Hann kastar fram þeirri spurningu „hvað verður um Hjalteyrina ef síldin bregzt?“ til að svara þeim og öðrum spurningum ræðir hann við nokkra íbúa. Þar á meðal ræðir hann við Véstein Guðmundsson sem á þessum tíma var oddviti Arnarneshrepps og verksmiðjustjóri Kveldúlfs. Vésteinn reynir að vera bjartsýnn en segir; „*Hér hefur ekki komið veruleg síld á land síðan 1944, síðan má segja að veiðarnar hafi brugðist. Að vísu einstaka hrotur inn á milli en ekkert að ráði.“* Aðspurður um atvinnuhorfur segir hann að það sé ekkert hægt að segja til um það, þó hafi veiðst tiltölulega meira af síld þetta árið (1966) en árið á undan, heilsársstörf á Hjalteyrinni séu um fjögur og síðasta sumarið hafi unnið um 20-25 manns þar.

Blaðamaður heldur áfram að ræða við fólk og hittir meðal annarra Kristínu M. Kristjánsdóttur, hún er uggandi yfir ástandinu en Einar Jónasson maðurinn hennar vinnur í verksmiðjunni. Hún segir blaðamanni að eignirnar verði verðlausar og fólk eigi erfitt með að komast í burtu ef ekkert verður um að vera. Meðan blaðamaður stoppar hjá Kristínu kíkkar mágkona Kristínar í heimsókn. Það er Þórhanna Rögnvaldsdóttir og hún er drifin inn í kaffi og spjall. Þóranna segir blaðamanni að hún sé búin að búa á Hjalteyri í 34 ár, hafi verið um tvítugt er hún kom þangað fyrst. Af þessum 34 árum sé hún búin að vinna yfir 20 ár fyrir Kveldúlf hf, að minnsta kosti hluta úr ári og líkað vel. Þóranna segir að hún hafi starfað mest við matreiðslu fyrir fólk sem unnið hafi í verksmiðjunni. Hún segist nú vera með matsölu á Hótelinu – sem var kallað Hótel Hjalteyri meðan það var og hét, -„en þetta er ekkert orðið“ segir hún „örfáir menn“

Aðrir lykilstarfsmenn verksmiðjunnar sem vert er að nefna líttillega eru meðal margra annarra, rafvikjameistarinn Kári Þórðarson. Hann réði sig til Hjalteyrarverksmiðjunnar sem vélstjóri en hafði meistararéttindi í bæði vélstjórn sem og rafvikjun á lágspennu. Kári var giftur Kristínu Elínu Theodórsdóttur og byggðu þau upp sumarbústaðinn Kárastaði á Hjalteyrinni um 1940. Kári kom fyrst til starfa í Hjalteyrarverksmiðjunni strax sumarið 1937. En starfaði svo þar til fjölda ára. Þau hjón byggðu sumarbústaðinn sinn um 1940 og dvöldu í honum á sumrin með dætrum sínum meðan bræðslan var í fullum gangi. Seinna rak hann sitt eigið rafmagnsverkstæði og einnig verslun í Keflavík. Hann varð rafveitustjóri í Keflavík 1958 – 1982.

Heimildir: Birgir Sigurðsson 1989, Gunnar M. Magnúss 1984, Íslendingur 1956, Jón Hjaltason 1991, Morgunblaðið 1937 og 1966, Unnur Birna Karlsdóttir.

3.8 MINNINGARBROT FRÁ HJALTEYRI – ÖSKUDAGUR, SOFFÍA EYGLÓ JÓNSDÓTTIR

Eftirfarandi minningarbrot birtist í Æskunni 1978. Þar sem það fjallar um það mannlíf sem við börnin á Hjalteyrinni munum svo vel eftir þá vildi ég gjarnan hafa það með í þessari samantekt. Konan sem skrifar þetta hét Soffía Eygló Jónsdóttir, eiginkona Leó Guðlaugssonar húsasmíðameistara sem starfaði sem yfirsmiður á Hjalteyri. Þau bjuggu á eyrinni 1947 – 1950 en á þeim tíma koma Leó til dæmis að smíði húsa við efri götuna á Hjalteyrinni ásamt fleiru.

> *„Það var um 1950 að við hjónin áttum heima á Hjalteyri við Eyjafjörð um nokkurra ára skeið vegna atvinnu mannsins míns. Húsið sem við bjuggum í stóð uppi á brekku við götu sem gekk undir nafninu Milljón. – Það vissi ég reyndar ekki fyrr en nokkrum mánuðum eftir að við fluttum þangað – en það er nú önnur saga. Synir okkar tveir voru ungir að árum er þetta var og komst ég því fljótt í kynni við smáfólkið á staðnum, - ég hef alltaf haft nokkuð gamanað því að fylgjast með því hvað þessir ungu þjóðfélagsþegnar hafa fyrir stafni. Ýmsu kynntist ég í leikjum barnanna sem var nokkuð frábrugðið því sem ég vandist í bernsku á Bráðræðisholtinu í Reykjavík, en þó var eitt sem tók öllu öðru fram og er mér sérstaklega minnisstætt, en það voru öskudagshátíðarhöldin. Líklegt þykir mér að þau hafi átt rætur að rekja til danskra siða sem fyrr meir voru í heiðri hafðir á Akureyri.*
>
> *Eins og önnur sunnlensk börn hafði ég vanist því að aðalskemmtun öskudagsins væri að láta fólk bera öskupoka sem hengdir voru á það með títuprjónum og til þess að allt væri fullgillt í þeim efnum fengum við stelpurnar alvöru ösku úr skúffunni sem var undir kolavélinni, settum ögn af henni í bréf og stungum í pokana. Þegar fyrstu öskudagurinn okkar á Hjalteyrinni rann upp hafði ég því saumað öskupoka handa drengjunum að sunnlenskum sið og gerði mér far um að hafa þá*



Mynd 3.29: Öskudagurinn var öðruvísi en Soffía átti að venjast.



Mynd 3.30: Voru þetta álfar eða huldufólk? (Gunnar Ragnarsson).

nú úr sem allra skrautlegustu efnum og jafnvel ísaumaða, svo að synir mínir yrðu nú ekki eftirbátar annarra barna í þessu efni. En raunin varð sú að þetta nostur mitt við öskupokasaumaskapinn kom að heldur litlu gangi því hér giltu allt aðrir og tilkomumeiri siðir þennan dag en ég hafði átt að venjast eða hafði gert mér í hugarlund, -og það sem ég sá og heyrði kom mér algjörlega á óvart!

Laust eftir hádegi höfðu drengirnir hengt alla dýrina framan á sig og héldu nú hinir vígalegustu af stað niður í þorpið en ég gekk að glugganum og horfði hreykin á eftir þeim.

En hvað var nú þetta? Þarna bar að nokkuð undarlegt fyrir sjónir; var þetta missýning eða hvað? Ég tók að nudda augun en allt kom fyrir ekki. Í áttina að húsinu mínu gengu pínulítil hjón og leiddust!

Nei, - þetta var engin missýning. – herramaðurinn var í kjólfötum með pípuhatt á höfði og sveiflaði göngustaf sem hann gekk við. Hann var afar hátíðlegur á svipinn.

Daman var klædd í síða kápu og hafði múffu hangandi framan á sér. Hárið var uppgreitt og á höfðinu bar hún skrautlegan hatt með strútsfjöður, - en yfir sér bar hún uppspennta sólhlíf. Alvörusvipurinn sem hvíldi yfir litla andlitinu var slíkur að annað eins hafði ég aldrei áður séð. Litlu hjónin nálguðust nú húsið mitt og þegar ég gætti að sá ég ekki betur en að heil skrúðganga af smávöxnu fólki kæmi upp brekkuna og stefndi heim til mín. Allt var þetta fólk svo fallegt og nett að mér flaug fyrst í hug hvort hér væru á ferð álfar eða huldufólk. Fremst fóru drottning og konungur í skrautklæðum með kórónur og tilheyrandi virðingatákn, síðan kom hirðin einnig mjög skrautbúin.

Mér varð hreint ekki um sel þegar dyrabjöllunni var hringt og með hálfum huga opnaði ég dyrnar. Á tröppunum stóð þetta smávaxna fólk: litlu hjónin, kóngur, drottning og hirðin öll og upphóf nú raddir sínar í hinum fegursta söng. Ég hlustaði hugfangin og horfði á börnin, því vitanlega voru þetta börn úr þorpinu, - þau voru bara svo skrítilega förðuð í framan að sum voru alveg óþekkjanleg. Öll voru þau glaðleg og brostu til mín. Þegar þau höfðu sungið nokkur lög tók eitt barnanna sig út úr hópnum og rétti að mér húfu sem í var eitthvað af súkkulaði, nokkrir brjóstsykurmolar, rúsínur og sitthvað fleira. Ég gapti af undrun og vissi varla hvaðan á mig stóð veðrið – hvað skyldi ég nú eiga að gera?

Í vandræðum mínum fór ég með höndina ofan í húfuna, fékk mér einn súkkulaðimola og fáeinar rúsínur – namm namm sagði ég svo meðan ég gæddi mér á þessu. – þakka ykkur kærlega fyrir! Nú þóttist ég aldeilis vera með á nótunum.

En hvað var þetta? Þegar mér var litið framan í börnin, var sem brosin hefðu verið þurrkuð af andlitum þeirra. Þau gláptu á mig, - undrun og vandlætingu, - jafnvel reiði – mátti sjá í svip þeirra. Loks tók lítil snotur hirðmey til máls með hreint ekki svo litlum alvöruþunga:

- *Ætlar þú að borða betlið okkar?*
- *Ha hvað? Betlið ykkar ?*

- *Já það er betlið okkar sem er í húfunni, og það ert þú sem átt að gefa okkur eitthvað fyrir sönginn, svo skiptum við betlinu á milli okkar – allir fá jafnt!*

Nú hafði mér heldur betur orðið á í messunni,

- *Æe börnin mín, ég bið ykkur að fyrirgefa – þennan leik kann ég bara ekki, ég er nefnilega bara úr öskupokabyggðinni fyrir sunnan.*

Þetta sagði ég fljótmælt til að reyna að bjarga málinu við. Svo flýtti ég mér inn í eldhús, náði í ýmislegt góðgæti og smáaura og lét í húfuna. Nú færðurst aftur bros yfir andlit barnanna sem voru ánægð og sungu aukalag fyrir mig að skilnaði.

Þegar þau lögðu af stað kallaði eitt þeirra til mín:

- *Við ætlum að slá köttinn úr tunnunni klukkan fjögur, ef þú ferð niður á Hó þá geturðu horft á það út um gluggann!*

Eftir það voru þau rokin í burtu til að syngja í næsta húsi, og horfin mér úr augsýn.



Mynd 3.31: "Við ætlum að slá köttinn úr tunnunni niður við "Hó" klukkan fjögur" (Gunnar Ragnarsson).

Ég bjó mig af stað klukkan fjögur – á mínutunni – var ég komin niður á Hó, en Hóið var ekkert annað en hótelið í þorpinu og stóð það niður á eyrinni sjálfri. Veðrið var allgott þennan dag miðað við árstíma og mig minnir að jörð hafi verið svo til auð. Þarna fyrir utan Hóið stóðu þau öll fallegu börnin sem höfðu heimsótt mig fyrr um daginn.

Fyrir framan þau var tunna sem hafði verið bundin upp í staur með kaðli. Tunnan var opin í annan endann og vissi opið niður. Innan í tunnunni hafði kettinum verið komið fyrir, í þessu tilfelli reyndar hrafn sem einhver þorpsbúa hafði tekið að sér að skjóta, því sjálfsagt hefur enginn dauður köttur verið til á staðnum, og nú var leikurinn sem átti að fara að hefjast fólgin í því að slá hann úr tunnunni.

Hófst nú kattarslagurinn. Kóngurinn reið á vaðið og með barefli í hönd sló hann bylmingshögg í tunnuna, en ekkert skeði. Þá rétti kóngurinn bareflið að næsta barni sem gerði slíkt hið sama og tók síðan hvert barnið við að slá í tunnuna. Tunnan nötraði og skalf undan barsmíðinni, því margt þungt högg var henni greitt. Loks kom höggið sem dugði og „kötturinn" datt til jarðar. Sá

sem greiddi úrslitahöggið var sæmdur tignarheitinu „Kattarkóngur“ og hélt þeirri nafnbót í heilt ár. – heyrst hefur að stundum hafi tunnan verið brotin utan af kettinum og sá sem þannig braut í henni síðasta stafinn hafi fengið titilinn „Tunnukóngur“

Börnin og fleiri skemmtu sér konunglega þennan dag sem jafnan var talinn einn skemmtilegasti dagur ársins. Meðan ég dvaldi nyrðra hringdi ég stundum til barna sem áttu heima í sveitinni í kring og bauð þeim til mín til þess að þau gætu tekið þátt í öskudagsgleðinni og alltaf var því tekið með þökkum“

Æskan, 2 tbl. 78 árg., (1977). *Minningar úr Eyjafirði* (bls 3-4).

3.9 HVAÐ ER SÍLDARBRÆÐSLA?

Vinnsla á síldarlýsi og mjöli hófst í upphafi 19. aldar í bæði norður Ameriku og norður Evrópu. Lýsið var nýtt sem orkugjafi en mjölið lítið sem ekkert nýtt. Fyrsta lýsisvinnsla hér á landi var sett upp árið 1910 og var á Siglufirði. Þá var notast við trékör sem fyllt voru af síld og þau síðan hituð með beinni gufun. Vökvasafinn var pressaður frá með dúkapressu og lýsið hirt, en mjölið notað sem áburður.

Ein meginástæða fyrir framleiðlsu á mjöli og lýsi er að þá var verið að nýta hráefni sem ekki var öllu jöfnu hægt að nýta til manneldis. Fiskimjöl er að langmestu leyti nýtt í dýrafóður og reyndar lýsi líka. Með aukningu á fiskeldi í heiminum er mikil eftirspurn nú eftir þessum afurðum í heiminum.

Loðna er nú uppistaðan í hráefni fiskimjölsverksmiðja á Íslandi og hefur verið það alveg síðan síldarstofnarnir hrundu á 7 áratug síðustu aldar. Auk loðnu er einnig um að ræða síld og kolmunna. Síldarbræðsla er feitfiskmjölsframleiðsla. Þar er nýtt mjög feitt hráefni (síld, karfi, loðna).


Við framleiðslu á fiskimjöli eru þrír megin þættir fisksins aðskildir, það er; vatn, þurrefni og olía. Vökvinn í heild er pressaður úr fiskinum og úr vökvanum er svo olían(lysið) unnin frá með skilvindum. Sá vökvi sem þá er eftir, gufar að mestu leyti upp áður en lokaafurð verður til.

Eftir að skipið kemur með aflan að verksmiðjuhöfninni byrjar ferillinn. Fyrsta skref er að dæla upp aflanum frá skipinu og í nútímabræðslu eru notaðar stórar fiskidælur sem dæla sjó í lest skipanna og soga svo fiskinn með sjónum til baka og upp í þrær verksmiðjanna. Að því loknu hefst vinnsluferillinn sjálfur. Úr geymsluþróm fer síldin/hráefnið í sjóðara eða nú til dags í forhitara sem forhitar hráefnið í um 50°c. En í sjóðara er hráefnið hitað að 90 – 95°c. Með forhitun er í raun verið að drepa bakteriur sem kunna að vera til staðar í hráefninu. Við hitunina losnar um fituna og vatnsfasan í fiskinum. Sjóðari er láréttur stór sívalningur með snigli sem gengur eftir honum endilöngum og færir hráefnið áfram. Utan um bæði sívalninginn og þá snigilinn er gufukápa sem hitar hráefnið upp.

Frá sjóðaranum fer hráefnið í forsíu þar sem megnið af vökvanum síast frá þurrefninu áður en það fer í pressuna. Pressan er með tveim skrúfum sem snúa hvor á móti annarri. Þær liggja lárétt og eykst þrýstingurinn eftir því sem hráefnið færist innar í pressuna þar sem skrúfurnar fara mjókkandi. Hráefnið pressast svona áfram á milli skrúfanna en vökvinn lekur niður í gegnum sigti og í safntank, með þeim vökva sem kom frá í forsíunni áður. Þurrefnið er kallað pressukaka og heldur áfram. Nú er fituinnihaldið í henni komið niður í um það bil 4-5% en raki er ennþá um 50% Þetta er það sem á eftir að verða megininnihaldsefni í fiskimjölinu. Þetta er þó einungis um 30% af fiskinum, því hitt er það sem var pressað frá og er kallað pressuvökvi, fita og vatn að mestu leyti. Nú er sá vökvi hitaður upp í c.a 98°c og settur í mjölskilvindu. Hún er byggð með tveim láréttum tromlum sem hafa mismunandi þvermál. Fasta efnið festist á veggi þrengri tromlunnar en vökvinn pressast út í bilið á milli þeirra. Þaðan fer vökvinn svo í gróf og síðan fínskilvindur, en fasta efnið er skafið úr veggjum tromlunnar og fer í þurrkara. Þarna er algengt að fasti hlutinn sé kallaður hrat en vökvinn soðlýsi. Aftur er lýsið hitað að 98°c áður en það fer í fleiri skilvindur sem skylja lýsið frá soðinu. Soðið fer síðan í eimingu þar sem 70% vökvans er eimað frá en lýsið heldur áfram að lýsisskilvindum. Nú fer lýsið í fínskiljun þar sem allar leifar af óhreinindum og vatni eru síaðar frá og er þá innan við 0,5% vatnsleifar í lýsinu sjálfu. Lýsinu er síðan safnað í geymslutanka og er tilbúið í dreifingu.

Þegar kemur að þurrkun mjölsins eru nú aðallega notaðir gufu og loftþurrkarar. Í Hjalteyrarverksmiðjunni og mörgum af eldri verksmiðjunum voru notaðir eldþurrkarar. Nútímaþurrkarar afkasta mun meiru, eru öruggari, hagkvæmnari í rekstri og umhverfisvænni. Í raun er þurrefnið sett í þurrkarann sem er lítið rými með snúningsrótor, þar verða til aðstæður fyrir mikil og hröð loftskipti. Snerting pressukökunnar

(hráefnisins) og þurrkloftsins eru mjög mikil og veldur mjög hraðri uppgufun vatnsins úr kökunni. Ferðatími mjölsins í gegnum þurrkun er að meðaltali um 10 mínútur, lofthitinn er allt að 300 – 400°c í upphafi en endar í 65-70°c. Þegar mjölið kemur úr þurrkun er það um 10°c kaldara en lofthitinn í þurrkaranum eða um 50°c. Nú er mikilvægt að kæla mjölið hratt til að ekki safnist fyrir raki í mjölinu er það kólnar. Köldu lofti er því blásið eftir mjölstraumnum sem kælir það niður og minnkar rakainnihaldið. Peningalyktin svokallaða sem fylgdi síldarverksmiðjunum kom við þessa kælingu, sem var mjög nauðsynleg til að auka floteiginleika mjölsins sem gerði alla meðhöndlun þess mun auðveldari en ella. Næsta skref er að sigta mjölið og fíni hluti þess heldur áfram en stærri kornin fara í kvarnir sem mylja það niður í smærri korn svo allt mjölið sé eins.



Mynd 3.32: Vinnslurás fiskimjölsverksmiðju. (Vefur Matís).

Lýsið var/er notað í ýmis konar húð og snyrtivörur, til dæmis í Nivea handkrem var notað síldarlýsi, eins í málningu og olíulökk ýmissonar, smávélaolíur s.s á saumavelar og fl. Mjölið frá íslenskum fiskimijölsverksmiðjum er nánast alltaf svo kallað háægðamjöl sem má nota til manneldis. Það fer þó mest í fiskifóðurverksmiðjur til dæmis í Noregi og einnig í gæludýrafóður og til íblöndunar við annað dýrafóður.

3.10 Síldin farin?

Já síldin var farin og það var ekki nein von til þess að nokkurn tíman yrði brætt meira af henni á Hjalteyrinni. Verskmiðjustjórinn réði sig í Kísiliðjuna, vélasamstæður voru seldar úr verksmiðjunni og smátt og smátt varð Hjalteyrin að draugaþorpi sem mátti muna sinn tíma betri. „Það hvín í glerlausum gluggatóttum, þar sem áður var malað gull“ voru fyrirsagnir blaðanna og vísað þar til þess ástands sem var á Hjalteyrinni um 1970 – 1980. Jói Björns hélt samt áfram að versla í Pétursbúsinu og mótorskellirnir í trillunum hljómuðu í logninu þegar menn reyndu sig við sjálfsþurftarútgerðina. Einstaka maður var á sveimi, einn stóð hokinn yfir bláum bala og gerði að rauðmaga, leit upp og bölvaði lágt „fari það í logandi heitasta....“ sagði hann en hélt svo áfram og hengdi loks upp grásleppuna á spotta framan við skúrinn sinn. Það var alltaf eins og annar heimur þarna inni í skúrnum með þessari sérkennilegu lykt af bæði olíu, sjó og salti. Jú og einstaka sinnum fengum við krakkarnir að sniglast í kringum hann og smakka bæði bútung og bolsíu.

Húsin voru að tæmast af fólki á Hjalteyrinni enda eðli flestra að færa sig nær björginni. Á Hjalteyri var ekki neina vinnu að fá svo best var að koma sér í burtu. Verðlausar eignirnar voru skildar eftir. Þorpið

sem hafði jú verið það annað stærsta við Eyjaförð nokkrum áratugum áður fór nú hnignandi. Júlli keyrði samt börnin úr sveitinni áfram í Hjalteyrarskólan og tók meira í nefið en nokkru sinni fyrr. Við hin löbbuðum upp brekkuna í skólann, dúðuð upp fyrir haus svo lítil að við varla stóðum upp úr stærstu sköflunum í endurminningunni, með skólatösku á bakinu sem oftar en ekki var vel við vöxt. Einhvern vegin finnst manni þetta allt samt hafa verið svo miklu betra en aðstæður eru í dag.

3.11 SPYRNT VIÐ FÓTUM

BARNAHEIMILI 1972

Richardshúsið á Hjalteyri stóð autt allt þar til 1972. Richardshúsið var byggt árið 1938 af Kveldúlfi hf. Sem íbúðarhús/dvalarstaður fyrir framkvæmdastjóra Kveldúlfs og fjölskyldu hans Richard Thors. Húsið sem er um 500 fm var með aðstöðu fyrir þjónustufólk, stórum tvöföldum bílskúr og ægifagurt útsýni yfir Eyjafjörðinn og Hjalteyrina. Einar Gíslason og Beverly kona hans settu upp barnaheimili í Richardshúsinu sumarið 1972. Til stóð í upphafi að þau tækju við barnaheimili sem staðsett var á Flateyri en af því varð ekki og því barnaheimili var lokað. Þau leituðu á náðir Landsbankans sem þá hafði með eignir Kveldúlfs að gera og settu upp þetta barnaheimili. Starfið var kristilegt og var það sem kallað var „Köllunarstarf". Fjármunir til reksturs þessa heimilis voru ekki alltaf miklir en engu að síður var það rekið í um 9 ár. Sum börnin af heimilinu sóttu skóla í Hjalteyrarskóla á vetrum en á sumrin var eðlilega margt annað að gera. Þeir sem muna eftir þessum rekstri nefna að Einar hafi oft þurft að treysta á Guð sinn og sagt þá „Guð borgar" sem og hann gerði oftast, þó stundum hafi þurft að bíða eftir greiðslunni.

Í Barnablaðið 1. apríl 1979 skrifar Einar tvær greinar. Önnur þeirra er um veiðiferð sem hann fór með stráka af barnaheimilinu niður á Hjalteyrina. Með í för var drengur sem hafði komið til þeirra daginn áður auk annarra drengja. Þrjár stengur höfðu þeir, allar með 12 punda spúnum sem gljáðu í sólskininu. Einar segir í greininni að hann hafi hvatt þá óspart að kasta af öllu afli svo spúnarnir færu sem lengst frá landi. En skyndilega kom spúnn svífandi og lenti beint á milli augna á Einari, svo gleraugun hans brotnuðu í tvennt og hann féll við. Annað glerið mölbrotnaði og lenti í auganu á honum.

> *„Er ég þuklaði með fingrinum í augnakróknum kemur út glerflaga og hinum megin úr auganu kom önnur með tækjum á. Ég byrjaði að lofa Guð. Stuttu eftir fórum við aftur að veiða og veiddum stóra og fallega þorska. Við veiddum meira en nóg. Er við komum heim var sett saltupplausn í augað á klukkutíma fresti þann daginn. Mánuði seinna er ég fór til augnlæknis til að fá ný gleraugu tjáði læknirinn mér að ekkert sæist á auganu."*

Einar tók þessu sem tákni að hann skyldi treysta betur Guði sínum og heldur áfram*;*

> *„Um kvöldið er ég lagði mig til svefns talaði Drottinn við hjarta mitt og sagði, „Einar heldurðu að Ég geti ekki séð um fjármálin, eins og ég get séð um auga þitt". Ég bað Drottin að fyrirgefa mér. Jú auðvitað, Richardshús var ekki mitt starf. Það var starfið Hans. Drottinn hafði kallað okkur til starfa inn í Sitt starf. Drottinn er fær um að fjármagna sitt starf."*

HJALTEYRARPLAST 1974

Nýjir tímar kölluðu á nýjar áherslur. Fólkið á Hjalteyri tók hverju sem að því var rétt fagnandi og þegar fréttir bárust af að Sana á Akureyri hyggðist setja á fót plastversksmiðju til framleiðslu á umbúðum og fl. Sáu menn í hyllingum bjartari tíma. Um áramótin 1973-4 var svo stofnað hlutafélagið Hjalteyrarplast til að hefja þessa framleiðslu og framkvæmdastjóri ráðinn Gunnar Aðalsteinsson. Formaður stjórnar þessa félags var Ásmundur Jóhannsson hdl, auk hans voru eigendur og stjórnendur Gunnar Sólnes þáverandi lögfræðingur landsbankans á Akureyri, bræðurnir Baldur og Magnús Þórissynir og Guðmundur Eiðsson. Til stóð að framleiða ýmislegt úr plasti, ekki einungis umbúðaplast eins og rætt var um í upphafi heldur, vatns og rafmagnsrör, plastbrúsa, ljósakúpla, handlampa og margt fleira.

Gömlu rannsóknarstofurnar, kaffistofur og vaktherbergi við gömlu síldarverksmiðjuna voru teknar á leigu undir plastverksmiðjuna, Það húsnæði lagfært og endurbætt og keyptur inn vélakostur frá Danmörku. Verksmiðjan hóf svo framleiðslu strax vorið 1974. Samningar voru gerðir við Reykjafell í Reykjavík um sölu á framleiðslu verksmiðjunnar þar en þar að auki var ráðinn sölufulltrúi í Kaupmannahöfn. En allt kom fyrir ekki.


Strax í upphafi var ljóst að þessi rekstur gengi mjög illa. Ítrekað var reynt að fá inn fleiri aðila til að leggja félaginu meira hlutafé þar á meðal sveitarfélagið en þegar það gekk ekki var þetta skuldum vafða

fyrirtæki á hraðleið í gjaldþrot einungis 3 árum eftir stofnun þess, þegar það var loks selt Helga Jónssyni í Garðabæ. Skammgóður vermir varð af stofnun þess á Hjalteyrinni og enn og aftur enga vinnu að fá.

HJALTEYRI - DRAUGAÞORP TIL SÖLU ÁRIÐ 1977

„Heilt þorp til sölu“ segja fyrirsagnir blaðanna – *„Hjalteyri Draugaþorp til sölu“* segir á öðrum stað og lýsingarnar ekki fallegar.

> *„Húsin á Hjalteyrinni standa auð og sálarlausir gluggar þeirra gapa á móti manni eins og augntóttir, síldarplönin eru auð og þar hljóma ekki lengur glaðvær köll eða hlátrar unga fólksins við vinnu sína. Enn síður er þar slegið upp böllum á kvöldin, og ekkert spennandi heyrist úr rökkrinu inni í verbúðunum“.*



Mynd 3.33: "Tóftin" brunarústir mjölskemmanna, myndin er tekin árið 1977.

Þetta er brot af hvernig þessi söluvara Landsbankans var kynnt væntanlegum kaupendum sínum í dagblöðum og tímaritum árið 1977. Til sölu vöru allar eignir Kveldúlfs hf á Hjalteyri, auk jarðanna Grímstaða, Ytri-Bakka, Bragholts og Skriðulands, var um að ræða Síldarverkmiðjuna sjálfa og húsakost hennar, stóra steypta lýsisgeyma, gamlar bryggjur, gistihús auk margra gamalla íbúðarhúsa niður á Hjalteyrinni sjálfri sem og íbúðarhús í brekkunni ofan við hana. Eins voru til sölu hús verksmiðjustjórans Ásgarður og Richardshús. Í niðurlagi auglýsingar frá bankanum segir *„Þótt Hjalteyri sé niðurnídd og harla óhrjálegt um að litast á sjálfu verksmiðjusvæðinu og hið næsta því, getur staðurinn átt sér framtíð“*

En vill einhver kaupa slíka eign? Hvert er verðmæti draugaþorps í niðurníðslu? Vill einhver eiga eign með sálarlausum gluggum gapandi á mann eins og tómar augnatóttir?

Mikil blaðaskrif voru um sölu á Hjalteyrinni og þau tilboð sem í hana bárust. Ekki voru allir á eitt sáttir hvernig staðið var að þessari sölu og vildu margir meina að bankinn hefði vísvitandi haldið fólki frá því að byggja eitthvað upp á Hjalteyri, með það fyrir augum að Arnarneshreppur myndi kaupa að lokum og að KEA hefði haft þar meira að segja en gefið var upp.

Í 11 ár hafði ekkert gerst á Hjalteyri utan þess sem að ofan er greint. Nú var komið vilyrði fyrir hafnaraðstöðu og árið 1977 var byrjað á þeim framkvæmdum. Þegar tilboðin voru opnuð kom í ljós að borist höfðu um 30 mismunandi tilboð. Sum þeirra tóku til einstakra húsa og jarða meðan önnur voru stærri og tóku til allra húseignanna á Hjalteyrinni.

Þegar hér var komið við sögu var það orðið opinbert að KEA hafði sýnt áhuga á að hjálpa heimamönnum við uppbyggingu á Hjalteyri ef af yrði að sveitarfélagið eignaðist Hjalteyrina alla og húseignirnar. Sumir höfðu á orði að fullreynt væri einkaframtakið, ný skyldi reynt við samvinnustefnuna.

Eftirfarandi bókun er dagsett 25. ágúst 1977 í stjórn KEA;

> *„Í tilefni af erindi Arnarneshrepps varðandi hugsanleg kaup hreppsins á eignum landsbanka Íslands á Hjalteyri, lýsir stjórn KEA því yfir, að hún telji æskilegt að Arnarneshreppur eignist lóðir og mannvirki á þessum stað og mun hún taka til vinsamlegrar athugunnar í samvinnu við sveitarfélagið hvort grundvöllur finnist fyrir einhvern atvinnurekstur á þessum stað, ef að kaupunum verður.“*

Tilboð hreppsins var sent inn daginn áður en tilboðsfrestur rann út og náði til allra eignanna.

Eftir að tilboðin voru opnuð 1. september 1977 leið langur tími þar til ákvarðanir voru teknar í Landsbankanum. Þar var um áramót ákveðið að taka þeim tilboðum sem bárust jarðirnar en óska eftir nýjum tilboðum í aðrar eignir. Að lokum var nýju tilboði hreppsins upp á 52 milljónir króna tekið og samningar þess lútandi undirritaðir á Akureyri 25. mars 1978. Á almennum hreppsfundi þann 11. júní 1978 kom fram að Landsbankinn hafði tekið tilboði hreppsins sem var 18 milljónum króna hærra en

næsta tilboð, á þeim forsendum að fyrir lægi krafa náttúruvernarráðs um að eignin yrði öll hreinsuð og þau hús sem grotnað höfðu niður á þeim tíma sem Landsbankinn hafði átt eignina yrðu rifin.

Þannig má segja að eignin hans Friðriks á Bakka var búin að margfaldast í verði en eins og áður segir hafði hann sagt að hann seldi aldrei Hjalteyrina undir 30.000 kr. Þess ber þó að geta að Arnarneshreppur keypti þarna einungis húseignir, bryggjur og verksmiðjuna auk húseigna upp í brekkunni. Jarðirnar sem auglýstar voru með, voru seldar öðrum. Land á Hjalteyri fylgdi ekki með en hreppurinn keypti það seinna.

KEA SETUR UPP FISKVERKUN OG VERSLUN. LAND OG SYNIR 1980



Mynd 3.34: Siggi Sigurjóns og hundurinn Týri við tökur á Landi og sonum á Hjalteyri árið 1979.

En nóg af neikvæðum fréttum, nú að árunum eftir 1978. Það var rólegur stígandi, jákvæð þróun og stigin skref til uppbyggingar á nýjan leik. Hafnargarðurinn reis frá 1977 – 1980. Við krakkarnir á Hjalteyri upplifðum Hjalteyrina breytast í kvikmyndaver, þegar fyrsta alvöru íslenska bíómyndin var tekin upp að hluta til á Hjalteyri sumarið 1979. Eðlilega máttum við þá ekkert vera að því að hanga heima eða gera eitthvert gagn því að við fylgdumst agndofa með þegar Siggi Sigurjónsson labbaði um framan við „Fjósið“ hans Balda gamla, með hendur í vösum og sparkaði í stein á götunni, líka þegar hann var látinn labba svona aftur, og aftur. Eins þegar þessi líka flotti gamli bíll kom aftur og aftur fyrir hornið á Gamla hótelinu og sprengdi þessi lifandis ósköp. Seinna var maður dressaður upp í sitt fínasta púss til að fara í bíó með bæði afa og ömmu inn á Akureyri og í hléinu maulaði maður Lindukrembrauð og drakk Sinalco.




Mynd 3.35: Nonni er starfsmaður hjá KEA" skrifar Dagur árið 1985. Á myndinni er Jón R. Jónsson frá Litla-Dunhaga.

En það var meira að gerast, það var til dæmis opnað inn í Íshúsið og þar rutt til og lagað, klætt á veggi og fleira. Eins var suðurendanum í Miklagarði breytt í verslun KEA sem opnaði 15. desember 1980. Þá voru um það bil þrjú ár síðan Jóhannes Björnsson í Sólgarði hafði hætt verslunarrekstri á Hjalteyri eftir áralangan verslunarrekstur þar, fyrst fyrir Hafnarbúðina á Akureyri en einnig í eigin nafni. Eftir að KEA opnaði verslun afgreiddi þar til að byrja með Sólveig nokkur Jóhannsdóttir. Verslunin varð samkomustaðurinn þar sem fólkið kom að sjá hvort annað, spjalla og sækja póstinn. Seinna sá um þessa verslun Bertha Bruvik kennari úr Hjalteyrarskóla og að lokum Bára Magnúsdóttir á Ytri-Bakka. En Bára keypti að lokum verslunina af KEA og rak hana sjálf til ársins 1994

Flest íbúðarhúsin voru seld aftur og um 1981 var búið aftur í öllum húsum á brekkunni utan eins. Hreinsunin sem lofað var náttúruverndarráði hófst og segja sumir að hún hafi verið of mikil. Gömlu húsin sem stóðust þessa hreinsun fengu upplyftingu og standa nú reisuleg sem minnisvarði um það sem var en einnig það sem er á Hjalteyri í dag. Bryggjurnar voru hreinsaðar í burtu sem ekki voru taldar nýtilegar, neglt fyrir gluggalausar augntóttirnar, grútarlyktin fór að hverfa smátt og smátt auk alls þess járnadrasls og óþverra sem hafði safnast upp á Hjalteyrinni í áratugi.

KEA stóð við stóru orðin og kom af stað atvinnu aftur á Hjalteyrinni. Fyrst var það fiskmóttaka í tengslum við nýja hafnargarðinn og var þá nýtt Íshúsið gamla til að ganga frá þeim fiski sem landað var

og hann síðan sendur til Dalvíkur. Þessi verkun þróaðist áfram og var þá farið að nýta gömlu fiskihjallana sem reistir höfðu verið neðan við verksmiðjuna af Kveldúlfi um 30 árum áður. Þegar verð hækkuðu á skreið til Ítalíu jukust mjög þessi umsvif KEA og voru þá fjöldi manns í vinnu, bæði úr þorpinu sjálfu og



Mynd 3.36: Tóftin yfirbyggð og aftur færist líf í tuskurnar á Hjalteyrinni árið er 1989..

sveitinni í kring. Ekki var það þó nóg því að ítalíu-skreið varð að verka á milli frosts og flugu sem kallað er, en það þýðir að fiskurinn má ekki frjósa í hjallinum og verður að vera orðinn nokkuð þurr áður en flugur fara að sveima á vorin. Hjallar voru reistir á Grandanum vegna þessa en hentugast til þurkunar er þar sem sjávarloftið nær að leika um fiskinn. Til að fylla upp í annan tíma á árinu var farið að þurrka fiskhausa á Hjalteyrinni og skapaði það á endanum atvinnu fyrir um 15 ársverk að meðaltali. Íshúsið sem var jú elsta húsið á Hjalteyri byggt 1885 var dubbað upp, lagfært og málað og fékk nýtt nafn. Nú hét það Fiskhús!

Arnarneshreppur stóð fyrir þessum hreinsunum sem áður voru nefndar en einnig fyrir því að stóru mjölskemmur Kveldúlfs hf. voru lagaðar og gerðar upp. Þessar risastóru skemmur höfðu staðið þaklausar og borið þess minjar um hvað hafði gerst í bruna þeirra 1954. Talið var að þær hefðu brunnið út frá rafmagni. Árið 1987 er stofnað á Hjalteyrinni hlutafélagið Fiskeldi Eyjafjarðar hf. Framkvæmdastjóri þess var Ólafur Halldórsson. Hugmyndir hans gengu út á að þróa á Íslandi upp framleiðslu á lúðu til manneldis. Slíkt hafði verið reynt í Noregi áður en ekki verið þróað mikið meira. Á Hjalteyri eru kjöraðstæður fyrir fiskeldi. Dýpið í firðinum er eitt það mesta um 85 – 100 metrar rétt utan við fjöruborðið. Sterkir straumar renna eftir sjávarbotninum og þennan sjó sótti Fiskeldi Eyjafjarðar í. Það var komið upp litlum kofa til að byrja með inni í mjölhúsinu sem í daglegu tali var þá kallað tóft. Þarna var komið fyrir stórum kerjum, dælt í þau sjó og þar úti voru settar stórlúður sem sóttar voru til Breiðafjarðar.

Árið 1988 var sett þak á Tóftina og henni skipt í 2 hluta. Annan hlutan fékk Fiskey undir lúðueldið og var það lagt fram sem hlutafé frá Arnarneshreppi í þetta nýja fyrirtæki. Hinn hlutinn var gerður að fiskvinnsluhúsi sem var svo leigt til KEA og síðar dóttufélags KEA sem kallað var Snæfell.

NOKKRIR HJALTEYRINGAR

JÚLÍUS LARSEN

Hann Júlli okkar Larsen var ógleymanlegur einstaklingur, ekta Hjalteyringur, Eyfirðingur og vinur okkar krakkanna. Já ég þori að segja þetta þar sem þeir sem kynntust Júlla náðu að kynnast barngóðum karli sem hafði gaman af því sem hann starfaði við og naut þess að vera til einhvers, eins og hann sjálfur orðaði það við mig eftir að ég var kominn á fullorðinsár.

Júlli átti það til að urra framan í krakkana og hundskamma þá ef þeir gerðu eitthvað sem honum var ekki að skapi. Hann sagði þá „Böööö“, tók svo oftar en ekki upp snýtuklútinn sinn og hreinsaði tóbakslækinn sem alltaf var á leiðinni niður á höku. Júlli var einstæður karl sem hafði gaman af ferðalögum og naut þess að segja manni frá þeim og hvernig hann sá Hjalteyrina breytast aftur og aftur á þeim tíma sem hann átti heima á og í nágrenni hennar.

Sigurður Júlíus Larsen var fæddur 1919 að Einarstöðum í Kræklingahlíð. Júlli sagði að hann og Hjalteyrin ættu svipaða sögu. Föðurafi hans var norskur síldakaupmaður sem kom til Íslands en staldraði stutt við, líklega ekki nema eitt sumar. Amma Júlla vann þá hjá þessum manni sem hét Johannes Larsen. Foreldrar Júlla voru Anton Johannes Larsen og María Rannveig Kristjánsdóttir. Þau bjuggu á Djúpárbakka en móðir hans fékk berkla árið 1929 og fór þá á Kristneshælið. Við það kom rót á fjölskylduna, systkini hans Guðrún Þorgerður og Kristján voru send á sitthvorn bæinn og Júlli þann þriðja. Júlli sagði að hann hefði verið þetta skiptið sendur í Bitru og verið þar, þar til foreldrar hans fluttu að Árbakka sem nú telst til Lönguhlíðar í Glerárhverfi á Akureyri.

Árið 1934 flutti Júlli á Ytri-Bakka og var þar vinnumaður hjá Jóni Ólafssyni og Hansínu Gísladóttur. Hann fór þó fljótt að starfa einnig hjá Kveldúlfi hf og var til dæmis að vinna við bygginguna á verksmiðjunni. Eftir að bræðslan fór af stað bjó Júlli áfram á Ytri-Bakka en starfaði við verksmiðjuna

jafnhliða þann tíma ársins sem hún starfaði. Hann flutti til Hjalteyrar ásamt Óla á Bakka (Ólafi Ólafssyni) árið 1959, þá fyrst í norðurenda „Ægisgarðs“ þar sem þeir bjuggu nokkur ár. Seinna bjuggu þeir í „Litla Húsinu“, áður en Júlli flutti aftur í „Ægisgarð“ þá suðurendan árið 1967 og bjó þar til þess tíma að hann fór á hjúkrunarheimilið Kjarnalund árið 2006.

Hjá Kveldúlfi fór hann fljótlega að keyra vörubíl, sem Júlli kallaði jafnan „Trukkinn“, það var aldrifsbíll sem honum líkaði vel við. Bíllinn var gamall Chevrolet hertrukkur. Þegar skólinn var byggður 1947 var ákveðið að hreppurinn myndi sjá um skólaakstur barnanna úr sveitinni og Júlli var ráðinn sem skólabílstjóri haustið 1948. Hann keyrði þá á gömlum „Caryall“ sem hann sagði að hefði verið „handónýt bíldrusla“ sem hreppurinn keypti til verkefnisins. Hann stóð því fyrir því að keyptur var „almennilegur“ bíll. Sá bíll var Ford, 24 manna með tréhúsi. Þegar sá bíll var keyptur var ákveðið að setja af stað sérleið á milli Akureyrar og Hjalteyrar og gekk hún til margra ára alla virka daga ársins. Þetta var mikið notað af íbúum Hjalteyrar og þótti hin mesta búbót.

Draumabílinn fékk Júlli árið 1960. Reo Studebaker 1954 árgerð, húddari með tveim afturhásingum og Benz 352 mótor og stýrið hægra megin. Þetta er sá bíll sem við flest munum eftir Júlla á. Hann sjálfur átti hlut í bílnum,sem var breytt mikið að hans tilsögn (og annarra). Bíllinn var settur á tvær hásingar, byggt yfir húddið og fjölgað sætum, stýrið fært til vinstri o.s.fr. Á þessum bíl fór hann að keyra yfir sumartíman í fjallaferðir sem hann hafði mikla unun af sem og að ferðast yfirleitt og naut sín því mjög í þessum ferðum. Hann hætti að keyra skólakrakka þegar Hjalteyrarskólinn lagðist niður árið 1990, eða eftir 42 ár í starfi. Júlli sá um póstinn til Hjalteyrar með áætlunarferðunum sem áður eru nefndar og síðar tók hann að sér póstinn í sveitinni. Júlli var 87 ára gamall þegar hann flutti frá Hjalteyri og í Kjarnalund, en þar lést hann 4 apríl 2011.

AGNAR HALLDÓR ÞÓRISSON – AGGI TÓTA

Agnar var annar sannur Hjalteyringur sem vert er að minnast á. Agnar var fæddur á Hjalteyri 13. ágúst 1925. Foreldrar hans var Þórir Sigurbjörnsson og móðir hans Pálína Björg Pálsdóttir. Agnar var einungis 7 ára þegar hann missti móður sína en ólst upp í Knútshúsinu hjá föður sínum og ömmu sinni Jórunni. Knútshúsið var þá tvískipt á milli þeirra bræðra, Þóris og Axels Sigurbjörnssona. En þeir bræður gerðu þá út bát frá Hjalteyri og voru með sjóbúð fram í fjörunni framan við Knútshúsið.

Í viðtali við Agnar sem tekið var af Óla G, fyrir Dag haustið 1990 lýsti Agnar því hvernig var að alast upp á Hjalteyrinni, segir að leiksvæðið hafi verið fjaran og það strax orðið hans uppáhaldsstaður. Það er því ekki að furða að sjórinn hafi orðið Agnari að ævistarfsvettvangi. Hann var ungur farinn að hjálpa til við útgerðina hjá föður sínum og frænda og talaði oft um það að hann hafi nú ekki fengið eins langa grunnskólagöngu og ungdómurinn væri að fá. Þess má geta að hann fór fjóra vetur í grunnskóla upp á Reistará (Grund) gangandi og oft í vondum veðrum. Hann sagðist þó hafa notið þess að vera í skólanum og lært þar að vel að meta söng, en Árni Björnsson kennari lagði mikla áherslu á að hver dagur hæfist og lyki á söng. Agnar var líka alla tíð söngelskur og söng í kirkjukórnum í áratugi og hafði mjög gaman af.

Agnar lauk síðan vélstjórnarnámi og vann við verksmiðju Kveldúlf hf auk þess sem hann fór snemma á sjó en eins og fyrir marga aðra á Hjalteyrinni varð fyrsta launaða starfið hjá Kveldúlfi hf, þó ekki tengt síld heldur að breiða saltfisk. Næst var það árabátaútgerð sem ungir bræður þeir Agnar og Sigurbjörn hófu og gerðu út á handfæri. Agnari þótti gaman að segja frá þessum tímum og bætti við að það hafi ekki þótt tiltökumál í þá daga þó að strákatittir hafi farið að stunda sjóinn. Eftir að verksmiðjan hóf rekstur 1937 fór Þórir faðir Agnars að vinna þar en Axel bróðir hans hélt áfram að róa. Agnar réri með honum þá nokkurn tíma. Agnar vann einnig í verksmiðjunni, fór á síld og á togara að vetrum. Þá var nóg af fallegum fiski sagði Agnar og sló saman lófunum. –„Togaralífið var oft á tíðum erfitt en gefandi þegar vel gekk“ sagði hann.

Agnar gifti sig 1950, kona hans var Sigríður Gísladóttir frá Grímsgerði í Fnjóskadal. Þau eignuðust 7 börn en Sigga eins hún var kölluð lést frá barnahópnum 1974. Þá voru börnin þeirra á aldrinum 7 – 23 ára, fimm drengir og tvær stúlkur. Agnar sagði að börnin hafi verið hörkudugleg og öll hjálpast að. –„ elsta dóttir mín tók að sér heimilð, við vorum samhent og allt hefur bjargast.“

Árið 1957 keypti Agnar dekkbát sem hann nefndi Vísi. Hann átti hann með Karli Sigurðssyni á Hjalteyri og var hann gerður út í 13 ár frá Hjalteyri. Agnar var þó undir það síðast einn með hann. Útgerðin gekk vel og sagði hann að á þessum árum hefði verið „fallegur fiskur um allan sjó“. Þennan bát seldi Agnar til Keflavíkur árið 1970 og fékk sér trillu. Þess má reyndar geta að áður (1952) hafði Agnar látið smíða trillu

sem hann svo seldi fljótt aftur. Eftir að hafa átt tvær trillur á jafnmörgum árum frá 1970 – 1972 varð það úr að hann keypti aftur gömlu trilluna sem hann hafði látið smíða fyrir sig 20 árum áður.

> *„Þetta hentaði mér miklu betur, þennan bát þekkti ég vel, botninn breiður og fór vel í sjó og því gat ég sótt sjóinn þó slæmt væri í sjó og öldurót". – „Ég gat líka rennt trillunni bara upp í fjöruna og athafnað mig þannig í hafnleysinu sem var hérna"* sagði hann.

Í lok viðtalsins sagði hann;

> *„Þann 10 desember set ég upp og fer að dytta að Vísi gamla. Í febrúar verðum við aftur tilbúnir í slaginn. Þegar vorar koma brottfluttir frændur og vinir til Hjalteyrar til að gera út á handfæri og línu. „Þá færist líf yfir víkina maður minn haha". Mitt líf er sjómennska og vorbjört nótt á Eyjafirði við línuveiði í góðu fiskeríi er hámark tilverunnar."*

Agnar lést þann 28 nóvember 2005.

FISKEY

Fiskeldi Eyjafjarðar var stofnað á Hjalteyri vorið 1987. Framkvæmdastjóri þess var lengst af Ólafur Halldórsson. Ég var sjálfur ráðinn til starfa hjá Fiskey árið 1998. Fyrirtækið var þá að stíga frá því að vera tilraun yfir í að verða loksins að arðbærri fjárfestingu mjög svo þolinmóðra hluthafa þess. Ólafur Halldórsson var frábær yfirmaður, vinur okkar allra og kom fram við allt starfsfólkið sitt af vinsemd og virðingu. Árið 1998 hafði í fyrsta skipti tekist að magnframleiða lúðuseiði í stöðinni. Bjartsýni og kapp auk stöðugrar þróunnar einkenndi þessi fyrstu ár mín hjá þessu fyrirtæki. Ólafur lærði líffræði og síðar fiskifræði við Háskólan í Bergen og starfaði síðan sem sérfræðingur hjá Hafrannsóknarstofnun Íslands frá 1982 til þess tíma að hann kom að stofnun Fiskeldis Eyjafjarðar. Þegar hann var í námi í Noregi var þar mikill uppgangur í fiskeldi, þó aðallega í laxeldi. Hann sagði þó að hann hafi aldrei haft mikinn áhuga fyrir laxeldinu en aftur því meiri áhuga á eldi sjávarfiska.



Mynd 3.37: Hrognin sótt, á myndinni eru starfsmenn Fiskey, Birgir Kristjánsson og Óli Þór Jóhannsson.



Mynd 3.38: Fiskeldi Eyjafjarðar h.f.

Norðmenn fóru af stað með rannsóknir og tilraunir á slíku eldi á 9 áratugnum og sagði Ólafur að hann hafi fylgst með þeim af áhuga enda talið að þarna væri eitthvað á ferðinni sem væri hægt að heimfæra á Íslenskar aðstæður. Eftir að hafa ígrundað þetta vel kynnti hann þessar hugmyndir fyrir athafnamönnum í Eyjafirði og samstarfsmanni sínum Erlendi Jónssyni hjá Hafrannsóknarstofnun. Það varð úr að þeir tveir skrifuðu skýrslu um hvernig þeir töldu að unnt væri að hefja þróun á eldi sjávarfiska á Íslandi. Hafró hafði á þessum tíma verið að prófa sig áfram með eldi á lúðu á Reykjanesi, smálúður höfðu verið veiddar, komið fyrir í kerjum og fóðraðar. Þar var þó um að ræða þróun á eldi á lúðu en Óli og Elli, vildu prófa sig áfram með framleiðslu á seiðum og ala þau svo upp. Í upphafi var gerð tilraun í eitt ár á Hjalteyri. Markmiðið með tilrauninni var að sjá hvort hægt væri að nýta aðstæðurnar, kanna umhverfið, sjávarhita, seltustig svifdýrum var safnað o.s.fr. Einnig voru gerðar athuganir með aðstöðu á Hjalteyrinni og nýtingu á þeim mannvirkjum sem þar voru til staðar.

Haustið 1987 var safnað smálúðum og þeim komið fyrir í kerjum til fóðrunar. Eftir aðalfund næsta vor var ákveðið að halda áfram og samið við Arnarneshrepp um kaup á 1000 fm skemmu, hluta af gömlu mjölgeymslum Kveldúlfs, þaklausum sem brunnið höfðu árið 1954. Arnarneshreppur og Fiskey létu setja

þak yfir allar byggingarnar og helmingur þeirra var svo lagður inn í Fiskeldi Eyjafjarðar sem hlutafé. Fyrstu ár Fiskey voru starfsmenn 2 – 3, lúðan kom inn í hús á Hjalteyri haustið 1988 og strax árið eftir fengust hrogn. Hrognin voru frjógvuð, urðu að kviðpokalirfum en það náðist ekki að koma þeim alla leið að seiðum þetta fyrsta ár. Næsta ár hrygndi einungis einn fiskur en það tókst engu að síður að frjógva þau hrogn, koma þeim yfir kviðpokastig og í startfóðrun. Slík fóðrun er mjög viðkvæm fyrir þroskan áfram en tvö seiði lifðu af þetta árið. Fyrstu lúðuseiði sem klakin voru í fiskeldisstöð á Íslandi. Þess má geta að stöðin var ein af tíu fyrstu stöðvum í heiminum þar sem slíkt hafði tekist.



Mynd 3.39: Seiðasalur Fiskey.

Eitt af því sem einkenndi Fiskeldi Eyjafjarðar umfram aðrar lúðustöðvar var sú hugmynd þeirra félaga að rugla fiskinn í ríminu ef svo má kalla. Fiskeldisstöðin Ölunn hafði ekki gengið sem skyldi á Dalvík og stóð tóm eftir gjaldþrot. Hún var þá eign Byggðarstofnunar sem Óafur fór og ræddi við á þessum tíma og fékk hana gegn hlutafé inn í rekstur Fiskey. Klakfiskurinn var svo færður út á Dalvík þar sem honum var skipt upp í 3 hópa. Hverjum hóp var svo stýrt með ljósum svo að mismunandi ársstími var í hverjum hóp. Þetta þýðir einfaldlega að hermt var eftir sólarljósum og dagspirtu með tölvuforritum og ljósum á þann hátt að á meðan birtan yfir einu kerinu var eins og í apríl, var birta yfir öðru keri eins og í júlí og því þriðja eins og í febrúar. Svona tókst að fá í raun þrjá hrygningarhópa á ári. Með þessu var hægt að hraða allri þróun fyrirtækisins heldur en að vera með einn hóp á ári og þurfa að bíða svo aftur í 12 mán eftir næstu hrygningu.

Hugmyndir Ólafs Halldórssonar sem kallaður var á þessum tíma „lúðupabbi“ voru þær að það yrði að þróa á Íslandi matfiskeldi á lúðu. Eftir að við náðum að magnframleiða hana á árunum í kringum 2000 þá hafði hann uppi hugmyndir um að margfalda framleiðsluna en jafnframt yrði Fiskey að vera stór aðili í framleiðslu á matfisk. Það kom á daginn aftur á móti að lúðan er mjög hægvaxta fiskur og kannski var þolinmæði ákveðinna hluthafa að bresta eftir arðsemi á fjárfestingunni. Hluthafar vildu frekar fara þá leið að selja seiði til dæmis til Noregs og fá þannig fyrr inn í rekstur fyrirtækisins veltufé frá rekstrinum en ella. Matfiskeldisstöð var engu að síður sett upp í Þorlákshöfn og þangað fór meðal annarra fyrstu tvö seiðin sem framleidd voru árið 1990. Þau hlutu reyndar nöfnin Dóri og Kobbi, eftir Jakob Jakobssyni þáverandi forstjóra Hafrannsóknarstofnunnar og Halldóri Ásgrímssyni þáverandi sjávarútvegsráðherra.

Lúða er einn dýrasti fiskur sem hægt er að kaupa og verð á henni oft í miklum hæðum. Sem matfiskur er hún mjög vinsæl, en veiðar á lúðu eru orðnar svipur hjá sjón sem hann var. Þegar mest var voru veidd um 10.000 tonn af lúðu í Atlantshafi. Nú eru veidd um það bil 1.500 – 2.000 tonn af Atlantshafslúðu og ferð stöðugt minnkandi. Oft er verð á eldislúðu á markaði um þrefallt verð á eldislaxi.

Stjórn Fiskeldis Eyjafjarðar tók þá ákvörðun árið 2001 að leggja áherslu á framleiðslu seiða til sölu beint frá Hjalteyrarstöðinni og minnka áherslur fyrirtækisins á matfiskeldi. Stuttu síðar hætti Ólafur Halldórsson sem framkvæmdastjóri og tók þá við sem slíkur Birgir Kristjánsson. Eftir stuttan tíma í starfi var ráðinn framkvæmdastjóri Arnar Jónsson, haffræðingur að mennt sem starfað hafði hjá fyrirtækinu sem stöðvarstjóri á Hjalteyri. Seiðin streymdu frá Hjalteyrarstöðinni út um allar trissur, aðallega til Noregs, en einnig til Canada, þar sem Fiskey reyndar átti stóran hlut í lúðueldisfyrirtæki Scotian Halibut í Nova Scotia. Einnig voru seiði seld til Skotland og jafnvel alla leið til Kína.

Ljóst var að ekki var allt sem áður í framleiðslunni árið 2007 og 2008. Framleiðslan gekk illa og ítrekað voru efiðleikar við svokallaða startfóðrum. Það var ljóst að ekki væri hægt að standa við gerða sölusamninga á seiðum og tap óhjákvæmilegt. Fiskeldi Eyjafjarðar varð gjaldþrota árið 2011. Ótrúleg tilraun, hafði náð að verða að veruleika, blómstra, fölna og falla saman. Eitthvað sem hljómar svo kunnuglega í sögu Hjalteyrar.

SAMHERJI LOKAR – VERSLUN LOKAR

Verslun á Hjalteyri hafði nánast verið samfelld frá 1884 þegar KEA setti upp verslun í suðurenda Miklagarðs 1980. Við þau umskipti var ákveðið að færa saman pósthúsið og verslunina og var þar rekin svokölluð bréfhirðing af Pósti og Síma. Hjalteyringarnir notuðu verslunina sem ákveðna félagsmiðstöð,

þar kom fólkið að sækja póstinn sinn, hitta náungan og versla lítilsháttar. Fjarlægðin til Akureyrar styttist stöðugt á þessum tíma með bættum samgöngum, bundið slitlag á 44 km veg á milli Akureyrar og Dalvíkur kom árið 1983. Uppgangstími var reyndar á Hjalteyrinni á þessum tíma enda átti nú að reyna að spíta í lófana. Ingimar Brynjólfsson oddviti lísti því í viðtali á þessum tíma að langt væri síðan hjólin hefðu snúist eins á Hjalteyrinni sem þá. En allt kom fyrir ekki, stórmarkaðir með lágu vöruverðin tóku smátt og smátt viðskiptin af litlu kaupmönnunum á horninu og eins gerðist í sjávarþorpunum við Eyjafjörð. KEA lokaði verslunum víða og eins á Hjalteyrinni. Bára Magnúsdóttir keypti þá af þeim verslunina og rak hana sjálf í nokkur ár þar til fullreynt var með slíkan rekstur lokaði verslunin árið 1994. 110 ára samfelld verslunarsaga leið þar með undir lok.

Útgerðardeild KEA var einnig tekin undir hagræðingarhnífinn og úr varð sameining við fiskverkunarfyrirtæki við fjörðin undir nafni Snæfells hf. Snæfell hélt áfram að reka skreiðarverkunina á Hjalteyri og uppistaðan í framleiðslunni var hausaþurrkun á Nígeríumarkað. Enn og aftur var það hagræðingin að verki þegar Samherji keypti Snæfell hf. Gott vörumerki og góð framleiðsla á Hjalteyri náði ekki að keppa við hraðþurrkaða hausa annarstaðar. Þegar hagræðingahnífurinn fór enn og aftur á loft um 2005 var útséð með reksturinn á Hjalteyri og öllu skellt í lás. Fólkinu sagt upp störfum og lyklunum skilað til hreppsins.

HVAÐ ER NÆST?


Við verðum nú að vona að þau sprotafyrirtæki sem veitt hefur verið aðstaða á Hjalteyrinni nái að blómstra og dafna og vonandi er næsti kafli bjartsýniskafli uppbyggingar og verndunar litla þorpsins á Hjalteyrinni.


4 GREINING

4.1 SKIPULAGSSAGA HJALTEYRAR

Á nokkrum uppdráttum er dregin upp tilgáta um þróun byggðar á Hjalteyri út frá söguágripinu hér að framan.




Hjalteyri 1918
Thorsteinshús
Jónshús 1903
Oddhús 1884
Syðri-Oddi -
Pálshús/Sigtryggshús
Brekka 1918
Þýskuhús 1906
Bræðraborg
Templarinn
Sigurðarhús
Möllershús
Pakkhús 1918
Pöntunarhús
Langiskúr 1913
Thorshús/Hótel 1914
Smiðja
Gula búð
Péturshús 1918
Friðrikshús 1903
Íshús (Búðin) 1884
Litla hús 1897
Gamla hótel 1900
Rauða hús 1909
Wallenshús
Knútshús 1887
Sæborg 1918
N
0 50 100 150


Hjalteyri 1950
Arnarholt 1942
varðstöð breska hersins 1941
varðstöð breska hersins 1941
skotturn 1941
Jónshús 1903
Grímsstaðir
Hvammur 1937
Salthús Árna Jóns 1920
Breski herinn
Eyrarbakki
Oddhús 1884
Svartoliugeymar 1949
Syðri-Oddi - Pálshús/Sigtryggshús
Richardshús
Brekka 1918
Hjalteyrarverksmiðja
Hlíð
Kveldúlfsbraggi
Bræðraborg
Wallenshús
Templarinn
Pakkhús 1918
Pöntunarhús
Langiskúr 1913
braggar
Sigurðarhús
Möllershús
Thorshús/Hótel 1914
Smiðja
Gula búð
Péturshús 1918
Friðrikshús 1903
Ishús (Búðin) 1884
Litla hús 1897
Gamla hótel 1900
Rauða hús 1909
Knútshús 1887
Ægisgarður
Bjarnargarður
Einarshús (Hátún)
Sólgarður
Arnargarður
Mikligarður
Brekkuhús 3, Vésteinshús
Ásgarður
Brekkuhús 2
Brekkuhús 1
Hjalteyrarskóli 1948
Sæborg 1918
N
0 50 100 150


Hjalteyri 2015
Arnarholt 1942
Hvammur 1937
Eyrarbakki
Frístundahús 4
Frístundahús 3
Frístundahús 2
Frístundahús 1
Richardshús
Ás
Bræðraborg
Templarinn
Systrakot
Sigurðarhús
Möllershús
Ægisgarður
Bjarnargarður
Einarshús (Hátún)
Sólgarður
Arnargarður
Mikligarður
Hjalteyrarskóli 1948
Lýsisgeymar 1937-1939
Vitinn 1920
Verksmiðjuhús 1937
Kaffihús
Thorshús/
Hótel 1914
Péturshús 1918
Friðrikshús 1903
Búðagata 5
Gamla hótel 1900
Knútshús 1887
Brekkuhús 3
Vésteinshús
verbúðir
Ásgarður
Brekkuhús 2
Brekkuhús 1
N
0 50 100 150


4.2 LOFTMYNDIR LANDMÆLINGA ÍSLANDS

Þróun byggðar á Hjalteyri undanfarin 40 ár samkvæmt loftmyndum.

Heimild: Loftmyndasafn Landmælinga Íslands á www.lmi.is/landupplysingar/loftmyndasafn.



Mynd 4.1: Árið 1976. (Landmælingar Íslands).



Mynd 4.2: Árið 1980. (Landmælingar Íslands).




Mynd 4.3: Árið 1986. (Landmælingar Íslands).




Mynd 4.4: Árið 1998. (Landmælingar Íslands).


4.3 ALDUR HÚSA



4.4 BYGGINGAREFNI



4.5 BYGGINGARSTÍLL



Í húsaskrá er flokkun húsa nokkuð ítarlegri en á yfirlitsmyndinni. Hér eru áþekkir flokkar litaðir í sama lit til einföldunar.

5 NIÐURSTAÐA

5.1 MATSAÐFERÐ

Matsþættir eru grófmetnir og fá einkunn +, 0 eða – sbr. eftirfarandi útskýringar.

Byggingarlist: Menningarsaga: Umhverfi: Upprunaleiki: Ástand:	+ Hátt gildi, gott, jákvætt 0 Meðalgildi, hlutlaust, á ekki við - Lágt gildi, slæmt, neikvætt
Varðveislugildi:	Sjá kafla 5.2.

Þessir þættir eru metnir út frá einföldu mati og vettvangsskoðun. Ekki er gerð frekari grein fyrir upprunaleika eða ástandi. Könnunin nær ekki til innirýma, ástands eða breytinga innanhúss. Útihús og skúrar eru ekki tekin til mats. Ekki er lagt mat á ástand glugga og þaks nema slæmt ástand sé mjög áberandi. Matinu ber að taka með fyrirvara.

Mat á byggingarlist byggist samanburði við dæmigerðar frumgerðir í sambærilegum stíl. Stílgerðir eru ákveðnar út frá leiðbeiningum um byggða- og húsakannanir frá Húsafriðunarnefnd, ágripi íslenskrar húsagerðarsögu fram til 1970 (Guðmundur Hafsteinsson) og Íslenskri byggingararfleifð I (Hörður Ágústsson). Í húsagerðum á Hjalteyri endurspeglast ákveðin alþýðumenning og það hvernig íslenskir húsameistarar tileiknuðu sér og aðlöguðu alþjóðlega strauma og húsatískur.

5.2 VARÐVEISLUGILDI BYGGINGA


Varðveislugildi einstakra húsa er metið á eftirfarandi hátt:

	Friðlýst hús
2	Hús með hátt varðveislugildi
1	Hús með miðlungs varðveislugildi
0	Hús með lágt eða ekkert varðveislugildi

Varðveislumat fer hér eftir mjög grófum mælikvarða. Fyrst og fremst er tekið mið af byggingarlist húsanna og stöðu þeirra í umhverfinu. Í dönsku Save-aðferðinni[1] sem víða er nýtt við bæja- og húsakannanir eru innan þessara flokka (sjá litamerkingar) þrjár til fjórar einkunnir – þ.e. einkunnaskalinn er í 11 þrepum auk merkingar fyrir friðaðar byggingar.

- Hús með hátt varðveislugildi fá einkunnina 2 (hátt gildi). Það eru 9 hús niðri á Eyrinni. Til greina kæmi að setja sérákvæði um þau í deiliskipulagi. Þessi hús eru ekki friðlýst en njóta friðunar vegna aldurs í samræmi við ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012.
- Nokkrar byggingarnar á svæðinu eru með miðlungs varðveislugildi 1. Vel gerð og þokkaleg hús, sem eru sæmilega óbrengluð og þaðan af betri fá einkunnina 1 (miðlungs).
- Hús, sem fá lágt mat, gildi 0 (lágt eða ekkert varðveislugildi) eru í felstum tilvikum einfaldar nútímabyggingar, einfaldur módernismi, sem þróaðist út úr fúnksjónalisma 4. áratugar 20. aldar. Húsagerðin er algeng og almenn en felur ekki í sér listræna mótun eða sérstöðu á neinn hátt. Verksmiðjuhúsin eru sett í þennan flokk enda felst verðmæti þeirra í notagildi og sögu. Öll þessi hús eru verðmæt sem hluti heildar.
- Nýjustu húsin eru ekki metin sérstaklega. Nokkur þeirra eru hluti áhugaverðra heilda.


[1] Kulturministeriet, Kulturarvsstyrelsen 2011


Varðveislugildi
Varðveislugildi
2 Hátt
Friðað vegna aldurs
1 Miðlungs
0 Lágt eða ekkert
Ekki metið
N
0 50 100 150

5.3 VARÐVEISLUGILDI HÚSARAÐA OG HEILDA

Staða húsaraða, heilda eða götumynda er metin skv. eftirfarandi flokkun (útlína utan um heildir):

	Einstök húsaröð, götumynd eða heild. Hátt varðveislugildi.
	Samstæða húsa eða heild. Miðlungs varðveislugildi
	Athyglisverð húsaröð eða heild.



Langflest húsanna á athugunarsvæðinu eru hluti heildar og skipta máli fyrir umhverfi sitt og götumynd. Heildir og samstæður eru merktar þar sem einhverjir drættir í umhverfinu gera heildina áhugaverðari, fallegri eða sérstakari en almennt gerist.

5.4 TILLAGA UM VERNDARÁKVÆÐI

Lagt er til að í deiliskipulagi Hjalteyrar verði heildir og húsaraðir skv. uppdrætti í kafla 5.3 afmarkaðar og sett ákvæði sem tryggja samræmi og styrkingu þeirra. Einnig verði þar sett ákvæði um varðveisluverðar byggingar sem stuðli að því að breytingar, endurbætur og aðliggjandi nýbyggingar styrki þau einkenni og verðmæta eiginleika sem liggja til grundvallar varðveislumati, þ.e. stíl, gerð og samhengi. Þetta má gera annars vegar með hverfisvernd gömlu byggðarinnar og hins vegar með afmörkun „verndarsvæðis í þéttbýli“ sem þá tæki til nokkuð stærra svæðis.

6 HÚSASKRÁ

Í húsaskrá er gerð grein fyrir fyrirliggjandi gögnum um byggingar s.s. um byggingarár, hönnuð/smið, byggingarefni o.þ.h. Lagt er mat á stöðu húsanna og gildi og enn fremur greint frá sögu þeirra eftir því sem tilefni er til. Húsaskrá miðast við göturnar Brekkuhús, Hjalteyrarbraut, Tjarnargötu, Búðargötu og Hvammsveg auk stakra húsa. Gerð er grein fyrir næstu húsum utan athugunarsvæðisins. Einnig er fjallað um horfin hús og tengist sá kafli vel söguágripi í fyrri hluta húsakönnunarinnar.

Víða vantar upplýsingar um einstök atriði. Þess er vænst að þeir sem hafa upplýsingar, fróðleik og gögn, sem að gagni gætu komið og bætt húsakönnun þessa komi þeim til höfunda t.d. um skrifstofu sveitarfélagsins og verður húsaskráin uppfærð og/eða leiðrétt eftir því sem efni standa til. Nýjar útgáfur verða settar á vef Hörgársveitar og Minjastofnunar.

6.1 BREKKUHÚS

Uppi á brekkunni eru tvær götur norður frá Hjalteyrarbraut. Í drögum að deiliskipulagi er gert ráð fyrir að þær muni tengjast saman og verða samfelld húsagata. Hér er miðað við þá áætlun og að gatan öll heiti Brekkuhús, eins og neðri gatan í dag.

Kveldúlfur hf byggð þrjú hús fyrir verkamenn sína við „neðri götuna“ á Hjalteyri árin 1942-1943. Húsin eru parhús með tveim íbúðum í sitthvorum enda. Verkamenn Kveldúlfs hf með ársvinnu bjuggu í húsunum meðan þeir störfuðu fyrir verksmiðjuna. Eftir að verksmiðjan hætti eða um 1978 keypti Arnarneshreppur allar þessar eignir af Landbankanum og framseldi þær. Húsin við efri götuna eru nýrri, frá 1948-1950. Tvö þeirra, Mikilgarður og Ægisgarður, eru einnig parhús en á milli þeirra eru þrjú hús byggð eftir sömu teikningu.

Þessar tvær húsaþyrpingar mynda hvor sína heild eða götumynd við mjóa húsagötu. Þessar heildir hafa visst gildi þar sem visst samræmi er í húsagerðum og byggingarstíl. Flest eru húsin brekkuhús þar sem landhalli er talsverður og jarðhæð húsanna er niðurgrafin að hluta eða öllu leyti að ofanverðu.

MIKLIGARÐUR, PARHÚS — BYGGINGARÁR 1948



Byggingarstíll	Einfalt nútímahús	**Helstu breytingar**	**Hönnuðir breytinga**
Hönnuður/smiður		Járnklæðing	
Upphafleg notkun	Íbúðarhús		
Byggingarefni	Steinsteypa		
Klæðning	Járnklæðini (trapisa)		
Þakgerð	Einhalla		
Þakklæðning			

SÖGUÁGRIP

Mikligarður eru byggður af Kveldúlfi hf. árið 1948. Í húsinu eru 4 íbúðir og hýstu á sínum tíma verkamenn verksmiðjunnar sem ráðnir voru þar til heils árs eða meira, sem og fjölskyldur þeirra. Eins voru leigð út í húsinu einstaka herbergi til þeirra verkamanna sem réðust til starfa hjá Kveldúlfi. Þegar Landsbankinn eignaðist allar eignir Kveldúlfs á Hjalteyri voru leigjendur í þessum íbúðum. Árið 1978 keypti Arnarneshreppur allar þessar eignir af bankanum og framseldu þær flestar aftur og yfirleitt þá til þeirra sem höfðu leigt þær áður af bankanum. Haustið 1980 tók KEA á leigu neðri hæð suðurenda hússins og settu þar á fót verslun. Fyrst var hún opin 2 tíma að morgni og 2 tíma seinnipart. Fyrsti verslunarstjóri hjá þeim var Sólveig Jóhannsdóttir. Seinna breyttist opnunartíminn í 4 tíma á dag frá 14:00 – 18:00. Bertha Bruvik sá um hana stuttan tíma en síðan Bára Magnúsdóttir á Ytri-Bakka. Hún keypti að lokum verslunina af KEA og rak hana allt til áramóta 1994 – 1995. Eftir það lagðist af verslunarrekstur á Hjalteyri.

NÚVERANDI STAÐA

Húsið er í ágætu ástandi. Í því eru 4 íbúðir. Skjólveggir og dýrabúr við vesturhlið hafa neikvæð áhrif á umhverfi hússins.

UMHVERFI

VARÐVEISLUMAT

Byggingarlist	0	
Menningarsaga	0	
Umhverfi	0	
Upprunaleiki	0	Breytt
Ástand	+	Gott
Varðveislugildi	0	Hluti heildar

ARNARGARÐUR BYGGINGARÁR 1950



Byggingarstíll	Einfalt nútímahús	**Helstu breytingar**	**Hönnuðir breytinga**
Hönnuður/smiður			
Upphafleg notkun	Íbúðarhús		
Byggingarefni	Steinsteypa		
Klæðning	Múrhúðað, málað		
Þakgerð	Einhalla		
Þakklæðning			

SÖGUÁGRIP

Arnargarður er byggður 1949-1950 af Ragnari S. Halldórssyni og Valgerði Albertsdóttur konu hans, ásamt Sigurði Halldórssyni bróður hans. Þau bjuggu í húsinu eftir það. Eftir andlát þeirra bræðra bjó í húsinu Gunnar Ragnarsson ásamt Valgerði móður sinni. Gunnar Ragnarsson tók fjölda mynda á Hjalteyri á áratuga tímabili. Stór hluti ljósmynda sem prýða til dæmis þessa húsakönnun eru fengnar úr ljósmyndasafni hans. Hann býr nú á hjúkrunnarheimili á Akureyri.

NÚVERANDI STAÐA

Arnargarður er nú í endurgerð og kemur til með að verða nýtt sem frístundahús.

UMHVERFI

VARÐVEISLUMAT

Byggingarlist	0	
Menningarsaga	0	
Umhverfi	0	
Upprunaleiki	+	
Ástand	+	Gott
Varðveislugildi	0	Sem hluti af heild

SÓLGARÐUR — BYGGINGARÁR 1948





Byggingarstíll	Einfalt nútímahús	**Helstu breytingar**	**Hönnuðir breytinga**
Hönnuður/smiður	Jóhannes Björnsson		
Upphafleg notkun	Íbúðarhús		
Byggingarefni	Steinsteypa		
Klæðning	Múrhúðað, málað		
Þakgerð	Einhalla		
Þakklæðning			

SÖGUÁGRIP

Sólgarður er byggður 1947 af Jóhannesi Björnssyni. Jóhannes var lengi smiður hjá Kveldúlfi hf. en varð fyrir því óláni að slasast við bryggjusmíði á Hjalteyri og gat eftir það lítið sinnt smíðastörfum. Hann tók þá að sér verslunarstjórn á Hjalteyri fyrir Hafnarbúðina á Akureyri. Árið 1967 yfirtók hann þann rekstur og rak verslunina sjálfur eftir það, fyrst niður á Hjalteyri en seinna í kjallaranum á Sólgarði.

NÚVERANDI STAÐA

Húsið sem er í ágætu ásigkomulagi er nú nýtt sem íbúðarhús.

UMHVERFI

Húsið er við austanverða götuna, syðst þriggja húsa sem byggð eru eftir sömu teikningu.

VARÐVEISLUMAT

Byggingarlist	0	
Menningarsaga	0	
Umhverfi	+	
Upprunaleiki	+	
Ástand	+	Gott
Varðveislugildi	0	Hluti af heild

EINARSHÚS, (HÁTÚN) BYGGINGARÁR 1948





Byggingarstíll	Einfalt nútímahús
Hönnuður/smiður	Einar Jónasson
Upphafleg notkun	Íbúðarhús
Byggingarefni	Steinsteypa
Klæðning	Múrhúðað, málað
Þakgerð	Einhalla
Þakklæðning	

Helstu breytingar	**Hönnuðir breytinga**
Breyttir gluggar	

SÖGUÁGRIP

Einarshús eða Stínuhús (Hátún) er byggt árið 1948 af Einari Jónassyni og Kristínu Margréti Kristjánsdóttur. Kristín var dóttir Kristjáns Pálssonar á Ytri-Bakka og bjuggu þau hjón ásamt foreldrum hennar í Sæborg til margra ára. Kristín og Einar fluttu til Reykjavíkur og seldu húsið sem var þá nýtt í mörg ár sem frístundahús.

NÚVERANDI STAÐA

Einarshús er núna íbúðarhús við miðja götuna austanverða og er eitt af þrem húsum sem byggt er eftir sömu teikningu.

UMHVERFI

VARÐVEISLUMAT

Byggingarlist	0	
Menningarsaga	0	
Umhverfi	+	
Upprunaleiki	+	
Ástand	+	Gott
Varðveislugildi	0	Hluti af heild

BJARNARGARÐUR (BJÖRNSHÚS) BYGGINGARÁR 1948





Byggingarstíll	Einföld nútímabygging
Hönnuður/smiður	Björn Jónsson
Upphafleg notkun	Íbúðarhús
Byggingarefni	Steinsteypa
Klæðning	Bárujárn
Þakgerð	Einhalla
Þakklæðning	

Helstu breytingar	**Hönnuðir breytinga**
Breyttir gluggar	
Járnklæðning	

SÖGUÁGRIP

Húsið er byggt 1948 af Birni Jónssyni. Húsið var nefnt eftir honum og jafnan kallað Björnshús. Húsið var nýlega klætt utan með bárujárni og bætt einangrun. Henning Jóhannesson og Guðrún Gísladóttir bjuggu í húsinu í nokkur ár en Henning var með útgerð á Hjalteyri. Þau fluttu seinna til Grímseyjar.

NÚVERANDI STAÐA

Húsið er í góðu ásigkomulagi en er núna nýtt sem frístundahús.

UMHVERFI

Húsið er yst af þremum húsum sem byggð eru eftir sömu teikningu þar.

VARÐVEISLUMAT

Byggingarlist	0	
Menningarsaga	0	
Umhverfi	+	
Upprunaleiki	-	
Ástand	+	Gott
Varðveislugildi	0	Hluti af heild

ÆGISGARÐUR, PARHÚS — BYGGINGARÁR 1948





Byggingarstíll	Einfalt nútímahús	**Helstu breytingar**	**Hönnuðir breytinga**
Hönnuður/smiður	Ægir Sæmundsson og Sæmundur Kristjánsson		
Upphafleg notkun	Íbúðarhús		
Byggingarefni	Steinsteypa		
Klæðning	Múrhúðað, málað		
Þakgerð	Einhalla		
Þakklæðning			

SÖGUÁGRIP

Húsið er byggt árið 1947 af Ægi Sæmundssyni og Sæmundi Kristjánssyni sem bjuggu í húsinu. Um er að ræða parhús með 2 íbúðum. Húsið er steinsteypt hús sem múrað var utan með skeljasandi. Seinna bjó í suðurenda hússins Júlíus Larsen hópferðabílstjóri. Hann lét klæða sinn enda á húsinu steni klæðningu. Húsið er tveggja íbúða parhús.

NÚVERANDI STAÐA

Húsinu hefur verið vel viðhaldið og ástand þess gott. Frágangur/litaval er ósamstæður.

UMHVERFI

Húsið stendur yst í efri hluta Brekkuhúsa að austanverðu, útsýni er gott yfir Eyjafjörð. Skúrar og viðbyggingar eru við norðurgafl.

VARÐVEISLUMAT

Byggingarlist	0	
Menningarsaga	0	
Umhverfi	+	
Upprunaleiki	+/0	
Ástand	+/0	
Varðveislugildi	0	Hluti af heild

BREKKUHÚS 1, PARHÚS — BYGGINGARÁR 1942





Byggingarstíll	Einfalt nútímahús	**Helstu breytingar**	**Hönnuðir breytinga**
Hönnuður/smiður	-	Breytt gluggagerð	
Upphafleg notkun	Íbúðarhús	Viðbygging við norðurgafl.	
Byggingarefni	Steinsteypa		
Klæðning	Múrhúðað, málað		
Þakgerð	Valmaþak		
Þakklæðning	Bárujárn		

SÖGUÁGRIP

Eitt af þrem parhúsum sem Kveldúlfur hf lét byggja fyrir verkamenn sína við „neðri götuna“ á Hjalteyri. Eins og hin húsin er um að ræða parhús með tveim íbúðum í sitthvorum enda. Verkamenn Kveldúlfs hf með ársvinnu bjuggu í húsunum meðan þeir störfuðu fyrir verksmiðjuna. Eftir að verksmiðjan hætti eða um 1978 keypti Arnarneshreppur allar þessar eignir af Landbankanum og framseldu þær. Tvær íbúðir eru í hverju húsi og árið 1944 bjuggu þarna vélstjórar verksmiðjunnar. Í suðurenda voru þá Viggó og Hulda Jensen og í norðurenda hússins Sævar Björnsson og Valborg Jónasdóttir kona hans. Lengstum bjuggu í húsinu Karl Sigurðsson og fjölskylda í suðurenda þess og Magnús Árnason og fjölsk. Í norðurenda og síðar sonur hans Árni Magnússon og hans fjölsk.

NÚVERANDI STAÐA

Ástand hússins gott, ósamstæður frágangur/litaval.

UMHVERFI

VARÐVEISLUMAT

Byggingarlist	0	
Menningarsaga	0	
Umhverfi	+	
Upprunaleiki	+	
Ástand	+	
Varðveislugildi	0	Hluti af heild

BREKKUHÚS 2, PARHÚS — BYGGINGARÁR 1942





Byggingarstíll	Einfalt nútímahús	**Helstu breytingar**	**Hönnuðir breytinga**
Hönnuður/smiður	-	Breyttir gluggar	
Upphafleg notkun	Íbúðarhús		
Byggingarefni	Steinsteypa		
Klæðning	Múrhúðað, málað		
Þakgerð	Valmaþak		
Þakklæðning	Bárujárn		

SÖGUÁGRIP

Eitt af þrem parhúsum sem Kveldúlfur hf lét byggja fyrir verkamenn sína við „neðri götuna“ á Hjalteyri. Eins og hin húsin er um að ræða parhús með tveim íbúðum í sitthvorum enda. Verkamenn Kveldúlfs hf með ársvinnu bjuggu í húsunum meðan þeir störfuðu fyrir verksmiðjuna. Eftir að verksmiðjan hætti eða um 1978 keypti Arnarneshreppur allar þessar eignir af Landbankanum og framseldu þær. Tvær íbúðir eru í hverju húsi og árið 1944 bjuggu þarna vélstjórar og verkamenn verksmiðjunnar. Í suðurenda voru þá Stefán Halldórsson og kona hans Kristín Eggertsdóttir ásamt Kristínu Sigurðardóttur. Í norðurenda hússins Jósteinn og Hildur Sölvberg ásamt fjölskyldu. Lengstum bjuggu í húsinu Agnar Þórisson ásamt fjölskyldu sinni í suðurenda þess og Brynjar Ragnarsson og Rósa Guðrún Jónsdóttir og fjölsk. Í norðurenda þess. Gatan var á þessum árum kölluð „Milljón“ og þeir sem bjuggu þar nefndir „Silki-húfurnar“. Þess má geta að á tímabili bjó í norðurenda þessa hús Leó Guðlaugsson og kona hans Soffía. Leó var byggingarmeistari hjá Kveldúlfi en flutti til Reykjavíkur um 1950.

NÚVERANDI STAÐA

Ástand þessa húss er gott.

UMHVERFI

VARÐVEISLUMAT

Byggingarlist	0	
Menningarsaga	0	
Umhverfi	+	
Upprunaleiki	+	
Ástand	+	
Varðveislugildi	0	Hluti af heild

BREKKUHÚS 3, VÉSTEINSHÚS — BYGGINGARÁR 1943





Byggingarstíll	Einfalt nútímahús
Hönnuður/smiður	-
Upphafleg notkun	Íbúðarhús
Byggingarefni	Steinsteypa
Klæðning	Múrhúðað, málað
Þakgerð	Valmaþak
Þakklæðning	Asbest klætt

Helstu breytingar	**Hönnuðir breytinga**
Bluggum breytt að hluta	

SÖGUÁGRIP

Húsið er byggt um 1942 af Kveldúlfi hf. Húsið er jafnan nefnt Vésteinshús en Vésteinn Guðmundsson verkfræðingur bjó í húsinu en hann réðist sem slíkur til Kveldúlfs árið 1941 og starfaði við verksmiðjuna til 1967 að hann tók við Kísiliðjunni í Mývatnssveit. Vésteinn varð verksmiðjustjóri á Hjalteyri árið 1947 – 1967. Húsið er eitt af þrem parhúsum sem Kveldúlfur hf lét byggja fyrir verkamenn sína við „neðri götuna“ á Hjalteyri. Eins og hin húsin er um að ræða parhús með tveim íbúðum í sitthvorum enda. Verkamenn Kveldúlfs hf með ársvinnu bjuggu í húsunum meðan þeir störfuðu fyrir verksmiðjuna. Eftir að verksmiðjan hætti eða um 1978 keypti Arnarneshreppur allar þessar eignir af Landbankanum og framseldu þær. Tvær íbúðir eru í hverju húsi og árið 1944 bjuggu þarna verkfræðingar verksmiðjunnar og verksmiðjustjórinn. Í suðurenda þess bjó þá Sveinn Sigurður Einarsson vélaverkfræðingur og verksmiðjustjóri Kveldúlfs á Hjalteyrinni ásamt Aðalheiði Guðmundsdóttur konu sinni og fjölskyldu þeirra. Í norðurendanum var þá Vésteinn Guðmundsson efnaverkfræðingur og fjölskylda hans.

NÚVERANDI STAÐA

Húsið er parhús með tveim íbúðum í sitthvorum enda, vel við haldið og í góðu ásigkomulagi. Gluggum í suðurenda hefur verið breytt. Húsið er einfalt í formi og óvenju stílhreint.

UMHVERFI

VARÐVEISLUMAT

Byggingarlist	0	Stílhreint hús
Menningarsaga	0	
Umhverfi	+	
Upprunaleiki	+	
Ástand	+	
Varðveislugildi	1	Hluti af heild

6.2 HJALTEYRARBRAUT

Hjalteyrarbraut (vegnr. 812) er aðalgata Hjalteyrar og liggur frá Ólafsfjarðarvegi niður að hafnarsvæðinu. Vegurinn er flokkaður sem héraðsvegur í vegaskrá Vegagerðarinnar.Frá veginum er aðkoma að Hjalteyrarskóla, Ásgarði, kaffihúsinu á Eyrinni og gömlu síldarverksmiðjunni. Húsagöturnar Brekkuhús, Tjarnargata og Búðagata tengjast Hjalteyrarbraut.

Aðkoman að Hjalteyri er sérstök þar sem vegurinn stefnir á háa brekkubrún og ekkert nema hafið sést framundan fyrr en nær dregur og og vegurinn sveigir niður brekkuna til norðurs og verksmiðjan kemur í ljós.

ÁSGARÐUR — BYGGINGARÁR 1939





Byggingarstíll	Fúnksjónalismi, breytt
Hönnuður/smiður	-
Upphafleg notkun	Íbúðarhús
Byggingarefni	Steinsteypa
Klæðning	Múrhúðað, málað
Þakgerð	Valmaþak
Þakklæðning	Bárujárn

Helstu breytingar	**Hönnuðir breytinga**
Stækkaðir gluggar á austurhlið. Þak endurnýjað og þakskeggi breytt. Svalir á suðurgafli	

SÖGUÁGRIP

Ásgarður er byggður 1938 af Kveldúlfi hf. Húsið sem sagt var um 500 m^2 og rúma 18 herbergi var byggt sem íbúðarhús verksmiðjustjóra fyrirtækisins á Hjalteyri, Pétur Jónasson, og í rauninni „gjöf“ til hans fyrir dygga þjónustu um áratugaskeið. Pétur hafði stjórnað allri starfsemi Kveldúlfs á Hjalteyri síðan 1915. (Guðmundur Magnússon, 2005).

NÚVERANDI STAÐA

Ásgarður var gerður mikið upp um 1990 – 2000, húsið er einbýlishús og nú síðustu 20 árin bjó þar Jóhannes Hermannsson fv. skólastjóri Hjalteyrarskóla, oddviti Arnarneshrepps og verkstjóri á Hjalteyri.

UMHVERFI

Húsið er annað af tveim húsum sem Kveldúlfur lét reisa árið 1938 uppi á brekkubrúninni ofan við Hjalteyrina. Hitt húsið er mjög svipað Ásgarði og er nefnt Richardshús eftir Richard Thors. Ásgarður er við Hjalteyrarbraut og er útsýni þaðan mikið yfir Eyjafjörð, Hjalteyrina og inn til Akureyrar.

VARÐVEISLUMAT

Byggingarlist	0	Stílhreint hús
Menningarsaga	0	
Umhverfi	+	
Upprunaleiki	0	
Ástand	+	
Varðveislugildi	1	

6.3 TJARNARGATA

Tjarnargata liggur til norðurs í brekkurótinni frá Hjalteyrarbraut. Húsaröðin myndar fallega heild þar sem fjögur gömul en ólík hús marka yfirbragð umhverfisins. Tvö nýleg hús eru í húsaröðinni, lítill sumarbústaður, Systrakot, og hefðbundið einingahús frá 9. áratug 20. aldar nyrst.

MÖLLERSHÚS (PÁLMAHÚS) BYGGINGARÁR 1908





Byggingarstíll	Einföld timburklassík
Hönnuður/smiður	Pálmi Kristjánsson
Upphafleg notkun	Íbúðarhús 2 íbúðir
Byggingarefni	Timbur
Klæðning	Steinblikk, pappi
Þakgerð	Mænisþak
Þakklæðning	Bárujárn

Helstu breytingar **Hönnuðir breytinga**

Húsið klætt utan með steinblikki 1938.

SÖGUÁGRIP

Þetta hús og Sigurðarhús standa hlið við hlið á Hjalteyrinni ofanverðri. Húsið er byggt 1908 af Pálma Kristjánssyni en um 1912 fluttu í húsið Ludwig Möller og fjölskylda. Ludwig Möller var sonur Ole Möller sem kom til Hjalteyrar um 1897 og byggði þar upp verslun og útgerð. Ole byggði stórt íbúðar og verslunarhús á Hjalteyri sem stendur enn í dag neðan við þetta hús við sjóinn og er í daglegu tali í dag nefnt „Gamla Hótelið“. Þess má geta að það hús var á þeim tíma jafnan nefnt Möllershús en eftir að þeir feðgar og fjölskylda Ludwigs flutti í þetta hús fékk það nafnbótina Möllershús sem það heldur enn í dag. Ludwig Möller fluttist til Hríseyjar 1933 og komst þá húsið í eigu Valgarðs Sigurðssonar sem bjó í því allt til ársins 1970. Núverandi eigendur er dóttir Valgarðs og tengdasonur og nýta þau það sem frístundarhús.

Í lýsingu á húsinu í húsavirðingu 1940:

> *„Möllershús, hús úr timbri. 1 hæð á steyptum kjallara 1/3 hússins er með skúrþaki en 2/3 með lofti með háu risi, pappaþak. Húsið er með 5 herbergjum eldhús og forstofa, á loftinu 2 herbergi og geymslukompur. Kjallara skipt í 3 hluta. Húsið ágætlega byggt, gott viðhald 1 miðstöð fyrir húsið en þar bjuggu 1940 þrjár fjölskyldur. Metið árið 1932 á 7.000 kr“.*

NÚVERANDI STAÐA

Húsið er í mjög góðu ásigkomulagi. Því hefur verið vel við haldið af eigendum sínum í gegnum tíðina. Húsið hefur lítið breyst og er nýtt sem frístundarhús.

UMHVERFI

Húsið stendur fast upp við brekkuræturnar á Hjalteyrinni sjálfri, fast við Hjalteyrabraut. Húsið stendur lítilsháttar hærra en önnur hús á eyrinni og fallegt útsýni er þaðan út á Eyjafjörð.

VARÐVEISLUMAT

Byggingarlist	+	Gott
Menningarsaga	0	
Umhverfi	+	Gott
Upprunaleiki	+	
Ástand	+	Gott
Varðveislugildi	2	v/ aldurs og sem hluti af heild

SIGURÐARHÚS — BYGGINGARÁR 1907





Byggingarstíll	Einföld timburklassík	**Helstu breytingar**	**Hönnuðir breytinga**
Hönnuður/smiður	Sæmundur Kristjánsson og Sigurður Sigurðsson	Húsið klætt utan með steinblikki 1938	
Upphafleg notkun	Íbúðarhús		
Byggingarefni	Timbur		
Klæðning	Steinblikk		
Þakgerð	Mænisþak		
Þakklæðning	Bárujárn		

SÖGUÁGRIP

Sigurðarhús er byggt 1907 af Sæmundi Kristjánssyni og Sigurði Sigurðssyni. Lengstum bjuggu í húsinu Baldvin Sigurðsson og Sigurbjörg Kristjánsdóttir, hún var dóttir Kristján Pálssonar á Ytri-Bakka og Margrétar Ásdísar Jónsdóttur en Baldvin var sonur Sigurðar Sigurðssonar og Margrétar Sigurðardóttur. Baldvin var bróðir Valgarðs Sigurðssonar er lengst af bjó í Möllershúsi, en það hús stendur fast við Sigurðarhús. Baldvin og Sigurbjörg giftust árið 1922 og bjuggu í húsinu til um 1980 að Baldvin lést. Þessi hús, „Sigurðarhús og Möllershús“ voru jafnan nefnd „Bræðrahús“. Þess má geta að Sæmundur Kristjánsson sem byggði þetta hús með Sigurði var bróðir Pálma Kristjánssonar sem byggði „Möllershús“ (Pálmahús) við hliðina á þessu.

Lýsing á húsinu frá 1940:

> *„Sigurðarhús 1), ½ íbúðarhús er úr timbri 1 hæð á kjallara loft með háu risi og járnþaki. Eigandi Baldvin Sigurðarson. Húsið var járnklætt árið 1938. Þessi hluti hússins er 2 herbergi eldhús og ½ forstofa, efri hæð 2 herbergi og geymsla. Vel byggt og vel viðhaldið metið 1933 kr 2000. Sigurðarhús 2) ½ íbúðarhús úr timbri. Áfast við þennan hluta timburskúr með járnþaki. Lýsing sama og nr 1. Kynding fyrir báða hluta er miðstöð frá eldavél.“*

NÚVERANDI STAÐA

Húsið er vel viðhaldið og nýtt sem frístundarhús

UMHVERFI

Húsið stendur ofarlega á Hjalteyri, fast við hlið þess er Möllershús en bæði húsin standa við svonefnda Tjarnargötu. Útsýni er fallegt bæði yfir Hjalteyrina sem og út á Eyjafjörð.

VARÐVEISLUMAT

Byggingarlist	+	Gott
Menningarsaga	0	
Umhverfi	+	Gott
Upprunaleiki	+	Breytt
Ástand	+	Gott
Varðveislugildi	2	v/ aldurs og sem hluti af heild

SYSTRAKOT — BYGGINGARÁR 1983





Byggingarstíll	Einfalt nútímahús	**Helstu breytingar**	**Hönnuðir breytinga**
Hönnuður/smiður		Járnklæðing	
Upphafleg notkun	Frístundahús		
Byggingarefni	Timbur		
Klæðning	Timbur		
Þakgerð	Mænisþak		
Þakklæðning	Bárujárn		

SÖGUÁGRIP

Húsið er byggt árið 1983 af systrunum og Snjólaugu og Valrósu Sigurbjörnsdætra og fjölskyldum þeirra. Foreldrar þeirra Sigurbjörn Pétursson og Jónína Árnadóttir bæði sannir Hjalteyringar og íbúar á Hjalteyri til margra ára. Sigurbjörn sonur Péturs Jónassonar umsjónarmanns Kveldúlfs og Jonna móðir þeirra var dóttir Árna Jónssonar og Þóru Stefánsdóttur úr Jónshúsinu.

NÚVERANDI STAÐA

UMHVERFI

VARÐVEISLUMAT

Byggingarlist	0	
Menningarsaga	0	
Umhverfi	+	
Upprunaleiki	+	
Ástand	+	
Varðveislugildi	0	Sem hluti af heild







Mynd 6.1: Templarinn sem sjúkrastofa í kvikmyndinni Landi og sonum.



Mynd 6.2: Sunnlenskir Hjalteyringar í heimsókn, líklega 1962-1963. Frá vinstri: Atli Ólafsson, Þórhallur Birgir Jósepsson og Skarphéðinn Jósepsson. Þórhallur og Skarphéðinn eru dóttursynir Kristjáns Pálssonar sem byggði Templarann.

Byggingarstíll	Timburklassík
Hönnuður/smiður	Kristján Pálsson
Upphafleg notkun	Félagsheimili, fundastaður
Byggingarefni	Timbur
Klæðning	Timbur
Þakgerð	Mænisþak
Þakklæðning	Bárujárn

Helstu breytingar	**Hönnuðir breytinga**
Breyttir gluggar, glugga-hlerar, skorsteinn fjarlægður, innréttingum breytt, pallur við inngang. Sökkull endurnýjaður.	

SÖGUÁGRIP

Templarinn (Gúttó) er byggður 1905 af Kristjáni Pálssyni fyrrum bónda á Ytri-Bakka. Kristján kynntist snemma stórstúkunni og var ötull liðsmaður hennar alla tíð. Kristján kom til Hjalteyrar með Ole Möller árið 1897 og tók á leigu Ytri-Bakka af Friðriki Jónssyni og Hansínu Hjaltalín konu hans. Kristjáni og fólki hans er gerð betri skil í inngangi að þessari samantekt en hann kom að byggingu margra húsa bæði á og í nágrenni Hjalteyrar. Templarinn var eins og nafnið gefur til kynna fundarstaður stúkunnar „Fram“ sem þeir stofnuðu á Hjalteyri Ole Möller og Kristján Pálsson ásamt fleirum en húsið var líka samkomuhús og gegndi sem slíkt mikilvægu hlutverki á margan félagslegan hátt í gegnum tíðina. Eftir að nýtt þinghús í Arnarnesi fauk út í veður og vind í ofsaveðri 1905 var ákveðið að Templarinn yrði Þinghús fyrir Arnarneshrepp (1906) og var hann það þar til nýtt Þinghús hreppsins var reist á Grund árið 1914.

Þess má geta að þetta litla timburhús varð oft að dansstað sjómanna og síldarstúlkna sem voru á Hjalteyri á síldarárunum. Landlega eða bræla varð oft tilefni dansleikja sem þá voru haldnir í

Templaranum. Áður en dansleikirnir hófust var skipuð svo kölluð luktarnefnd sem hafði það verkefni að sjá til þess að slökkva á olíuluktum svo ekki kviknaði í þegar slagsmál dansleiksins hófust. Líklega má þakka þeirri nefnd að húsið stendur enn í dag sem og Sigurði Braga Stefánssyni sem keypti húsið og gerði það upp á níunda áratug síðustu aldar.

Templaranum var lýst árið 1940 sem vel byggðu húsi, vel við haldið sem vel hafi staðið tímans tönn. Þá er talinn upp í húsinu einn ofn sem nýttist til að kynda það. Síðustu ár Kveldúlfs á Hjalteyri var þó farið illa með húsið og það nýtt sem geymsla. Nú hefur það allt verið gert upp og er mjög fallegt á að líta.

NÚVERANDI STAÐA

Húsið var gert upp í núverandi ástand af Sigurði Braga Stefánssyni upp úr 1980. Gluggar eru nú einfaldari en upphaflegir gluggar og gluggahlerar hafa verið settir á húsið. Sökkull var styrktur og byggður út fyrir útveggi, gluggi settur á norðurstafn og strompur rifinn. Ekkert er eftir af upphaflegum innréttingum. Húsið er innréttað sem sumarhús.

UMHVERFI

VARÐVEISLUMAT

Byggingarlist	+	Gott
Menningarsaga	+	Húsið var upprunalega byggt sem félagsheimili, ekki síst fyrir stórstúkuna Fram en var einnig nýtt sem þinghús þar til nýtt reis loks á Grund. Húsið var nýtt sem skólahúsnæði fyrir farskólann í Arnarneshreppi á árunum 1910 – 1913 að farið var að nota nýja Þinghúsið á Grund sem skólahús. Reyndar þótti Templarinn ekki góður sem skólahús og var kvartað undan kulda í húsinu. Dansleikir á síldarárunum voru jafnan haldnir í Templaranum. Aftur var Templarinn nýttur sem skólahús á árunum frá 1931 -1940
Umhverfi	+	Gott
Upprunaleiki	+	Í meginatriðum í samræmi við uppruna að utan.
Ástand	+	Gott
Varðveislugildi	2	V/gerðar og aldurs og sem hluti af heild

BRÆÐRABORG — BYGGINGARÁR 1918





Byggingarstíll	Steinsteypuklassík	**Helstu breytingar**	**Hönnuðir breytinga**
Hönnuður/smiður	Árni Antonsson, Vilhjálmur Árnason og Jón Árnason		
Upphafleg notkun	Íbúðarhús		
Byggingarefni	Steinsteypa		
Klæðning	Múrhúðað, málað		
Þakgerð	Mænisþak		
Þakklæðning	Bárujárn		

SÖGUÁGRIP

Árni Antonsson frá Arnarnesi ásamt sonum sínum Vilhjálmi og Jóni Árnasonum, byggðu Bræðraborg árið 1917. En Vilhjálmur Árnason var smiður hjá Kveldúlfi hf auk þess sem hann varð skipstjóri bæði á síldarbátum sem og togurum við Ísland. Vilhjálmur byggði seinna meir Arnarholt ásamt konu sinni 1942 úr landi Arnarness uppi á Bakkaásunum utan og ofan við Hjalteyrina. Þessi tvö hús eru mjög lík að útliti. Upp úr 1980 eignaðist Baldur Stefánsson og fjölskylda hans húsið og hafa gert það vel upp. Það er nú nýtt sem frístundahús.

Lýsing á Bræðraborg frá 1933;

> *„íbúðarhús úr steinsteypu, kjallari járnþak og rislítið hús. 4 herbergi eldhús og forstofa, kjallari í 3 hólfum, byggt 1916 áfast húsinu eru dyraskúr úr timbri. Sæmilega byggt hús og vel við haldið“.*

NÚVERANDI STAÐA

Húsið hefur verið gert upp af eigendum sínum og haldið vel við. Það er nú nýtt sem frístundahús.

UMHVERFI

Húsið er vestan við svokallaða Tjarnargötu á Hjalteyri og er núna næst ysta húsið í þeirri húsaröð. Það stendur ofan við Hjalteyrartjörn með útsýni út á hana og Eyjafjörð. Áður fyrr stóðu tvö hús norðan við Bræðraborg, Hlíð og Brekka.

VARÐVEISLUMAT

Byggingarlist	+	Gott
Menningarsaga	0	
Umhverfi	+	Gott
Upprunaleiki	+	Óbreytt/lítið breytt að utan.
Ástand	+	Gott
Varðveislugildi	2	V/gerðar, aldurs og sem hluti af heild





Byggingarstíll	Nútímabygging	**Helstu breytingar**	**Hönnuðir breytinga**
Hönnuður/smiður	Trésmiðjan Ösp	Járnklæðing	
Upphafleg notkun	Frístundahús		
Byggingarefni	Timbur		
Klæðning	Timbur		
Þakgerð	Mænisþak		
Þakklæðning	Bárujárn		

SÖGUÁGRIP

Sigurlaug Pétursdóttir og Björgvin Vilmundarson komu sem sumargestir til Hjalteyrar árið 1987 og heilluðust mjög af staðnum. Þau sóttu fljótlega um lóð á Hjalteyri fyrir frístundarhús sem þau reistu 1988 - 1989. Húsið sem er einingahús á steyptum grunni kom frá trésmiðjunni Ösp í Stykkishólmi og mun vera síðasta húsið sem var framleitt af þeirri trésmiðju. Einingarnar komu norður á Hjalteyrina árið 1989 og voru reistar þar þá af fyrirtækinu Sökkli í Reykjavík (Gylfi og Haraldur Lárussynir). Björgvin og Sigurlaug nýttu húsið sem heilsárs frístundahús. Núverandi eigandi er sonur þeirra Björgvin Björgvinsson.

UMHVERFI

Húsið er yst við Möllersgötu á svipuðum slóðum og Hlíðarbærinn stóð áður. Það er byggt á malarpúða undir Jónshúsbrekkunum við suðvesturhorn Hjalteyrarartjarnarinnar. Þar utan við stendur steyptur veggur sem eru hluti af Brekku.

VARÐVEISLUMAT

Byggingarlist	+	
Menningarsaga	0	
Umhverfi	0	
Upprunaleiki	+	
Ástand	+	Gott
Varðveislugildi	0	Sem hluti af heild






Byggingarstíll	Bárujarnssveitser
Hönnuður/smiður	-
Upphafleg notkun	Íbúðarhús - skrifstofur
Byggingarefni	Timbur
Klæðning	Bárujárn
Þakgerð	Mænisþak með kvistum
Þakklæðning	Bárujárn

Helstu breytingar	**Hönnuðir breytinga**
Járnklæðing	

SÖGUÁGRIP

Þetta hús var byggt af Kveldúlfi hf. árið 1913. Þegar Thor Jensen tók Hjalteyri á leigu þá vantaði þeim húsnæði á Hjalteyrinni fyrir sig og sína starfsmenn. Þeir reistu fljótt tvö hús á Hjalteyrinni og þetta er annað þeirra. Þetta hús var jafnan nefnt Thorshús. Þetta var íverustaður eigenda og framkvæmdastjóra Kveldúlfs auk þess sem þarna voru skrifstofur félagsins á Hjalteyri til að byrja með. Þegar uppgangur var sem mestur á Hjalteyri var byggt nýtt hús fyrir eigendur verksmiðjunnar og framkvæmdastjóra Kveldúlfs. Það hús er uppi á brekkubrúninni og jafnan nefnt eftir Richard Thors (Richardshús) þá varð þetta hús að hóteli og rekið sem slíkt allt þar til starfsemi verksmiðjunnar hætti. Fyrstu hótelhaldarar, höfðu reyndar áður komið að hótelrekstri á Hjalteyri (í gamla hóteli um 1918 – 1922) Sigtryggur Benediktsson og Margrét Jónsdóttir. En 1942 tók Þorgerður Sigurðardóttir við þeim rekstri og rak hótelið þar til 1957. Þá tók við Hótelinu Þóranna Rögnvaldsdóttir. Húsið er stórt á tveim hæðum með risi og steyptum kjallara.

NÚVERANDI STAÐA

Húsið var lagfært og endurnýjað að hluta í lok 20. aldar. Þar var um tíma rekið kaffihús en nú er það nýtt sem frístundahús.

UMHVERFI

Umhverfi að mestu ófrágengið en gróið

VARÐVEISLUMAT

Byggingarlist	+	Gott
Menningarsaga	+	Hótel
Umhverfi	0	
Upprunaleiki	+	
Ástand	+	
Varðveislugildi	2	V/gerðar, aldurs og sem hluti af heild

6.4 BÚÐARGATA



Mynd 6.3: Búðagata og höfnin árið 2016.

Búðagata fylgir fjörunni frá verksmiðjusvæðinu inn að höfninni. Húsaröð stendur á sjávarkambinum, gömul íbúðarhús utar en undir brekkunni eru verbúðir, lítil hús og skúrar sem nýtt eru af trillukörlum og útgerðarmönnum. Syðst eru nýjar steyptar verbúðir.

Höfnin hefur breyst mikið á undanförnum áratugum, varnargarður lokar henni til norðurs og nýlegar flotbryggjur eru framan við verbúðirnar. Viðlegukantur út timbri er nú innan á garðinum, sem liggur út að steinbryggjunni.Timburbryggjur og verbúðir sem voru sjávarmegin við götuna voru fjarlægðar fyrir nokkrum árum þannig að nú er húsaröðin einföld en aðkoma að höfninni fyrir vikið mun rýmri en áður var. Grjótvörn er efst í fjörunni þannig að bátar eru ekki lengur dregnir á land.

Húsaröðin frá verbúðunum og út að Pétursbúsi mótar að miklu leyti staðaranda Hjalteyrar, húsaröð sem byggð er ofan fjörunnar, fylgir ströndinni og snýr framhlið að sjónum.









Byggingarstíll	Einfalt bárujárnshús	**Helstu breytingar**	**Hönnuðir breytinga**
Hönnuður/smiður	-	Járnklæðing	
Upphafleg notkun	Íbúðarhús		
Byggingarefni	Timbur		
Klæðning	Bárujárn		
Þakgerð	Mænisþak		
Þakklæðning	Bárujárn		

SÖGUÁGRIP

Hf. Kveldúlfur reisti þetta hús árið 1918.Matslýsing á húsinu frá þeim tíma segir:

> *Einlyft hús á hlöðnum kjallara sem er undir því öllu 16 x 10,5 x 4 álnir. 6 herbergi og tvöfaldar skilrúmsþiljur. Suðurherbergi öll pappalögð á veggjum og betrekkt. Allt húsið járnklætt að utan og málað að innan, gluggar eru níu og 4 á hlöðnum kjallara.*

Þetta hús er með eins og segir hlöðnum kjallara og má ætla að efnið í kjallarann hafi verið flutt frá Hrafnabjörgum í landi Syðri-Bakka, en þar var fleygað grjót til húsbygginga. Þarna stóð áður hús sem nefnt var Pakkhús og var fært frá þessum stað utar og neðar á Hjalteyrina, niður fyrir svokallaðan Langa-Skúr, verkamannabústað hf. Kveldúlfs á Hjalteyri. Neðan við Péturshús stóð annað hús sem nefnt var Smiðja og varð seinna fjós. Eins er talað um eitt annað hús á þessum slóðum, Beykisbúð. Ofan við þessi hús stóð Guðrúnarhús.

Þetta var hús umsjónarmanns Kveldúlfs á Hjalteyri Péturs Jónassonar, sem bjó þar ásamt konu sinni Valrósu Baldvinsdóttur. Pétur og Valrós bjuggu þarna þar til árið 1938 að þau fluttu í Ásgarð uppi á brekkubrúninni. Eftir það urðu skrifstofur Hjalteyrarverksmiðjunnar í Péturshúsi en þar var líka útibú Hafnarbúðarinnar á Hjalteyri og verslunarmaður þar var Jóhannes Björnsson, fyrrverandi smiður hjá Kveldúlfi.

NÚVERANDI STAÐA

Húsið er nú í eigu afkomenda Péturs og Valrósar. Því er haldið mjög vel við og er nú nytt sem frístundahús.

UMHVERFI

Gömlu íbúðarhúsin á sjávarkambinum standa ekki á afgirtum eða ræktuðum lóðum. Þau eru nánast í beinum tengslum við fjöruna og fjörugrjótið og er það hluti af sérstöðu þeirra og einkennum staðarins.

VARÐVEISLUMAT

Byggingarlist	+	
Menningarsaga	0	
Umhverfi	+	
Upprunaleiki	+	
Ástand	+	
Varðveislugildi	2	V/gerðar, aldurs og sem hluti af heild



Mynd 6.4: Friðrikshús. (Gunnar Ragnarsson).

Byggingarstíll	Einfalt bárujárnshús	**Helstu breytingar**	**Hönnuðir breytinga**
Hönnuður/smiður	Friðrik Jónsson	Utanhússklæðning, þakkantur, gluggar og gluggaumgjörð	
Upphafleg notkun	Íbúðarhús		
Byggingarefni	Timbur		
Klæðning	Bárujárn		
Þakgerð	Mænisþak með kvisti		
Þakklæðning	Bárujárn		

SÖGUÁGRIP

Húsið er eitt af elstu húsum á Hjalteyri í dag. Samkvæmt fasteignamatsskrám er það byggt 1901.

Friðrik Jónsson á Ytri-Bakka keypti húsið tilsniðið (sumir segja gamalt hús) frá Noregi um aldamótin 1900. Þó svo að sögusagnir séu um að húsið hafi komið mun fyrr til Hjalteyrar er ekkert sem bendir til að það sé rétt. Þó má vel vera að húsið hafi verið tilsniðið og merkt til uppsetningar þegar það kom. Aðrar frásagnir að húsið hafi áður verið reist í Noregi, verið tekið niður og flutt til Íslands geta því allt eins verið réttar.

Sagan segir að Þetta hús hafi komið með skipi til Hjalteyrar í marsmánuði mikið hafísár stuttu fyrir aldamót 1800 – 1900. Skipstjórinn krafðist þess að vakið yrði upp í þorpinu og nágrenni til að afferma skipið í flýti þar sem mikill ís hafði sést við minni fjarðarins og var hann hræddur um að festa skipið inni á firðinum ef ekki væri hafður hraði á að afferma það. Þess má geta að hópur manna hjálpaði til við að taka húsið ásamt fleiru úr skipinu svo það gæti flýtt för sinni. Það dugði þó ekki til þar sem skipið, sem átti erindi inn til Siglufjarðar festist þar inni var fast þar í einhvern tíma. Friðrikshús var reist af Friðriki Antonssyni frá Arnarnesi, Ólafi Ólafssyni frá Pálmholti og Jóni Jónssyni frá Rauðuvík. Friðrik á Bakka lést vorið 1902. Friðrik Antonsson hafði þá keypt af honum húsið og kemur fram í skiptaskrá dánarbúsins að hann skuldi dánarbúinu um helming kaupverðsins. Það er óljóst hvort Friðrik Jónsson hafi nokkurn tíman búið í húsinu og reyndar allsendis óvíst. Árið 1901 er húsið skráð sem gistihús og húsbóndi þar Friðrik Antonsson. Húsið var ætíð mikið leigt út, bæði herbergi til einstaklinga sem og hluti hússins fyrir

fjölskyldur. Þegar síminn kom til Hjalteyrar 1906 var símstöð á Hjalteyri þá líklega í „Gamla Hótelinu“. Fyrsti símstöðvarstjóri var Ludvig Möller allt til ársins 1933 er hann flutti til Hríseyjar. Símstöðin var á ýmsum stöðum á Hjalteyrinni en endaði þó í Friðrikshúsi og var þar þegar hún var lögð niður 1977 er sjálfvirkur sími kom um allan Arnarneshrepp. Þess má geta að Friðrik Antonsson, fjölskylda hans og afkomendur bjuggu í húsinu til ársins 1938. Kveldúlfur eignaðist þá húsið og leigði það út.

Friðrikshúsið stendur á lóð þar sem áður stóð Guðrúnarhús. Það hús ásamt Pakkhúsinu (sjá Pétursshús) og smiðjunni voru án efa norsku húsin sem reist voru á Hjalteyrinni um 1880.

NÚVERANDI STAÐA

Húsið var gert upp um og upp úr 1980 og þá búið í því um nokkurn tíma. Var það lengi eina húsið neðan við brekkuna sem búið var í. Eigendur að húsinu í dag eru afkomendur Friðriks Antonssonar, halda því vel við og nýta það sem frístundahús.

UMHVERFI

Húsið er á sunnanverðri Hjalteyrinni rétt við fjöruborðið. Útsýni er fallegt út á fjörðinn og yfir höfnina á Hjalteyri. Gömlu íbúðarhúsin á sjávarkambinum standa ekki á afgirtum eða ræktuðum lóðum. Þau eru nánast í beinum tengslum við fjöruna og fjörugrjótið og er það hluti af sérstöðu þeirra og einkennum staðarins.

VARÐVEISLUMAT

Húsið er eitt af þessum gömlu húsum á Hjalteyri sem gefa þorpinu þessa fallegu mynd. Það er mitt í þeirri mynd, vel við haldið og geymir mikla sögu. Það hefur því hátt varðveislumat. Þykkur þakkantur er óviðeigandi og framandi í þessu umhverfi.

Byggingarlist	+	Gott
Menningarsaga	+	Húsið var nýtt sem leiguíbúðir/herbergi. Símstöðin var færð í húsið og var þar til árið 1977 að hún var lögð niður. Farskóli var í húsinu 1920 – 1923 og aftur 1924 - 1926
Umhverfi	+	Gott
Upprunaleiki	0	Breytt
Ástand	+	Gott
Varðveislugildi	2	V/gerðar, aldurs og sem hluti af heild






Byggingarstíll	Einfalt bárujárnshús, nýtt
Hönnuður/smiður	Þröstur Sigurðsson/ Guðbjörn Þór Ævarsson
Upphafleg notkun	Frístundahús
Byggingarefni	Timbur
Klæðning	Bárujárn
Þakgerð	Mænisþak með kvisti
Þakklæðning	Bárujárn

Helstu breytingar **Hönnuðir breytinga**

SÖGUÁGRIP

Þetta hús er byggt 2011 af núverandi eiganda Guðbirni Þór Ævarssyni. Húsið er við hlið lóðar Ísshússins eða Búðarinnar sem var reist árið 1884 af Friðriki Jónssyni og Gunnari Einarssyni.

NÚVERANDI STAÐA

Húsið er nýlegt og reist í þeim stíl sem nærliggjandi hús eru í. Það er því mjög góð fyrirmynd um hvernig halda megi ásýnd þorpsins þó byggð séu ný hús í stað þeirra sem horfin eru.

UMHVERFI

Lóðin er ógirt og er frá henni gengið með hliðsjón af gömlu húsunum með fjörugrjóti og lágum gróðri.

VARÐVEISLUMAT

Byggingarlist	+	Gott
Menningarsaga	0	
Umhverfi	+	
Upprunaleiki	+	
Ástand	+	Gott
Varðveislugildi	0	Sem hluti af heild





Mynd 6.5: Gömul vetrarmynd af Hjalteyrinni, Gamla Hótelinu og Íshúsinu, rútunni hans Júlla og Litla Húsinu. (Gunnar Ragnarsson).





Mynd 6.6: Gamla hótelið sem verslun. (Gunnar Ragnarsson).

Byggingarstíll	Einföld timburklassík
Hönnuður/smiður	Ole Möller
Upphafleg notkun	Íbúðarhús
Byggingarefni	Timbur
Klæðning	Timbur, liggjandi strikuð
Þakgerð	Mænisþak með kvistum
Þakklæðning	Bárujárn

Helstu breytingar **Hönnuðir breytinga**

Breytt útveggjakæðning miðað við myndir.

SÖGUÁGRIP

„Gamla Hótelið“ er byggt 1898 – 1900. Þetta hús reisti Ole Möller fyrir starfsemi sína á Hjalteyri. Ole Möller kom til Hjalteyrar árið 1897 og keypti þá allan rekstur Gunnars Einarssonar kaupmanns, sem hafði byggt hann upp á Hjalteyri með tengdaföður sínum Friðriki Jónssyni á Ytri-Bakka frá árinu 1884. Þegar Ole og fjölskylda hans fluttu til Hjalteyrar fékk hann útgefið leyfi út á afmarkaða lóð til verslunarrekstrar á Hjalteyri og fær Hjalteyri þá nafnbótina löggiltur verslunarstaður. Fram að þeim tíma hafði verslunarleyfi á Hjalteyri verið bundið við persónur en ekki staðinn sem slíkan. Enn í dag er skráð í fasteignamati lóð sem heitir „verslunarlóð“.

Þetta er stórhýsi, tvær hæðir og ris á steinlímdum kjallara reist af Kristjáni Pálssyni og Jóni Jónssyni frá Rauðuvík. Áður reisti Kristján annað hús fyrir þau á Hjalteyri (1897) sem stóð fast við hlið þessa húss og var jafnan kallað „Litla hús“. Ole og Ludvig sonur hans voru með mikil umsvif á Hjalteyri á þessum tíma, bæði útgerð, verslun og síldarsöltun. Húsið var því hugsað undir reksturinn þeirra. Þegar síminn kom til Hjalteyrar var sett upp símstöð í húsinu strax árið 1906 og var Ludvig Möller fyrsti símstöðvarstjóri á Hjalteyri. Húsið var á þessum tíma jafnan nefnt „Möllershús“

Síldarsaga á Íslandi er samofin sögu Hjalteyrar og verður ekki gerð skil hér. En árið 1912 seldi Ole Möller sína starfsemi á Hjalteyri Otto E. Tulinius og Co. Árið 1915 seldi það félag Ásgeiri Péturssyni

útgerða og verslunarmanni á Akureyri sömu eignir. 1918 var sett upp gisti- og veitingaþjónusta í húsinu ásamt verslun. Það voru hjónin Sigtryggur Benediktsson og Margrét Jónsdóttir sem það gerðu, en upp úr 1920 fluttu þau til Siglufjarðar og settu upp veitingaþjónustu þar, sem og einnig á Akureyri. Þau áttu þó eftir að koma að slíkum rekstri aftur á Hjalteyri. Í fasteignaskrám frá 1917-1918 er húsið nefnt „Ásgeirshús“. Síðar fær það nafnið „Hótel“ og loks að sjálfsögðu „Gamla Hótel“ þegar nýtt hótel fór í rekstur 1938. Samkvæmt íbúaskrá var oft margbýlt í Hótelinu.

NÚVERANDI STAÐA

Núverandi eigendur hússins bjuggu í því um tíma. Um og upp úr 1980, en síðan þá hafa þeir nýtt það sem frístundarhús. Húsið er mjög reisulegt, vel við haldið og gefur mjög sterka mynd á sjávarþorpsímyndina á Hjalteyri.

UMHVERFI

Húsið er við Búðargötu, nálægt fjöruborðinu með fallegt útsýni út á fjörðinn og höfnina. Gömlu íbúðarhúsin á sjávarkambinum standa ekki á afgirtum eða ræktuðum lóðum. Þau eru nánast í beinum tengslum við fjöruna og fjörugrjótið og er það hluti af sérstöðu þeirra og einkennum staðarins.

VARÐVEISLUMAT

„Gamla Hótelið“ er mjög svipmikið gamalt hús sem á sér mikla sögu á Hjalteyri. Það er stór hluti af ímynd þorpsins og ber merki um uppgangstímabil í sögu Hjalteyrar og Íslands á árunum í kringum aldamótin 1900. Varðveislumat þess er því mjög hátt. Kjallarinn undir húsinu er hlaðinn og er þar aftur á ferðinni grjót sem líklega var fleygað úr Hrafnabjörgum í landi Syðri-Bakka. Tryggvi Konráðsson frá Bragholti segir í dagbókum sínum frá 1900 frá því að Pétur á Hjalteyri hafi slasast við flutninga á grjóti og talar einnig um að Ole Möller sé með menn í vinnu við að flytja grjót til Hjalteyrar í grunn að húsi sem hann sé að láta reisa þar.

Byggingarlist	+	Gott
Menningarsaga	+	Atvinnurekstur
Umhverfi	+	Gott
Upprunaleiki	+	Breytt
Ástand	+	Gott
Varðveislugildi	2	V/gerðar, aldurs og sem hluti af heild

BÚÐAGATA 11, KNÚTSHÚS — BYGGINGARÁR 1885-1887









Byggingarstíll	Einföld timburklassík
Hönnuður/smiður	Knútur Hertervig
Upphafleg notkun	Íbúðarhús
Byggingarefni	Timbur
Klæðning	Sléttar járnplötur
Þakgerð	Mænisþak
Þakklæðning	Bárujárn

Helstu breytingar **Hönnuðir breytinga**

SÖGUÁGRIP

Knútur Hertervig, norskur síldarspekúlant eins og þeir voru kallaðir á þessum tíma er talinn hafa byggt húsið upprunalega sem verbúð og íverustað árið 1885 Knútur staldraði stutt við á Hjalteyri og flutti til Ísafjarðar tveim árum seinna. Formlega er þó talið að húsið sem íbúðarhús hafi ekki verið byggt fyrr en 1887. Þetta er því elsta húsið sem er uppistandandi á Hjalteyri í dag. Árið 1889 keypti Gunnar Einarsson verslunarmaður og kona hans Jóhanna Friðriksdóttir húsið og bjuggu í því til ársins 1897 að þau fluttu til Reykjavíkur. Friðrik Jónsson á Ytri-Bakka, faðir Jóhönnu keypti þá af þeim húsið og bjuggu þá í því önnur dóttir hans Kristín og maður hennar Ólafur Oddsson. Kristín flutti til vesturheims um aldarmótin en Ólafur ásamt börnum þeirra urðu eftir á Hjalteyri og virðist sem Friðrik og Hansína á Ytri-Bakka hafi tekið að sér barnabörn sín þegar þetta gerðist. Þess má geta að Kristín andaðist í Hallson í North Dakota árið 1907. Þegar Friðrik Jónsson deyr árið 1902, erfðu barnabörn hans hluta af Knútshúsinu en restina keypti Ólafur á 350 kr. Þau seldu það síðar Tryggva Konráðssyni í Bragholti.

Árið 1912 seldi Tryggvi húsið til Sæmundar Sæmundssonar og Jórunnar Sigríðar Sigurbjörnsdóttur. Sæmundur og Jórunn slitu samvistum um 1917 og eftir það bjó Jórunn ásamt börnum sínum í húsinu. Núverandi eigendur hússins eru afkomendur hennar alin upp í húsinu.

Á milli Knútshúss og Gamla Hótels stóð hús sem tekið var niður um 1950. Það var þá jafnan nefnt Rauða Hús en hafði áður verið nefnt Hallgrímshús og Wallenshús. Það hús var reist á grunni annars húss sem brann 29 janúar 1908. Það hús var verslunarhús Guðbjörns Björnssonar á Akureyri og Hallgríms og

Guðjóns Hallgrímssona frá Reistará. Eftir brunann var þetta hús endurreist í hvelli (1909) og var verslun í því til að byrja með.

NÚVERANDI STAÐA

Húsið hefur verið gert vel upp og er það nýtt sem frístundarhús.

UMHVERFI

Gömlu íbúðarhúsin á sjávarkambinum standa ekki á afgirtum eða ræktuðum lóðum. Þau eru nánast í beinum tengslum við fjöruna og fjörugrjótið og er það hluti af sérstöðu þeirra og einkennum staðarins.

VARÐVEISLUMAT

Byggingarlist	+	
Menningarsaga	0	
Umhverfi	+	
Upprunaleiki	+	
Ástand	+	
Varðveislugildi	2	V/gerðar, aldurs og sem hluti af heild

BÚÐAGATA 13, SJÓHÚS — BYGGINGARÁR 1938, 1940 EÐA 1978





Byggingarstíll	Einfalt timburhús	**Helstu breytingar**	**Hönnuðir breytinga**
Hönnuður/smiður			
Upphafleg notkun	Sjóhús		
Byggingarefni	Timbur, steypa		
Klæðning	Bárujárn		
Þakgerð	Mænisþak, skúrþak		
Þakklæðning	Bárujárn		

SÖGUÁGRIP

Þetta var sjóbúð og fjós Baldvins Sigurðssonar ogSigurbjargar Kristjánsdóttur. Er í dag nýtt sem sjóbúð.

NÚVERANDI STAÐA

Húsið er skemmtileg samsuða viðbygginga sem segja ákveðna sögu. Meginbygging er með standandi borðaklæningu og láréttum panel, norður- og suðurhlið plötuklæddar en stafninn á bakhlið steyptur. Neðri hluti viðbyggingar er steyptur en efri hluti bárujárnsklæddur.

UMHVERFI

Húsið sómir sér vel í húsaröðinni undir brekkunni í beinum tengslum við fjöruna og höfnina.

VARÐVEISLUMAT

Byggingarlist	0	
Menningarsaga	0	
Umhverfi	+	
Upprunaleiki	0	Breytt
Ástand	+	
Varðveislugildi	1	Sem hluti af heild

BÚÐAGATA 15 BYGGINGARÁR 1938, 1940 EÐA 1978





Byggingarstíll	Einfalt timburhús	**Helstu breytingar**	**Hönnuðir breytinga**
Hönnuður/smiður	-		
Upphafleg notkun	Sjóhús		
Byggingarefni	Timbur		
Klæðning	Pappi		
Þakgerð	Mænisþak		
Þakklæðning	Bárujárn		

SÖGUÁGRIP

Þetta var sjóbúð Valgarðs Sigurðssonar og er nú í eigu afkomenda hans. Er nýtt sem sjóbúð.

NÚVERANDI STAÐA

Húsið er mjög einföld bygging í samræmi við upphaflegan tilgang og notkun. Viðbygging með skúrþaki er á bakhlið.

UMHVERFI

Húsið sómir sér vel í húsaröðinni undir brekkunni í beinum tengslum við fjöruna og höfnina.

VARÐVEISLUMAT

Byggingarlist	0	
Menningarsaga	0	
Umhverfi	+	
Upprunaleiki	+	
Ástand	0	
Varðveislugildi	1	Sem hluti af heild

BÚÐAGATA 17 BYGGINGARÁR 2011



Byggingarstíll	Einfalt bárujárnshús	**Helstu breytingar**	**Hönnuðir breytinga**
Hönnuður/smiður	Þröstur Sigurðsson, Opus		
Upphafleg notkun	Sjóhús		
Byggingarefni	Timbur		
Klæðning	Bárujárn		
Þakgerð	Mænisþak		
Þakklæðning	Bárujárn		

SÖGUÁGRIP

Nýlega byggð verbúð, byggð í þeim stíl sem einkennir Hjalteyrina.

NÚVERANDI STAÐA

UMHVERFI

VARÐVEISLUMAT

Byggingarlist	0	
Menningarsaga	0	
Umhverfi	+	
Upprunaleiki	+	
Ástand	+	
Varðveislugildi	0	Sem hluti af heild

BÚÐAGATA 19 — BYGGINGARÁR 1938, 1940 EÐA 1978





Byggingarstíll	Einfalt timburhús
Hönnuður/smiður	Vilhjálmur Árnason
Upphafleg notkun	Sjóhús
Byggingarefni	Timbur
Klæðning	Skarsúð/pappi/bárujárn
Þakgerð	Mænisþak
Þakklæðning	Bárujárn

Helstu breytingar — **Hönnuðir breytinga**

SÖGUÁGRIP

Þetta er sjóhús reist af Vilhjálmi Árnasyni en óvíst er hvenær það var reist. Það var aftur endurnýjað mikið 1978. Agnar Þórisson var þarna með verðbúð, veiðarfærageymslu og meira.

NÚVERANDI STAÐA

Húsið er mjög einföld bygging í samræmi við upphaflegan tilgang og notkun. Suðurgafl er pappaklæddur, framhlið og norðurgafl með láréttri timburklæðningu, skarsúð og baklið bárujárnsklædd.

UMHVERFI

Húsið sómir sér vel í húsaröðinni undir brekkunni í beinum tengslum við fjöruna og höfnina.

VARÐVEISLUMAT

Byggingarlist	0	
Menningarsaga	0	
Umhverfi	+	
Upprunaleiki	+	
Ástand	0	
Varðveislugildi	1	Sem hluti af heild





Byggingarstíll	Einfalt nútímahús
Hönnuður/smiður	Þröstur Sigurðsson, Opus
Upphafleg notkun	Sjóhús
Byggingarefni	Steinsteypa
Klæðning	Múrhúðað
Þakgerð	Mænisþak, fjórar bustir
Þakklæðning	Bárujárn

Helstu breytingar	**Hönnuðir breytinga**

SÖGUÁGRIP

-

NÚVERANDI STAÐA

Nýbygging í framhaldi af húsaröð gömlu verbúðanna. Fjórar sambyggðar einingar.

UMHVERFI

Húsið sómir sér þokkalega í húsaröðinni undir brekkunni í beinum tengslum við fjöruna og höfnina.

VARÐVEISLUMAT

Byggingarlist	0	Ekki metið
Menningarsaga	0	
Umhverfi	+	
Upprunaleiki	+	
Ástand	+	
Varðveislugildi	0	Ekki metið. Hluti af heild





Byggingarstíll	Einfalt nútímahús	**Helstu breytingar**	**Hönnuðir breytinga**
Hönnuður/smiður	Þröstur Sigurðsson, Opus		
Upphafleg notkun	Sjóhús		
Byggingarefni	Steinsteypa		
Klæðning	Múrhúðað		
Þakgerð	Mænisþak, fjórar bustir		
Þakklæðning	Bárujárn		

SÖGUÁGRIP

-

NÚVERANDI STAÐA

Nýbygging í framhaldi af húsaröð gömlu verbúðanna. Fjórar sambyggðar einingar.

UMHVERFI

Húsið sómir sér þokkalega í húsaröðinni undir brekkunni í beinum tengslum við fjöruna og höfnina.

VARÐVEISLUMAT

Byggingarlist	0	Ekki metið
Menningarsaga	0	
Umhverfi	+	
Upprunaleiki	+	
Ástand	+	
Varðveislugildi	0	Ekki metið. Hluti af heild

6.5 STÖK HÚS

HJALTEYRARSKÓLI BYGGINGARÁR 1948



Byggingarstíll	Módernismi	**Helstu breytingar**	**Hönnuðir breytinga**
Hönnuður/smiður			
Upphafleg notkun	Skóli		
Byggingarefni	Steinsteypa		
Klæðning	Múrhúðað, málað		
Þakgerð	Flatt þak		
Þakklæðning	Þakpappi		

SÖGUÁGRIP

Barnaskóli Arnarneshrepps, húsið var byggt í landi Ytri-Bakka sem svo mörg önnur hús á Hjalteyri. Kveldúlfur hf. gaf á sínum tíma efnið til byggingarinnar og landið undir skólanum. Kveldúlfur hafði þá mikil umsvif á Hjalteyri í tengslum við síldarbræðsluna sem þeir byggðu þar 1937. Til að eignast land til athafna á Hjalteyri höfðu þeir þá keypt Ytri-Bakka og því áttu þeir mikið byggingarland í nágrenni Hjalteyrar. Hjalteyrarskóli var lengi eini skólinn í Arnarneshreppi en árið 1972 var unglingadeild skólans flutt í Þelamerkurskóla. Skólahúsið er byggt 1948 eftir að Hjalteyringar höfðu þrýst mjög á að fá skólann til Hjalteyrar, áform voru um byggingu íþróttasalar við húsið en af því varð aldrei. Farskóli í Arnarneshreppi hafði oftast haft einn kennslustaðinn á Hjalteyrinni frá 1910 og þá í mismunandi húsum. Sem dæmi má nefna að kennt var í Templaranum, Friðrikshúsi, Jónshúsi, Tangahúsi og báðum Hótelunum.

Hjalteyrarskóli var aflagður 1990 og þá tók Þelamerkurskóli við öllum börnum á grunnskólaaldri frá Arnarneshreppi. Hjalteyrarskóli stóð auður á tímabili, var viðhaldið af sveitarfélaginu og að lokum seldur. Þar var á tímabili skinnasútun og handverkshús en núverandi eigendur hyggjast breyta því í gistiheimili. Barnaskóli byrjaði í Arnarneshreppi sem farskóli eins og víðar. Eftir að Þinghús var byggt á Grund 1914 (Freyjulundi) var skólinn færður þangað. Fyrsti skólastjóri Hjalteyrarskóla var Guðmundur Karl Frímannsson, þá Þóra Steina Gísladóttir á Möðruvöllum og loks Jóhannes Hermannsson.

Skóli í Arnarneshreppi hófst sem farskóli sem víðar í sveitum um og upp úr 1880. Arnarneshreppi var skipt um árið 1911 þegar ákveðið var að ytri hluti hreppsins yrði sjálfstætt sveitarfélag Árskógshreppur. Jóhannes Hermannsson fyrrum skólastjóri Hjalteyrarskóla tók saman skólasögu í Arnarneshreppi frá 1910 – 1989 og mun sú saga birtast í Heimaslóð árbók Hörgarsveitar nú 2015 og 2016.

NÚVERANDI STAÐA

Húsið hefur verið endurnýjað og miklar breytingar gerðar á því. Húsið var með risþaki ,kynnt með olíu og skiptist í tvær hæðir annars vegar og í íbúð og skólahúsnæði hins vegar. Risþakið hefur verið tekið af og styrkt steypt plata er nú þak hússins auk þess sem þar er nú glerhýsi á miðju þaki með útsýni um Eyjafjörð. Endurbyggt er húsið falleg nútímabygging með vísun í fúnkisstíl. Hlutföll og útlit vel leyst. Þar er nú rekið gistihús og veitingahús.

UMHVERFI

1983 var hafist handa við gróðursetningu trjáplantna umhverfis lóð skólans. Sá trjágróður er nú í miklum vexti og má segja að húsið sé staðsett inni í trjálundi. Skólinn stendur á hæð norðan þjóðvegarins niður á Hjalteyri.

VARÐVEISLUMAT

Byggingarlist	+	Gott
Menningarsaga	+	Skóli
Umhverfi	+	Gott
Upprunaleiki	0	Breytt
Ástand	+	Gott
Varðveislugildi	1	Miðlungs

RICHARDSHÚS — BYGGINGARÁR 1938





Byggingarstíll	Fúnksjónalismi	**Helstu breytingar**	**Hönnuðir breytinga**
Hönnuður/smiður	-		
Upphafleg notkun	Íbúðarhús		
Byggingarefni	Steinsteypa		
Klæðning	Steining		
Þakgerð	Valmaþak		
Þakklæðning	Bárujárn		

SÖGUÁGRIP

Húsið var reist af Kveldúlfi hf. Húsið var byggt sem heilsársdvalarstaður fyrir og fjölskyldu hans. Húsið var íverustaður hans meðan hann var framkvæmdastjóri Kveldúlfs hf, svipar mjög til Ásgarðs (sjá ofar) sem er staðsettur syðst á brekkubrúninni ofan Hjalteyrar. Þessi 2 hús byggði Kveldúlfur hf. árið 1938. Í báðum þessum húsum sem eru um 500 m^2 voru um 18 herbergi auk þess sem í Richardshúsi var aðstaða fyrir þjónustufólk. Um 1978 tóku hjón frá Vestmannaeyjum húsið á leigu og ráku í því barnaheimili í nafni Hvítasunnusafnaðar sem þau bæði tilheyrðu. Þau hétu Einars Jónsson og Beverly. Eftir það stóð húsið autt þar til núverandi eigendur eignuðust það 1982. Þá var húsinu skipt í tvær rúmgóðar íbúðir.

NÚVERANDI STAÐA

Húsið er í góðu ásigkomulagi, þar eru nú 2 íbúðir önnur í norðurenda hússins og hin í þeim syðri. Þar er nú rekin ferðaþjónusta.

UMHVERFI

Húsið er á brekkubrúninni ofan við Hjalteyri í Bakkaásum austanverðum. Þetta er ysta íbúðarhúsið á Hjalteyri í dag beint ofan við Hjalteyrartjörn. Útsýni er fallegt út á Eyjafjörðinn og yfir Hjalteyrina.

VARÐVEISLUMAT

Byggingarlist	0	Stílhreint hús
Menningarsaga	0	
Umhverfi	+	
Upprunaleiki	0	
Ástand	+	
Varðveislugildi	1	

KAFFIHÚS — BYGGINGARÁR 2002





Byggingarstíll	Einfalt nútímahús	**Helstu breytingar**	**Hönnuðir breytinga**
Hönnuður/smiður	Guðbjörn Axelsson		
Upphafleg notkun	Verslun, kaffihús		
Byggingarefni	Timbur		
Klæðning	Timbur		
Þakgerð	Mænisþak		
Þakklæðning	Bárujárn		

SÖGUÁGRIP

Guðbjörn Axelsson og Anna Lísa kona hans fengu þessa lóð undir kaffi og veitingahús árið 2001 og reistu þá þetta hús. Þau ráku um nokkurra árabil í því kaffihús sem þau nefndu Kaffi Lísu.

NÚVERANDI STAÐA

Húsið er nýtt undir veitingarekstur í tengslum við útgerð hvalaskoðunarbáta. Stíll og gerð hússins er framandi í bæjarmyndinni auk þess sem það stendur eitt og sér án samhengis við aðrar byggingar. Húsið er vel frágengið og snyrtilegt.

UMHVERFI

Húsið er á miðri Hjalteyrinni, ofan við síldarverksmiðjuna á suðurbakka Hjalteyrartjarnar. Fallegt útsýni að tjörninni og út á Eyjafjörðinn. Þarna stóðu lengi verkamannabústaðir verksmiðjunnar sem og braggahverfi setuliðsins breska/bandaríska. (1940 – 1943). Líklegt er að þarna hafi fyrsta hús á Hjalteyri staðið þ.e torfhús það er Tryggvi Konnráðsson getur um að hafi verið á Hjalteyri og líklegt er að hafi verið hús Þorláks Jónssonar (Hjalteyrar-Láka) byggt um 1858.

VARÐVEISLUMAT

Byggingarlist	0
Menningarsaga	0
Umhverfi	0
Upprunaleiki	+
Ástand	+
Varðveislugildi	0










Byggingarstíll	Steinsteypuklassík
Hönnuður/smiður	Sigurður Thoroddsen /Helgi Eyjólfsson
Upphafleg notkun	Síldarbræðsla
Byggingarefni	Steinsteypa
Klæðning	Múrhúðað
Þakgerð	Flatt steypt / Mænisþak
Þakklæðning	Bárujárn á mjölhúsi

Helstu breytingar	**Hönnuðir breytinga**

SÖGUÁGRIP

Hjalteyrarverksmiðjan var reist árið 1937. Það er oft talað um hinn ótrúlega hraða sem var á því verki. Helgi Eyjólfsson húsasmíðameistari var byggingameistari og mætti til Hjalteyrar með flokk manna í febrúar 1937. Þeir ásamt heimamönnum hófu þá í vetrarhörkum og frosti að grafa fyrir undirstöðum hennar. Til að flýta fyrir byggingunni setti Helgi upp sérstakt kerfi sem hann nýtti til að hita sjó sem var svo nýttur í steypuna svo hún frysi ekki meðan hún var að harðna í mótunum. Þann 17. júní það ár landaði Eldborg MB 3 fyrstu síld til bræðslu á Hjalteyrinni og þótti með ólíkindum að það hafi verið hægt miðað við hvenær var byrjað að byggja. Verksmiðjan var mikil lyftistöng fyrir atvinnulífið ekki bara á Hjalteyri heldur í Eyjafirði öllum.

Hönnuður að Hjalteyrarverksmiðjunni var Sigurður Thoroddsen sem hafði nokkrum árum áður hannað síldarbræðsluna á Djúpuvík. Þessar tvær verksmiðjur eru keimlíkar, en fyrir kunnugan er þó auðvelt að sjá töluverðan mun. Verksmiðjan skiptist í nokkra hluta sem eru:

Lýsistankar, þeir eru 4 talsins og hver þeirra 250 fermetrar að grunnfleti.

Ketilhús, það hýsti gufukatlana en til að sjóða/bræða síld er notast við gufu. Þessir katlar voru fyrst kynntir með kolum en seinna komu olíukatlar og voru þá reistir 2 stórir olíutankar neðan við áðurnefnda lýsistanka (það er búið að rífa olíutankana)

Mótorhús, þar voru ljósavélar tvær sem framleiddu rafmagn til framleiðslunnar. Þess má geta að þær eru nú í eigu verkmenntaskólans á Akureyri og eru þar nýttar sem kennslugögn í vélstjórn og vélvirkjun.

Skorsteinn, sá sem nú stendur er upphaflegi skorsteinninn, byggður 1937. Síðar var reistur annar við hliðina á honum sem var brotinn niður í varúðarskyni um 1990. Strompurinn er 36 metra hár.

Pressuhús og Skilvinduhús, þar voru pressurnar til að pressa vökvan úr síldinni eftir að hún kom úr suðu. Vökvinn var svo færður í skilvindur sem skildu frá blóð og vatnsvökvan frá lýsinu.

Þurrkhús, þar inni voru stórir þurrkarar til að þurrka mjölið. Í Hjalteyrarverksmiðjunni settu Vésteinn og Sveinn verksmiðjustjóri upp gufuþurrkun sem var sú fyrsta sinnar tegundar á Íslandi á sínum tíma.

Kvarnahús, þangað fór það mjöl sem var og stórkornótt og þar var mjölið kvarnað niður í smærri hluta áður en því var blásið upp í mjölsílóin efst á verksmiðjunni (mjölturn)

Mjölloft, þar var mjölið sekkjað og geymt en undir mjölloftinu voru síldarþrærnar. Þegar síldinni var landað var notast við skóflukrana sem voru þá nýjung á Íslandi. Síldin fór með þessum skóflun á færiband sem flutti hana inn í þrærnar í verksmiðjunni (undir mjölloftinu) þar sem hún var geymd þar til hægt var að bræða hana.

Mjölhúsið var byggt 1950. Það hýsti smiðju, vekstæði, mjölgeymslur, rannsóknastofur skrifstofur og fleira. Mikill bruni varð á Hjalteyri 1954 þegar kviknaði í mjölgeymsluhúsinu. Þakið brann af því og stórskemmdist húsið við þetta þó að tekist hafi að bjarga þá sem mestu af þeim hluta byggginganna sem hýstu, verkstæðið og rannsóknastofurnar. Þetta var ekki endurbyggt fyrr en 1988.

Mjölhúsið var endurbyggt af Arnarneshreppi (sett nýtt þak) og Fiskeldi Eyjafjarðar 1988. Húsinu var svo skipt í tvennt og eignaðist Fiskey helming hússins sem lagt var þar inn sem hlutafé. Þar var rekið í um 25 ára skeið eldi á lúðu og framleiðsla á lúðuseiðum. Hinn hlutinn fór undir skreiðarverkun sem KEA og síðar Samherji ráku á Hjalteyrinni. Þess má geta að þessir aðilar nýttu stóran hluta af verksmiðjuhúsunum fyrir sína starfsemi.

NÚVERANDI STAÐA

Verkmsiðjuhúsin hafa smátt og smátt verið tæmd af tækjum og búnaði sem þar var í tenglsum við síldarbræðsluna. Fiskeldishluti mjölhússins er nú í eigu Samherja og ekki nein starfsemi þar. Hinn hlutinn ásamt öllum verksmiðjuhúsunum á Hjalteyri er nú í eigu félagsskapar Hjalteyri ehf, sem hefur það að markmiði að viðhalda og nýta sem best þessi stóru húsakynni. Nú er búið að reita húsnæðið niður upp á nýtt, setja upp rafmagn og hita í ný rými og þau leigð út undir ýmisskonar starfsemi.

UMHVERFI

Hjalteyrarverksmiðjan er neðarlega á syðri hluta Hjalteyrinnar, ofan við Hjalteyararodda og Hjalteyrarvita. Húsakostur hennar er mjög áberandi og sést víða að úr Eyjafirði. Verksmiðjan myndar ákveðna og áhugaverða heild.

VARÐVEISLUMAT


Húsnæði verksmiðjunnar hefur líklega ekki aldurslega mikið varðveislugildi. Það geymir engu að síður minjar um sögu í tímabili íslendinga sem hafði gríðarleg áhrif á uppgang þjóðarinnar á sínum tíma. Byggingin er hönnuð utan um ákveðna starfsemi á sérstakan hátt með klassískum formum sem jafnvel minna á kirkjubyggingar fyrri tíma. Auðveldast væri að flokka byggingarstílinn sem nútímabyggingu, funksjónalisma eða móernisma. Þar sem meginform taka mið af klassískum byggingum með samhverfu og reglufestu er lagt til að verksmiðjan verði flokkuð sem steinsteypuklassík þótt hún sé byggð um 10-20 árum eftir að því tímabili lauk í byggingarsögu okkar.

Byggingarlist	+	Gott
Menningarsaga	+	Atvinnusaga Hjalteyrar
Umhverfi	-	
Upprunaleiki	0	Meginform lítið breytt. Miklar breytingar á innviðum.
Ástand	0	
Varðveislugildi	0	Áhugaverð heild. Varðveislugildi vegna atvinnusögu og notagildis



Mynd 6.7: Hjalteyrarviti um 1960. (Gunnar Ragnarsson).





Mynd 6.8: Ís á Eyjafirði 1967. (Gunnar Ragnarsson).

Byggingarstíll	Módernismi
Hönnuður/smiður	Thorvald Krabbe og Guðmundur Hlíðdal, verkfræðingar.
Upphafleg notkun	Viti
Byggingarefni	Stál
Klæðning	
Þakgerð	
Þakklæðning	Járn

Helstu breytingar	**Hönnuðir breytinga**
Búnaði til lýsinga hefur verið breytt tvisvar.	

SÖGUÁGRIP

Hjalteyrarvitinn er reistur árið 1920. Hann er byggður úr stáli og er boltaður og hnoðaður saman. Hæðin er 12.5 metrar. Hann er reistur c.a hálfum meter ofan sjávarmáls og því er ljóshæðin á honum um 13 metrar yfir sjávarmáli. Vitinn var talinn mjög þýðingarmikill fyrir innsiglingu í Eyjafjörð og gegnir enn mikilvægu hlutverki sem slíkur. Í upphafi voru í vitanum steinolíuljós sem eðlilega þörfnuðust mikils viðhalds og vörslu. 1930 voru þau tekin úr vitanum og sett í hann gasljós. 1960 voru þau tæki endurnýjuð og þá ákveðið að rafvæða hann og eru í honum nú sterk rafljós og vitanum stýrt með rafmagni.

NÚVERANDI STAÐA

Vitinn er í umsjá Siglingamálastofnunar og er haldið mjög vel við

UMHVERFI

Vitinn er staðsettur neðst á Hjalteyrinni utan við Hjalteyrarodda. Hann sést víða að úr Eyjafirði og útsýni úr honum gott út á Eyjafjörðinn .

VARÐVEISLUMAT

Byggingarlist	+
Menningarsaga	0
Umhverfi	+
Upprunaleiki	+
Ástand	+
Varðveislugildi	0

6.6 HVAMMSVEGUR

Hvammsvegur liggur til norðurs frá Brekkuhúsum að Eyrarbakka og Hvammi utan athugunarsvæðisins. Neðan við götuna standa fjögur frístundahús. Í deiliskipulagi er gert ráð fyrir fjórum byggingarlóðum fyrir frístundahús ofan götu.

Húsin eru öll einföld timburhús, ólík að gerð og er eitt þeirra bjálkahús. Húsin og grónar lóðirnar mynda ákveðna en ósamstæða heild þar sem húsin eru öll skásett á sama hátt við götuna. Nokkrir geymsluskúrar úr timbri eru einnig á lóðunum.

HVAMMSVEGUR 1 — BYGGINGARÁR 1986





Byggingarstíll	Einfalt nútímahús
Hönnuður/smiður	-
Upphafleg notkun	Frístundahús
Byggingarefni	Timbur
Klæðning	Timbur
Þakgerð	Mænisþak
Þakklæðning	Bárujárn

Helstu breytingar — **Hönnuðir breytinga**

SÖGUÁGRIP

Draumaland. Þetta hús reistu þau Guðbjörn Axelsson og Anna Lísa kona hans. Húsið er byggt 1986. Guðbjörn er sonur Axels Sigurbjörnssonar sem löngum bjuggu í Knútshúsi á Hjalteyri. Hann og Anna Lísa reistu veitingahús á Hjalteyri árið 2002.

NÚVERANDI STAÐA

Þetta hús var byggt sem sumardvalarstaður og er nýtt sem frístundahús í dag.

UMHVERFI

Húsið er ofan við Hjalteyrartjörn með fallegt útsýni út á Eyjafjörð. Það er í sumar og frístundahúsabyggð sem myndaðist utan við Richardshús upp úr 1985.

VARÐVEISLUMAT

Byggingarlist	0
Menningarsaga	0
Umhverfi	+
Upprunaleiki	+
Ástand	+
Varðveislugildi	0

HVAMMSVEGUR 2 — BYGGINGARÁR 1986





Byggingarstíll	Einfalt nútímahús
Hönnuður/smiður	-
Upphafleg notkun	Frístundahús
Byggingarefni	Timbur
Klæðning	Timbur
Þakgerð	Mænisþak
Þakklæðning	Bárujárn

Helstu breytingar **Hönnuðir breytinga**

SÖGUÁGRIP

Gissur Axelsson (og fleiri) byggði þetta hús árið 1986. Gissur er sonur Axels Sigurbjörnssonar sem löngum bjó í Knútshúsi á Hjalteyri

NÚVERANDI STAÐA

Húsið er nýtt sem frístundarhús.

UMHVERFI

Húsið er ofan við Hjalteyrartjörn með fallegt útsýni út á Eyjafjörð. Það er í sumar og frístundahúsabyggð sem myndaðist utan við Richardshús upp úr 1985.

VARÐVEISLUMAT

Byggingarlist	0
Menningarsaga	0
Umhverfi	+
Upprunaleiki	+
Ástand	+
Varðveislugildi	0



Byggingarstíll	Einfalt nútímahús	**Helstu breytingar**	**Hönnuðir breytinga**
Hönnuður/smiður	-		
Upphafleg notkun	Frístundahús		
Byggingarefni	Timbur, bjálkahús		
Klæðning	Timbur		
Þakgerð	Mænisþak		
Þakklæðning	Bárujárn		

SÖGUÁGRIP

Þetta hús er nefnt Tjarnarbakki. Bjálkahús byggt árið 2000 af Rögnvaldi Agli Rögnvaldssyni.

NÚVERANDI STAÐA

UMHVERFI

Húsið er ofan við Hjalteyrartjörn með fallegt útsýni út á Eyjafjörð. Það er í sumar og frístundahúsabyggð sem myndaðist utan við Richardshús upp úr 1985.

VARÐVEISLUMAT

Byggingarlist	0
Menningarsaga	0
Umhverfi	+
Upprunaleiki	+
Ástand	+
Varðveislugildi	0



Byggingarstíll	Einfalt nútímahús	**Helstu breytingar**	**Hönnuðir breytinga**
Hönnuður/smiður	-		
Upphafleg notkun	Frístundahús		
Byggingarefni	Timbur		
Klæðning	Timbur		
Þakgerð	Mænisþak		
Þakklæðning	Bárujárn		

SÖGUÁGRIP

Krillukot, húsið er reist af Sigurði Karlssyni og fjölskyldu hans sem sumardvalarstaður.

NÚVERANDI STAÐA

Húsið er nýtt sem frístundarhús.

UMHVERFI

Húsið er ofan við Hjalteyrartjörn með fallegt útsýni út á Eyjafjörð. Það er í sumar og frístundahúsabyggð sem myndaðist utan við Richardshús upp úr 1985.

VARÐVEISLUMAT

Byggingarlist	0
Menningarsaga	0
Umhverfi	+
Upprunaleiki	+
Ástand	+
Varðveislugildi	0

6.7 HÚS UTAN ATHUGUNARSVÆÐISINS

Rétt norðan skipulagssvæðisins eru þrú býli, sem nýtt eru sem frístundahús, auk mannvirkja Noðurorku, borholuhúsa og skiljutanks. Byggingarnar eru ekki teknar til mats.

EYRARBAKKI — BYGGINGARÁR 1932



SÖGUÁGRIP

Eyrarbakki er byggður 1932. Grasbýli byggt úr landi Ytri-Bakka.

NÚVERANDI STAÐA

Húsið er nú nýtt sem frístundarhús.

HVAMMUR — BYGGINGARÁR 1937





SÖGUÁGRIP

Hvammur er lítið grasbýli byggt úr landi Eyrarbakka 1937. Árni Jónsson kom til Hjalteyrar fyrst á MB Lagarfossi flutningaskipi að flytja þangað byggingarefnið í verksmiðju Kveldúlfs hf. Hann ílengdist á Hjalteyrinni þar sem hann vann lengi í verkmiðjunni. Hann keypti hálfan Eyrarbakka við Hjalteyri og byggði sér íbúðarhús í Hvammi árið 1938. Eftir að verksmiðjan hætti bjó Árni í Hvammi um nokkurt skeið en flutti síðan til Akureyrar. Afkomendur Árna eru núverandi eigendur að Hvammi og nýta húsið sem frístundarhús.

NÚVERANDI STAÐA

Húsið hefur verið gert upp og er í góðu ásigkomulagi.

UMHVERFI

Hvammur er staðsettur utan og ofan við Hjalteyri á milli Arnarholts og Eyrarbakka. Útsýni er fallegt út á fjörðinn.

ARNARHOLT — BYGGINGARÁR 1942

SÖGUÁGRIP

Arnarholt er byggt úr landi Arnarness. Vilhjálmur Árnason skipstjóri og smiður og kona hans Svanhildur Sigmundsdóttir byggðu Arnarholt 1942. Vilhjálmur var sonur Árna Antonssonar frá Arnarnesi og byggði ásamt honum og Jóni bróðir sínum hús á Hjalteyrinni árið 1917 sem jafnan er nefnt Bræðraborg. Þess má geta að þessi tvö hús eru mjög lík útlits. Í Arnarholti bjó lengi vel Ingi Friðriksson jarðýtustjóri hjá Búnaðarsambandi Eyjafjarðar, síðar starfsmaður KEA á Hjalteyri.

NÚVERANDI STAÐA

Arnarholt er núna frístundahús, um 1990 fór fram umfangsmikil leit að heitu vatni í landi Arnarholts og nágrenni sem endaði með að mikið magn af heitu vatni fannst þar um 86° C árið 2002. Norðurorka hefur virkjað það og leitt það inn til Akureyrar til húshitunar þar.

UMHVERFI

Arnarholt er byggt úr landi Arnarness, það er staðsett utan og ofan við Hjalteyrina upp af svonefndum Básum sem kallað er innan við Arnarnesnafir. Útsýni er fallegt út á og yfir Eyjafjörð. Hvammur er næsta grasbýli sunnan við Arnarholt en einnig voru Grímsstaðir staðsettir þar ofan við Hvamm.

BORHOLUHÚS, HJ-19 OG LOFTSKILJUTANKUR — BYGGINGARÁR 2003



BORHOLUHÚS, HJ-20 — BYGGINGARÁR 2005





SÖGUÁGRIP

Eftir að leitað hafði verið að jarðhita í sjó á Hjalteyri um 1997 kom í ljós að mikill jarðhiti var í berginu undir Hjalteyri. Þetta varð ástæða þess að Arnarneshreppur stóð fyrir umtalsverðri jarðhitaleit í nágrenni Hjalteyrar. Um 2002 fannst mikið magn af 86°C heitu vatni í austanverðum Bakkaásum að mestu í landi Arnarness og Arnarholts. Þetta vatn er nú virkjað af Norðurorku ehf. til húshitunar á Akureyri og nágrenni, þar með töldum öllum gamla Arnarneshrepp.

7 HORFIN HÚS

ÞORLÁKSBÚÐ — BYGGINGARÁR 1857

SÖGUÁGRIP

Tryggvi Konráðsson frá Bragholti nefnir í dagbókum sínum að hann muni eftir Hjalteyrinni með nánast engu á að undanskyldum einum torfkofa sem hafi staðið á miðri eyrinni. Það er líklega fyrsta íbúðarhús á Hjalteyri. Árið 1858 fluttist til Hjalteyrar í þurrabúð, Þorlákur Jónsson ásamt konu sinni og barni. Þorlákur var fæddur 29. janúar 1821 Hann hafði áður verið bóndi á Möðruvöllum í Hörgárdal um 1840, gerðist síðar vinnumaður á Ytri-Reistará 1845. Þaðan fór hann til Skagafjarðar og var skráður vinnumaður í Neðra Ási í Hjaltadal frá 1852. Hann fluttist sem áður segir til Hjalteyrar 1858, honum var lýst á þennan hátt; *„Hjalteyrar-Láki er afburðarmaður að karlmennsku, dugnaði og drykkjuskap“* (Hreppsbók Skriðuhrepps og Íslendingabók). Með Þorláki var kona hans Kristjana Guðrún Magnúsdóttir, fædd í Bakkasókn en vinnukona að Neðra Ási 1853. Þau áttu 3 börn þegar þau komu til Hjalteyrar, Þorstein fæddan 1852, Pál fæddan 1852 og Guðrúnu Valgerði fædda 1858.

Þau staldra stutt við á Hjalteyri og ekki er vitað um afdrif Þorláks. Hvar húsið þeirra stóð er ekki vitað.

UMHVERFI

Líklegt er miðað við frásögn Tryggva að húsið hafi staðið á miðri Hjalteyrinni sunnanverðri.

NORSKU HÚSIN — BYGGINGARÁR 1880



Mynd 7.1: Síldarsöltun á Hjalteyri. Söltunarstöð svía. (Minjasafnið á Akureyri).

Norsku húsin eru þau sem við sjáum til vinstri, efst grillir í Friðrikshús reyndar, en svo er Guðrúnarhús, Pakkhús, Smiðja/Gulabúð og loks á miðri eyrinni Salthús. Þar fyrir neðan er söltunarhús John S Boyle frá Glasgow sem saltaði síld á Hjalteyri. Það var síðar jafnan nefnt Pöntunarhús. Neðst á eyrinni sjáum við svo Þýsku/sænsku húsin en þau hús byggðu Nordsee fyrir sín umsvif á Hjalteyri. Öll þessi hús eru horfin af Hjalteyri utan Friðrikshúss.


SÖGUÁGRIP

Norsku húsin voru reist á Hjalteyrinni 1880. Leifar af þessum húsum entust langt inn á 20. öld. Í húsavirðingu fyrir Hjalteyri og Arnarneshrepp árið 1881 eru talin upp fimm hús á Hjalteyri. Fjögur af þeim eru skráð í eigu Norðmanna. Þeim er líst sem húsum sem eru um það bil 12 x 6 metrar að grunnfleti, flest með gólfi, pappaklædd geymsluhús með smá lofti og skorsteini. Íverelsi fyrir einn mann. Í viðtali við Bjarna Hafþór Helgason 1988 segir Sigurbjörn Pétursson frá Hjalteyri að hann „telji að þarna hafi verið

um að ræða geymslu og verkunarhús Norðmanna en samt hafi líklega verið einnig einhver umsjónarmaður sem hafi þá haft þarna búsetu“. Töluverð verðmæti hafa verið í þessum húsum sem voru á þessum tíma metin flest á um 1.000 – 1.200 kr. Fimmta húsið sem nefnt er þarna er nefnt „Salthúsið“, það er ekki skráður eigandi að því, en líklega er það sameiginleg saltgeymsla Norðmanna.

Hús sem nefnd eru á Hjalteyrinni 1906 þá í eigu Jóns Norðmanns sem hafði það ár keypt hluta Hjalteyrar neðan við Möllerslóð fyrir 7.000 kr. eru: Gulabúð, Beykisbúð, Smiðjan og Geymsluhús. Það er óneitanlega freistandi að álíta að þar sé verið að telja upp sömu húsin og Norðmenn byggðu á Hjalteyri um 25 árum áður. Vitað er að á miðri eyrinni stóðu hús sem urðu að víkja seinna meir. Eitt þeirra Guðrúnarhús stóð þar sem Friðrikshús var byggt árið 1901 og verður nefnt betur síðar. Annað er svokallað Pakkhús og stóð þar sem Pétursshús var byggt árið 1918. Þá var það hús flutt neðar og utar á Hjalteyrina, neðan við verkamannaskúr hf Kveldúlfs, Langa skúr. Smiðjan endaði sem fjós neðan við Pétursshúsið.

THORSTEINSSON HÚS — BYGGINGARÁR 1916



Mynd 7.2: Umsvif H.f Braga Thorsteinssons og Co, húsið til vinstri á myndinni, bryggjurnar brotnuðu 1918.

SÖGUÁGRIP

H/f Bragi Thorsteinsson og Co. Reykjavík byggði þetta hús yst á Grandanum 1916. Þetta fyrirtæki ætlaði sér stóra hluti á Hjalteyri og voru reistar miklar bryggjur og söltuð þarna síld. Árið 1918 kom hafís inn Eyjafjörð og braut niður allar bryggjurnar þeirra og stórskemmdist söltunarstöðin þeirra. Þá var ákveðið að rífa húsið niður og flytja það vestur í Ingólfsfjörð á Ströndum þar sem það var endurreist í sama tilgangi. Þar vegnaði þeim betur. Þar hefur húsið nýlega verið rifið en það var farið að láta verulega á sjá.

Í úttekt á húsinu 1918 á Hjalteyri segir;

> *Íbúðarhús h.f Bragi 20 x 11 x 6 alin, veggir allir tvöfaldir og þakið sömuleiðis. Á risi er pappaþak og tvennar dyr á austurhlið. Alls eru á því 13 gluggar. Undir lopti eru 6 herbergi og tvær forstofur, einn skorsteinn 2 eldavélar og 1 ofn, 2 þakgluggar og 6 gluggar á kjallara. Kjallari steinlímdur undir öllu húsinu og þónokkuð af honum útbúið fyrir íbúð, enda er þar önnur eldstóin. Austan við húsið fyrir báðum útidyrunum er gangpallur 7 x 2 x 2 al með tröppum til beggja enda. Virt á krónur 11.000 -*

LITLA HÚSIÐ — BYGGINGARÁR 1897



Mynd 7.3: Litla Húsið á Hjalteyri.

SÖGUÁGRIP

Litla Húsið var reist af Kristjáni Pálssyni árið 1897 fyrir Ole Möller og fjölskyldu hans. Þau bjuggu þó stutt í húsinu því árið 1900 lét Möller reisa stórhýsi við hliðina á þessu húsi. Áður hafði Litla Húsið verið nefnt Möllershús en nú missti það nafnbótina því nýja stórhýsið fékk nafnið Möllershús. Litla Húsið var samt nýtt sem íbúðarhús og leigt út. Kveldúlfur eignaðist þetta hús eins og mörg önnur á Hjalteyrinni. Matslýsing á húsinu frá árinu 1940 er á þessa leið*;*

> *Litlahús, eigandi hf Kveldúlfur 1940, húsið er lítið timburhús 1 hæð og ris. Þak og útveggir klæddir papa. Í húsinu eru 2 herbergi, búr eldhús, forstofa í lofti eru líka 2 herbergi. Óvíst um byggingarár, mjög gamallt. Kynnt með einum ofni og eldavél. Mat 2000 kr*.

Litla Húsið var rifið um 1980.

FRIÐRIKS JÓNSSONAR HÚS — BYGGINGARÁR 1880

SÖGUÁGRIP

Í Austurlandi 1. árgangi 9 tbl. árið 1907 er talað um hús sem Friðrik Jónsson hafi byggt sér á Hjalteyrinni um 1880. Það stemmir ekki miðað við fasteignamatsskrá nér hreppsbækur Arnarneshrepps. Í janúar árið 1908 brann hús á Hjalteyri, verslunarhús Guðbjörns Björnssonar og Hallgríms og Guðjóns Hallgrímssona. Það hús stóð fast við Gamla hótelið og var mildi að ekki fór verr og fleiri hús brynnu. Til að verja Gamla hótelið var brugðið á það ráð að sjóbleyta skútusegl og draga upp á húsveggina. Ég get ekki fundið 100% heimildir fyrir að það hús sem þarna brann sé Friðriks Jónssonarhús en slæ því sem föstu. Ólafur Oddson var tengdasonur Friðriks Jónssonar á Ytri Bakka. Kona Ólafs var Kristín Friðriksdóttir, en þau slitu samvistum og hún flutti til vesturheims. Börn þeirra 2 voru þá alin upp hjá afa sínum og ömmu Friðriki Jónssyni og Hansínu Hjaltalín. Þegar Friðrik deyr kaupir Ólafur Knútshúsið af dánarbúinu.

Húsavirðing 1906. Þá er talið upp til virðingar á Hjalteyri hús Ólafs Oddsonar á Hjalteyri. Hann er sagður útvegsbóndi og býr í þessu húsi. Það er 12 x 10 x 4og3/4 úr alin, tvöfaldir veggir, pappaklæddir sem og þak. Húsið sagt vandlega byggt og kvistur á suðurhlið alveg niður að grunni. Húsið hefur áfastan skúr með einföldum veggjum og undir því steyptur kjallari. Húsið nýlega endurbætt 1906 og metið á kr 2200. Sami Ólafur á það árið geymsluhús á Hjalteyri, nefnt Knútshús metið á 500 kr. Það hús lítið viðhaldið sagt í sömu heimild (Húsavirðing Eyjafjarðar 1906 – 1921).

Í veðbókum Eyjafjarðarsýslu kemur fram að Guðjón Hallgrímsson hafi keypt af Ólafi Oddsyni á Hjalteyri hús það sem nær er kaupmannshúsi Ole Möller á Hjalteyrinni. Fyrir það borgar Guðjón 2500 kr. Þann 2. janúar 1907. Sama dag gerir Guðjón leigusamning við Jón Norðmann um húsgrunn undir téðu húsi fyrir 30 kr á ári til tíu ára. Knútshús veðsett Tryggva Konnráðssyni fyrir skuld 926 kr. árið 1909.

Í Norðra febrúar 1908 er eftirafarandi frétt frá Hjalteyri; „Húsbruni varð á Hjalteyri aðfaranótt 20 f. m. Brann þar íbúðar og verzlunarhús Þeirra Guðjóns og Hallgríms Hallgrímssona frá Reistará. Eldurinn hefir að líkindum kviknað frá lampa í kjallanum og varð hans ekki vart fyrr en að svo stöddu að ekki var hægt að slökkva hann. Friðgeir Jónsson frá Möðruvöllum vaknaði fyrstur og var þá reykur mikill kominn á kvist herbergið þar sem hann svaf ásamt Jóni Ólafssyni frá Pálmholti og Hallgrími Hallgrímssyni. Ætlaði honum að verða örðugt að vekja þá. Nálega engu varð bjargað. Hús og vörur var vátryggt fyrir nokkur þúsund krónur. Verzlunarbækurnar brunnu og er það mat Norðra að þeim hefði hæglega mátt bjarga ef húseigandi hefði athugað um þær er eldsins varð vart. Í húsinu bjuggu auk þeirra bræðra Ólafur Ólafsson smiður og Anna Jónsdóltir húskona og biðu bæði talsvert tjón.“

GUÐRÚNARHÚS — BYGGINGARÁR 1880



Mynd 7.4: Um 1908. Húsið neðan við Friðrikshús er Guðrúnarhús. (Hallgrímur Einarsson, Minjasafnið á Akureyri).



Mynd 7.5: Frá 1916, Guðrúnarhús er næst efsta húsið til hægri á myndinni. (Hallgrímur Einarsson, Minjasafnið á Akureyri).



Mynd 7.6: 1917. (Hallgrímur Einarsson, Minjasafnið á Akureyri).

SÖGUÁGRIP

Guðrúnarhús stóð á Hjalteyrinni þar sem nú er Péturshús eða því sem næst. Þetta hús var eitt af norsku húsunum frá 1880. Þar bjó lengstum Guðrún Símonardóttir (Steinsdóttir) og húsið nefnt eftir henni. Maðurinn hennar var Vilhelm Rósant Jóhannsson og var einn af þeim er fórust með Arnarnes-Gesti árið 1897. Eftir það bjó Guðrún í húsinu ásamt börnum sínum. Örlög hússins voru þau að það var rifið árið 1917 til að rýma til fyrir nýju húsi sem þá var byggt neðan við Friðrikshús.



Mynd 7.7: Wallenshús stóð fyrst ofarlega á eyrinni, er stóra svarta húsið á myndinni.



Mynd 7.8: Wallenshús 1982.(Árni Ólafsson).



Mynd 7.9: Örlögin ráðin, Wallenshúsið brennur 1988.




Mynd 7.10: Brunarústir.

SÖGUÁGRIP

Sænskst útgerðarfélag kom til Hjalteyrar 1912. Það er Wedin & Wallen, samvinnufélag John Wedin og C.A Wallen frá Gautaborg. Hallgrímur Hallgrímsson frá Syðri-Reistará var ráðinn umsjónarmaður þeirra og virðist þetta félag hafa keypt af honum þá nýlega byggt Rauða húsið enda var það kallað Litla Wallenshús í nokkur ár. „Wallenshúsið“ sjálft keypti Kveldúlfur með öðrum eignum á Hjalteyri 1924 og létu flytja það neðar á Hjalteyrina þar sem það stóð eftir það. Húsið lék hlutverk í „Í skugga Hrafnsis“ þar sem það var brennt 1988.

Úttekt á húsinu frá 1918;

> *Geymsluhús Wallens, 32 x 18 x 5 alnir, veggir einfaldir úr panel borðvið. Þak sömuleiðis úr einföldum borðviði. Allt húsið lagt tjörubornum pappa, líka þak. Loft og gólf er í húsinu og grindin úr allsverum köntuðum trjám. Dregarar eru undir gólfbitum, eftir miðju húsinu endilöngu og dyr á stöfnum. 5 gluggar. Undirlag hússins hvílir á steinlímdum stöplum veglegt hús metið á kr 8.000 -*



Mynd 7.11: Tangahúsið – Pálshús að falli komið vorið 1978.

SÖGUÁGRIP

Úttekt á húsinu 1906: Íbúðarhús Sigtryggs Sigurðssonar, 8 x 6x 4 veggir tvöfaldir og pappaklæddir, íbúð pappalögð 3 herbergi og forskyggni yfir útidyrum, skúr við norðurstafn með pappaþaki. Mat 600 kr.


Húsið er svo aftur metið í fasteignamati 1940 og þá eftirfarandi lýsing:

> *Pálshús, Tangahús. Íbúðarhús úr timbri 1 hæð pappaþak. 3 herbergi eldhús forstofa og geymsla, byggt 1918, húsið er ekki vandað, viðhald gott og hitað upp með einum ofni og eldavél. Metið 1932 á 2150 kr. Eigandi Kveldúlfur hf.*

Það er smá á reiki hvenær Tangahúsið var byggt og af hverjum. En þess er getið í úttekt árið 1906 og þá eign Sigtryggs Sigurðssonar, Ólafs Jónssonar og Inga Sigurbjarnarsonar. Húsið er aftur tekið út í fasteignamati árið 1918 og þá nefnt Antonsshús og eigandi Anton Jónsson kaupmaður. Árið 1910 er það í eigu Sigtryggs Sigurðssonar og fleiri, en leigt út og það ár leigir húsið Hallgrímur Hallgrímsson kaupmaður. Húsið var í mjög lélegu ásigkomulagi undir það síðasta og var að lokum rifið 1979. Þetta hús var eitt af mörgum húsum á Hjalteyrinni til að hýsa farskóla Arnarneshrepps.



Mynd 7.12: Konur af Hjalteyri við þvotta framan við Íshúsið. Frá vinstri Laufey Stefánsdóttir, Þorgerður Sigurðardóttir og Sigurbjörg Guðnadóttir. Myndin er tekin af fasbókarsíðunni „Hjalteyrin okkar í máli og myndum". (Gerða Theodora Pálsdóttir).



Mynd 7.13: Tryggvi Konnráðsson frá Bragholti, Íshússtjóri. (Gunnar Ragnarsson).



Mynd 7.14: Íshúsið rifið um 1990. (Jón Þór Brynjarsson).



Mynd 7.15: Íshúsið 1986. (Árni Ólafsson).

SÖGUÁGRIP

Húsið var byggt 1884 fyrir Friðrik Jónsson á Ytri-Bakka. Þar var hann ásamt Gunnari Einarssyni með sveitaverslun og stundaði þarna verslun við þá erlendu aðila, mest Norðmenn sem stunduðu síldveiðar á Eyjafirði á þessum árum. Friðrik seldi Gunnari sinn hlut í versluninni um 1890 og Gunnar seldi hana áfram til Ole Möller árið 1897. Eftir 1900 var húsið nýtt sem söltunarstöð fyrir Ole Möller en þá hafði hann reist nýtt stórt verslunarhús á Hjalteyrinni sem í dag er jafnan nefnt Gamla Hótel. Otto Tulinius eignaðist síðar þetta hús er hann keypti eigur Ole Möller og síðar Ásgeir Pétursson. Ekki er annað að sjá en að húsið hafi áfram verið nýtt sem söltunarhús þó svo að það sé einnig nýtt sem íbúðarhús fram á tuttugustu öld. Síðar var settur upp í húsinu frystir og var það jafnan nefnt Íshús. Um 1978 var húsið tekið og endurbætt að hluta til og öðlaðist þá nýtt hlutverk en og aftur. Eftir að Arnarneshreppur eignaðist húsið og Hjalteyrina var sett upp í því fiskverkun á vegum KEA. Þá fékk húsið nafnbótina Fiskhús og var nýtt sem slíkt til 1988 að fiskverkunin var flutt í endurbyggt mjölhúsið neðar á Hjalteyrinni. Húsið var þá mjög illa farið og var rifið 1990.

Þetta hús geymdi mikla og stóra sögu á Hjalteyri. Húsið sjálft var stórt pakkhús byggt á tímum þegar Íslendingar voru enn fastir í hlekkjum hugarfarsins að lífið á mölinni væri ekki eins gott og í sveitum landsins. Við vorum ennþá bændasamfélag.



Mynd 7.16: Húsið er næst okkur á myndinni, þarna sést út á Grandann. (Gunnar Ragnarsson).

SÖGUÁGRIP

Þetta hús var byggt 1884. Þar voru lengstum tvær íbúðir og oft fleiri en 2 fjölskyldur í mjög litlum húsakynnum.

Húsinu er lýst á þennan hátt 1940;

> *Oddahús 1 (sambyggt Oddahús2), byggt 1880, tvær íbúðir árið 1940, ytri endi ½ íbúðarhús úr timbri ein hæð, kjallarlaust, timburveggir pappaklætt. 2 herbergi og eldhús á hæð og geymsla í lofti.*
> *Oddahús 2 (sambyggt Oddahús 1) byggt 1880, engin innanstokks lýsing önnur en húsið úr timbri pappaklætt ein hæð kjallaralaust með geymslulofti metið 1932 hvor helmingur á 1400 kr.*


Þar bjó lengi Björn Jónsson er síðar byggði sér íbúðarhús upp á brekkunni 1948 en eftir áramótin 1951 flæddi sem oftar yfir Hjalteyrina. Sjórinn tók þá að flæða að og inn í Oddahúsið sem endaði með að það brotnaði nánast niður. Eftir það var ekki búið í Oddahúsinu og það rifið.

UMHVERFI

Húsið var við suðurhorn Hjalteyrartjarnarinnar utan við Hjalteyrarvita.



Mynd 7.17: Sæborg, ekki vitað hvaða ár þessi mynd er tekin. Mynd tekin af fasbókarsíðunni „Hjalteyrin okkar í máli og myndum.“ (Hulda Kristjánsdóttir).



Mynd 7.18: Sæborg 1970. (Gunnar Ragnarsson).



Mynd 7.19: Sæborg 2015. (Rachel Wilkinson).

SÖGUÁGRIP

Sæborg var staðsett í brekkunum neðan við bakkana á Ytri-Bakka. Erfitt en fallegt bæjarsstæði. Kristján Pálsson byggði þetta hús árið 1918. Í 19 ár áður hafði hann verið bóndi á Ytri-Bakka og leigt hann af fyrst Friðriki Jónssyni og Hansínu Hjaltalín konu hans en eftir 1902 af dóttur Friðriks Önnu Friðriksdóttur. Sagan segir að Hansína og Anna hafi sagt Kristjáni upp leigu á jörðinni vegna þess að ættingi þeirra hafi viljað hefja þar búskap sjálfur. Þegar það gerðist á Kristján að hafa farið fram á að fá að byggja sér hús í landi Ytri Bakka. Á þá ekkjan að hafa krafist þess að það væri þá þar sem ekki sæist til hans frá bæjarhúsum á Ytri-Bakka. Þó svo að sagan sé góð og geti verið rétt kann það að hafa ráðið ansi miklu um staðarval fyrir þetta hús, að Kristján kom að byggingu á söltunarstöð þarna undir brekkunum fyrir

sænskan mann Jacob Samuelsson að nafni um þetta leyti. Söltunarstöðin sem fékk nafnið Dust var rekin þarna um árabil þó svo að hafísinn hafi leikið bryggjurnar þeirra grátt og brotið þær flestar niður 1918.

Lýsing við mat 1918:

> *Húsið Sæborg 12 x 9 og hálf x 4 alin. Húsið er með brotnu risi, 4 herbergi niðri og 2 uppi á lofti og 2 í kjallara. Veggir tvöfaldir að þiljum með pappa utan á grind en stoppaðir með torfi og mómylnslu. Skilrúmsveggir tvöfaldir með 3 tommu panelviði. Í húsinu eru 7 innihurðir og 2 útidyr flestar fulningahurðir. Gluggar eru 8 auk 2 á kjallara. Virðing 1918 krónur 8.000 -*

Sæborg var rifin 1948 af Hans Petersen og efnið nýtt í nýbyggingu að Þingvallastræti 42, heimili hans og Rósu Rögnvaldsdóttur konu hans. Eftir stóðu grunnveggirnir af Sæborg í brekkunum sunnan við Hjalteyrina. Einu ummerki Sæborgar á sínum upprunalega stað í dag eru grunnveggirnir sem eru smátt og smátt að láta undan framsigi brekkunnar og vörin í fjöruborðinu sem er að hverfa líka vegna ágangs sjávarins. Þar er í grasinu ofan við fjöruborðið steinn með steyptum króki í, sem notaður var til að festa báta þarna í fjörunni.

HLÍÐ — BYGGINGARÁR 1923



Mynd 7.20: Léleg mynd af Hlíð og Brekku, tekin af fasbókarsíðunni „Hjalteyrin okkar í máli og myndum“. Hlíð er til vinstri á myndinni, Brekka til hægri. (Sigurður Karlsson, úr myndasafni Helga Eyjólfssonar).

SÖGUÁGRIP

Hlíðarbærinn stóð nánast á sama stað og frístundahúsið Ás stendur í dag. Hlíð var byggð árið 1923 af Árna Magnússyni og Helgu Gunnlaugsdóttur. Þau hjón fluttu til Hjalteyrar árið 1914 og bjuggu lengi í Jónshúsinu ásamt fleirum. Hlíðarbærinn var einn af tveim torfbæjum sem reistir voru á Hjalteyrinni sjálfri. Reyndar má nefna „Bæinn“ sem var neðan við Eyrarbakka en bæði stóð hann stutt og var ekki á Hjalteyrinni sjálfri. Hlíðarbærinn var lítill en mjög vinalegur segja lýsingar, en Árni og Helga fluttu þaðan í Bræðraborg 1943. Lýsing á Hlíð frá 1940:

> *„Hlíð eigandi Árni Magnússon. Íbúðarhús að nokkru úr timbri en hitt úr torfi og grjóti. Byggt 1923 sem íbúðarhús. 1 stofa og eldhús. Óvandað ágætt viðhald kynnt með ofni. Metið á 1000 kr árið 1934. Áfast húsinu er fjárhús úr torfi með timburþaki 4 x 3,8 x 2“*

SÖGUÁGRIP

Guðbjörn Björnsson kaupmaður á Akureyri byggði á Hjalteyrinni tvö hús. Annað þeirra er Brekka sem var staðsett utan við þar sem frístundahúsið Ás stendur í dag, norðan og ofan við Hótelið við suðvesturhorn Hjalteyrartjarnar.


Í húsamati árið 1918 er eftirfarandi lýsing á nýju húsi;

> *„Vestanvert við Hjalteyrartjörn hús Guðbjörns Björnssonar kaupmanns á Akureyri. Grind úr plönkum einlyft, þiljur utan og innan á grind. Pappi innan á ytri þiljum, torf í stoppi að innri þiljum. Ris er aðeins ein alin og þakið lagt pappa. í húsinu eru 3 hurðir á hjörum að utan og þrír 6rúðu gluggar. Skorsteinn byggður úr sementsteyptum rörum. Kjallari er enginn undir húsinu“.* Árið 1940 segir; *„Brekka eigandi Pétur Jónasson ábúandi Sigtryggur Einarsson og Rósa Jónsdóttir. Rislítið íbúðarhús úr timbri pappaklætt, útveggir úr timbri og pappaklæddir líka. Áfast húsinu er steinlímdur skúr, fjárhús og geymsluhús úr torfi. Húsið byggt 1918. Metið 1934 á 1800 kr kynt með ofni“.*

Rósa lést árið 1945 og þá flutti Sigtryggur (Tryggvi) úr Brekku í Friðrikshús. Brekka var nýtt af hf. Kveldúlfi fyrir verkafólk yfir sumartíman en var að lokum rifið um 1960.




Mynd 7.21: Langi Braggi er húsið sem er til vinstri á myndinni. Fv. Jóna Björnsdóttir, Oddhúsi. Björg Þórisdóttir, Knútshúsi . Ragnar skipstjóri á Alden, Vilborg Axelsdóttir, líka úr Knútshúsi og María Einarsdóttir úr Sæborg. myndin er fengin af fasbókarsíðunni „Hjalteyrin okkar í máli og myndum".



Mynd 7.22: Langi Braggi og Hjalteyrin, 1965. (Gunnar Ragnarsson).



Mynd 7.23: Hjalteyri, 1942. (Gunnar Ragnarsson).



Mynd 7.24: Hjalteyri 1941. (Sigurður Bragi Stefánsson).

SÖGUÁGRIP

Langi Brakki – Langi skúr – Svarti skúr allt var þetta sama húsið. Við Tjarnarbakkan sunnanverðan neðan við Hótelið stóð þetta hús þar sem nú er Kaffi Lísa. Strax árið 1912 hóf Kveldúlfur að senda norður til Hjalteyrar verkafólk að salta fisk úr togurum félagsins. Til að fólkið hefði stað að búa á var reistur þessi verkamannabústaður. Elka Björnsdóttir lýsir honum líttillega í sínum dagbókarfærslum frá því hún saltaði síld á Hjalteyri sumarið 1914. Hún ber húsakynnum ekki slæma söguna þó hún ræði þar um þrengsli á söltunarplaninu og lélegt drykkjarvatn. Í húsamati 1918 segir; „ Timburhús með ½ járnklæðningu 83 x 10 álnir íverelsi verkafólks“ í sama skjali fyrir árið 1940 ; „Kveldúlfsskúr, (langi braggi) Timburútveggir tvöfaldir, stendur á stólpum 1 hæð. Þak er járnvarið sem og ¼ útveggja. Hitt er pappaklætt að utan. Húsið er notað til íbúðar verkafólks á sumrin, óvíst um aldur en talið mjög gamallt. Óvandað hús, hefur verið illa hirt um viðhald. Kynt með eldavélum. Metið árið 1932 á 17.100 kr. Stærðin 1113 fermetrar, 58 x 6.4 metrar, vegghæð 3 m.

Örlög hússins urðu að það brann 1982. Hafði þá verið í mikilli niðurníðslu í mörg ár og mjög illa farið.

ÞINGHÚSIÐ — BYGGINGARÁR 1880

SÖGUÁGRIP

Þinghúsið var staðsett sunnarlega á Grandanum sunnan við þar sem Jónshúsið stóð. Þinghúsið virðist hafa verið mikið notað og eru til fjölda tilvitnar í opinbera fundi sýslunnar í þessu þinghúsi auk almennra funda á vegum hreppsins og hreppsnefndarfunda. 20. September árið 1900 gekk yfir Eyjafjörð mikið vestanrok sem stórskemmdi fjölda húsa og olli miklum skaða víða um sveitir. Í þessu veðri stórskemmdist Þinghúsið á Hjalteyri svo mjög að ákveðið var að færa það og endurbyggja það í Arnarnesi við Arnarnesvíkina. Þar var það endurreist en árið 1905 kom annað rok og tókst þá Þinghúsið aftur á flug en í þetta skipti mest á haf út. Nú var ákveðið að reisa enn eitt Þinghús og efni safnað til þess. Áður en af því varð fauk efnið af stað og týndist mikið af því. Þess má geta að eftir þetta var ákveðið að reisa þinghús að Grund en fram að þeim tíma var Templarinn nýttur sem Þinghús Arnarneshrepps. Efnið sem eftir var af Þinghúsinu var að lokum nýtt af hf Kveldúlfi og var úr því efni reistur dæluskúr fyrir vatnsveituna til Hjalteyrar sem staðsettur var í mýrlendinu ofan við Bragholt. Rétt að segja frá því að hann fauk að lokum og er brakið af honum líklega horfið núna.



Mynd 7.25: Jónshúsið, mynd frá um 1980, tekin af fasbókarsíðunni „Hjalteyrin okkar í máli og myndum“ Útihús sjást norðanvert við varðsturninn sem reistur var að breska setuliðinu um 1941.



SÖGUÁGRIP

Hjalteyri tilheyrði 2 jörðum í Arnarneshreppi , Arnarnesi og Ytri-Bakka. Skilin á milli þessara jarða voru úr svo kallaðri Stekkjarlaut vestan í Bakkaásunum þvert yfir ásana. Við tjörnina er miðað við merkjagarð vestan við hana og bein lína í punkt sem er rétt utan við Hjalteyrarvitan.

Jón Antonsson og Guðlaug Sveinsdóttir kona hans fyrrum eigendur og bændur í Arnarnesi, seldu Arnarnes árið 1903 að undanskildum þeim hluta af Hjalteyri sem tilheyrði jörðinni. Þau fluttu þá um vorið til Hjalteyrar og byggðu á „Grandanum“ stórt veglegt íbúðarhús með steinlímdum kjallara. Það varð ekki eina húsið sem Jón kom að byggingu að á Hjalteyri, auk húsa sem hann byggði fyrir sjávarútveg sinn og jarðrækt. Einnig stundaði hann skipa og bátasmíðar á vetrum eftir að þau komu til Hjalteyrar. Hann stundaði jarðrækt bæði á „Grandanum“ sjálfum sem þá var allmikið stærri en hann er í dag, sem og í brekkunum ofan við „Tjörnina“.

Í fasteignamatsskrá fyrir Arnarneshrepp frá árinu 1917 er eignin Ytri-Hjalteyri fasteignanúmer 281 lýst á þennan hátt:

> *Ytri-Hjalteyri, eigandi og ábúandi Jón Antonsson jörðin er talin 3 hundruðir að dýrleika, byggð úr landi jarðarinnar nr 279 (Arnarnes). Skattanefnd metur afgjaldið um 100 kr. Landamerki eru ákveðin og ágreiningslaus. Lýsing jarðarinnar er á þessa leið; Tún í allgóðri rækt, sléttað og girt, stærð; 0.96 ha. Töðufall 20 – 30 hestar. Sáðreitur, stærð 530 fermetrar uppskera um 700 kg. Engjar naumast teljandi heyfall 20 hestar. Búfjárhagar eru engir, fjörubeit dálítil – útræði reytingslegt. Jörðin liggur rétt við verslunarstað. Land jarðarinnar er aðallega notað til sjávarútvegs, og hefur jörðin nú sem stendur tekjur af leigðum lóðum, c.a 1000 kr. Hús: Íbúðarhús úr timbri 28 x 10 álnir (17,5 x 6,2 m) tvílyft með járnþaki. Kjallari undir hálfu húsinu. Geymsluhús úr timbri 9 x 7 álnir (5,8 x 4,3 m) með áföstum skúr. Fiskhús, vindmylla, fjós yfir tvær kýr, fjárhús, tvær hlöður úr timbri yfir 120 hesta, haughús. Jarðabætur s.l 10 ár: tún sléttað, sáðreitur og girðing. Samkvæmt þessu er jörðin metin; Jörðin sjálf kr 13.000, Hús og jarðabætur 11500 kr og 500 kr. Alls kr 25.000.*

Jón og Guðlaug, bjuggu í Jónshúsinu restina af ævinni. Jón lést þar 84 ára gamall í janúar 1930 en Guðlaug lést þá um haustið. Þau höfðu þá verið gift í 57 ár.

Örlög Jónshússinn urðu sú að þar þurfti að koma fyrir fiskihjöllum. Á árunum í kringum 1985 var það rifið niður, stórmerkilegt hús á einum fallegasta útsýnisstað í Eyjafirði.

Jónshúsið var nýtt sem skólahúsnæði fyrir farskóla Arnarneshrepps á árunum 1926 – 1931, sem og mörg önnur hús á Hjalteyrinni.



Mynd 7.26: Rauða Húsið er það hús sem er næst fremst á myndinni. (Gunnar Ragnarsson).

SÖGUÁGRIP

Sem áður segir brann hús á Hjalteyrinni í janúar 1907. Í þessari samantekt eru leiddar líkur að því að þar hafi verið um að ræða Friðriks Jónssonar hús sem þá var komið í eigu Guðbjörns Björnssonar kaupmanns á Akureyri og Guðjóns og Hallgríms Hallgrímssona frá Syðri-Reistará og var nýtt sem verslun. Í úttekt á nýjum húsum á Hjalteyri frá árinu 1909 segir;

> *Húseign Hallgríms Hallgrímssonar. 12 x 10 álnir, hæðin um 5,5 álnir. Utanklætt með venjulegum klæðningaborðum og asfaltpappi utan á grind en innan klætt með ¾ panelborðum, undir loftinu eru 4 stofur og sölubúð en uppi eru 3 herbergi. Þak úr plægðum tommu borðum og pappalagt. Kjallarin hlaðinn og steinlímdur undir öllu húsinu. Einnig er í húsinu eldavél.*

Önnur lýsing á húsinu er frá 1940;

> *Litla Wallenshús, eigandi hf Kveldúlfur hátt hús með kjallara steinlímdum háu risi og pappaþaki. Á hæðinni eru 3 herbergi eldhús og 2 forstofur kjallara skipt í tvennt. Húsið er notað sem geymsla byggt árið 1909. Óvandað lélegt og illa viðhaldið, kynnt með 2 ofnum og 1 eldavél. Kjallarinn skemmdist mjög í jarðskjálfta árið 1934 og hefir ekki fengið almennilega viðgerð. Virt á 1800 kr 1932.*

Húsið var kallað Hallgrímshús seinna nefnt Wallenshús og loks Rauðahús. Örlög þess urðu að það var rifið niður um 1950 og flutt í burtu af Leó Guðlaugssyni og efnið nýtt til byggingar íbúðarhús í Kópavogi.


Smiður: Ólafur Ólafsson frá Pálmholti.



Mynd 7.27: Samsett mynd frá 1982. Tvöföld röð verbúða við Búðargötu. Ljósmyndir: ÁÓ



Mynd 7.28: Búðargata árið 1985. Ljósmyndir: ÁÓ



Mynd 7.29: Verbúð við Búðargötu. Ljósmyndir: ÁÓ

SÖGUÁGRIP

Verbúðir stóðu sjávarmegin við götuna fram yfir aldamótin 2000. Þær hafa nú vikið fyrir bættum vegi að höfninni.



8 HEIMILDASKRÁ

Guðmundur Hafsteinsson. (-). Ágrip íslenskrar húsagerðarsögu fram til 1970.

Hörður Ágústsson (1989). Íslensk byggingararfleifð I. Húsafriðunarnefnd ríkisins.

Ritstjóri Nikulás Úlfar Másson (2009). Byggða- og húsakönnun. Húsafriðunarnefnd.

SAVE (2011). Kortlægning og registrering af bymiljöers og bygningers bevaringsværdi. Kulturarvsstyrelsen.

Loftmyndasafn Landmælinga Íslands á www.lmi.is/landupplysingar/loftmyndasafn.

Kafli 3.3:

Einkaskjöl Friðriks Jónssonar á Ytri-Bakka.

Húsavirðing Eyjafjarðarsýslu, 1. nóvember 1881

Jón Hjaltason (1994). *Saga Akureyrar 1863 -1905.* Akureyri: Akureyrarbær.

Jón Þ. Þór (2003). *Uppgangsskeið og barningsár: Saga sjávarútvegs á Íslandi, II bindi*. Akureyri: Bókaútgáfan Hólar.

Kafli 3.4

Jón Þ. Þór (2003). *Uppgangsskeið og barningsár: Saga sjávarútvegs á Íslandi, II bindi*. Akureyri: Bókaútgáfan Hólar.

Kafli 3.5

Austurland, I árg. 9. blað (22. október 1907). *Arðberandi eignir.* Eskifjörður.

Fasteignamatsskrá fyrir Arnarneshrepp (1917).

Fróði, VI árg. 165. blað. (27. júlí 1885). *Akureyri 22. júlí.* Oddeyri.

Hilma Gunnarsdóttir og Sigurður Gylfi Magnússon (2012). *Dagbók Elku: Alþýðumenning í þéttbýli á árunum 1915-1923 í frásögn Elku Björnsdóttur verkakonu.* Reykjavík.

Íslendingur, XXIX. árg. 1. tölub. (8. janúar 1943). *Ásgeir Pétursson: útgerðarmaður.* Akureyri.

Jón Hjaltason (1998). *Saga Akureyrar.* Akureyri: Akureyrarbær.

Stefnir, 4. árg. nr. 3 (7. mars 1896). *Hörgárbrúin.* Akureyri.

Stefnir, 8. árg. 7. blað (6. apríl 1900). *Auglýsing.* Akureyri.

Stefnir, 8. árg. 20. blað (7. nóvember 1900). *Drukknun.* Akureyri.

Vísir, jólablað (1948). *Landi leysir frá skjóðunni:Endurminningar Valdimars læknis Erlendssonar í Friðrikshöfn á Jótlandi.* Reykjavík.

Kafli 3.6

Benedikt Sigurðsson, Birgir Sigurðsson, Guðni Th. Jóhannesson, Hjörtur Gíslason, Hreinn Ragnarsson, Jakob Jakobsson, Jón Þ. Þór og Steinar J. Lúðvíksson (2007). *Silfur hafsins, gull Íslands: síldarsaga Íslendinga.* II bindi. Reykjavík: Nesútgáfan

Birgir Sigurðsson (1989). *Svartur sjór af síld.* Reykjavík: Forlagið.

Norðlingur, Íslendingur, Stefnir og Austri árin 1880 - 1940).

Kafli 3.7

Birgir Sigurðsson (1989). *Svartur sjór af síld.* Reykjavík: Forlagið.

Jón Hjaltason (1991). *Hernámsárin á Akureyri og Eyjafirði.* Akureyri: Bókaútgáfan Hólar

Gunnar M. Magnúss (1984). *Virkið í Norðri I-III.* Bókaútgáfan Virkið.

Morgunblaðið, 24. árg. 200. tbl. (1. september 1937). *Hjalteyri – Síldarbræðslustöð Kveldúlfs h.f.* Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja.

Morgunblaðið, 53. árg. 179. tbl. (10. ágúst 1966). *Hvað verður, ef síldin bregzt einu sinni einn?* Prentsmiðja Morgunblaðsins.

Íslendingur, XLII. árg. 28. tbl. (13. júní 1956). *Ákveðið að byggja hraðfrystihús á Hjalteyri.*

Vefur Þjóðminjasafnsins Unnur Birna Karlsdóttir,

Kafli 3.8

Æskan, 78. árg. 2. tbl. (1977). *Minningar úr Eyjafirði.* Reykjavík: Stórstúka Íslands.

Kafli 6.2

Guðmundur Magnússon (2005) *Thorsararnir – auður, völd, örlög.* Reykjavík: Almenna bókafélagið.

Kafli 6.4

Fasteignaskrár (1917-1918).

Dagbækur Tryggva Konráðssonar frá Bragholti (1900).

Kafli 7

Húsavirðing Eyjafjarðar (1906-1921).

Norðri, III árg. 5. tbl. (4. febrúar 1908). *Húsbruni varð á Hjalteyri.* Akureyri: Prentsmiðja B. Jónssonar.

9 MYNDASKRÁ

Mynd 2.1: Athugunarsvæði húsakönnunar og afmörkun deiliskipulagssvæðis. 6

Mynd 2.2: Einfalt landlíkan sem sýnir megindrætti landslags og byggðar á Hjalteyri. 7

Mynd 3.1: Síldarsöltun á Hjalteyri, Norsku húsin eru til vinstri á myndinni. Efst er reyndar Friðriks Antonarhús en svo koma norsku húsin í röð, Guðrúnarhús, Pakkhús, Smiðja/Gulabúð og loks Salthúsið. 12

Mynd 3.2: Síldveiðar í herpinót. 14

Mynd 3.3: Gunnar Einarsson kaupmaður. 15

Mynd 3.4: Nöfnur í Knústhúsi. Þessa mynd tók Hulda Axelsdóttir 1959 á kassamyndavél sem hún eignaðist í fermingargjöf 1942. Á myndinni eru Jórunn Sigfríður Kristinsdóttir 89 ára, Jórunn Axelsdóttir 23 ára og Jórunn Agnarsdóttir 3 ára úr Litla húsinu. 18

Mynd 3.5: Valdimar Axelsson á góðum degi framan við Knútshúsið. 19

Mynd 3.6: Málverk Kristínar Jónsdóttur af Hjalteyri 1903. Á Grandanum er komið hús foreldra hennar en innan við það er Þinghúsið sem um ræðir í þessum kafla. Önnur hús á eyrinni eru talin frá vinstri: Knútshús, Friðriks Jónssonarhús, Gamla hótelið. Litla-húsið, Búðin, Friðrikshús, Guðrúnarhús, Gulabúð, Pakkhús, Salthús, Pöntunarhús og Oddahús. 20

Mynd 3.7: Hjónin frá Arnarnesi/Jónshúsi - Jón Antonsson og Guðlaug Sveinsdóttir. 21

Mynd 3.8: Gamla Hótel - Möllershús í forgrunni. Áður voru hús sitt hvoru megin. Litla hús á hægri hlið og Rauða hús á vinstri hlið. 22

Mynd 3.9: Gömlu Möllershúsin, mynd tekin 1977. Litla húsið til vinstri á myndinni er nú farið en það var byggt árið 1897. Hitt húsið er Gamla Hótel sem byggt var 1900 og stendur enn. 24

Mynd 3.10: Kristján Pálsson. 25

Mynd 3.11 og mynd 3.12: Hótel Hjalteyri í niðurníðslu árið 1982 og uppgert árið 2014. Þetta hús hefur verið gert veglega upp eins og flest önnur hús á Hjalteyri.(Árni Ólafsson). 26

Mynd 3.13: Auglýst eftir stúlkum í síldarsöltun árið 1914 í Morgunblaðinu. 28

Mynd 3.14: Útgerðin Bragi Thorsteinsson á Hjalteyri um 1917. 29

Mynd 3.15: "Ég náði ekki oní botninn á tunnunni er ég byrjaði að salta svo mamma saltaði upp fyrir mig í fjórðung en þá gat ég staðið á stamp til að ná að raða í tunnuna mína og klára að fylla hana og hjálpa henni mömmu, sem var oft þreytt eftir erfiði dagsins." Minning síldarstúlku "Svartur sjór af síld". 31

Mynd 3.16: Síldarstúlkan. (Ingibjörg Guðmundsdóttir, 2012). 31

Mynd 3.17: Síldarsöltun á Hjalteyri 1914 – aðstæður Elku Björnsdóttu 32

Mynd 3.18: Hermaður við fallbyssu í Reykjavík 34

Mynd 3.19: Hermenn á Hjalteyri 1940. Clif, Bill, Jon, Jeff og Jim. 34

Mynd 3.20: Hermenn og strákar á Hjalteyri 1940. Sigurbjörn Pétursson (Böddi), Clif, Sigurður Bragi Stefánsson, Birgir Stefánsson og Jim. (Úr ljósmyndasafni Sigurðar Braga Stefánssonar). 34

Mynd 3.21: Dæmi um auglýsingu frá breska setuliðinus. (Þjóðminjasafn Íslands). 35

Mynd 3.22: Thor Jensen. 38

Mynd 3.23: Snorri Goði skip Kveldúlfs. 38

Mynd 3.24: Steypt í frosti í mars 1937. 40

Mynd 3.25 Steypt í frosti í mars 1937 40

Mynd 3.26: Mjölloftið í byggingu. 42
Mynd 3.27: Mjölhúsið var byggt 1940. 42
Mynd 3.28: Vésteinn Guðmundsson, verksmiðjustjóri, árið 1965. 43
Mynd 3.29: Öskudagurinn var öðruvísi en Soffía átti að venjast. 45
Mynd 3.30: Voru þetta álfar eða huldufólk? (Gunnar Ragnarsson). 45
Mynd 3.31: "Við ætlum að slá köttinn úr tunnunni niður við "Hó" klukkan fjögur" (Gunnar Ragnarsson). 46
Mynd 3.32: Vinnslurás fiskimjölsverksmiðju. (Vefur Matís). 48
Mynd 3.33: "Tóftin" brunarústir mjölskemmanna, myndin er tekin árið 1977. 50
Mynd 3.34: Siggi Sigurjóns og hundurinn Týri við tökur á Landi og sonum á Hjalteyri árið 1979. 51
Mynd 3.35: Nonni er starfsmaður hjá KEA" skrifar Dagur árið 1985. Á myndinni er Jón R. Jónsson frá Litla-Dunhaga. 51
Mynd 3.36: Tóftin yfirbyggð og aftur færist líf í tuskurnar á Hjalteyrinni árið er 1989.. 52
Mynd 3.37: Hrognin sótt, á myndinni eru starfsmenn Fiskey, Birgir Kristjánsson og Óli Þór Jóhannsson. 54
Mynd 3.38: Fiskeldi Eyjafjarðar h.f. 54
Mynd 3.39: Seiðasalur Fiskey. 55
Mynd 4.1: Árið 1976. (Landmælingar Íslands). 61
Mynd 4.2: Árið 1980. (Landmælingar Íslands). 61
Mynd 4.3: Árið 1986. (Landmælingar Íslands). 61
Mynd 4.4: Árið 1998. (Landmælingar Íslands). 61
Mynd 6.1: Templarinn sem sjúkrastofa í kvikmyndinni Landi og sonum. 85
Mynd 6.2: Sunnlenskir Hjalteyringar í heimsókn, líklega 1962-1963. Frá vinstri: Atli Ólafsson, Þórhallur Birgir Jósepsson og Skarphéðinn Jósepsson. Þórhallur og Skarphéðinn eru dóttursynir Kristjáns Pálssonar sem byggði Templarann. 85
Mynd 6.3: Búðagata og höfnin árið 2016. 91
Mynd 6.4: Friðrikshús. (Gunnar Ragnarsson). 94
Mynd 6.5: Gömul vetrarmynd af Hjalteyrinni, Gamla Hótelinu og Íshúsinu, rútunni hans Júlla og Litla Húsinu. (Gunnar Ragnarsson). 97
Mynd 6.6: Gamla hótelið sem verslun. (Gunnar Ragnarsson). 97
Mynd 6.7: Hjalteyrarviti um 1960. (Gunnar Ragnarsson). 114
Mynd 6.8: Ís á Eyjafirði 1967. (Gunnar Ragnarsson). 114
Mynd 7.1: Síldarsöltun á Hjalteyri. Söltunarstöð svía. (Minjasafnið á Akureyri). 122
Mynd 7.2: Umsvif H.f Braga Thorsteinssons og Co, húsið til vinstri á myndinni, bryggjurnar brotnuðu 1918. 123
Mynd 7.3: Litla Húsið á Hjalteyri. 124
Mynd 7.4: Um 1908. Húsið neðan við Friðrikshús er Guðrúnarhús. (Hallgrímur Einarsson, Minjasafnið á Akureyri). 125
Mynd 7.5: Frá 1916, Guðrúnarhús er næst efsta húsið til hægri á myndinni. (Hallgrímur Einarsson, Minjasafnið á Akureyri). 125
Mynd 7.6: 1917. (Hallgrímur Einarsson, Minjasafnið á Akureyri). 125
Mynd 7.7: Wallenshús stóð fyrst ofarlega á eyrinni, er stóra svarta húsið á myndinni. 126

Mynd 7.8: Wallenshús 1982.(Árni Ólafsson). 126
Mynd 7.9: Örlögin ráðin, Wallenshúsið brennur 1988. 126
Mynd 7.10: Brunarústir. 126
Mynd 7.11: Tangahúsið – Pálshús að falli komið vorið 1978. 127
Mynd 7.12: Konur af Hjalteyri við þvotta framan við Íshúsið. Frá vinstri Laufey Stefánsdóttir, Þorgerður Sigurðardóttir og Sigurbjörg Guðnadóttir. Myndin er tekin af fasbókarsíðunni „Hjalteyrin okkar í máli og myndum". (Gerða Theodora Pálsdóttir). 128
Mynd 7.13: Tryggvi Konnráðsson frá Bragholti, Íshússtjóri. (Gunnar Ragnarsson). 128
Mynd 7.14: Íshúsið rifið um 1990. (Jón Þór Brynjarsson). 128
Mynd 7.15: Íshúsið 1986. (Árni Ólafsson). 128
Mynd 7.16: Húsið er næst okkur á myndinni, þarna sést út á Grandann. (Gunnar Ragnarsson). 129
Mynd 7.17: Sæborg, ekki vitað hvaða ár þessi mynd er tekin. Mynd tekin af fasbókarsíðunni „Hjalteyrin okkar í máli og myndum." (Hulda Kristjánsdóttir). 130
Mynd 7.18: Sæborg 1970. (Gunnar Ragnarsson). 130
Mynd 7.19: Sæborg 2015. (Rachel Wilkinson). 130
Mynd 7.20: Léleg mynd af Hlíð og Brekku, tekin af fasbókarsíðunni „Hjalteyrin okkar í máli og myndum". Hlíð er til vinstri á myndinni, Brekka til hægri. (Sigurður Karlsson, úr myndasafni Helga Eyjólfssonar). 131
Mynd 7.21: Langi Braggi er húsið sem er til vinstri á myndinni. Fv. Jóna Björnsdóttir, Oddhúsi. Björg Þórisdóttir, Knútshúsi . Ragnar skipstjóri á Alden, Vilborg Axelsdóttir, líka úr Knútshúsi og María Einarsdóttir úr Sæborg. myndin er fengin af fasbókarsíðunni „Hjalteyrin okkar í máli og myndum". 133
Mynd 7.22: Langi Braggi og Hjalteyrin, 1965. (Gunnar Ragnarsson). 133
Mynd 7.23: Hjalteyri, 1942. (Gunnar Ragnarsson). 133
Mynd 7.24: Hjalteyri 1941. (Sigurður Bragi Stefánsson). 133
Mynd 7.25: Jónshúsið, mynd frá um 1980, tekin af fasbókarsíðunni „Hjalteyrin okkar í máli og myndum" Útihús sjást norðanvert við varðsturninn sem reistur var að breska setuliðinu um 1941. 135
Mynd 7.26: Rauða Húsið er það hús sem er næst fremst á myndinni. (Gunnar Ragnarsson). 137
Mynd 7.27: Samsett mynd frá 1982. Tvöföld röð verbúða við Búðargötu. Ljósmyndir: ÁÓ. 138
Mynd 7.28: Búðargata árið 1985. Ljósmyndir: ÁÓ 138
Mynd 7.29: Verbúð við Búðargötu. Ljósmyndir: ÁÓ. 138